

Opinberir starfsmenn. Skipun í embætti héraðsdómara. Reglur um undirbúning stöðuveitingar og mat á hæfni umsækjenda. Umsögn dómnefndar. Rannsóknarregla. Forsvaranlegt mat. Rökstuðningur. Sérstakt hæfi.

(Mál nr. 5220/2008 og 5230/2008)

A og B, tveir af umsækjendum um embætti héraðsdómara, sem staðsettur er við Héraðsdóm Norðurlands eystra, leituðu til umboðsmanns vegna skipunar setts dómsmálaráðherra á C í embættið í desember 2007.

A taldi að skipunin hefði ekki verið nægilega vel undirbúin með vísan til jafnræðisreglu og rannsóknarreglu stjórnsluréttar, sbr. 10. og 11. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Einnig taldi hann að skipunin hefði ekki byggst á málefnalegum, gildum og löglegum sjónarmiðum miðað við umsögn og álit sérstakrar dómnefndar sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, og metur hæfni umsækjenda. Enn fremur taldi A að rökstuðningur setts dóms- og kirkjumálaráðherra í bréfi til hans hefði ekki verið í samræmi við kröfur 22. gr. stjórnslulaga um efni rökstuðnings. Loks gerði hann athugasemd við meðferð reglulegs dóms- og kirkjumálaráðherra á málinu.

B taldi að ráðherrann hefði ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni sem skyldi. Hann hefði sniðgengið álit framangreindrar dómnefndar án þess að hafa aflað sérstaklega skýringa frá dómnefndinni um það hvers vegna þeim umsækjanda er var skipaður í embætti hafi verið raðað svo neðarlega í flokk sem raun ber vitni. Einnig taldi B að settur ráðherra hefði ekki virt regluna um að stjórnvaldi sem fer með skipunarvald beri að velja þann hæfasta úr hópi umsækjenda til að gegna opinberu embætti sem auglýst er laust til umsóknar. Hélt B því fram að sá sem var skipaður gæti naumast hafa talist hæfastur til starfans með tilliti til venjubundinna sjónarmiða um hæfni umsækjenda til að gegna embætti dómara.

Í skýringum sínum til umboðsmanns tók settur ráðherra einkum fram að hann hefði talið að umsögn lögbundinnar dómnefndar um hæfni umsækjenda hefði verið ógagnsæ, lítt rökstudd og innra ósamræmis hefði verið í mati nefndarinnar á starfsreynslu umsækjenda og því hefðu verið vandkvæði á því að reisa ákvörðun um skipun í embættið alfarið á umsögninni. Sá sem settur ráðherra skipaði í embættið hafði í mati nefndarinnar verið metinn hæfur en þrjár aðrir, þar með talið þeir tveir sem kvörtuðu til umboðsmanns, voru taldir mjög vel hæfir til að gegna embætti héraðsdómara. Vísaði ráðherra í rökstuðningi sínum fyrir skipuninni sérstaklega til reynslu þess sem skipaður var af starfi sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra um rúmlega fjögurra ára skeið.

Í álitni umboðsmanns varð fjallað um stöðu hinnar lögbundnu dómnefndar um hæfni umsækjenda en við stofnun hennar var tekið fram að megintilgangurinn með henni væri að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómara séu valdir samkvæmt hæfni einvörðungu. Umboðsmaður tók fram að þegar gætt væri að því hvernig löggjafinn hefði afmarkað verkefni dómnefndarinnar og val á nefndarmönnum væri ljóst að þótt umsögn dómnefndarinnar væri ekki að formi til bindandi þegar kæmi að ákvörðun ráðherra kynni hún að setja honum ákveðnar skorður og leggja ákveðnar skyldur á hann um nauðsynlega rannsókn málsins, sbr. 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, ef hann hefði til athugunar eða áformaði að skipa í embætti héraðsdómara í ósamræmi við mat dómnefndarinnar á hæfni umsækjenda.

Það var niðurstaða umboðsmanns að fyrst ráðherra hefði talið að þeir gallar væru á umsögn hinnar lögbundnu dómnefndar að hún væri ógagnsæ, lítt rökstudd og að innra ósamræmis gætti við mat á reynslu sem hin ýmsu störf veita, hefði hann í samræmi við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnslulaga átt að óska eftir að dómnefndin fjallaði að nýju um málið og léti honum í té nýja umsögn þar sem bætt væri úr þessum annmörkum áður en hann tæki ákvörðun í málinu. Þá hefði einnig verið rétt, með tilliti til athugasemda ráðherra, að óska eftir að nefndin skýrði frekar hvað hefði ráðið mati hennar á starfsreynslu eins umsækjandans sem aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra í samanburði við mat á annarri starfsreynslu.

Í álitinu var jafnframt vísað til þess að mat á hæfni umsækjenda um opinbert embætti þyrfti að byggjast á samanburði milli þeirra og þá um þau atriði og sjónarmið sem lög og reglur kveða á um eða veitingarvaldshafinn ákveður að leggja til grundvallar ákvörðun sinni. Umboðsmaður tók fram að ekki væri í sjálfu sér tilefni til að draga þá ályktun af svörum ráðherra að enginn slikur samanburður hefði farið fram af hans hálfu. Hins vegar lægi ekkert fyrir um slíkan samanburð, í hverju hann hefði verið fölginn og hver niðurstaðan hefði verið um innbyrðis mat einstakra þátta milli umsækjenda, fyrir utan að settur ráðherra hefði talið að sá sem hann skipaði hefði verið hæfastur umsækjenda. Umboðsmaður taldi sig ekki geta á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga fullyrt að af hálfu ráðherra hefði farið fram samanburður milli umsækjenda sem fullnægði þeim kröfum sem taldar væru hluti af grundvallarreglum í stjórnslurétti um undirbúning stöðuveitingar og mat á hæfni umsækjenda.

Hvað sem liði heimildum veitingarvaldshafa opinbers starfs til að ákveða á hvaða sjónarmiðum hann byggði mat sitt á hæfni umsækjenda og þar með samanburð milli þeirra, hefði í stjórnslurétti verið byggt á því að unnt yrði að vera að staðreyna að veitingarvaldshafinn hafi dregið forsvaranlegar ályktanir af fyrirliggjandi upplýsingum. Í álitinu var bent á að tiltekin atriði í ályktunum ráðherra um starfsferil og fræðilega þekkingu umsækjenda væru þess eðlis að umboðsmaður teldi að á hefði skort að dregnar hefðu verið forsvaranlegar ályktanir af fyrirliggjandi gögnum málsins

og þá gagnvart því á hvern veg ráðherra hefði metið hæfni annarra umsækjenda miðað við hæfni þess sem skipaður var í embættið.

Það var niðurstaða umboðsmanns að ekki hefði verið lagður fullnægjandi grundvöllur í samræmi við reglur stjórnsýsluréttarins að ákvörðun setts dómsmálaráðherra um að skipa C í embætti héraðsdómara með starfsstöð við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Þar sem ráðherra hefði ekki gætt þeirra reglna um undirbúning og mat á umsóknum sem tryggja eiga að hæfasti umsækjandinn verði skipaður þá fengi umboðsmaður ekki séð að ráðherra hefði haft forsendur til að fullyrða að hann hefði í reynd valið hæfasta umsækjandann.

Í álitinu voru að auki gerðar athugasemdir við að efni rökstuðnings ráðherra til annarra umsækjenda fyrir skipun í embættið hefði ekki uppfyllt kröfur 1. mgr. 22. gr. stjórnsýslulaga. Loks gerði umboðsmaður athugasemdir við að skipaður dómsmálaráðherra hefði ekki vikið fyrir sæti við meðferð málsins í samræmi við reglur stjórnsýslulaga, og aðkomu ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að málinu í ljósi persónulegra meðmæla sem hann hefði látið þeim umsækjanda sem skipaður var í embættið í té.

Að teknu tilliti til dómaframkvæmdar hér á landi og að teknu tilliti til hagsmuna þess sem hlaut skipun í embættið taldi umboðsmaður að ekki væru líkur á að ofangreindir annmarkar leiddu til ógildingar á skipuninni. Það félli hins vegar utan starfssviðs umboðsmanns að taka afstöðu til þess hvaða lagalegu afleiðingar þessir annmarkar á meðferð málsins kynnu að öðru leyti hafa í för með sér ef um þetta yrði fjallað af dómstólum t.d. í formi skaðabótamáls. Umboðsmaður beindi þó þeim tilmælum til skipaðs dómsmálaráðherra að framvegis yrði tekið mið af þeim sjónarmiðum sem lýst væri í álitinu við undirbúning og veitingu embætta héraðsdómara.

I. Kvörtun.

Hinn 17. janúar 2008 leitaði til mín A og kvartaði yfir ákvörðun setts dóms- og kirkjumálaráðherra um skipun í embætti héraðsdómara með 75% starfsskyldur við Héraðsdóm Norðurlands eystra og 25% starfsskyldur við Héraðsdóm Austurlands frá 1. janúar 2008 að telja. A var meðal umsækjenda um starfið en annar var skipaður. Telur A að skipunin hafi ekki verið nægilega vel undirbúin með vísan til jafnræðisreglu og rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar, sbr. 10. og 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Einnig telur hann að skipunin hafi ekki byggst á málefnalegum, gildum og löglegum sjónarmiðum miðað við umsögn og álit sérstakrar dómnefndar sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, og metur hæfni umsækjenda. Enn fremur er það álit A að rökstuðningur setts dóms- og kirkjumálaráðherra í bréfi til hans hafi ekki verið í samræmi við kröfur 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um efni slíks rökstuðnings. Loks gerir hann athugasemd við meðferð reglulegs dóms- og kirkjumálaráðherra á málinu. Hafi hann á annað borð verið vanhæfur, þá hefði hann átt að segja sig frá því jafnskjótt og umsóknir um dómaraembættið lágu fyrir en ekki árdegis 20. desember 2007 eins og virðist hafa verið raunin.

Hinn 29. janúar 2008 barst mér önnur kvörtun er lýtur að skipun setts dóms- og kirkjumálaráðherra í umrætt embætti héraðsdómara. Var hún frá B, lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Telur hann að ráðherrann hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni sem skyldi. Hann hafi sniðgengið álit framangreindrar dómnefndar án þess að hafa aflað sérstaklega skýringa frá dómnefndinni um það hvers vegna þeim umsækjanda er var skipaður í embætti hafi verið raðað svo neðarlega í flokk sem raun ber vitni. Einnig telur B að ráðherra hafi ekki virt regluna um að stjórnvaldi sem fer með skipunarvald beri að velja þann hæfasta úr hópi umsækjenda til að gegna opinberu embætti sem auglýst er laust til umsóknar. Heldur hann því fram að sá sem var skipaður geti naumast hafa talist hæfastur til starfans með tilliti til venjubundinna sjónarmiða um hæfni umsækjenda til að gegna embætti dómara.

Með tilliti til þess að báðar kvartanir lúta að skipun setts dóms- og kirkjumálaráðherra í sama embætti héraðsdómara og í ljósi þess að þær byggja að meginstefnu til á hliðstæðum lagarökum hef ég ákveðið að taka þær sameiginlega til athugunar og ljúka umfjöllun minni um þær í einu álitu.

Ég lauk máli þessu með álitu, dags. 30. desember 2008.

II. Málavextir.

Í Lögbirtingablaðinu sem kom út 12. október 2007 var auglýst laust til umsóknar embætti héraðsdómara sem yrði með 75 % starfsskyldur við Héraðsdóm Norðurlands eystra og 25% við Héraðsdóm Austurlands. Umsóknarfrestur var til 31. október 2007 og tekið var fram að embættið yrði veitt frá og með 1. janúar 2008. Alls sóttu fimm einstaklingar um embættið.

Með bréfi, dags. 7. nóvember 2007, óskaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið eftir umsögn dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla. Umsögn dómnefndarinnar barst ráðuneytinu 29. nóvember 2007, dagsett sama dag. Í umsögninni segir m.a. eftirfarandi:

„Dómnefnd hefur fjallað um umsóknirnar á fundum sínum og hafa nefndarmenn kynnt sér viðeigandi fylgigögn og rætt við þá einstaklinga, sem nauðsynlegt þótti að ræða við til að afla upplýsinga um umsækjendur. Nefndin hefur eftir því sem kostur er haft hliðsjón af fyrrgreindum verklagsreglum, sem settar voru í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 693/1999 og

dómsmálaráðherra staðfesti 23. mars 2001. [...]

Af gögnum þeim, sem fyrir liggja, verður ekki annað séð en að allir umsækjendurnir fimm fullnægi skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 693/1999 skal dómnefnd skila skriflegri umsögn um umsækjendur þar sem fram kemur rökstutt álit á hæfni hvers þeirra. Fylgja þær umsagnir með þessu bréfi og verða ekki tíundaðar hér sérstaklega. Þá skal dómnefnd jafnframt samkvæmt b-lið sama ákvæðis láta í té rökstutt álit á því hvern hún telur hæfastan umsækjenda eða hverja hún telji hæfasta og eftir atvikum láta koma fram samanburð og röðun á þeim eftir hæfni. Verður það gert í þessu bréfi. Dómnefnd hefur nú eins og að undanförmu haft sem viðmiðun orðin ekki hæfur, hæfur, vel hæfur og mjög vel hæfur.

Eins og fram kemur í sérstökum umsögnum um umsækjendur telur dómnefnd þrjá þeirra standa fremsta og vera mjög vel hæfa til að gegna embætti héraðsdómara en sér ekki ástæðu til að gera upp á milli þeirra. Eru þetta þeir A hæstaréttarlögmaður, [D] aðstoðarmaður hæstaréttardómara og B lektor.

[A] hefur langlengstan starfsferil umsækjenda og tengist hann allur dómstólum. Hann hefur fengist við dómastörf með einum eða öðrum hætti um tólf ára skeið og stundað málflytning fyrir héraðsdómstólum í rúm 20 ár og síðustu tólf árin einnig fyrir Hæstarétti. Hann hefur fengist bæði við einkamál og opinber mál og hefur vegna dómara- og málflytninga sinna viðtæka þekkingu á réttarferi og iðkun þess. Hann hefur jafnframt haft með höndum stjórnunarstörf í átta ár sem aðalfulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns í stóru umdæmi og getið sér góðan orðstír á starfsferli sínum. Þótt hann hafi ekki lagt stund á framhaldsnám í lögfræði eða annað háskólanám þykir starfsreynsla hans skapa honum nokkra sérstöðu og vegur þungt í mati dómnefndar.

[D] hefur ekki ýkja langan starfsferil að baki við lögfræðistörf en hann hefur haslað sér völl á öðrum sviðum, sem vafalaust myndu styrkja stöðu hans sem dómara. Hann hefur örugga þekkingu á réttarferi vegna starfa sinna við Hæstarétt og héraðsdómstóla, bæði einkamála og opinberum málum. Hann hefur getið sér góðan orðstír bæði sem aðstoðarmaður dómara, settur héraðsdómari og háskólakennari og hefur ugglaut margt til brunns að bera, sem þrýða megi góðan dómara.

[B] hefur stystan starfsferil að baki þeirra þriggja umsækjenda, sem dómnefnd telur mjög vel hæfa til að gegna embætti héraðsdómara. Hann hefur hins vegar aflað sér mestrar menntunar og er námsferill hans og námsárangur raunar næsta einstakur. Hann hefur fengist við háskólakennslu síðustu ár og nýtur þar bæði virðingar og vinsælda. Enginn vafi leikur á því að dómstólum væri mikill fengur að því að fá til liðs við sig jafn vel menntaðan lögfræðing og þessi umsækjandi er.

Aðra umsækjendur, [E] og [C], telur dómnefnd að svo komnu hæfa til að gegna dómaraembætti.“

Framangreind umsögn dómnefndarinnar og sérstakar umsagnir hennar um hvern umsækjanda fyrir sig voru sendar umsækjendum með bréfum, dags. 11. desember 2007. Var þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum vegna umsagnanna.

Með bréfi, dags. 17. desember 2007, tilkynnti dóms- og kirkjumálaráðherra forsætisráðherra þá afstöðu sína að það yrði ekki hjá því komist að víkja sæti við meðferð og töku ákvörðunar um veitingu embættis héraðsdómara. Vísaði hann í því sambandi til þess að fyrirverandi aðstoðarmaður hans hefði sótt um embættið. Því gætu aðrir umsækjendur dregið óhlutdrægni sína í efa við val á umsækjanda, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Með bréfi til fjármálaráðherra, dags. 20. desember 2007, tilkynnti forsætisráðherra að forseti Íslands hefði fallist á tillögu hans um að setja fjármálaráðherra til að fara með umrætt stjórnisýslumál og taka ákvörðun í því.

Hinn 20. desember 2007 skipaði settur dóms- og kirkjumálaráðherra C til að gegna hinu auglýsta embætti héraðsdómara frá 1. janúar 2008 að telja. Með bréfum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til annarra umsækjenda, dags. sama dag, var þeim tilkynnt um skipunina. Kom fram í bréfunum að ákvörðun um veitingu embættisins til C hefði verið tekin á grundvelli viðtækrar starfsreynslu hans þ.á m. reynslu hans sem aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra. Einnig var vakin athygli á því að umsækjendurnir ættu kost á að óska eftir rökstuðningi fyrir ákvörðuninni og var í því sambandi vísað til 20. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum til setts dóms- og kirkjumálaráðherra, dags. 24. desember 2007, kröfðust A og B rökstuðnings fyrir skipun hans í embætti héraðsdómara. Svar setts dóms- og kirkjumálaráðherra við bréfum þeirra var sent með bréfum, dags. 4. janúar 2008. Bréfin eru samhljóða og í þeim segir:

„Visað er til bréfs yðar, dags. 24. desember 2007, þar sem þér óskið eftir rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðherra að skipa [C] í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra, en frestur til að óska eftir rökstuðningi rann út í dag, föstudaginn 4. janúar 2008.

[C] lauk laganámi með 1. einkunn árið 1999 og hlaut réttindi til málflytninga fyrir héraðsdómi árið 2005. [C] var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 2000-2003 og aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra 2003-2007. Frá því í nóvember 2007 hefur [C] gegnt starfi aðstoðarsaksóknara og deildarstjóra við embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

[C] hefur gegnt veigamiklum nefndarstörfum á vegum hins opinbera. Hann hefur setið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í samstarfshópi um löggæslumál í Reykjavík 2003-2007 og á vegum félagsmálaráðuneytis í

innflytjendaráði og flóttamannaráði 2005-2007. Hann hefur frá árinu 2006 verið formaður prófnefndar skv. 7. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998 og í júní 2007 var hann kjörinn af Alþingi varamaður í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar vegna alþingiskosninga

[C] situr í dómnefnd Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar samkvæmt tilnefningu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar. Ennfremur hefur [C] viðtæka reynslu af félagsstörfum þar sem hann hefur gegnt forystustörfum frá unglingsárum.

[C] hefur um átta ára reynslu af störfum þar sem reynt hefur á lögfræðipækkingu. Hann hefur í dómsmálaráðuneytinu, sem aðstoðarmaður ráðherra, öðlast reynslu af stjórnun og skipulagningu starfa, en starf aðstoðarmanns ráðherra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu reynir á allar hliðar lögfræði, stjórnsýslurétt, lögjafarstarf, stjórnun ráðuneyta, fjárreiður ríkissjóðs og einstakra stofnana, veitir góða innsýn í störf ríkisstjórnar og Alþingis og krefst samskipta við ótal aðila, innlenda og erlenda, setu á fundum og ráðstefnum heima og erlendis.

Í störfum sínum hefur [C] hlotið ágæta þekkingu á íslensku réttarfari og hefur sem aðstoðarmaður dómara góða innsýn í iðkun þess.

[C] hefur þannig öðlast ágæta þekkingu á grundvallarsviðum íslensks réttar á átta ára löngum starfsferli sínum.

Af meðmælum umsagnaraðilanna má enn fremur ráða að [C] sé ágætur íslenskumaður, eigi auðvelt með að setja fram skýran lögfræðilegan texta og hafi góðan hæfileika til þess að greina aðalatriði frá aukaatriðum.

Með vísan til framangreinds og á grundvelli fyrirleggjandi gagna var það mat dóms- og kirkjumálaráðherra að fjölbreytt reynsla [C] og þekking, ekki síst vegna starfa sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra um rúmlega fjögurra ára skeið, geri það að verkum að hann sé hæfastur umsækjenda um embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra.“

III. Samskipti umboðsmanns Alþingis og stjórnvalda.

Í tilefni af kvörtun A vegna skipunar í embætti héraðsdómara með starfsstöð við Héraðsdóm Norðurlands eystra ritaði ég bréf til setts dóms- og kirkjumálaráðherra, dags. 21. janúar 2008. Í bréfinu óskaði ég eftir að hann afhenti mér afrit af þeim gögnum málsins sem lágu fyrir þegar skipað var í embættið, þ.m.t. umsóknir ásamt fylgigögnum og umsögn nefndar sem starfaði samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla. Jafnframt óskaði ég eftir að mér yrðu afhent afrit af upplýsingum sem kynnu að hafa verið skráðar samkvæmt 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 vegna undirbúnings að töku ákvörðunar í málinu. Að síðustu óskaði ég eftir að fá afhent afrit af þeim bréfum og gögnum sem ráðherrann kynni að hafa fengið send frá umsækjendum eftir að skipað var í embættið, svörum hans til þeirra og öðrum gögnum sem hann kynni að hafa sent frá sér til rökstuðnings og skýringa á ákvörðun hans. Bárust mér gögnin 1. febrúar 2008.

Samhliða framangreindu bréfi ritaði ég bréf til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 21. janúar 2008. Óskaði ég eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um hvort dómsmálaráðherra hefði í samræmi við lokamálslið 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, sett eða samþykkt aðrar reglur, þ.m.t. verklagsreglur, um störf þeirrar nefndar sem fjallað væri um í nefndu lagaákvæði, umfram reglur nr. 693/1999. Jafnframt óskaði ég eftir afriti af slíkum reglum og hvenær þær voru samþykktar af ráðherra. Enn fremur óskaði ég eftir því að fram kæmi hvort umræddar reglur hefðu verið felldar úr gildi. Svar við þessu bréfi barst mér 29. janúar 2008. Í bréfinu kom fram að reglur nr. 693/1999 væru enn í gildi. Ekki hefðu verið settar aðrar reglur.

Enn fremur ritaði ég bréf til forsætisráðuneytisins, dags. 21. janúar 2008. Í bréfinu óskaði ég eftir upplýsingum og gögnum um það hvenær forsætisráðherra hefði borist erindi Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, um að hann teldi sig ekki hæfan til að fjalla um mál vegna skipunar í embætti héraðsdómara með starfsstöð við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Einnig hvenær Árni M. Mathiesen hefði verið settur sem dóms- og kirkjumálaráðherra í málinu með atbeina forseta Íslands og forsætisráðherra. Svar við bréfinu, sem er dags. 24. janúar 2008, ásamt gögnum bárust mér 25. janúar sama ár. Þar kom eftirfarandi fram:

„Forsætisráðuneytinu barst bréf hinn 17. desember s.l. frá Birni Bjarnasyni dóms- og kirkjumálaráðherra, dags. sama dag, þar sem hann tilkynnir að hann hyggist víkja sæti við meðferð ofangreinds máls. Daginn eftir, 18. desember s.l., kynnti forsætisráðherra þá fyrirætlan sína í ríkisstjórn að gera tillögu til forseta Íslands um að Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra yrði settur til að fara með málið og taka ákvörðun í því. Þann sama dag áritaði forseti Íslands tillögu forsætisráðherra þessa efnis. 20. desember s.l. var fjármálaráðherra tilkynnt bréfleiddis að forseti Íslands hefði fallist á tillögu um að hann yrði settur til að fara með framangreint stjórnsýslumál og taka ákvörðun í því.“

Ég ritaði aftur bréf til setts dóms- og kirkjumálaráðherra, dags. 19. febrúar 2008. Tók ég fram í upphafi bréfsins að mér hefði borist kvörtun frá öðrum umsækjanda, B, vegna skipunar í embætti héraðsdómara. Hefði ég því ákveðið að athugun mín á kvörtun hans og A yrði unnin sameiginlega og væri bréfið því sent vegna beggja kvartananna. Með bréfinu gaf ég settum dóms- og kirkjumálaráðherra færi á að senda mér skýringar og athugasemdir í tilefni af kvörtununum, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Óskaði ég sérstaklega eftir svörum hans og skýringum vegna tiltekinna spurninga. Voru spurningarnar eftirfarandi:

„1. Samkvæmt því sem fram kemur í kvörtun [A] var hann upplýstur um það um kl. 11 að morgni 20. desember sl. að þér hefðuð verið settur til að fara með umrætt mál og kl. 14.23 þann sama dag hefði verið hringt í hann og honum tilkynnt að

búið væri að skipa í starfið. Í upplýsingum og gögnum sem forsætisráðuneytið lét mér í té samkvæmt beiðni þar um var bréf þess ráðuneytis um setningu yðar sent 20. desember sl. en bréf um ósk reglulegs dóms- og kirkjumálaráðherra um að vikja sæti barst ráðuneytinu 17. desember sl. Daginn eftir, 18. desember sl., kynnti forsætisráðherra þá fyrirætlan sína í ríkisstjórn að gera tillögu til forseta Íslands um að þér yrðuð settur til að fara með málið og taka ákvörðun í því. Í bréfi forsætisráðuneytisins kemur fram að þann sama dag hafi forseti Íslands áritað tillögu forsætisráðherra þessa efnis. Ég óska af þessu tilefni eftir upplýsingum yðar um hvort þér hafið fengið skjöl málsins, þ.m.t. umsóknir og umsögn þeirrar nefndar sem fjallað hafði um umsóknirnar, fyrir 20. desember sl. og hver hafi látið yður þau í té?

2. Hvaða starfsmenn Stjórnarráðs Íslands eða aðrir veittu yður aðstoð eða komu með öðrum hætti að undirbúningi og töku ákvörðunar um skipun í umrætt starf með yður, þ.m.t. um birtingu hennar og rökstuðning? Ég tek það fram að fyrirspurn þessi er sett fram með tilliti til reglna II. kafla stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi og fyrirliggjandi skjala málsins.

3. Í yfirlýsingu sem birtist opinberlega af yðar hálfu vegna umrædds máls 10. janúar sl. sagði m.a.: „Í þessu tilfelli telur ráðherrann að gallar hafi verið á umsögn dómnefndar sem hafi verið ógagnsæ, lítt rökstudd og innra ósamræmis gætt við mat á reynslu sem hin ýmsu störf gefa.“ Með tilliti til hinnar lögmæltu aðkomu þeirrar dómnefndar sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 15/1998 og reglum sem dómsmálaráðherra hefur sett eða samþykkt um störf nefndarinnar óska ég eftir að þér skýrið nánar í hverju þeir annmarkar voru fölgir sem þér teljið að hafi verið á umsögn dómnefndar samkvæmt tilvitnuninni.

4. Jafnframt óska ég eftir að fram komi hvort þér teljið að dómnefndin hafi ekki fylgt þeim reglum sem settar hafa verið um störf hennar bæði um þau tilgreindu atriði sem nefndin skal hafa til hliðsjónar, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglna nr. 693/1999 og verklagsreglur samþykktar af dóms- og kirkjumálaráðherra 23. mars 2001, og um að hún skuli skila umsögn þar sem fram komi annars vegar rökstutt álit á hæfni hvers umsækjanda og hins vegar „rökstutt álit á því hvern eða hverja nefndin telur hæfastan og eftir atvikum samanburður og röðun á umsækjendum eftir hæfni“, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglna.

5. Sé lítið til stöðu dómnefndar sem fjalla skal um „hæfni“ umsækjenda um embætti héraðsdómara samkvæmt ákvæðum laga og þeirra reglna sem settar hafa verið um störf hennar verður ekki annað séð en að nefndinni sé fengið lögbundið hlutverk að stjórnsýslurétti við rannsókn málsins og undirbúning ákvörðunar ráðherra um hver verður skipaður í embætti dómara. Nú liggur fyrir af rökstuðningi yðar og tilkynningum sem sendar voru öðrum umsækjendum með bréfum, dags. 20. desember sl., að ákvörðun yðar um skipun á [C] í embættið var fyrst og fremst byggð á mati yðar á „reynslu [hans] og þekkingu, ekki síst vegna starfa sem aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra“. Af þessu verður ekki annað ráðið en að þér hafið í þessu máli veitt reynslu sem umsækjandi hefur öðlast í starfi aðstoðarmanns ráðherra afgerandi vægi og þar með metið þá starfsreynslu með verulega öðrum hætti en dómnefndin telur að nýtist við störf dómara, og þá í samanburði við starfsreynslu annarra umsækjenda. Af þessu tilefni óska ég eftir afstöðu yðar til þess hvernig það samrýmist reglum stjórnsýsluréttarins um rannsókn máls og lögbundna aðkomu dómnefndarinnar að þeim þætti málsins að afla ekki nýrrar umsagnar dómnefndarinnar ef þér tölduð að nefndin hefði ekki metið starfsreynslu umsækjenda í samræmi við þau sjónarmið sem þér tölduð rétt að leggja til grundvallar við mat á hæfni umsækjenda.

6. Ég óska eftir upplýsingum um hvernig þér sem settur dóms- og kirkjumálaráðherra í þessu tiltekna máli könnuðu áður en ákvörðun um skipun í embættið var tekin:

a. Í hverju starf aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra var fölgid á þeim tíma sem [C] gegndi því.

b. Hvernig starfsreynsla aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra kæmi til með að nýtast í starfi héraðsdómara.

7. Í álitum umboðsmanns Alþingis hefur verið bent á að í ljósi þeirrar skyldu sem hvílir á stjórnvaldi að velja þann umsækjanda sem telst hæfastur til að gegna viðkomandi starfi verði að gera þá kröfu að heildstæður samanburður á framkomnum umsóknum fari fram með tilliti til þeirra sjónarmiða sem veitingarvaldshafinn ætlar að byggja á. Ég óska því eftir að þér gerið mér grein fyrir hvernig var af yðar hálfu staðið að slíkum samanburði og látið mér í té þau vinnugögn eða annað sem orðið hefur til við þann samanburð. Ég vek athygli á því að í málinu lá fyrir rökstudd umsögn lögbundinnar dómnefndar um samanburð á hæfni umsækjenda til að gegna héraðsdómarastarfinu sem var í verulegum atriðum á annan veg en niðurstaða yðar, sbr. niðurlag í rökstuðningi yðar, dags. 4. janúar sl.

8. Í rökstuðningi yðar, dags. 4. janúar sl., er tekið svo til orða að [C] hafi „gegnt veigamiklum nefndarstörfum á vegum hins opinbera“ og þar er meðal annars greint frá því að [C] hafi í júní 2007 verið kjörinn af Alþingi varamaður í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgardæmis norður vegna alþingiskosninga. Ég óska af því tilefni eftir því hvort þér hafið aflað einhverra upplýsinga um hvort í reynd hafi komið til þess að [C] hafi „gegnt“ þessu varamannsstarfi.

9. Í rökstuðningi yðar vegna skipunar í starfið, dags. 4. janúar sl., segir m.a.: „Af meðmælum umsagnaraðilanna má enn fremur ráða að [C] sé ágætur íslenskumaður, eigi auðvelt með að setja fram skýran lögfræðilegan texta og hafi góðan hæfileika til þess að greina aðalatriði frá aukaatriðum.“ Í umsögn dómnefndar skv. 12. gr. laga nr. 15/1998 um þann sem skipaður var í starfið segir: „Umsækjandi hefur ekki lagt fram höfundarverk af einhverju tagi svo að meta megi tök hans á íslensku máli og rökhusun við úrlausn vandasamra lögfræðilegra verkefna og hefur hann ekki bætt úr þessu frá fyrri umsókn sinni um dómaraembætti. Hins er þó að gæta að ítarleg umsókn hans er rituð á skýru og kjarngóðu máli og aukastörf hans við bókaútgáfu og dómnefndarstörf vegna bókmenntaverðlauna gefa skýra vísbendingu um að hann njóti trausts á þessu sviði.“ Ég óska af þessu tilefni eftir að fram komi til hvaða umsagnaraðila þér vísið í rökstuðningi yðar.

10. Ég óska eftir að þér skýrið nánar á hverju sú niðurstaða yðar, sbr. rökstuðning í bréfi, dags. 4. janúar sl., byggðist að sá sem skipaður var í starfið hafi verið hæfastur umsækjenda og þá að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um menntun, starfsreynslu og fræðiskrif allra umsækjenda. Ég minni á að hvað sem líður heimildum veitingarvaldshafa opinbers starfs til að ákveða, þegar sleppir lögum, löglegum fyrirmælum og takmörkunum sem leiða af eðli starfsins og stjórnskipulegri stöðu, á hvaða sjónarmiðum hann byggir við mat sitt á hæfni umsækjenda og þar með samanburð milli þeirra er í stjórnsýslurétti byggt á því að unnt verði að vera að staðreyna að veitingarvaldshafinn hafi dregið forsvaranlegar ályktanir af fyrirliggjandi upplýsingum.

Þegar litið er til starfa héraðsdómara er ljóst að þar reynir sérstaklega á þekkingu og starfshæfni viðkomandi við úrlausn lögfræðilegra álitaefna og að viðkomandi hafi vald á reglum um einkamála- og opinbert réttarfar, eins og dregið er fram í verklagsreglum þeim sem dóms- og kirkjumálaráðherra samþykkti 23. mars 2001. Vegna framangreindrar óskar minnar um nánari skýringar bendi ég á að meðal umsækjenda voru einstaklingar sem höfðu gegnt störfum héraðsdómara (þ.m.t. dómarafulltrúa meðan þeir fóru með dómstörf), sinnt lögmennsku og verið aðstoðarmenn dómara, meðal annars við Hæstarétt, og það verður því að ætla að þeir hafi í störfum sínum öðlast starfsþjálfun og starfshæfni sem taka þurftu afstöðu til við samanburð á umsækjendum um það embætti sem hér er fjallað um.

Ég vek líka athygli á því að þegar dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara var fyrst komið á fót með lögum nr. 92/1989 sagði m.a. í athugasemdum við það lagafrumvarp: „Ekki er að efa að tilvist umsagnarnefndarinnar verður auk þess hvatning fyrir lögfræðinga, sem hyggja á starfsferil sem dómara, til að afla sér framhaldsmenntunar og leggja stund á fræðistörf á sviði lögfræði.“ (Alþt. 1988-89, A-deild, bls. 1125.) Verður ekki annað séð en þessu sjónarmiði sé síðan fylgt eftir í áður nefndum verklagsreglum sem ráðherra samþykkti. Í hópi umsækjenda voru meðal annars einstaklingar sem hafa að baki framhaldsnám og hafa sinnt kennslu og fræðistörfum á sviði lögfræði.

Ég ítreka að framangreind spurning mín beinist að því að upplýsa hvort forsvaranlegar ályktanir um hæfni umsækjenda og þar með um niðurstöðu yðar um hvern þér tölduð hæfastan úr hópi umsækjenda hafi verið dregnar af fyrirliggjandi upplýsingum. Með tilliti til þess vægis sem þér hafið gefið þeirri reynslu sem sá er skipaður var í starfið hafi öðlast í starfi aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra óska ég sérstaklega eftir að fram komi í svári yðar hvernig hann hafi í því starfi öðlast þá þjálfun, starfsreynslu og þekkingu sem leitt hafi til framangreindrar niðurstöðu yðar um hæfni hans í samanburði við aðra umsækjendur.

11. Af hálfu yðar hefur t.d. í yfirlýsingu, dags. 10. janúar sl., verið vísað sérstaklega til ákvæðis 7. gr. reglna nr. 693/1999 en þar segir: „Umsögn nefndarinnar er ekki bindandi við skipun í embætti héraðsdómara.“ Ég óska af þessu tilefni eftir upplýsingum um hvort það sé afstaða yðar að mat nefndarinnar á hæfni umsækjenda og þar með um samanburð milli þeirra hafi enga þýðingu við ákvörðun ráðherra ef hann er ekki sammála nefndinni um mat hennar. Ef svo er ekki óska ég eftir að þér skýrið nánar hvaða þýðingu umsögn nefndarinnar eigi að hafa við þessar aðstæður þegar kemur að undirbúningi og ákvörðun ráðherra.“

Í niðurlagi bréfs míns til setts dóms- og kirkjumálaráðherra tók ég fram að með tilliti til málavaxta í málinu hefði ég talið rétt að setja af minni hálfu fram ítarlegri spurningar en ég teldi að jafnaði þörf á. Þetta væri gert til að honum gæfist sem best tækifæri til að senda mér skýringar hans og þar með yrði sem bestur grunnur lagður að frekari athugun minni og afgreiðslu á þeim kvörtunum sem mér hefðu borist vegna málsins.

Svar setts dóms- og kirkjumálaráðherra barst mér 25. mars 2008. Þar segir svo:

„Vísað er til bréfs yðar, dags. 19. febrúar sl., til undirritaðs er varðar kvartanir sem yður hafa borist frá [X] og [C] vegna skipunar undirritaðs, sem setts dóms- og kirkjumálaráðherra, í embætti héraðsdómara með starfsstöð við héraðsdóm Norðurlands eystra. Gefið þér undirrituðum, settum dóms- og kirkjumálaráðherra, færi á að senda yður skýringar og athugasemdir í tilefni af nefndum kvörtunum, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, og þá óskið þér sérstaklega eftir því að svarað verði og skýringar veittar vegna ellefu nánar tilgreindra spurninga sem þér setjið fram. Athygli vekur að spurningar yðar eru mjög ítarlegar í framsetningu og með því yfirbragði og orðavali að svo virðist sem afstaða yðar til úrlausnarefnisins kunnir að vera mótuð fyrirfram. Af þeim sökum má halda því fram að svör þau sem undirritaður ber fram hér að neðan komi til með að hafa takmarkaða þýðingu þegar þér leysið úr málinu og þar með hinn sjálfsagði réttur undirritaðs til andmæla. Engu að síður verður fyrirspurnum yðar nú svarað lið fyrir lið, en spurningar yðar jafnframt teknar upp hér að neðan samhengis og skýrleika vegna.

1.

[...]

Eins og fram hefur komið setti forsætisráðherra á ríkisstjórnarfundi þann 18. desember 2007 fram tillögu um að undirrituðum yrði falið að fara með málið og taka ákvörðun í því sem settur dóms- og kirkjumálaráðherra. Um hádegi þann dag, eftir ríkisstjórnarfundinn, fór undirritaður í dóms- og kirkjumálaráðuneytið og fékk öll gögn er vörðuðu málið afhent. Ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu lét undirrituðum gögnin í té.

2.

[...]

Áður en undirritaður kom að málinu hafði málið fengið venjubundna formlega meðferð í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu eins og gögn málsins bera með sér. Efnisleg meðferð á umsóknum var síðan í höndum lögskipaðrar nefndar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. dómstólalaga nr. 15/1998 sem fór yfir umsóknir og gögn tengd þeim og skilaði umsögn sinni, sbr. 4. mgr. 12. gr. laganna. Þann 18. desember sl. fékk undirritaður gögn málsins afhent, eins og áður segir. Undirritaður fór sem settur dóms- og kirkjumálaráðherra ítarlega yfir öll gögn málsins og myndaði sér síðan skoðun á málinu og tók ákvörðun um skipun í framhaldinu á grundvelli 1. mgr. 12. gr. dómstólalaga. Þegar ákvörðun undirritaðs lá fyrir fór málið aftur í venjubundna formlega meðferð í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þann 27. desember barst frá tveimur umsækjendum beiðni um rökstuðning vegna skipunarinnar. Undirritaður samdi í framhaldinu rökstuðning fyrir ákvörðuninni og sendi hann umræddum aðilum hinn 4. janúar 2008.

3.

[...]

Við umrædda skipun héraðsdómara var litið til umsagnar og aðferðafræði hinnar lögskipuðu dómnefndar, sbr. meginreglur stjórnarsýsluréttarins um lögbundna álitsumleitan og 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Viss vandkvæði voru þó á því að reisa ákvörðunina um skipun alfarið á umsögninni vegna þess hversu ógagnsæ hún var og vegna innra ósamræmis við mat á þeirri reynslu sem hin ýmsu störf sem umsækjendur hafa gegnt gefur þeim sem og mat á reynslu af öðrum störfum þeirra og viðfangsefnum. Með þessu á undirritaður við að umsögnin um hver umsækjenda er samfelldur texti, nánast útdráttur úr ferilskrá, og síðan í lokin sagt: „Að öllu því, sem rakið hefur verið og fram kemur í umsóknargögnum, er það álit dómnefndar, að [X] sé mjög vel hæfur/hæf/hæfur/ til að gegna embætti héraðsdómara.“ Ekki er gerð grein fyrir því hvaða

þættir skipta máli, hverjir miklu máli, hverjir litlu eða engu. Þetta kallar undirritaður lítt rökstutt álit. Með samanburði á umsögnum um einstaka umsækjendur má þó sjá hvað nefndin telur skipta mestu máli. Þetta er sérstaklega skýrt þar sem þrjár umsækjenda útskrifast á svipuðum tíma (sá sem skipaður var þó ári fyrr (1999) en hinir tveir (2000).) Þeir eru með líkan starfsferil í upphafi, þ.e. eru allir aðstoðarmenn dómara. Að því loknu þróast störf þeirra í meginatriðum á eftirfarandi hátt: Einn heldur í frekara nám, einkum á sviði þjóðaréttar, og síðar í kenningu, annar heldur áfram ferli sínum sem aðstoðarmaður dómara og sá er skipaður var verður aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra. Tveir hinir fyrrnefndu eru síðan taldir mjög vel hæfir en sá síðastnefndi einungis talinn vera hæfur. Þarna telur undirritaður gæta mikils misræmis hjá dómnefndinni og starf aðstoðarmanns ráðherra mjög vanmetið andspænis öðrum störfum. Undirritaður telur reynslu í starfi sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra fullkomlega samanburðarhæfa við aðra starfsreynslu sem metin er gera aðra umsækjendur mjög vel hæfa. Því var það niðurstaða undirritaðs að um fjóra umsækjendur hafi í raun verið að ræða sem voru mjög vel hæfir, til að gegna embætti héraðsdómara, en ekki þrjá.

4.

[...]

Undirritaður telur að nefndin hafi að formi til fylgt þeim reglum sem settar hafa verið um störf hennar nr. 693/1999 og haft til hliðsjónar verklagsreglur nefndarinnar frá 23. mars 2001, en telur að álit nefndarinnar sé ekki hafið yfir gagnrýni. Undirritaður var ekki sammála mati nefndarinnar í öllum atriðum. Taldi hann að nokkuð hafi skort á að nefndin gætti samræmis við mat á umsækjendum. Einkum hafi það átt við þegar metnir voru þeir þrjár umsækjendur sem útskrifuðust frá lagadeild Háskóla Íslands á svipuðum tíma, þ.e. sá sem skipaður var, árið 1999, en hinir tveir, árið 2000. Tveir af þessum þremur, sá sem skipaður var og [D], hafa sambærilega langa reynslu af lögfræðistörfum en einn þeirra, [B] á ekki ýkja langan starfsferil að baki við lögfræðistörf en hefur varið meiri tíma í menntun, einkum á sviði þjóðaréttar. Allir hafa þeir verið aðstoðarmenn dómara, en sá sem skipaður var hafði gegnt því starfi í tæp 3 og ½ ár við Héraðsdóm Reykjavíkur. Eftir yfirllestur umsagnar nefndarinnar um hvem umsækjanda og hæfnisröðun þeirra taldi undirritaður að augljóslega hefðu verið vanmetin þau störf þess umsækjenda sem stöðuna hlaut.

5.

[..]

Með 12. gr. dómstólalaga er margumræddri dómnefnd falið það hlutverk að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara og láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur. Nefndin telst þannig að stjórnáskilur lögbundinn álitsgjafi við töku umræddrar stjórnvaldsákvörðunar, þannig að öflun umsagnar hennar er nauðsynlegur undanfari ákvarðanatökunnar. Tilgangur umsagnarinnar er öðrum þræði að málið sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin, sbr. 10. gr. stjórnáskilur. Það er hins vegar dómsmálaráðherra sjálfs, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 14. gr. stjórnáskilurinnar, að taka umrædda stjórnvaldsákvörðun á grundvelli 1. mgr. 12. gr. dómstólalaga að gættum meginreglum stjórnáskilurinnar, m.a. réttmætis- og jafnræðisreglu, og er hann ekki bundinn af umsögn nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 693/1999.

Í fyrirspurn yðar tilgreinið þér að ekki verði „annað ráðið en [undirritaður hafi] í þessu máli veitt reynslu sem umsækjandi hefur öðlast í starfi aðstoðarmanns ráðherra afgerandi vægi og þar með metið þá starfsreynslu með verulega öðrum hætti en dómnefndin telur að nýtist við störf dómara, og þá í samanburði við starfsreynslu annarra umsækjenda.“ Hér er ekki farið alveg rétt með. Hið rétta er að undirritaður telur að sú starfsreynsla sem felst í því að gegna starfi aðstoðarmanns ráðherra teljist sist veigaminni en starfsreynsla þeirra tveggja annarra umsækjenda sem metnir voru mjög vel hæfir en svipað var ástætt um í starfsaldri á vinnuarkaði og sá sem staðan var veitt, en annar þeirra, [B], hefur raunar varið drjúgum tíma eftir útskrift úr Lagadeild Háskóla Íslands í frekari menntun, einkum á sviði þjóðaréttar, og minna við lögfræðileg störf á almennum vinnuarkaði en sá sem staðan var veitt. Sjónarmið um starfsreynslu var, eins og sjá má af rökstuðningi undirritaðs frá 4. janúar 2008, aðeins eitt þeirra sjónarmiða sem lítið var til við umrædda embættisveitingu, og þar komu fleiri atriði til, eins og rakið er í rökstuðningnum. Úrslitum réði fjölbreytt reynsla umsækjandans og þekking samkvæmt heildarmati, en inn í það mat kom auðvitað, ásamt öðru, reynsla umsækjandans úr starfi aðstoðarmanns ráðherra.

Þá verður að taka fram að undirritaður hafði, sem veitingarvaldshafi, val um það hvort þörf var á nýrri umsögn hins lögbundna álitsgjafa og fer um mat á þörf á slíku alfarið eftir atvikum máls hverju sinni, og hlýtur að heyra til undantekninga. Undirritaður telur að í þessu tilviki hafi ekki verið þörf á slíku endurmati. Umsögn nefndarinnar um umsækjendur og mat hennar á starfsreynslu þeirra lá fyrir en mat undirritaðs um það atriði, og önnur, var einfaldlega annað en nefndarinnar. Ef þau atriði sem máli skipta við mat ráðherra koma fram í umsóknum, fylgigögnum þeirra eða öðrum fyrirleggjandi gögnum þarf ekki að kalla eftir frekari upplýsingum eða álitsgjöf áður en ákvörðun er tekin. Ákvörðun undirritað byggðist, eins og áður segir, á fjölmörgum sjónarmiðum, ekki hvað síst starfsreynslu. Ekki stenst að þótt mat undirritaðs hafi verið annað en nefndarinnar um sum atriði beri honum að leita nýrrar umsagnir um hvert og eitt slíkt atriði. Slíkt fyrirkomulag fæli aðeins í sér marklausa endurtekningu á fyrra ferli. Fullkomlega málefnaleg rök réðu ákvörðun undirritaðs og málið var nægilega rannsakað í skilningi 10. gr. stjórnsýslulaga. Ákvörðunin var tekin að vel yfirlögðu ráði eftir að undirritaður hafði farið ítarlega yfir álit dómnefndar og allar fyrirleggjandi umsagnir og fylgigögn þeirra.

6.

[...]

[C] varð aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra vorið 2003 og starfaði sem slíkur þar til hann var ráðinn aðstoðarsaksóknari og deildarstjóri við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sumarið 2007. Undirritaður er mjög kunnugur umfangi starfa aðstoðarmanna ráðherra enda búinn að vera ráðherra í mörg ár. Í umsókn [C] kemur fram greinargóð lýsing á því í hverju starf hans var fylgjð sem aðstoðarmaður ráðherra og vísast til hennar svo og annarra gagna.

Eins og fram kemur í umsókn [C] og skriflegum meðmælum ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefur hann, sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, öðlast reynslu af stjórnun og skipulagningu starfa. Ennfremur hefur þar reynt á ýmsar hliðar lögfræði, stjórnsýslurétt, réttarfar, refsirétt, löggjafarstarf, auk stjórnunar ráðuneytis, fjárreiðna ríkissjóðs og einstakra stofnana. Allt framangreint mun nýtast [C] vel í starfi héraðsdómara. Aukinheldur hefur starf hans sem aðstoðarmaður ráðherra veitt honum góða innsýn í störf ríkisstjórnar og Alþingis svo og innsýn í samstarf á alþjóðavettvangi á sviðum ráðuneytisins og krafist samskipta við ótal aðila, innlenda og erlenda, setu á fundum og ráðstefnum heima og erlendis. Þá er rétt að geta þess að samkvæmt verklagsreglum dómnefndar er „æskilegt [...] að umsækjandi treysti sér til að hafa samskipti við fjölmiðla og hann verður að þola umfjöllun þeirra og annarra um mál sem hann fer með án þess að láta utanaðkomandi hafa áhrif á störf sín“. Augljóst er að starfi aðstoðarmanns ráðherra fylgja talsverð samskipti við fjölmiðla og oftsinnis opinber athygli.

Auk þess ber að taka fram að mælt er fyrir um stöðu aðstoðarmanns ráðherra í 15. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, sbr. lög nr. 83/1997 og 109/2007. Þar kemur m.a. fram að ráðherra sé heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegni embætti, mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem skrifstofustjóri, enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðherra. Samkvæmt þessu er staða aðstoðarmanns ráðherra að lögum sambærileg við starf skrifstofustjóra í ráðuneyti, í þessu tilfalli í dómsmálaráðuneytinu. Vakin er athygli á þessu hér m.a. vegna þess að í 7. tölul. 2. mgr. 4. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 er sérstaklega tekið fram að starf skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu valdi því, að öðrum viðmiðum uppfylltum, að viðkomandi umsækjandi telst hæfur til að gegna embætti hæstaréttardómara. Veitir þetta atriði lagalega vísbendingu um að vægi starfs aðstoðarmanns ráðherra á síður en svo að vera léttvægt þegar til álita kemur að skipa mann í embætti héraðsdómara.

7.

[...]

Í íslenskum rétti hafa ekki verið lögfestar almennar reglur um hvaða sjónarmið eigi að leggja til grundvallar við skipun, setningu eða ráðningu í opinber störf. Hefur því almennt verið gengið út frá því að stjórnvaldið sem veitir viðkomandi starf skuli ákveða hverju sinni á hvaða sjónarmiðum ákvörðunin eigi að byggjast ef ekki er mælt fyrir um það í lögum. Leiði þau sjónarmið sem eru lögð til grundvallar ekki til sömu niðurstöðu verður ennfremur að líta svo á að það sé komið undir mati

stjórnvaldsins á hvaða sjónarmið sérstök áhersla skuli lögð. Þá gildir ennfremur sú óskráða meginregla í stjórnsýslurétti að niðurstaðan verður að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum eins og um menntun, starfsreynslu, hæfni og eftir atvikum þeim persónulegu eiginleikum sem talið er að skipti máli, en tekið skal fram í þessu samhengi að í 2. mgr. 4. gr. reglna 693/1999 um störf nefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara kemur fram að nefndin skuli hafa til hliðsjónar við mat á hæfni umsækjanda; starfsferil, fræðilega þekkingu, almenna og sérstaka starfshæfni og góð tök á íslensku máli. Til viðbótar framangreindu hefur verið gengið út frá því að það sé meginregla í stjórnsýslurétti að við skipun, setningu eða ráðningu í opinbert starf beri að velja þann umsækjanda sem talinn er hæfastur til að gegna viðkomandi starfi.

Við ákvörðun um skipun héraðsdómara með starfsstöð í héraðsdómi Norðurlands eystra 20. desember 2007 studdist undirritaður við öll gögn sem lágu fyrir í málinu, þ.á m. við vinnu hinnar lögbundnu dómnefndar. Þegar undirritaður hafði kynnt sér umsögn dómnefndarinnar og rökstutt álit hennar á hverjum umsækjanda fyrir sig var hann ekki sammála niðurstöðu nefndarinnar, eins og vikið var að í svari við spurningum 3 til 5 hér að framan. Þótti honum sérstaklega lítið gert úr starfsreynslu [C] sem aðstoðarmanns ráðherra andspænis störfum annarra umsækjenda sem metnir voru mjög vel hæfir. Með vísan til þeirra sjónarmiða sem fram koma í rökstuðningi undirritaðs fyrir ákvörðuninni frá 4. janúar 2008 um þekkingu og reynslu [C] taldi undirritaður að hann væri hæfastur umsækjanda um embættið og því var honum veitt það. Var ákvörðunin tekin samkvæmt þeim réttarreglum sem að ofan greinir og fylgja ber við veitingu embætta hjá hinu opinbera.

8.

[...]

Hér lýtur rökstuðningur undirritaðs ekki að störfum [C] í viðkomandi nefnd heldur hinu að Alþingi hefur sýnt [C] þann trúnað og traust að kjósa hann til þessa nefndarstarfs. Af augljósum ástæðum hefur enn ekki reynt á starfa [C] í þessari nefnd enda hefur ekki verið kosið til Alþingis síðan hann var skipaður í hana. Að því er varðar önnur veigamikil nefndarstörf [C] hjá hinu opinbera má til dæmis nefna að hann hefur verið formaður í prófnefnd til þess að öðlast héraðsdómslögmannsréttindi.

9.

[...]

Undirritaður vísar í þessu tilviki til skriflegra meðmæla [B], hæstaréttarlögmanns, [Z] hæstaréttardómara og [Z] ráðuneytisstjóra, sem fylgdu umsókn [C].

10.

[...]

Í 4. gr. reglna nr. 693/1999 er, eins og áður segir, lagt fyrir hina lögskipuðu dómnefnd að hafa til hliðsjónar við mat á hæfni umsækjanda starfsferil, fræðilega þekkingu, almenna og sérstaka starfshæfni og góð tök á íslensku máli. Í verklagsreglunum, sem samþykktar voru af dómsmálaráðherra 23. mars 2001, er fjallað nánar um þessi skilyrði. Við veitingu embættis héraðsdómara ber fyrst að athuga hin formlegu skilyrði til að vera skipaður héraðsdómari og er ljóst að [C] uppfyllti þau, sbr. 2. mgr. 12. gr. dómstólalaga. Að því er varðar þann þátt í verklagsreglunum frá 2001 þar sem leiðbeiningarreglur eru gefnar er varða mat á starfsreynslu skal tekið fram að [C] hefur átta ára reynslu af störfum þar sem reynt hefur á lögfræðiþekkingu, sem aðstoðarmaður dómara í rúm þrjú ár, sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra í rúmlega fjögur ár og síðan í nokkra mánuði sem aðstoðarsaksóknari og deildarstjóri við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einn umsækjandi hafði talsvert lengri starfsreynslu en sá sem stöðuna hlaut. Hér verður að huga að þeim almennu sjónarmiðum

sem gilda í þessu tilviki sem öðrum, að mestu skiptir að tiltekinni starfsreynslu er náð en ekki hve lengi menn sinna starfinu. Hér voru aðrir hæfileikar þess sem stöðuna hlaut taldir vega þyngra en skemmri starfsreynsla hans. Þá hefur [C] tekið mjög virkan þátt í félagsstarfi, þar sem hann hefur gegnt forystustörfum frá unglingsaldri, eins og sjá má af umsókn hans.

Varðandi fræðilega þekkingu þá hefur [C] staðgóða þekkingu í lögfræði og hlaut I. einkunn á embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Á þeim árum sem hann starfaði hjá héraðsdómi og í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hefur hann fylgst með framvindu mála og aflað sér staðgóðrar þekkingar á námsstefnum, fræðiráðstefnum og fundum um þá málaflokka sem snert hafa starfsvið hans á hverjum tíma. Þá hefur hann einnig tekið þátt í ráðstefnum um lögfræðileg málefni með dóms- og kirkjumálaráðherra auk þess að sitja sérfræðilega fundi. Telur undirritaður að þessa sé ekki heldur getið nægilega vel í umsögn dómnefndarinnar um [C] undir liðnum aldur og menntun, þó svo það sé gert hjá öðrum umsækjendum. Í verklagsreglunum er talið að þátttaka í endurmenntunarnámskeiðum og starfsemi fræðafélaga verði talin vísbending um að umsækjandi hafi gert sér far um að viðhalda þekkingu sinni og það hefur [C] gert. [C] hefur ekki framhaldsnám að baki. Framhaldsnám verður helst að vera nám sem kemur að góðum þörfum við dómarastörf, svo að hér komi til álita. Tveir umsækjendur sem voru metnir mjög vel hæfir höfðu heldur ekki framhaldsnám á sviði lögfræða að baki. Einn þeirra sem var metinn mjög vel hæfur hafði framhaldsnám, en einkum þó á sviði sem ekki fæst séð að nýtist að teljandi marki við dómarastörf. Þá var starfsreynsla hans ekki sambærileg starfsreynslu [C] né tveggja annarra umsækjenda.

Það var mat undirritaðs að [C] uppfyllti ótvírætt bæði almenna starfshæfni svo og sérstaka starfshæfni samkvæmt verklagsreglunum. Almenn starfshæfni gerir ráð fyrir því að umsækjandi geti sem dómari sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í störfum. Í starf hans sem aðstoðarmaður ráðherra hefur [C] öðlast þessa hæfni. Í reglunum segir að æskilegt sé að umsækjandi hafi reynslu af stjórnun og skipulagningu starfa. [C] hefur í gegnum störf sín öðlast reynslu af stjórnun og skipulagningu starfa, einkum í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sem aðstoðarmaður ráðherra og síðar við störf sín hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, sem aðstoðarsaksóknari og deildarstjóri þar. Í almennri starfshæfni er einnig gert það að skilyrði að umsækjandi hafi góða þekkingu á íslensku máli og eigi auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Varðandi þennan þátt í almennri starfshæfni taldi nefndin að [C] hefði ekki lagt fram höfundarverk af einhverju tagi svo að meta mætti tók hans á íslensku máli og rökhusun við úrlausn vandasamra lögfræðilegra verkefna. Þó bendir nefndin á að ítarleg umsókn hans sé rituð á skýru og kjarngóðu máli og aukastörf hans við bókaútgáfu og dómnefndarstörf vegna bókmennaverðlauna gefi skýra vísbendingu að hann njóti trausts á þessu sviði. Hér er undirritaður einnig ósammála mati dómnefndarinnar og vísar til meðmælabréfa [C], sbr. svar við 9. spurningu. Af meðmælabréfunum verður ráðið að [C] er góður íslenskumaður og á auðvelt með að setja fram skýran lögfræðilegan texta. Í því felst óskoruð viðurkenning á þekkingu [C] og máltilfinningu að honum hefur iðulega verið falinn prófarkalestur og undirbúningur á útgáfu bóka. [C] uppfyllir einnig skilyrði um sérstaka starfshæfni þar sem hann hefur ágæta þekkingu á íslensku réttarfari, bæði á sviði einkamála og opinberra mála, úr störfum sínum, m.a. sem aðstoðarmaður dómara við héraðsdóm Reykjavíkur og aðstoðarmaður dómsmálaráðherra. Þá hefur hann, samkvæmt álitum þeirra sem hafa gefið honum meðmæli, þann mikilvæga kost góðs dómara að geta greint aðalatriði frá aukaatriðum. Niðurstaðan er því sú að ofangreind skilyrði uppfyllir [C]n tvímælalaust.

Varðandi persónuleika [C] kemur fram í mati nefndarinnar að [C] fái yfirleitt góð ummæli þeirra sem til hefur verið leitað, og þyki ágætur í samstarfi og umgengni.

Með vísan til framangreinds og á grundvelli fyrirliggjandi gagna var það mat undirritaðs að nefndin hafi haft allar forsendur til að meta [C] mjög vel hæfan þar sem hann uppfyllti öll skilyrði til þess að fá það mat. Síðan var það mat undirritaðs að fjölbreytt reynsla [C] og þekking hafi gert það að verkum að hann hafi verið hæfastur umsækjenda um embætti héraðsdómara að þessu sinni. Að fenginni þeirri niðurstöðu var undirrituðum rétt og skylt að skipa hann í embættið.

11.

[...]

Þessu er til að svara að dómnefndin telst að stjórnsýslurétti lögbundinn álitsgjafi við töku umræddrar stjórnvaldsákvörðunar þannig að öflun umsagnar hennar er nauðsynlegur undanfari stjórnvaldsákvörðunar, sbr. 3. og 4. mgr. 12. gr. dómstólalaga. Tilgangur umsagnarinnar er öðrum þræði að málið sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga, og hefur mat nefndarinnar þýðingu að því leyti til. Það er hins vegar dómsmálaráðherra sjálfs, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 14. gr. stjórnarskrárinnar, að taka umrædda stjórnvaldsákvörðun á grundvelli 1. mgr. 12. dómstólalaga að fengnu álitum

nefndarinnar og að gættum meginreglum stjórnisýsluréttarins, m.a. réttmætis- og jafnræðisreglu, og er hann ekki bundinn af umsögn nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 693/1999, þó hann hafi hana til hliðsjónar við mat sitt.“

Ég gaf A og B kost á að senda mér þær athugasemdir sem þeir teldu ástæðu til að gera vegna framangreinds svarbréfs setts dóms- og kirkjumálaráðherra. Bárust mér athugasemdir þeirra með bréfum, dags. 31. mars 2008 og 12. apríl 2008.

IV. Álit umboðsmanns Alþingis.

1. Afmörkun athugunar.

Kvörtun þeirra tveggja umsækjenda um embætti héraðsdómara með starfsstöð við Héraðsdóm Norðurlands eystra sem leituðu til mín beinist að mestu að hliðstæðum atriðum. Báðir telja þeir að settur dómsmálaráðherra hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni sem skyldi við undirbúning ákvörðunar um skipun í embættið og þá sérstaklega með tilliti til þess álits sem legið hafi fyrir frá lögbundinni dómnæfnd um hæfni umsækjenda. Skipunin hafi þar af leiðandi ekki byggst á málefnalegum og löglegum sjónarmiðum og ráðherra hafi virt að vettugi þá reglu að velja þann hæfasta úr hópi umsækjenda til að gegna opinberu embætti. Af hálfu A eru einnig gerðar athugasemdir við efni rökstuðnings af hálfu setts ráðherra og það hversu seint hinn reglulegi dómsmálaráðherra hafi vikið sæti í málinu.

Eins og ég fjalla nánar um í kafla IV.9 varð athugun mín á þessu máli mér einnig tilefni til að staðnæmast við aðkomu ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að undirritun skipunarbréfs vegna embættisins og tilkynningum til meðumsækjenda í ljósi þess að fyrir lágu í málinu skrifleg meðmæli frá honum sem fylgdu umsókn þess sem skipaður var í embættið.

Að því er varðar þær athugasemdir sem koma fram í upphafi svarbréfs ráðherra til mín frá 25. mars 2008 um efni spurninga minna mun ég ekki fjalla um þær í áliti þessu að öðru leyti en því að ég vísa til almennrar umfjöllunar minnar á bls. 16-17 í skýrslu umboðsmanns til Alþingis fyrir árið 2007.

2. Ákvæði laga og reglna um skipun í embætti héraðsdómara.

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, segir að dómarar í héraði skuli vera 38 í landinu og skulu þeir skipaðir ótímabundið af dómsmálaráðherra. Fram kemur í 2. mgr. 12. gr. laganna að þann einn megi skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

„1. Hefur náð 30 ára aldri.

2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.

3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.

4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.

5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svivirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómara verða almennt að njóta.

6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.

7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málfutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum.“

Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. dómstólaganna skal sérstök dómnefnd fjalla um umsóknir um embætti héraðsdómara en þar segir:

„Dómsmálaráðherra skipar þrjú menn í dómnefnd til þriggja ára í senn til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Hæstarétti og er hann formaður nefndarinnar. Tilnefnir Dómarafélag Íslands annan mann í nefndina úr röðum héraðsdómara en Lögmannafélag Íslands þann þriðja úr hópi starfandi lögmannna. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími í nefndina er þrjú ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðlmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.“

Síðan segir að dómnefndin skuli láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Tekið er fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Það gerði dómsmálaráðherra með reglum nr. 693 sem hann gaf út 29. október 1999. Í 4. gr. þeirra segir:

„Dómnefnd skal kanna hvort umsækjendur uppfylli skilyrði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Þá skal nefndin hafa til hliðsjónar eftirtalin atriði við mat á hæfni umsækjenda:

1. starfsferill,
2. fræðileg þekking,
3. almenn og sérstök starfshæfni,
4. góð tók á íslensku máli.

Dómnefndin getur sett sér frekari verklagsreglur við mat á hæfni umsækjenda sem dómsmálaráðherra skal samþykkja.

Nefndin getur boðað umsækjendur í viðtal og krafði þá um ýmis gögn, svo sem öll prófskírteini, sakavottorð, vottorð um endurmenntun og sýnishorn af lögfræðilegum verkefnum.

Þá getur dómnefnd aflað sér vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem samskipti hafa átt við umsækjanda vegna starfa hans.“

Í 5. gr. reglnanna er kveðið á um að dómnefndin skuli skila skriflegri umsögn um umsækjendur þar sem fram komi:

„a)rökstutt álit á hæfni hvers umsækjanda,

b)rökstutt álit á því hvern eða hverja nefndin telur hæfastan og eftir atvikum samanburður og röðun á umsækjendum eftir hæfni.“

Dómnefndin skal samkvæmt 7. gr. reglnanna senda dómsmálaráðherra umsögn sína ásamt umsóknum og fylgigögnum sem hún hefur aflað sér. Dómsmálaráðherra skal síðan kynna hverjum umsækjanda álit dómnefndar skv. a-lið 1. mgr. 5. gr. um hann sjálfan og álit dómnefndar skv. b-lið 1. mgr. 5. gr. og gefa honum kost á að gera skriflegar athugasemdir. Berist ráðherra athugasemdir skulu þær bornar undir dómnefndina. Í lokaákvæði 7. gr. segir:

„Umsögn nefndarinnar er ekki bindandi við skipun í embætti héraðsdómara.“

Í samræmi við þá heimild sem nefndinni er veitt í 4. gr. reglnanna hefur hún sett sér verklagsreglur sem dómsmálaráðherra samþykkti 22. mars 2001. Þar lýsir nefndin því til hvers hún muni einkum taka tillit við mat á þeim atriðum sem tilgreind eru í 4. gr. reglna nr. 693/1999, þ.e. um starfsreynslu, fræðilega þekkingu, almenna starfshæfni, sérstaka starfshæfni og persónuleika.

Ákvæði um umrædda dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, sem nú eru í 12. gr. laga nr. 15/1998, komu upphaflega inn í íslenskan rétt með lögum nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Í athugasemdum við 5. gr. frumvarps þess sem síðar varð að lögum nr. 92/1989 var bent á að tillaga um slíka dómnefnd hefði áður komið fram, en það hefði verið í stjórnarfrumvarpi sem fram var lagt á Alþingi 1975-1976. Síðan sagði:

„Í athugasemdum við það frumvarp eru rakin ýmis dæmi um svipað fyrirkomulag í öðrum ríkjum, en megintilgangur ákvæðisins er að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómarar séu óháðir handhöfum framkvæmdarvaldsins. Ekki er að efa að tilvist umsagnarnefndarinnar verður auk þess hvatning fyrir lögfræðinga, sem hyggja á starfsferil sem dómarar, til að afla sér framhaldsmenntunar og leggja stund á fræðistörf á sviði lögfræði.“ (Alþt. 1988-89, A-deild, bls. 1125.)

Í framsöguræðu ráðherra á Alþingi þegar hann mælti fyrir því frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 92/1989 vitnaði hann m.a. til ofangreindra athugasemda sem fylgdu frumvarpinu og tók fram að megintilgangur ákvæðisins væri að styrkja sjálfstæði dómstólanna og „auka traust almennings á því að dómarar séu valdir samkvæmt hæfni einvörðungu og þeir séu óháðir handhöfum framkvæmdarvaldsins.“ (Alþt. 1988-89, B-deild, dálkur 2083.)

3. Lögbundin dómnefnd og þýðing umsagna hennar.

Af hálfu beggja þeirra umsækjenda sem leitað hafa til mín vegna skipunar í embætti héraðsdómara eru gerðar athugasemdir við að ráðherra hafi sniðgengið álit þeirrar dómnefndar sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, um mat á hæfni umsækjenda. Þá hafi ráðherra heldur ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni fyrst hann taldi sig geta gengið fram hjá áliti dómnefndarinnar og það án þess að afla sérstakra skýringa frá nefndinni um hvers vegna þeim umsækjanda sem skipaður var í embættið hafði verið raðað svo neðarlega miðað við þá flokkun sem nefndin viðhafði.

Dómnefndin hafði í umsögn sinni um umsækjendur talið þrjá mjög vel hæfa og þar á meðal þá tvo sem leituðu til mín.

Nefndin taldi tvo umsækjendur að svo komnu hæfa til að gegna dómaraembætti, þar á meðal þann sem skipaður var í embættið. Umrædd flokkun nefndarinnar var í samræmi við þau viðmið sem nefndin hafði samkvæmt umsögn sinni fylgt að undanförmu en það voru orðin ekki hæfur, hæfur, vel hæfur og mjög vel hæfur.

Settur dómsmálaráðherra segir í skýringum sínum til mín að viss vandkvæði hafi verið á því að reisa ákvörðunina um skipun í embættið alfarið á umsögn dómnefndarinnar „vegna þess hversu ógagnsæ hún var og vegna innra ósamræmis við mat á þeirri reynslu sem hin ýmsu störf sem umsækjendur hafa gegnt gefur þeim sem og mat á reynslu af öðrum störfum þeirra og viðfangsefnum.“ Eins og áður sagði hafði dómnefndin talið þann sem ráðherra skipaði hæfan en talið þrjá aðra umsækjendur mjög vel hæfa.

Áður en ég vík nánar að þeim athugasemdum sem koma fram í kvörtunum um að ráðherra hafi sniðgengið álit dómnefndarinnar og skýringar setts ráðherra af því tilefni tel ég rétt að fjalla almennt um stöðu dómnefndarinnar og mats hennar á hæfni umsækjenda þegar kemur að ákvörðun dómsmálaráðherra um skipun í embætti héraðsdómara. Eins og mál þetta liggur fyrir mér og þar sem ráðherra hefur kosið að byggja ákvörðun sína ekki á niðurstöðu dómnefndarinnar um hæfni umsækjenda er hins vegar ekki tilefni til þess að ég fjalli sérstaklega í álitinu þessu um umsögn nefndarinnar sem slíka.

Því var lýst hér að framan að í athugasemdum við 5. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 92/1989 var tekið fram, varðandi ákvæði um dómnefndina, að megintilgangur með þeim væri að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómara séu óháðir handhöfum framkvæmdarvaldsins. Þessa sér sérstaklega stað með tvennum hætti í ákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998. Annars vegar er að í texta lagaákvæðisins var valið að nota orðið „dómnefnd“ sem heiti á nefndina og verkefni hennar er að fjalla um „hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara“. Verkefni nefndarinnar er því ekki það eitt að leggja mat á hvort umsækjandi sé hæfur, þ.e. uppfylli almenn hæfisskilyrði til að gegna starfi héraðsdómara, heldur má ljóst vera að nefndinni er beinlínis ætlað að taka afstöðu til þess hver sé hæfni umsækjenda til að gegna embætti héraðsdómara og þar getur komið til að nefndin geri greinarmun á hæfni umsækjenda.

Sá tilgangur að styrkja sjálfstæði dómstólanna gagnvart framkvæmdarvaldinu með starfi nefndarinnar birtist einkum í reglum ákvæðisins um hvaða aðilar tilnefna nefndarmenn. Dómarafélag Íslands tilnefnir einn og skal sá vera úr röðum héraðsdómara, Lögmannafélag Íslands tilnefnir einn úr hópi starfandi lögmannna og einn nefndarmanna, sem er formaður nefndarinnar, er tilnefndur af Hæstarétti. Þarna hefur löggjafinn tekið þá afstöðu að þeir sem leggja skuli mat á hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara komi að meiri hluta til úr röðum þeirra sem starfa við dómstólana sem dómara og lögmenn. Það verður því að ætla að löggjafinn hafi metið það svo að einstaklingar með þá starfsreynslu væru best til þess fallnir að leggja t.d. mat á hvaða framhaldsmenntun lögfræðinga og starfsreynsla nýttist best í starfi héraðsdómara og hefði þar af leiðandi áhrif á hæfni þeirra til að gegna embætti héraðsdómara. Ég vek athygli á því að samkvæmt lögum er enginn fulltrúi dómsmálaráðherra eða annarra handhafa framkvæmdarvaldsins í nefndinni.

Dómsmálaráðherra hefur fylgt þessari stefnumörkun löggjafans eftir með því að setja sérstakar reglur um dómnefndina, sbr. reglur nr. 693/1999, og með því að staðfesta verklagsreglur sem dómnefndin setti sér. Í reglunum eru meðal annars tilgreind í fjórum tölulíðum þau atriði sem nefndin skal hafa til hlidsjónar við mat á hæfni umsækjenda í fjórum tölulíðum og einnig er vikið að formi og efni umsagnar sem nefndin skilar um umsækjendur. Þar skal annars vegar vera um að ræða rökstutt álit á hæfni hvers umsækjenda og rökstutt álit á því hvern eða hverja nefndin telur hæfastan og eftir atvikum samanburður og röðun á umsækjendum eftir hæfni.

Ég tel rétt að vekja athygli á að í framhaldi af því sem segir í 7. gr. reglna nr. 693/1999, um að dómsmálaráðherra skuli kynna umsækjendum álit dómnefndarinnar og gefa umsækjendum kost á að gera skriflegar athugasemdir, kemur fram að berist ráðherra athugasemdir skuli þær bornar undir dómnefndina.

Með þessum reglum hefur dómsmálaráðherra fyrir sitt leyti ákveðið í hvaða farveg meðferð umsókna um embætti héraðsdómara skuli lagðar. Í samræmi við almennar reglur um starfshætti stjórnvalda er ráðherra við úrlausn mála um skipun í embætti héraðsdómara bundinn af þeim reglum um málsmeðferð sem hann hefur sett á grundvelli laga nr. 15/1998. Þær reglur kunna því með vissum hætti, meðan þeim er ekki breytt, að takmarka möguleika ráðherra, og þá einnig setts ráðherra, til að haga meðferð þessara mála með öðrum hætti. Hér skiptir líka máli að umsækjendur um embætti héraðsdómara eiga að geta treyst því að við meðferð umsókna og mat á þeim sé fylgt þeim reglum sem ráðherra hefur sett á grundvelli gildandi laga. Þessar reglur eiga líka að tryggja að viðhaft sé með vissum hætti samræmt mat á umsóknum og þar með að það beinist

að hliðstæðum atriðum og þau séu metin á sama hátt.

Ég tel ljóst af framangreindum ákvæðum 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, og þeim reglum sem dómsmálaráðherra hefur sett á grundvelli þeirra, að þeim er ætlað að leggja grunn að því að ákvörðun um skipun í embætti héraðsdómara sé byggð á faglegum grundvelli. Sérstakt mat á hæfni umsækjenda til að gegna starfinu skal þannig framkvæmt af aðilum sem hafa reynslu af starfsemi héraðsdómstólanna. Með þessu er ekki bara verið að styrkja sjálfstæði dómstólanna heldur einnig að stemma stigu við því að val á þeim sem skipaður er í embætti héraðsdómara ráðist af geðþótta eða sérstökum hagsmunum þess sem fer með veitingarvaldið hverju sinni.

Hér verður líka að hafa í huga að með skipun dómsmálaráðherra í embætti héraðsdómara er handhafi framkvæmdarvalds að skipa í embætti hjá öðrum þætti hins þrískipta ríkisvalds, þ.e. dómvaldinu. Héraðsdómarar hafa með höndum lögbundið verkefni og eru samkvæmt 2., 61. og 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. einnig 24. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls ber þeim að fara eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra. Aðstaðan við skipun í embætti dómara er því önnur en þegar ráðherra skipar t.d. í starf ráðuneytisstjóra, í starf forstöðumanns undirstofnunar ráðuneytis síns eða ræður starfsmenn í ráðuneyti sitt. Heimildir ráðherra til velja þau sjónarmið sem hann ákveður að byggja á við ráðningu í starf til að ná fram stefnumiðum sínum um starfshætti stofnunar eða breytingar á þeim eiga því ekki við með sama hætti og um önnur störf og embætti þegar ráðherra tekur ákvörðun um hvern hann skipar í embætti héraðsdómara.

Í samræmi við framangreint tel ég að líta verði á umsögn dómnefndarinnar um hæfni umsækjenda um starf héraðsdómara sem lögbundinn lið í rannsókn þess stjórnisýslumáls sem lýkur með skipun í embættið. Í 12. gr. laga nr. 15/1998 er ekki tekin bein afstaða til þess hver eigi að vera þýðing umsagnar dómnefndarinnar þegar kemur að ákvörðun ráðherra um hvern skuli skipa í embættið. Ráðherra hefur hins vegar farið þá leið að taka það fram í niðurlagi 7. gr. reglna nr. 693/1999 að umsögn dómnefndar um hæfni umsækjenda sé ekki bindandi við skipun í embætti héraðsdómara. Þegar gætt er að því hvernig löggjafinn hefur afmarkað verkefni dómnefndarinnar er ljóst að þótt umsögn dómnefndarinnar sé ekki bindandi þegar kemur að ákvörðun ráðherra kann hún að setja honum ákveðnar skorður og leggja ákveðnar skyldur á hann um nauðsynlega rannsókn málsins, sbr. 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, ef hann hefur til athugunar eða áformar að skipa í embætti héraðsdómara í ósamræmi við mat dómnefndarinnar á hæfni umsækjenda.

4. Rannsókn málsins af hálfu ráðherra.

Settur dómsmálaráðherra segir í skýringum sínum til mín að vandkvæði hafi verið á því að reisa ákvörðunina um skipun í embætti héraðsdómara alfarið á umsögn dómnefndarinnar vegna þess hversu ógagnsæ hún hafi verið og jafnframt vegna þess að innra ósamræmi hafi verið við mat á þeirri reynslu sem hin ýmsu störf sem umsækjendur hafa gegnt gefur þeim sem og mat á reynslu af öðrum störfum þeirra og viðfangsefnum.

Ég ræð það af skýringum setts ráðherra að honum hafi þótt á skorta að fram kæmi nánar í umsögn dómnefndarinnar þegar hún skipaði umsækjendum í hæfnisflokk, þ.e. mjög vel hæfur/vel hæf/hæfur, hvaða þættir hefðu þar skipt máli, hverjir miklu máli, hverjir litlu eða engu. Telur ráðherra að þarna hafi því verið um lítt rökstutt álit að ræða. Ráðherra gerir sérstaklega að umtalsefni mat dómnefndarinnar á störfum og starfsreynslu þeirra þriggja úr hópi umsækjenda sem útskrifuðust á svipuðum tíma og telur að þar hafi gætt mikils ósamræmis hjá dómnefndinni og starf aðstoðarmanns ráðherra hafa verið mjög vanmetið í samanburði við önnur störf. Ráðherra segist í skýringum sínum til mín telja reynslu í starfi sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra „fullkomlega samanburðarhæfa við aðra starfsreynslu sem metin er gera aðra umsækjendur mjög vel hæfa.“ Segir ráðherra að það hafi því verið niðurstaða hans að um fjóra umsækjendur hafi í raun verið að ræða sem voru mjög vel hæfir til að gegna embætti héraðsdómara en ekki þrjá. Í rökstuðningi sem settur ráðherra sendi tveimur umsækjendum um embættið sagði að það hefði verið mat hans að fjölbreytt reynsla þess sem skipaður var og þekking, ekki sist vegna starfa sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra um rúmlega fjögurra ára skeið, gerði það að verkum að hann væri hæfastur umsækjenda um embættið.

Samkvæmt framangreindu taldi ráðherra að hann gæti ekki byggt ákvörðun sína um skipun í embættið alfarið á umsögn nefndarinnar þar sem gallar væru á álit og þar með mati nefndarinnar á umsækjendum. Ég tel ljóst að þeir gallar sem ráðherra vísar til hafi að þessu leyti fyrst og fremst lýst sér í mismunandi afstöðu hans og nefndarinnar til þess hvaða vægi væri rétt að gefa starfsreynslu úr starfi aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra við mat á hæfni til að gegna embætti

héraðsdómara. Af þessu tilefni óskaði ég eftir skýringum ráðherrans á því hvornig hann hefði staðið að því að upplýsa um þau atriði sem gátu skipt máli um þessa tilteknu starfsreynslu áður en hann tók ákvörðun um skipun í embættið. Þannig að fullnægt væri þeim kröfum sem leiða af rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga. Fyrirspurnir mínar beindust sérstaklega að því hvornig hann hefði kannað í hverju starf aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra hefði verið fylgið á þeim tíma sem C gegndi því og hvornig starfsreynsla aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra kæmi til með að nýtast í starfi héraðsdómara.

Í svari sínu vísar ráðherra til þess að C hafi verið aðstoðarmaður ráðherra frá vori árið 2003 og fram á sumar 2007. Þá segir ráðherra að hann sé „mjög kunnugur umfangi starfa aðstoðarmanna ráðherra enda búinn að vera ráðherra í mörg ár.“ Vitnað er til þess að í umsókn C komi fram greinargóð lýsing á því í hverju starf hans var fylgið sem aðstoðarmanns ráðherra og jafnframt lýsi ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins störfum C í ráðuneytinu í skriflegum meðmælum sem fylgdu umsókn hans.

Ég sé ekki ástæðu til að draga í efa að settur ráðherra hafi á grundvelli þessara upplýsinga getað gert sér fullnægjandi grein fyrir í hverju störf C voru fölgin sem aðstoðarmanns ráðherra. Hins vegar kemur ekkert fram um að ráðherrann hafi kynnt sér sérstaklega hvornig starfsreynsla aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra kæmi til með að nýtast í starfi héraðsdómara. Ráðherra vísar þó að því að samkvæmt lögum hafi aðstoðarmaður ráðherra stöðu skrifstofustjóra innan ráðuneytis og bendir á hvornig starf skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu er að lögum látið hafa sérstaka þýðingu þegar kemur að því hvaða skilyrði umsækjendur um starf hæstaréttardómara þurfi að uppfylla.

Ég hef áður bent á að með því hvornig staðið er að vali einstaklinga til setu í þeirri dómnefnd sem fjalla skal um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara verður ekki annað séð en vilji löggjafans hafi staðið til þess að þeir sem kæmu að mati á hæfni umsækjenda hefðu sérstaka þekkingu á störfum héraðsdómara og gætu þannig sem best lagt mat á hvornig hin ýmsu atriði, svo sem framhaldsmenntun og starfsreynsla, kæmu til með að nýtast í starfi héraðsdómara. Þegar umsagnir dómnefndarinnar um umsækjendur í þessu tilviki eru skoðaðar verður ekki annað séð en dómnefndin hafi að því er varðar starf C sem aðstoðarmanns ráðherra lagt mat á hvornig sú starfsreynsla hans væri líkleg til að nýtast þegar kæmi að starfi héraðsdómara. Kemur þetta sérstaklega fram þegar fjallað er um þá fundi og ráðstefnur sem C hefur sótt og varða starfsemi dómstóla sem og að hann hafi öðlast nokkra reynslu af stjórnun og skipulagningu starfa, einkum í dómsmálaráðuneytinu. Þá hafi hann í starfi sínu sem aðstoðarmaður ráðherra bæði komist í snertingu við störf löggjafarþingsins og fjölmörg. Í umsógninni er því líka lýst að C hafi sem aðstoðarmaður dómara fengið góða innsýn í iðkun réttarfars auk þess sem fjallað er um ýmis önnur atriði og þá sérstaklega þau sem tilgreind eru í reglunum frá 29. október 1999 og verklagsreglum nefndarinnar.

Rétt eins og ráðherra bendir á í skýringum sínum verður almennt að ganga út frá því að skipun í embætti eða ráðning tiltekins einstaklings í starf byggist að jafnaði á heildstæðu mati á hæfni umsækjenda. Ég tel það hins vegar ljóst að hvað sem leiði mati ráðherra á reynslu og þekkingu umsækjenda almennt hafi reynsla C úr starfi aðstoðarmanns ráðherra haft verulega þýðingu þegar kom að ákvörðun ráðherra og verið hluti af því sem leiddi til þeirrar niðurstöðu ráðherra að hann teldi hann hæfastan umsækjenda um embættið. Ég bendi í því sambandi sérstaklega á það orðalag sem kemur fram í rökstuðningi ráðherra til annarra umsækjenda, en þar kemur fram að niðurstaðan um að skipa C hafi „ekki síst [verið] vegna starfa sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra um rúmlega fjögurra ára skeið“.

Í þessu máli liggur að mínu áliti fyrir að hin lögbundna dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara hafði ekki talið rétt að gefa starfsreynslu C sem aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra jafn mikið vægi og ráðherra kaus að gera þegar kom að mati á hæfni umsækjenda til að gegna starfi héraðsdómara. Settur ráðherra byggði þessa afstöðu sína ekki síst á þeirri reynslu sem hann hafði sjálfur af störfum aðstoðarmanna ráðherra án þess að hann teldi tilefni til þess að afla upplýsinga um það hjá nefndinni hvað hefði ráðið afstöðu hennar til þýðingar starfs aðstoðarmanns ráðherra þegar kom að mati á hæfni til að gegna embætti héraðsdómara. Þá verður heldur ekki séð af skýringum setts ráðherra að hann hafi sjálfur afla sér einhverra upplýsinga um hvornig reynsla og þekkingu sem C hafði afla sér í starfi aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra nýttist í starfi héraðsdómara og þá í samamburði við þekkingu og starfsreynslu annarra umsækjenda. Ég minni á að settur ráðherra fer sem skipaður fjármálaráðherra ekki með málefni dómstóla eða réttarfars af hálfu framkvæmdarvaldsins og þá liggur ekki fyrir að fært sé að álykta að hann hafi vegna menntunar sinnar eða starfsreynslu getað sjálfstætt metið þessi atriði án þess að afla slíkra upplýsinga.

Löggjafinn hefur hér sett á stofn sérhæfðan aðila til að leggja mat á hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara og talið rétt að það mat væri í höndum einstaklinga sem hefðu reynslu af starfsemi héraðsdómara. Þótt mat dómnefndarinnar á einstökum

umsækjendum sé ekki bindandi að lögum fyrir ráðherra þegar kemur að skipun í embætti héraðsdómara verður ekki séð að sá farvegur sem lögjafinn hefur kosið að leggja þessi mál í til að stuðla að vönduðum undirbúningi og rannsókn á hæfni umsækjenda ná tilgangi sínum ef ráðherra velur þann kost að leggja alfarið annan mælikvarða til grundvallar um hæfni umsækjenda heldur en nefndin hefur byggt á. Þetta á sérstaklega við þegar það liggur fyrir, eins og ráðherra fellst á í skýringum sínum til mín, að nefndin hafi að forni til fylgt þeim reglum sem settar hafa verið um störf hennar. Hér þurfti að minnsta kosti að upplýsa efnislega áður en ráðherra tók ákvörðun um hvers vegna mat nefndarinnar á þessari umræddu starfsreynslu eins umsækjandans, með tilliti til hæfni til að gegna starfi héraðsdómara, var annað en ráðherra taldi að leggja ætti til grundvallar. Að fengnum þeim upplýsingum var það síðan verkefni ráðherra að taka afstöðu til þess hvort fyrir hendi væru málefnalegar forsendur til að víkja frá mati hinnar lögbundnu dómnefndar um hæfni umsækjenda ef mat nefndarinnar tók ekki breytingum. Ég minni á að dómnefndin hafði skipað þeim umsækjanda sem ráðherra skipaði í embættið tveimur flokkum neðar miðað við þær viðmiðanir sem nefndin hafði fylgt en þremur öðrum umsækjendum.

Það hefur ítrekað verið bent á það í álitum umboðsmanns Alþingis að til þess að umsögn lögbundins álitsgjafa þjóni sínum tilgangi og komi því stjórnvaldi sem taka þarf ákvörðun að fullnægjandi gagni þurfi umsögnin að vera nægjanlega rökstudd, sbr. álit umboðsmanns í máli nr. 807/1993 frá 24. febrúar 1994, frá 29. mars 1994 í máli nr. 887/1993 og álit mitt frá 4. júní 1999 í máli nr. 2207/1997. (Sjá einnig grein Páls Hreinssonar: Álitsumleitan, Afmælisrit Gauks Jörundssonar sextugur, Reykjavík 1994, bls. 421-422.) Stjórnvaldi sem fer með ákvörðunarvald í viðkomandi máli ber að sjá til þess að umsagnaraðilinn sinni þessari skyldu sinni.

Það er því niðurstaða mín að fyrst ráðherra taldi að þeir gallar væru á umsögn hinnar lögbundnu dómnefndar að hún væri ógagnsæ, lítt rökstudd og að innra ósamræmis gætti við mat á reynslu sem hin ýmsu störf gefa, hefði hann í samræmi við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga átt að óska eftir að dómnefndin fjallaði að nýju um málið og léti honum í té nýja umsögn þar sem bætt væri úr þessum annmörkum áður en hann tók ákvörðun í málinu. Þá var einnig rétt, ef ráðherra taldi þörf á, að óska eftir að nefndin skýrði frekar hvað hefði ráðið mati hennar á starfsreynslu eins umsækjandans úr starfi hans sem aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra í samanburði við mat á annarri starfsreynslu.

Ég tek það fram að ég fellst ekki á þá afstöðu ráðherra að í þessu hefði aðeins falist marklaus endurtekning á fyrra ferli. Í því sambandi skal minnt á að í reglum um störf dómnefndarinnar sem dómsmálaráðherra setti 29. október 1999 er sérstaklega tekið fram að geri umsækjendur athugasemdir við umsögn dómnefndarinnar þegar dómsmálaráðherra kynnir þeim hana skuli þær athugasemdir sem berast bornar undir dómnefndina. Þarna er því ekki farin sú leið að láta ráðherra einan um að taka afstöðu til athugasemdanna heldur er það talið rétt og í þágu þess að upplýsa málið betur og tryggja sem best faglegan grundvöll ákvörðunar ráðherra að nefndin fái tækifæri til að tjá sig um athugasemdir umsækjenda við umsögn nefndarinnar.

Ég tek það fram að í þessu máli verður ekki séð af gögnum málsins að einstakir umsækjendur, þ.m.t. sá sem skipaður var í embættið, hafi formlega gert athugasemdir við efni umsagnar nefndarinnar. Hér var það ráðherra sjálfur sem taldi að anmarkar væru á umsögn nefndarinnar.

5. Mat á hæfni umsækjenda þarf að byggjast á samanburði.

Í kvörtunum þessa máls eru gerðar athugasemdir við að settur dómsmálaráðherra hafi virt að vettugi regluna um að velja þann hæfasta úr hópi umsækjenda til að gegna opinberu starfi að vettugi. Er í því sambandi jafnframt vísað til þess að ráðherra hafi sniðgengið álit hinnar lögbundnu dómnefndar um mat á hæfni umsækjenda.

Ég hef áður lýst því að ég fæ ekki séð að gildandi lög kveði á um að mat þeirrar dómnefndar sem fjalla skal um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara sé að forni til bindandi fyrir dómsmálaráðherra þegar kemur að ákvörðun um hvern hann skipar úr hópi umsækjenda. Mat nefndarinnar er hins vegar lögbundinn liður í undirbúningi ákvörðunar ráðherra og á ráðherra hvílir sú skylda að sjá til þess að málið sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga. Eins og lýst var hér að framan kann ráðherra að þurfa að gera viðeigandi ráðstafanir til að fá bætt úr annmörkum sem eru á umsögn dómnefndarinnar áður en hann tekur ákvörðun um skipun í embætti. Sú skipan sem lögjafinn hefur komið á, með því að fela sérstakri dómnefnd að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara og kveða á um að í þeirri nefnd eigi sæti einstaklingar sem hafa faglega reynslu af starfi héraðsdómara, kallar enn fremur á vandaðri undirbúning af hálfu ráðherra. Ef ráðherra telur ekki rétt að byggja ákvörðun sína á hæfnismati dómnefndarinnar vegna anmarka, tel ég það leiða af framangreindu að hann verði að bæta úr þeim annmörkum því ella ná reglur laga nr. 15/1998

um vandaðan undirbúning þessara ákvarðana ekki tilgangi sínum. Ráðherra þarf þá með sjálfstæðum hætti að tryggja að fullnægjandi grundvöllur sé lagður að ákvörðuninni.

Það er talin óskráð grundvallarregla í íslenskum stjórnsýslurétti að veitingarvaldshafa opinbers starfs beri að velja hæfasta umsækjandann í starfið eða embættið. Það leiðir jafnframt af þessari grundvallarreglu stjórnsýsluréttarins að ákveðnar skyldur hvíla á veitingarvaldshafa um undirbúning stöðuveitingar og mat á hæfni umsækjenda. Þannig verður niðurstaðan um val á þeim einstaklingi sem veitingarvaldshafinn telur hæfastan að byggjast á heildstæðum samanburði á framkomnum umsóknum með tilliti til þeirra krafna sem lög gera til þess einstaklings sem gegna má starfinu og þeirra sjónarmiða sem veitingarvaldshafinn ákveður að auki að byggja val sitt milli umsækjenda á.

Í ljósi þess að settur dómsmálaráðherra ákvað við skipun í umrætt embætti héraðsdómara að byggja ákvörðun sína alfarið á eigin mati á hæfni umsækjenda hvað sem leið niðurstöðu dómnefndarinnar óskaði ég eftir að ráðherra gerði grein fyrir hvernig var af hálfu hans staðið að samanburði á umsækjendum. Jafnframt óskaði ég eftir að ráðherra léti mér í té þau vinnugögn eða annað sem orðið hefði til við þann samanburð. Ég vakti í þessu sambandi athygli á því að fyrir hefði legið í málinu rökstudd umsögn lögbundinnar dómnefndar um samanburð á hæfni umsækjenda sem var í verulegum atriðum á annan veg en niðurstaða ráðherra. Ráðherra segir í svari sínu við þessari fyrirspurn minni að við ákvörðun um skipun í embættið hafi hann stuðst við öll gögn sem lágu fyrir í málinu, þ.á.m. við vinnugögn hinnar lögbundnu dómnefndar. Síðan segir í svari ráðherra:

„Þegar undirritaður hafði kynnt sér umsögn dómnefndarinnar og rökstutt álit hennar á hverjum umsækjanda fyrir sig var hann ekki sammála niðurstöðu nefndarinnar, eins og vikið var að í svari við spurningum 3 til 5 hér að framan. Þótti honum sérstaklega lítið gert úr starfsreynslu [C] sem aðstoðarmanns ráðherra andspænis störfum annarra umsækjenda sem metnir voru mjög vel hæfir. Með vísan til þeirra sjónarmiða sem fram koma í rökstuðningi undirritaðs fyrir ákvörðuninni frá 4. janúar 2008 um þekkingu og reynslu [C] taldi undirritaður að hann væri hæfastur umsækjanda um embættið og því var honum veitt það.“

Svari ráðherra fylgdu engin afrit af vinnugögnum eða öðru sem orðið hefði til við samanburð á umsækjendum við undirbúning ráðherra á ákvörðun um skipun í embættið. Í svörum ráðherra við öðrum liðum í fyrirspurnarbréfi mínu gerir ráðherra sérstaklega að umtalsefni mat dómnefndarinnar á þremur úr hópi umsækjenda sem útskrifuðust á svipuðum tíma og höfðu í upphafi líkan starfsferil þar sem þeir voru allir aðstoðarmenn dómara. Að því loknu hafi störf þeirra þróast þannig að einn hafi haldið í frekara nám, einkum á sviði þjóðaréttar, og síðar kennslu, annar hafi haldið áfram ferli sínum sem aðstoðarmaður dómara og sá sem var skipaður hafi orðið aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra. Dómnefndin hafi talið þá tvo fyrnefndu mjög vel hæfa en þann síðastnefnda einungis hæfan. Ráðherra telur að þarna hafi gætt ósamræmis hjá nefndinni og starf aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra hafi verið mjög vanmetið andspænis öðrum störfum. Í framhaldinu lýsir ráðherra því að hann telji reynslu í starfi sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra fullkomlega samanburðarhæfa við aðra starfsreynslu sem metin er og gerir aðra umsækjendur mjög vel hæfa.

Ráðherra lýsir því á öðrum stað í svari sínu að sjónarmið um starfsreynslu hafi aðeins verið eitt þeirra sjónarmiða sem lítið var til við umrædda embættisveitingu. Hafi þar komið til fleiri atriði eins og rakið sé í rökstuðningi hans til tveggja umsækjenda um embættið. Síðan segir í svarinu: „Úrslitum réði fjölbreytt reynsla umsækjandans og þekking samkvæmt heildarmati, en inn í það mat kom auðvitað, ásamt öðru, reynsla umsækjandans úr starfi aðstoðarmanns ráðherra.“

Í 10. lið í fyrirspurnarbréfi mínu óskaði ég sérstaklega eftir að ráðherra skýrði nánar á hverju sýni niðurstaða hans að sá sem hann skipaði í starfið hefði verið hæfastur umsækjanda og þá að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um menntun, starfsreynslu og fræðiskrif allra umsækjenda. Um efni svars ráðherra við þessari fyrirspurn vísast til svarbréfsins sem tekið er upp í III. kafla hér að framan. Meðal þeirra atriða sem ráðherra ræðir í þessum hluta svars síns er mat á starfsreynslu og þar er vísað til þess að sá sem skipaður var í embættið hafi haft átta ára reynslu af störfum þar sem reynt hafi á lögfræðisþekkingu, fyrst sem aðstoðarmaður dómara í rúm þrjú ár, aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra í rúmlega fjögur ár og síðan í nokkra mánuði sem aðstoðarsaksóknari og deildarstjóri við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Í framhaldi af þessu segir í bréfi ráðherra: „Einn umsækjandi hafði talsvert lengri starfsreynslu en sá sem stöðuna hlaut. Hér verður að huga að þeim almennu sjónarmiðum sem gilda í þessu tilviki sem öðrum, að mestu skiptir að tiltekinni starfsreynslu er náð en ekki hve lengi menn sinna starfinu. Hér voru aðrir hæfileikar þess sem stöðuna hlaut taldir vega þyngra en skemmri starfsreynsla hans.“

Ég tel í sjálfu sér ekki tilefni til að draga þá ályktun af svörum ráðherra að enginn samanburður hafi farið fram af hálfu hans á umsækjendum með tilliti til þeirra sjónarmiða sem líta átti til samkvæmt þeim reglum sem dómsmálaráðherra hafði sett um störf dómnefndarinnar og ráðherra ákvað að byggja á. Um slíkan samanburð af hálfu ráðherra, í hverju hann fólst og hver var niðurstaðan um innbyrðis mat einstakra þátta milli umsækjenda liggur hins vegar ekkert fyrir annað en það sem ráða má af svarbréfinu og því að ráðherra taldi að C væri hæfastur umsækjenda. Í þessum gögnum er þó fyrst og fremst að finna rökstuðning ráðherra fyrir því hvers vegna hann taldi C hæfasta umsækjandann og til hvaða upplýsinga hann leit um þann umsækjanda. Ég get hins vegar ekki á grundvelli þessara upplýsinga fullyrt að af hálfu ráðherra hafi farið fram samanburður milli umsækjenda sem fullnægi þeim kröfum sem taldar eru hluti af grundvallarreglum í stjórnslurétti um undirbúning stöðuveitingar og mat á hæfni umsækjenda. Ég ítreka í þessu efni að ákvörðun um hvern skuli skipa eða ráða í opinbert starf verður að byggjast á samanburði milli umsækjenda á sambærilegum grundvelli sem leiði í ljós hver er hæfastur til að gegna starfinu en ekki bara réttlætningu á því hvern veitingarvaldshafinn vill skipa eða ráða í starfið.

6. Forsvaranlegar ályktanir.

Í 10. lið fyrirspurnarbréfs míns til ráðherra minnti ég á að hvað sem líður heimildum veitingarvaldshafa opinbers starfs til að ákveða, þegar sleppir lögum, löglegum fyrirmælum og takmörkunum sem leiða af eðli starfsins og stjórnskipulegri stöðu þess, á hvaða sjónarmiðum hann byggir við mat sitt á hæfni umsækjenda og þar með samanburð milli þeirra, hefur í stjórnslurétti verið byggt á því að unnt verði að vera að staðreyna að veitingarvaldshafinn hafi dregið forsvaranlegar ályktanir af fyrirliggjandi upplýsingum. Ályktanir um einstök atriði tengd mati á hæfni umsækjenda, svo sem um starfsreynslu þeirra eða menntun, þurfa þannig að vera í eðlilegu og rökréttu samhengi við þær upplýsingar sem fram koma í gögnum málsins. Ég vísa meðal annars um þetta efni til álits míns frá 21. mars 2006 í máli nr. 4210/2004.

Ég legg áherslu á að rúmar heimildir stjórnvalds til mats og til að velja þau sjónarmið sem ákvörðun er byggð á breytir ekki þessari skyldu stjórnvalds. Jafnvel þótt ekki verði annað fullyrt en að samanburður hafi farið fram, hvað sem líður skorti á upplýsingum um hann, þá geta þær ályktanir sem veitingarvaldshafi opinbers starfs kveðst hafa dregið af honum um hæfni umsækjenda hlutlægt séð verið í slíku ósamræmi við það sem eðlilegt getur talist í málefnalegri stjórnslu að ekki verður á þær fallist af hálfu eftirlitsaðila, a.m.k. ef hin óskráða meginregla um að velja beri hæfasta umsækjandann á að hafa efnislega þýðingu. Það leiðir hins vegar af eðli þess eftirlits sem umboðsmaður Alþingis hefur með höndum að það er ekki verkefni hans að endurmeta hvern hafi átt að ráða eða skipa í tiltekið starf heldur aðeins að leggja mat á hvort réttum stjórnslureglum og öðrum lagareglum hefur verið fylgt við töku þeirrar ákvörðunar sem kvörtun beinist að.

Í þessu máli er fjallað um skipun í embætti héraðsdómara. Í kafla IV.2. hér að framan var gerð grein fyrir þeim almennu hæfisskilyrðum sem sá er skipaður er í embætti héraðsdómara þarf að uppfylla samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998. Dómsmálaráðherra hefur síðan í reglum sem settar hafa verið um störf hinnar lögbundnu dómnefndar, sem fjalla skal um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, kveðið nánar um hvaða atriði skuli höfð til hliðsjónar við slíkt hæfnismat. Í 4. gr. reglna nr. 693/1999 eru þessi atriði talin upp en það eru: starfsferill, fræðileg þekking, almenn og sérstök starfshæfni og góð tök á íslensku máli. Nánar er síðan fjallað um mat á þessum atriðum í verklagsreglum sem nefndin setti og ráðherra staðfesti 23. mars 2001.

Settur dómsmálaráðherra gerir í svari sínu við 10. lið í fyrirspurnarbréfi mínu grein fyrir mati sínu á umsækjendum með tilliti til þeirra atriða sem framangreindar reglur kveða sérstaklega á um að litið skuli til við mat á umsækjendum um embætti héraðsdómara og lýkur svari sínu á því að með vísan til þess sem þar greinir og á grundvelli fyrirliggjandi gagna hafi það verið mat hans að dómnefndin „hafi haft allar forsendur til að meta C mjög vel hæfan þar sem hann [hafi uppfyllt] öll skilyrði til þess að fá það mat.“ Ráðherra segir síðan að það hafi verið hans mat að fjölbreytt reynsla C og þekking hafi gert það að verkum að hann hafi verið hæfastur umsækjenda um embætti héraðsdómara í umrætt sinn. Ég tek fram að ég fæ ekki séð af gögnum málsins og svörum ráðherra að hann hafi valið að byggja mat sitt á umsækjendum á öðrum sjónarmiðum en beinlínis falla undir þau atriði sem tilgreind eru í áðurnefndum reglum og sá munur sem var á niðurstöðu dómnefndarinnar og mati ráðherra hafi fyrst og fremst byggst á mismunandi sýn á hvernig þekking og reynsla C félli að þeim atriðum og hvaða vægi hún hefði þegar hæfni til að gegna embætti héraðsdómara var metin. Auk þess sem ég mun hér á eftir fjalla sérstaklega um þau atriði sem ráðherra tilfærir í svari sínu til að leggja mat á hvort forsvaranlegar ályktanir á mælikvarða stjórnsluréttarins hafi verið dregnar af fyrirliggjandi gögnum mun ég einnig líta til þess sem fram kemur í þeim rökstuðningi ráðherra sem hann sendi þeim umsækjendum sem síðar leituðu til mín.

Ég tel enn ástæðu til að undirstrika að þegar veitingarvaldshafi opinbers starfs tekur ákvörðun um hvern skuli skipa í embætti

á undirbúningur ákvörðunar og mat veitingarvaldshafans ekki eingöngu að miðast við hvort tiltekinn umsækjandi sé hæfur til að gegna embættinu heldur hver sé hæfastur úr hópi allra umsækjendanna út frá þeim lögmætu sjónarmiðum sem veitingarvaldshafinn ákveður að byggja val sitt á. Þá er það sjaldnast svo að eitthvað eitt atriði ráði alfarið niðurstöðu veitingarvaldshafa um hæfni umsækjenda heldur byggist það á heildarmati á þeim atriðum sem þar koma við sögu.

a. Starfsferill.

Ráðherra vikur fyrst í svari sínu að því atriði í reglunum frá 1999 sem lýtur að starfsferli umsækjenda. Hann bendir á að C hafi haft „átta ára reynslu af störfum þar sem reynt hefur á lögfræðipækkingu; sem aðstoðarmaður dómara í rúm þrjú ár, sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra í rúmlega fjögur ár og síðan í nokkra mánuði sem aðstoðarsaksóknari og deildarstjóri við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu“. Annars staðar í svari ráðherra og í rökstuðningi hans til umsækjenda kemur fram að það var ekki síst starf C sem aðstoðarmanns ráðherra sem settur ráðherra leit til við ákvörðunina. Vegna þess sem segir hér að framan um störf þar sem reynir á lögfræðipækkingu vek ég athygli á því að hvorki í lögum né framkvæmd hefur verið litið svo á að aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra hafi þurft að vera lögfræðingur, þótt slík þekking geti væntanlega að ýmsu leyti komið sér vel í því starfi.

Að starfsreynslu annarra umsækjenda og samanburði við starfsferil þess sem skipaður var í starfið er vikið með tvennum hætti annars staðar í svari ráðherra. Hann fjallar í svari sínu sérstaklega um starfsferil þriggja umsækjenda sem annars vegar höfðu útskrifast sem lögfræðingar á svipuðum tíma og höfðu jafnframt allir um tíma gegnt starfi aðstoðarmanns dómara. Í svari við 4. lið segir m.a.:

„Tveir af þessum þremur, sá sem skipaður var og [D], hafa sambærilega langa reynslu af lögfræðistörfum en einn þeirra, [B] á ekki ýkja langan starfsferil að baki við lögfræðistörf en hefur varið meiri tíma í menntun, einkum á sviði þjóðaréttar. Allir hafa þeir verið aðstoðarmenn dómara, en sá sem skipaður var hafði gegnt því starfi í tæp 3 og ½ ár við héraðsdóm Reykjavíkur. Eftir yfirllestur umsagnar nefndarinnar um hvern umsækjanda og hæfnisröðun þeirra taldi undirritaður að augljóslega hefðu verið vanmetin þau störf þess umsækjenda sem stöðuna hlaut.“

Í svari við 5. lið segir síðan m.a.:

„Hið rétta er að undirritaður telur að sú starfsreynsla sem felst í því að gegna starfi aðstoðarmanns ráðherra teljist síst veigaminni en starfsreynsla þeirra tveggja annarra umsækjenda sem metnir voru mjög vel hæfir en svipað var ástatt um í starfsaldri á vinnumarkaði og sá sem staðan var veitt, en annar þeirra, [B], hefur raunar varið drjúgum tíma eftir útskrift úr Lagadeild Háskóla Íslands í frekari menntun, einkum á sviði þjóðaréttar, og minna við lögfræðileg störf á almennum vinnumarkaði en sá sem staðan var veitt.“

Ég hef veitt því athygli að í svörum ráðherra er einungis getið um starfsferil umsækjandans D, sem var einn þeirra þriggja sem dómsnefndin taldi mjög vel hæfan, á þann veg að hann hafi verið aðstoðarmaður dómara. Samkvæmt umsögn dómnefndarinnar hefur hann hins vegar frá því að hann lauk embættisprófi í lögfræði vorið 2000 verið fulltrúi á lögmansstofum, aðstoðarmaður við héraðsdómstóla og aðstoðarmaður hæstaréttardómara auk þess sem hann hafði þegar umrætt embætti héraðsdómara var auglýst verið settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness um eins árs skeið. Þá hafði hann verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 2002. Þá kemur fram hjá ráðherra að B eigi ekki „ýkja langan starfsferil að baki við lögfræðistörf“ en tekið er fram að hann hafi varið meiri tíma í menntun, einkum á sviði þjóðaréttar, og ályktun ráðherra er sú að þessi umsækjandi hafi minna verið „við lögfræðileg störf á almennum vinnumarkaði en sá sem staðan var veitt.“ Ég fjalla síðar um hvernig ráðherra lítur í svari sínu til menntunar þessa umsækjanda á sviði þjóðaréttar. Í svari ráðherra er þess aðeins getið á einum stað að B hafi sinnt „kennslu“ án þess að fram komi hvers eðlis hún hafi verið. Í umsögn dómnefndarinnar kemur fram að B hafi sinnt stundakennslu við lagaeildir þriggja háskóla hér á landi frá árinu 2001, frá mismunandi tíma og lengi við einstaka skóla, einkum á sviði þjóðaréttar en einnig almennrar lögfræði, stjórnskipunarréttar, réttarfars, Evrópuréttar og alþjóðaviðskipta. Þá var hann ráðinn í fullt starf lektors í þjóðarétti og Evrópurétti við Háskólann á Akureyri í ársbyrjun 2005 og var þar í hlutastarfi lektors þegar umsókn hans var til umfjöllunar en jafnframt varð hann lektor við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 2007.

Í tilvikum þeirra tveggja umsækjenda sem fjallað hefur verið um hér að framan verður ráðið af umsóknargögnum að þeir hafa báðir á þeim sama tíma og sá sem ráðherra ber þá saman við og var skipaður í embættið sinnt öðrum lögfræðilegum störfum heldur en eingöngu að vera aðstoðarmenn dómara. Þess sér þó nánast ekki stað í umfjöllun ráðherra. Ég tel að fyrirliggjandi upplýsingar um kennslustörf og önnur lögfræðileg verkefni sem B hefur unnið að á þeim tíma sem hér skiptir máli gefi ekki tilefni til þeirra ályktana sem dregnar eru samkvæmt framangreindu í bréfi ráðherra um lögfræðileg störf hans. Þannig má almennt gera ráð fyrir því að kennsla á sviði lögfræði við lagadeildir háskóla, þar með á sviði þjóðarréttar, teljist til þeirra lögfræðistarfa sem þýðingu hafa þegar kemur að mati á starfsferli við mat á hæfni til að gegna embætti héraðsdómara. Í svörum ráðherra verður ekki séð að starfsreynsla umsækjandans, D, umfram starf hans sem aðstoðarmanns dómara, hafi verið látin hafa áhrif á ályktanir ráðherra við mat á starfsferli umsækjenda. Ég vek hér enn athygli á því að D hafði um eins árs skeið verið settur héraðsdómari og þess var sérstaklega getið í umsögn dómnefndar að setning hans í dómaraembætti veitti nefndinni betri grunn en hún hefði haft við mat á fyrri umsóknum hans um embætti héraðsdómara til að meta hæfni hans til að fara með dómstörf, bæði með hliðsjón af uppkveðnum dómum hans og því orðspori sem af honum hefði farið sem settum dómara.

D var ekki sá eini í þeirra hópi sem hafði áður fengist við dómstörf. A starfaði á árunum 1974 til 1986 sem fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík og sýslumannsins í Gullbringusýslu og gegndi þar störfum aðalfulltrúa í rúm átta ár. Í umsögn dómnefndarinnar kemur fram að á þessum tíma fékkst umsækjandinn einkum við dómstörf og málefni lögreglunnar og var að auki nokkrum sinnum skipaður setudómari. Frá 1. september 1986 hefur A rekið lögmannsstofu og hlaut réttindi hæstaréttarlögmanns 1995. Að starfsferli A og þá í tengslum við mat ráðherra á starfsreynslu umsækjenda er aðeins vikið á einum stað í svári ráðherra til mín. Í svári við 10. lið segir í framhaldi af því að tilgreint er að C hafi átta ára reynslu af störfum þar sem reynt hefur á lögfræðipekkingu:

„Einn umsækjandi hafði talsvert lengri starfsreynslu en sá sem stöðuna hlaut. Hér verður að huga að þeim almennu sjónarmiðum sem gilda í þessu tilviki sem öðrum, að mestu skiptir að tiltekinni starfsreynslu er náð en ekki hve lengi menn sinna starfinu. Hér voru aðrir hæfileikar þess sem stöðuna hlaut taldir vega þyngra en skemmri starfsreynsla hans.“

Það er vissulega rétt hjá ráðherra að það hversu lengi viðkomandi hefur sinnt tilteknu starfi er ekki einhlítur mælikvarði við mat á starfsreynslu þegar kemur að samanburði á umsækjendum um opinbert starf. Það sem skiptir fyrst og fremst máli er í hverju starfsreynslan er fólgin og hvemig telja verður líkur á að hún geti nýst við úrlausn þeirra verkefna og starfs sem verið er að ráða eða skipa í. Í þessu tilviki hafði sá umsækjandi, sem þarna er vísað til að hefði „talsvert lengri starfsreynslu en sá sem stöðuna hlaut“, um 12 ára skeið verið í starfi þar sem hann sinnti meðal annars hliðstæðum dómstörfum og nú eru í höndum héraðsdómara. Til viðbótar hefur hann síðan sinnt lögmannsstörfum frá árinu 1986 en þau störf eru að hluta til unnin fyrir dómstólum og þar reynir á þekkingu í réttarhari.

Ég tel að miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja í málinu um starfsferil A, og þá sérstaklega reynslu hans af störfum sem dómara og lögmanns, hafi það ekki verið forsvaranlegt af hálfu ráðherra að draga þá ályktun sem fram kemur í tilvitnuninni hér að ofan um samanburð á starfsreynslu A og þess sem stöðuna hlaut. Munurinn á starfsreynslu og viðfangsefnum þessara umsækjenda á þeim tíma sem þeir höfðu starfað sem lögfræðingar var augljóslega meiri en svo að réttmætt væri af hálfu ráðherra að vísa eingöngu til þess að mestu skipti að tiltekinni starfsreynslu væri náð en ekki hve lengi menn sinna starfinu. Við ákvörðun um veitingu á embætti héraðsdómara var óhjákvæmilegt að tekin yrði afstaða til þess hvert ætti að vera vægi þeirrar starfsreynslu og þekkingar sem umsækjendur höfðu aflað sér með því að sinna áður dómstörfum í héraði, hvað þá þegar um var að ræða 12 ára starf á þeim vettvangi, og í umsögn dómnefndarinnar var í tilviki A tekið fram að vegna dómara- og mállutningsstarfa hefði sá umsækjandi viðtæka þekkingu á réttarhari og iðkun þess.

Af rökstuðningi ráðherra og skýringum hans til mín í tilefni af kvörtunum er ljóst að ráðherra hefur gefið starfsreynslu C úr starfi aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra í rúmlega 4 ár verulegt vægi. Ég dreg ekki í efa að reynsla úr slíku starfi aðstoðarmanns ráðherra veiti innsýn í fjölmörg viðfangsefni sem getur komið að gagni í starfi héraðsdómara. Starf aðstoðarmanns ráðherra, þótt um sé að ræða dóms- og kirkjumálaráðherra, hefur hins vegar þá sérstöðu að það er fyrst og fremst pólitískt starf og aðstoð við ráðherra í stefnumörkun og ákvarðanatöku í einstökum málum en ekki starf embættismanns að úrlausn stjórnsýsluverkefna á hlutlægum og lögfræðilegum grundvelli. Sérstaða starfs aðstoðarmanns ráðherra birtist meðal annars, eins og tekið var fram í athugasemdum þegar ákvæði um þá kom fyrst inn í lög, í því að ráðherra hefur þar heimild til að velja sér við hlið aðstoðar- og trúnaðarmann eftir eigin vali. (Alþt. 1968, A-deild, bls. 204.) Hann er ekki bundin af þeim reglum sem almennt gilda um val á opinberum starfsmanni en á móti kemur að aðstoðarmaðurinn hverfur úr starfi jafnskjótt og ráðherra samkvæmt 15. gr. laga nr. 73/1969.

Starf héraðsdómara felst aftur á móti í því að leysa úr málum sem borin eru undir dómstól í tilteknum réttarfarabúningi. Úrlausn dómara á að byggjast á lögum og eins og vísað er til í þeim verklagsreglum sem gilda um dómnefnd þá sem meta skal hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara þarf dómari að sýna sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í störfum. Við dómstörfin sjálf reynir auk almennrar lögfræðipækkingar sérstaklega á einkamála- og opinbert réttarfar en þar að auki þarf dómari að hafa gott vald á fyrirmælum laga og handverki við samningu dóma. Það gefur því augaleið að sé í hópi umsækjenda um embætti héraðsdómara einstaklingur eða einstaklingar sem þegar hafa tekist á við störf þar sem reynt hefur á viðfangsefni sem falla að verkefnum héraðsdómara, og þá sérstaklega dómstörf, hvílir sú skylda á þeim sem veitir embættið að taka nægjanlega afstöðu til slíkrar starfsreynslu og þekkingar í samburði við starfsreynslu og önnur atriði sem til mats koma. Ég get að minnsta kosti ekki fallist á að veitingarvaldshafi láti slíkrar starfsreynslu í engu getið eða taki ekki afstöðu til hennar í rökstuðningi eða skýringum í tilefni af kvörtun til umboðsmanns Alþingis þegar slík sérstök starfsreynsla er til staðar hjá umsækjendum eins og er í þessu máli.

Í samræmi við framangreint fæ ég ekki séð að þær ályktanir sem ráðherra lýsir að hann hafi dregið af fyrirliggjandi upplýsingum um starfsferil og reynslu umsækjenda, og gerir grein fyrir í skýringum sínum til mín, hafi verið forsvaranlegar samkvæmt þeim hlutlæga mælikvarða sem reglur stjórnsýsluréttarins gera kröfu til.

b. Fræðileg þekking.

Samkvæmt þeim reglum sem dómsmálaráðherra hefur sett um mat á umsóknum um embætti héraðsdómara skal meðal annars hafa hliðsjón af fræðilegri þekkingu umsækjenda. Af fimm umsækjendum um það embætti sem hér er fjallað um höfðu tveir umsækjenda lagt stund á framhaldsnám á sviði lögfræði eftir embættispróf í þeirri grein. Ráðherra fjallar sérstaklega um fræðilega þekkingu og framhaldsnám í 10. lið í svari sínu til mín og segir þar m.a.:

„[C] hefur ekki framhaldsnám að baki. Framhaldsnám verður helst að vera nám sem kemur að góðum þörfum við dómarastörf, svo að hér komi til álita. Tveir umsækjendur sem voru metnir mjög vel hæfir höfðu heldur ekki framhaldsnám á sviði lögfræði að baki. Einn þeirra sem var metinn mjög vel hæfur hafði framhaldsnám, en einkum þó á sviði sem ekki fæst séð að nýtist að teljandi marki við dómarastörf.“

Sá umsækjenda sem ráðherra vísar þarna til að hafi framhaldsnám að baki er annar þeirra sem báru fram kvörtun við mig og er umrætt nám á sviði þjóðaréttar. Viðfangsefni þjóðaréttar innan lögfræðinnar eru þær reglur sem gilda í lögskiptum ríkja eða annarra viðurkenndra þjóðréttaráðila á milliríkjagrundvelli, svo sem alþjóða- og fjölþjóðlegra stofnana. Enda þótt fallast megi á að sumar reglur þjóðaréttarins séu þess eðlis að á þær reyni ekki í störfum innlendra dómstóla eru aðrar þeirra þannig vaxnar að þær hafa áhrif í lögskiptum sem dómstólar fjalla um. Á síðastnefndu reglurnar getur þá reynt fyrir dómstólum ýmist vegna þess að þær hafa verið leiddar í innlend lög eða vegna þess að túlka verður innlend lagaákvæði í samræmi við þjóðaréttarlegar skuldbindingar ríkisins. Þetta geta eðli málsins samkvæmt verið reglur á sviði stjórnskipunar, mannréttinda, réttarfars, skatta og tolla og viðskipta svo dæmi séu tekin. Má raunar segja að vægi hins fjölþjóðlegra lagaumhverfis og skuldbindinga á sviði þjóðaréttar hafi aukist mjög á vettvangi íslenskrar lögfræði og þar með einnig í störfum dómstóla á síðustu árum. Ég tek í þessu sambandi fram að samkvæmt þeim gögnum sem fylgdu umsókn B laut framhaldsnám hans á sviði þjóðaréttar ekki einungis að þeim reglum sem gilda í innbyrðis samskiptum ríkja og viðurkenndra þjóðréttaráðila, heldur bera umsóknargögn með sér að hann hafi þar einnig meðal annars lagt stund á námskeið um Evrópurétt, alþjóðlegar mannréttindareglur og alþjóðlegan umhverfisrétt. Þá verður ekki annað séð en að nefndin hafi lagt það mat á nám B að það myndi nýtast honum í störfum dómara en í umsögn hennar um B, sem tekin er upp í kafla II. hér að framan, segir nefndin: „Enginn vafi leikur á því að dómstólum væri mikill fengur að því að fá til liðs við sig jafn vel menntaðan lögfræðing og þessi umsækjandi er.“ Ég minni á að samkvæmt lögum er dómnefndin skipuð einstaklingum sem vegna starfa sinna eiga að hafa innsýn og þekkingu á störfum, og þar með þörfum héraðsdómstólanna.

Með tilliti til þess sem fram kemur í gögnum málsins, umsögn dómnefndar og eigin þekkingar á störfum dómstóla vegna fyrri starfa minna er það álit mitt að sú almenna ályktun ráðherra að framhaldsnám B á sviði þjóðaréttar sé „á sviði sem fæst ekki séð að nýtist að teljandi marki við dómarastörf“ geti hvorki talist forsvaranleg miðað við gögn málsins né við mat á því hvaða fræðileg þekking getur haft þýðingu í störfum héraðsdómara.

Ég tel í þessu sambandi ástæðu til að áréttta það sem áður var fram komið um að í lögskýringargögnum að baki 12. gr. laga nr. 15/1998 var því sérstaklega lýst að ekki væri að efa að tilvist umsagnarnefndarinnar yrði hvatning fyrir lögfræðinga sem

hyggðu á starfsferil sem dómara til að afla sér framhaldsmenntunar og leggja stund á fræðistörf á sviði lögfræði. Í verklagsreglum dómnefndar sem dómsmálaráðherra hefur staðfest segir að framhaldsnám eða starfsnám hérlendis sem erlendis gefi umsókn aukið vægi. Ég tel að sú afstaða sem birtist í framangreindum orðum ráðherra um mat á gildi þeirrar tilteknu framhaldsmenntunar í lögfræði sem þar átti í hlut sé ekki í samræmi við nefndan löggjafarvilja eða þá afstöðu sem fram kemur í verklagsreglunum.

Ráðherra vekur í skýringum sínum til mín, þegar hann fjallar um fræðilega þekkingu, sbr. 10. lið í svarinu, máls á því að á þeim árum sem C hafi starfað hjá héraðsdómi og í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hafi hann „fylgst með framvindu mála og aflað sér staðgóðrar þekkingar á námsstefnum, fræðiráðstefnum og fundum um þá málaflokka sem snert hafa starfssvið hans á hverjum tíma. Þá [hafi] hann einnig tekið þátt í ráðstefnum um lögfræðileg málefni með dóms- og kirkjumálaráðherra auk þess að sitja sérfræðilega fundi“⁴. Ráðherra tekur fram að hann telji að þessa sé ekki getið nægilega vel í umsögn dómnefndarinnar um C undir liðnum aldur og menntun, þó svo það sé gert hjá öðrum umsækjendum. Eftir að hafa kynnt mér þær sérstöku umsagnir um einstaka umsækjendur sem ráðherra vísar þarna til fæ ég ekki annað séð en þar sé almennt getið um þau formlegu námskeið sem umsækjendur hafa sótt og svo sé einnig í tilvikum C. Það sem ráðherra nefnir og telur að sé ekki nægjanlega getið um í umsögninni um C er hins vegar, miðað við það sem fram kemur í umsókn C, af þeim toga að það telst tæpast til þátttöku í endurmenntunarnámskeiðum og starfsemi fræðafélaga af því tagi sem vísað er til í verklagsreglum dómnefndarinnar. Að minnsta kosti verður varla séð að það sé tilefni til að fjalla um þetta atriði þegar gerður er samanburður við formlegt framhaldsnám annars umsækjanda.

Ég tek það fram að ég tel að umfjöllun ráðherra í svari hans til mín um það atriði sem hann fellir undir almenna og sérstaka starfshæfni og góð tók á íslensku gefi ekki tilefni til þess að ég fjalli um þau atriði út frá því álitaefni hvort forsvaranlegar ályktanir hafi verið dregnar af fyrirliggjandi gögnum. Þarna er af hálfu ráðherra fyrst og fremst að finna endursögn á verklagsreglum dómnefndarinnar og því sem kemur fram í gögnum málsins þar með talið umsögn dómnefndarinnar og meðmælubréfum.

Hér að framan hefur verið bent á tiltekin atriði í ályktunum ráðherra um starfsferil og fræðilega þekkingu umsækjenda þar sem ég tel að á skorti að dregnar hafi verið forsvaranlegar ályktanir af fyrirliggjandi gögnum málsins og þá gagnvart því á hvern veg ráðherra hefur metið hæfni annarra umsækjenda miðað við hæfni þess sem skipaður var í embættið. Ég hafði áður í kafla IV.5 komist að þeirri niðurstöðu að ekki lægju fyrir í gögnum málsins eða skýringum ráðherra upplýsingar til þess að ég gæti fullyrft að ráðherra hafi ekki gert samanburð á milli umsækjenda sem fullnægi þeim kröfum sem taldar eru hluti af grundvallarreglum um undirbúning stöðuveitingar og mat á hæfni umsækjenda. Í kafla IV.4 geri ég hins vegar athugasemdir við að ráðherra hafi ekki gætt nægjanlega að rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga við undirbúning ákvörðunar sinnar í málinu. Ég ítreka að ákvörðun ráðherra fól í sér verulegt frávik frá niðurstöðu hinnar lögbundnu dómnefndar um hæfni umsækjenda.

Ég legg áherslu á að það er ekki í mínum verkahring að endurmeta hvern hafi átt að skipa í embætti héraðsdómara og ég get því ekki tekið endanlega afstöðu til þess hver umsækjenda hafi verið hæfastur til að gegna starfinu. Það er hins vegar niðurstaða mín að ekki hafi verið lagður fullnægjandi grundvöllur í samræmi við reglur stjórnsýsluréttarins að ákvörðun setts dómsmálaráðherra um að skipa C í embætti héraðsdómara með starfsstöð við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Þar sem ráðherra gætti ekki þeirra reglna um undirbúning og mat á umsóknum sem tryggja eiga að hæfasti umsækjandinn verði skipaður þá fæ ég ekki séð að ráðherra hafi haft forsendur til að fullyrða að hann hafi í reynd valið hæfasta umsækjandann. Ég vik nánar að þýðingu þessa annmarka í niðurstöðu álitsins.

7. Rökstuðningur.

Í kvörtun A eru gerðar athugasemdir við að rökstuðningur setts dómsmálaráðherra í bréfi til hans hafi ekki verið í samræmi við kröfur 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um efni slíks rökstuðnings. Sá rökstuðningur ráðherra sem þarna er vísað til kom fram í bréfum ráðherra, dags. 4. janúar 2008, og er tekinn orðrétt upp í II. kafla hér að framan.

Efni rökstuðningsins felst nær alfarið í því að þar er gerð grein fyrir námi og fyrri störfum C og mati ráðherra á þeim. Hins vegar er ekki í rökstuðningnum að finna sérstaka lýsingu ráðherra á því hvaða atriði eða sjónarmið hann hafi lagt til grundvallar við mat á umsóknum um embættið í heild sinni þannig að aðrir umsækjendur um embættið geti af honum ráðið hvernig þeir hafi staðið um þau atriði gagnvart mati hans á þeim umsækjanda sem hann taldi hæfastan þeirra og hlaut

embættið.

Ég hef í fyrri álitum lýst þeirri afstöðu minni að í samræmi við gildandi lagareglur um rökstuðning stjórnvaldsákvæðana verði ekki talið að veitingarvaldshafa opinbers starfs beri í rökstuðningi til þess sem ekki hefur fengið umrætt starf að gera sérstaklega grein fyrir ástæðum þess að umsókn viðkomandi var ekki tekin til greina. Ég hef hins vegar bent á að almennt sé ekki nægjanlegt að lýsa einvörðungu þeim staðreyndum um viðkomandi umsækjanda sem fram koma í umsókn hans til veitingarvaldshafa heldur verði móttakandi rökstuðningsins að geta gert sér grein fyrir því með raunhæfum hætti á hvaða sjónarmiðum veitingarvaldshafi byggði ákvörðun sína og eftir atvikum hvert vægi þeirra hafi verið. (Sjá t.d. álit mitt frá 18. júní 2003 í máli nr. 3490/2002.) Almennt mætti orða það svo að því yrði best náð fram með því að í rökstuðningi komi fram lýsing á þeim sjónarmiðum sem veitingarvaldshafinn hafi lagt til grundvallar og þar með hvers konar starfsmanni veitingarvaldshafi var að leita að og hvernig sá umsækjandi sem valinn var féll að þeirri lýsingu. Eðli málsins samkvæmt hefur skipun handhafa framkvæmdarvalds í stöðu dómara nokkra sérstöðu þegar kemur að því hvaða sjónarmið veitingarvaldshafinn getur lagt til grundvallar og þá í ljósi laga og reglna sem settar hafa verið um þau mál og stjórnskipulegar stöðu dómara.

Ég minni líka á að rökstuðningur til umsækjanda sem ekki hefur fengið opinbert starf þarf ávallt, á grundvelli 1. mgr. 22. gr. stjórnsýslulaga og sjónarmiða um málefnalega og gagnsæja stjórnsýslu, að gefa nægjanlega skýra og glögga mynd af raunverulegum ástæðum ákvörðunar en á ekki að vera tilbúin réttlætning ákvörðunar, sjá hér til hliðsjónar Hans Gammeltoft-Hansen: Forvaltningsret. Kaupmannahöfn, 2002, bls. 565-567.

Þegar horft er til efnis rökstuðningsins í bréfum ráðherra til tveggja umsækjenda í heild sinni tel ég að á skorti að þar hafi verið gerð nægjanlega grein fyrir því með almennum hætti hvaða meginsjónarmið, sbr. 1. mgr. 22. gr. stjórnsýslulaga, réðu því að ráðherra ákvað að skipa C í umrætt embætti héraðsdómara. Kemur þar einkum til að í ákvörðuninni var verulega vikið frá hæfnismati hinnar lögbundnu dómnefndar sem sett var fram á grundvelli reglna og sjónarmiða sem dómsmálaráðherra hafði samþykkt. Af þeim sökum var þörf á að settur ráðherra lýsti því hvaða sjónarmið hann legði sérstaklega til grundvallar og hvernig hann hagaði mati sínu á umsækjendum í því ljósi. Þessa var líka sérstaklega þörf í ljósi þeirrar athugasemdar sem fram kemur í 5. lið í skýringum ráðherra til mín, um að störf þess sem embættið hlaut sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra hafi ekki haft jafn afgerandi vægi og niðurlagsorð í rökstuðningi ráðherra gáfu til kynna.

Ég tel líka ástæðu til að minna á nauðsyn þess að stjórnvald gæti þess jafnan að haga orðalagi og framsetningu á rökstuðningi fyrir stjórnvaldsákvörðun þannig að þau atriði sem þar eru tilgreind séu í eðlilegu samhengi við þá ákvörðun sem verið er að rökstyðja. Þannig skipti máli þegar sagt er í rökstuðningi að viðkomandi hafi „gegnt veigamiklum nefndarstörfum á vegum hins opinbera“ að í raun hafi reynt á að viðkomandi nefndarstörfum hafi verið sinnt. Þá hefði í þessu sambandi verið eðlilegra að fram kæmi hvaða þýðingu það hefði fyrir niðurstöðu um starfshæfni viðkomandi sem héraðsdómara að hann hefði setið í dómnefnd um bókmenntaverðlaun, ef á annað borð var talið rétt að geta um það í rökstuðningi fyrir embættisveitingunni.

Þrátt fyrir þá annmarka sem ég tel að hafi verið á rökstuðningi setts ráðherra til tveggja umsækjenda samkvæmt framansögðu tel ég ekki tilefni til þess að beina tilmælum til ráðherra um að senda þeim nýjan rökstuðning, m.a. í ljósi þess að frekari skýringar á ákvörðun ráðherra hafa komið fram í svari hans við fyrirsprungu bréfi mínu og ég hef kynnt þeim sem fengu umræddan rökstuðning þær.

8. Skipaður ráðherra vikur sæti.

Í kvörtun A eru gerðar athugasemdir við að reglulegur dómsmálaráðherra hafi, fyrst hann á annað borð taldi sig vanhæfan til að fjalla um skipun í umrætt embætti héraðsdómara, ekki vikið sæti strax og umsóknir um embættið lágu fyrir. Umrætt embætti var auglýst í fyrri hluta október 2007 og umsóknarfrestur var til 31. október 2007. Umsókn C barst dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þann dag. Með bréfi, dags. 7. nóvember 2007, voru umsóknir sendar til dómnefndar sem fjalla skal um hæfni umsækjenda og umsögn nefndarinnar barst ráðuneytinu 29. nóvember 2007. Ráðuneytið sendi umsækjendum umsögn nefndarinnar hinn 11. desember 2007 og frestur þeirra til að gera athugasemdir rann út 17. desember 2007. Hinn 17. desember 2007 ritaði skipaður dómsmálaráðherra forsætisráðherra bréf og greindi honum frá því að meðal umsækjenda um embættið væri C, fyrrverandi aðstoðarmaður hans. Taldi ráðherra að aðrir umsækjendur gætu dregið í efa óhlutdrægni hans við val á umsækjanda í embættið, sbr. 6. tölulið 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, og taldi hann af þeim sökum að ekki yrði hjá því komist að víkja sæti við meðferð og töku ákvörðunar um veitingu þess. Það var síðan 20. desember 2007

sem skipaður fjármálaráðherra var með bréfi forseta Íslands skipaður til að fara með mál þetta sem settur dómsmálaráðherra en eins og fram kemur í kafla III hér að framan lýsir settur ráðherra því að hann hafi fengið skjöl málsins afhent hinn 18. desember 2007. Í kvörtun A kemur fram að hann hafi verið upplýstur um það um kl. 11.00 að morgni 20. desember 2007 að fjármálaráðherra hefði verið settur til að fjalla um málið og kl. 14.23 þann sama dag hafi verið hringt í hann úr ráðuneytinu og honum tilkynnt um að bóúð væri að skipa í embættið.

Af gögnum málsins verður ekki séð að skipaður dómsmálaráðherra hafi sem slíkur komið að meðferð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins við undirbúning að skipun í umrætt embætti héraðsdómara eftir að hann samþykkti að það yrði auglýst 10. október 2007 og þar til hann óskaði eftir að víkja sæti í því 17. desember 2007. Ég tel jafnframt að þær bréfasendingar og móttaka gagna sem starfsmenn ráðuneytis hans sinntu vegna þessa máls fram til þess tíma hafi hvað sem leið hæfi ráðherrans fallið innan þeirrar reglu 1. mgr. 4. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að heimilt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að halda máli í réttu horfi meðan staðgengill er ekki til staðar.

Í 1. mgr. 5. gr. stjórnsýslulaga segir að starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans skuli án tafar vekja athygli yfirmanns stofnunar á þeim. Þetta ákvæði hefur verið skýrt svo að skylt sé að vekja athygli á hugsanlegri vanhæfisástæðu án ástæðulauss dráttar, sbr. Páll Hreinsson: Stjórnsýslulögin, skýringarit, Reykjavík 1994, bls. 84. Að baki þessari reglu býr í senn að leitast er við að forða því að vanhæfur starfsmaður komi að undirbúningi ákvörðunar og jafnframt að sem minnstar tafir verði á eðlilegum undirbúningi ákvörðunar og töku hennar. Liður í því er að sá sem settur er til að fjalla um málið fái hæfilegan tíma til að kynna sér málið og undirbúa ákvörðun sína í því. Þá kann einnig að vera rétt að aðilar málsins fái tímanlega vitneskju um hver hefur verið settur til að taka ákvörðun í máli þeirra og þeir eigi þá eftir atvikum kost á því að koma að athugasemdum sínum um hæfi hans eða viðkomandi til að fjalla um málið og/eða sjónarmiðum og gögnum sem þeir telja nauðsynlegt að koma á framfæri við þann sem taka á ákvörðun í málinu.

Ég tel að miðað við þau sjónarmið sem skipaður dómsmálaráðherra setur fram í bréfi sínu til forsætisráðherra með ósk um að víkja sæti í málinu verði ekki annað séð en rétt hefði verið í samræmi við 1. mgr. 5. gr. stjórnsýslulaga að skipaður dómsmálaráðherra óskaði þegar eftir að ljóst varð að fyrrverandi aðstoðarmaður hans var í hópi umsækjenda að annar ráðherra yrði skipaður til að fara með málið og taka ákvörðun í því. Að minnsta kosti var ekki rétt af hálfu ráðherra að draga það að óska eftir slíku þegar ráðuneyti hans hafði borist umsögn dómnefndarinnar. Það eru því tilmæli mín að betur verði gætt að þessu atriði framvegis.

9. Aðkoma ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að málinu.

Við athugun mína á þessu máli vakti það athygli mína að skipunarbréf C sem héraðsdómara sem gefið var út í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. desember 2007 var auk setts ráðherra undirritað af ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ráðuneytisstjórin undirritaði einnig fyrir hönd ráðherra ásamt starfsmanni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins bréf, dags. 20. desember 2007, til annarra umsækjenda þar sem þeim var tilkynnt um að settur dómsmálaráðherra hefði skipað C í embættið. Í þessum bréfum sagði meðal annars: „Ákvörðun um veitingu embættisins til C er tekin á grundvelli viðtækrar starfsreynslu hans þ.á m. reynslu hans sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra.“ Í lok bréfsins er vakin athygli á rétti umsækjenda til að óska eftir rökstuðningi fyrir ákvörðuninni.

Ástæða þess að ég staðnæmndist sérstaklega við framangreinda aðkomu ráðuneytisstjórans að málinu var annars vegar að reglulegur dóms- og kirkjumálaráðherra og þar með yfirmaður ráðuneytisstjórans hafði vikið sæti við meðferð þessa máls og hins vegar að með umsókn C fylgdi skjal, dags. 30. október 2007, sem bar yfirskriftina „MEDMÆLI“ og var undirritað af ráðuneytisstjóranum. Jafnframt veitti ég því athygli að orðalag þess rökstuðnings sem settur dómsmálaráðherra sendi þeim umsækjendum sem óskuðu eftir honum átti að hluta til samsvörum í texta meðmæla ráðuneytisstjórans.

Í fyrirspurnarbréfi mínu til setts dómsmálaráðherra, dags. 19. febrúar 2008, óskaði ég sérstaklega eftir upplýsingum um hvaða starfsmenn Stjórnarráðs Íslands eða aðrir veittu honum aðstoð eða komu með öðrum hætti að undirbúningi og töku ákvörðunar um skipun í embætti héraðsdómarans, þ.m.t. birtingu hennar og rökstuðningi. Ég tók fram að fyrirspurn mín um þetta atriði væri sett fram með tilliti til reglna II. kafla stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi og fyrirliggjandi skjala málsins. Ráðherra lýsir í svari sínu hvemig staðið var að meðferð málsins og greinir frá því að þegar ákvörðun hans um skipun í embættið hafi legið fyrir hafi málið farið aftur „í venjubundna formlega meðferð í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu“. Þá kemur fram að settur ráðherra hafi í framhaldi af beiðnum um rökstuðning frá tveimur umsækjendum samið rökstuðning fyrir

ákvörðuninni og sent þeim hann 4. janúar 2008.

Með tilliti til þessara skýringa verður ekki fullyrt að ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hafi komið að ákvörðun setts ráðherra með öðrum hætti en að staðfesta hana með undirritun sinni á skipunarbréfið og tilkynningum til annarra umsækjenda. Það liggur hins vegar fyrir að ráðuneytisstjórinn ritaði hinn 30. október 2007, eða degi áður en umsóknarfrestur um umrætt embætti héraðsdómara rann út, sérstök meðmæli með þeim umsækjanda sem settur dómsmálaráðherra skipaði síðan í embættið. Þessi meðmæli höfðu þá sérstöðu meðal þeirra fjögurra meðmælabréfa sem umsækjandinn lagði fram að hin þrjú höfðu verið rituð í nóvember 2006 vegna umsóknar um annað starf héraðsdómara. Meðmæli ráðuneytisstjórans lutu bæði að lýsingu og mati á starfi C sem aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra og samstarfi hans og ráðuneytisstjórans. Hér var því ekki um að ræða að ráðuneytisstjórinn léti C eingöngu í té vottorð um að hverju hann hefði starfað innan ráðuneytisins heldur voru þetta einnig persónuleg meðmæli ráðuneytisstjórans sem lauk með þeim orðum að hann teldi C mjög vel hæfan til að vera héraðsdómara.

Það eitt að umsækjandi um opinbert starf hafi verið samstarfsmaður þess sem síðar kemur að undirbúningi og töku ákvörðunar um ráðningu í starfið leiðir ekki sjálfkrafa til þess að starfsmaðurinn verði vanhæfur til að fjalla um málið. Hins vegar hefur verið litið svo á að það geti leitt til vanhæfis starfsmannsins ef hann hefur sérstaklega lagt umsækjandanum lið við umsókn hans, svo sem með ritun persónulegs meðmælabréfs annað hvort að eigin frumkvæði eða að ósk umsækjandans. Þessa aðkomu starfsmannsins verði þó jafnan að meta heildstætt með tilliti til atvika í málinu. (Sjá nánar um þetta: Arvid Frihagen: Inhabiliter etter forvaltningsloven, Oslo 1985, bls. 242.) Í þessu máli verður að líta til þess að hinn reglulegi ráðherra og yfirmaður ráðuneytisstjórans hafði eftir að umsóknarfrestur um embættið rann út vikið sæti í málinu vegna þess að meðal umsækjenda var fyrrverandi aðstoðarmaður hans. Þótt ekki liggja annað fyrir en að aðkoma ráðuneytisstjórans hafi, eins og settur ráðherra segir í skýringum sínum til mín, verið liður í venjubundinni formlegri meðferð í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu eftir að ráðherrann hafði tekið ákvörðun sína um hver yrði skipaður í embættið verður ekki litið fram hjá því að í tilkynningum sem ráðuneytisstjórinn undirritaði fyrir hönd ráðherra, og án aðkomu setts ráðherra, kom fram að ákvörðun um veitingu embættisins til C hefði verið „tekin á grundvelli viðtækrar starfsreynslu hans þ.á.m. reynslu hans sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra“. Þetta bréf var sent áður en settur ráðherra birti rökstuðning sinn í tilefni af beiðnum tveggja umsækjenda.

Ég tel að það hefði verið í betra samræmi við reglu 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að þess væri gætt af hálfu setts ráðherra sem bar ábyrgð á skipun í embættið að ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins kæmi ekki vegna þeirra meðmæla sem hann hafði látið einum umsækjanda um starfið í té að útgáfu skipunarbréfs C og tilkynningum til meðumsækjenda um hver hefði verið skipaður í starfið, og þá sérstaklega með tilliti til þess rökstuðnings sem þar kom fram fyrir ákvörðun um skipun í starfið. Ég minni á að meðumsækjendur C höfðu enga vitneskju um að fyrir lægju í málinu sérstök meðmæli frá ráðuneytisstjóranum með umsókn þess sem skipaður var í starfið. Ég tek það fram að miðað við þær skýringar sem gefnar eru af hálfu setts ráðherra á aðkomu starfsmanna dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, þ.m.t. ráðuneytisstjórans, að málinu fæ ég ekki séð að það eitt að ráðuneytisstjórinn hafi undirritað skipunarbréfið með settum ráðherra og einnig tilkynningar til meðumsækjenda ásamt öðrum starfsmanni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins feli í sér slíkan anmarka að það hafi áhrif á gildi þeirrar ákvörðunar sem settur dómsmálaráðherra tók um skipun í embættið. Slíkur háttur á meðferð málsins er hins vegar ekki til þess fallinn að efla traust almennings til stjórnsýslunnar. Ég minni á að hæfisreglum stjórnsýslulaga er einmitt ætlað að koma í veg fyrir að þær aðstæður myndist sem gefi borgurunum ástæðu til efasemda um að úr einstöku máli verði leyst á hlutlægán hátt, sbr. Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3285.

Ég tek hins vegar fram að við þær aðstæður þar sem hinn reglulegi ráðherra hefur vikið sæti vegna tengsla við umsækjanda og ráðuneytisstjóri hefur ritað sérstök meðmæli með einum umsækjanda eða fyrir hendi eru sérstök vensl, tengsl eða vinátta við umsækjanda verður að telja að reglur um sérstakt hæfi til meðferðar máls í stjórnsýslu ríkisins og að auki vandaðir stjórnsýsluhættir leiði til þess að við þær aðstæður eigi reglulegir starfsmenn viðkomandi ráðuneytis ekki að koma að meðferð hlutaðeigandi máls hjá settum ráðherra og að tilkynningum vegna þess nema þá ef þær aðstæður sem lýst er í 2. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga um lítilljörlegan þátt í meðferð máls eiga við. Ég vek í þessu sambandi athygli á því að rökstuðningur sá sem settur dómsmálaráðherra sendi tveimur umsækjendum var undirritaður af honum einum.

V. Niðurstæða.

Í máli þessu er fjallað um kvartanir tveggja umsækjenda um embætti héraðsdómara sem staðsettur er við Héraðsdóm Norðurlands eystra vegna skipunar setts dómsmálaráðherra í embættið í desember 2007. Settur ráðherra taldi að umsögn lögbundinnar dómnefndar um hæfni umsækjenda hefði verið ógagnsæ, lítt rökstudd og innra ósamræmis hefði verið í mati

nefndarinnar á starfsreynslu umsækjenda og því hefðu verið vandkvæði á því að reisa ákvörðun um skipun í embættið alfarið á umsögninni. Sá sem settur ráðherra skipaði í embættið hafði í mati nefndarinnar verið metinn hæfur en þrír aðrir, og þar með talið þeir tveir sem kvörtuðu til umboðsmanns, voru taldir mjög vel hæfir til að gegna embætti héraðsdómara. Vísaði ráðherra í rökstuðningi sínum fyrir skipuninni sérstaklega til reynslu þess sem skipaður var af starfi hans sem aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra um rúmlega fjögurra ára skeið.

Í álitinu er fjallað um stöðu hinnar lögbundnu dómnefndar um hæfni umsækjenda en við stofnun hennar var tekið fram að megintilgangurinn með henni væri að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómamar séu valdir samkvæmt hæfni einvörðungu. Ég tek fram að þegar gætt er að því hvernig löggjafinn hefur afmarkað verkefni dómnefndarinnar og vali á nefndarmönnum er ljóst að þótt umsögn dómnefndarinnar sé ekki að formi til bindandi þegar kemur að ákvörðun ráðherra kann hún að setja honum ákveðnar skorður og leggja ákveðnar skyldur á hann um nauðsynlega rannsókn málsins, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, ef hann hefur til athugunar eða áformar að skipa í embætti héraðsdómara í ósamræmi við mat dómnefndarinnar á hæfni umsækjenda.

Það er niðurstaða mín að fyrst ráðherra taldi að þeir gallar væru á umsögn hinnar lögbundnu dómnefndar að hún væri ógagnsæ, lítt rökstudd og að innra ósamræmis gætti við mat á reynslu sem hin ýmsu störf veita, hefði hann í samræmi við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga átt að óska eftir að dómnefndin fjallaði að nýju um málið og léti honum í té nýja umsögn þar sem bætt væri úr þessum annmörkum áður en hann tók ákvörðun í málinu. Þá var einnig rétt, með tilliti til athugasemda ráðherra, að óska eftir að nefndin skýrði frekar hvað hefði ráðið mati hennar á starfsreynslu eins umsækjandans sem aðstoðarmanns dóms- og kirkjumálaráðherra í samanburði við mat á annarri starfsreynslu.

Í álitinu er vísað til þess að mat á hæfni umsækjenda um opinbert embætti þurfi að byggjast á samanburði milli þeirra og þá um þau atriði og sjónarmið sem lög og reglur kveða á um eða veitingarvaldshafinn ákveður að leggja til grundvallar ákvörðun sinni. Ég tek fram í álitinu að ekki sé í sjálfu sér tilefni til að draga þá ályktun af svörum ráðherra að enginn slíkur samanburður hafi farið fram af hans hálfu. Hins vegar liggja ekkert fyrir um slíkan samanburð, í hverju hann fólst og hver var niðurstaðan um innbyrðis mat einstakra þátta milli umsækjenda, fyrir utan að settur ráðherra taldi að sá sem hann skipaði væri hæfastur umsækjenda. Ég tel mig því ekki geta á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga fullyrnt að af hálfu ráðherra hafi farið fram samanburður milli umsækjenda sem fullnægi þeim kröfum sem taldar eru hluti af grundvallarreglum í stjórnarsýslurétti um undirbúning stöðuveitingar og mat á hæfni umsækjenda.

Hvað sem liður heimildum veitingarvaldshafa opinbers starfs til að ákveða á hvaða sjónarmiðum hann byggir mat sitt á hæfni umsækjenda og þar með samanburð milli þeirra, hefur í stjórnarsýslurétti verið byggt á því að unnt verði að vera að staðreyna að veitingarvaldshafinn hafi dregið forsvaranlegar ályktanir af fyrirliggjandi upplýsingum. Í álitinu er bent á að tiltekin atriði í ályktunum ráðherra um starfsferil og fræðilega þekkingu umsækjenda séu þess eðlis að ég telji að á skorti að dregnar hafi verið forsvaranlegar ályktanir af fyrirliggjandi gögnum málsins og þá gagnvart því á hvern veg ráðherra hefur metið hæfni annarra umsækjenda miðað við hæfni þess sem skipaður var í embættið.

Það er niðurstaða mín að ekki hafi verið lagður fullnægjandi grundvöllur í samræmi við reglur stjórnarsýsluréttarins að ákvörðun setts dómsmálaráðherra um að skipa C í embætti héraðsdómara með starfsstöð við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Þar sem ráðherra gætti ekki þeirra reglna um undirbúning og mat á umsóknum sem tryggja eiga að hæfasti umsækjandinn verði skipaður þá fæ ég ekki séð að ráðherra hafi haft forsendur til að fullyrða að hann hafi í reynd valið hæfasta umsækjandann.

Í álitinu eru að auki gerðar athugasemdir við að efni rökstuðnings ráðherra til annarra umsækjenda fyrir skipun í embættið hafi ekki uppfyllt kröfur 1. mgr. 22. gr. stjórnarsýslulaga. Loks geri ég athugasemdir við að skipaður dómsmálaráðherra hafi ekki vikið fyrir sæti við meðferð málsins í samræmi við reglur stjórnarsýslulaga, og aðkomu ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að málinu í ljósi persónulegra meðmæla sem hann hafði látið þeim umsækjanda sem skipaður var í embættið í té.

Eins og áður sagði er það niðurstaða mín að tilteknir annmarkar hafi verið á undirbúningi, ákvörðun og málsmeðferð setts dómsmálaráðherra við skipun í umrætt embætti héraðsdómara. Að teknu tilliti til dómaframkvæmdar hér á landi og að teknu tilliti til hagsmuna þess sem hlaut skipun í embættið tel ég ekki líkur á að ofangreindir annmarkar leiði til ógildingar á skipuninni. Það fellur hins vegar utan starfssviðs míns að taka afstöðu til þess hvaða lagalegu afleiðingar þessir annmarkar á

meðferð málsins kynnu að öðru leyti hafa í för með sér ef um þetta yrði fjallað af dómstólum t.d. í formi skaðabótamáls. Ég beini þó þeim tilmælum til skipaðs dómsmálaráðherra að framvegis verði tekið mið af þeim sjónarmiðum sem lýst er í álitum þessu við undirbúning og veitingu embætta héraðsdómara.



Unnur Brá Konráðsdóttir, forseti Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 29. maí 2017
Tilv.: DMR17040798/4.91.19.1

Efni: Skipun dómara við Landsrétt

Að fengnu samþykki Alþingis, sbr. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis IV í lögum nr. 50/2016, um dómstóla, hyggst ég í samræmi við 1. mgr. 21. gr. sömu laga leggja til við forseta Íslands að eftirfarandi einstaklingar verði skipaðir dómarar við Landsrétt:

Aðalsteinn E. Jónasson
Arnfríður Einarsdóttir
Ásmundur Helgason
Davíð Þór Björgvinsson
Hervör Lilja Þorvaldsdóttir
Ingveldur Einarsdóttir
Jóhannes Sigurðsson
Jón Finnbjörnsson
Kristbjörg Stephensen
Oddný Mjöll Arnardóttir
Ragnheiður Bragadóttir
Ragnheiður Harðardóttir
Sigurður Tómas Magnússon
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Þorgeir Ingi Njálsson

Sigríður Á. Andersen
dómsmálaráðherra

Fylgiskj.: Bréf dómsmálaráðherra til Alþingis vegna skipunar í embætti dómara við Landsrétt, drög að tillögum til forseta Íslands um skipun í 15 embætti, drög að skipunarbréfum Aðalsteins E. Jónassonar, Arnfríðar Einarsdóttur, Ásmundar Helgasonar, Davíðs Þórs Björgvinssonar, Herverar Lilju Þorvaldsdóttur, Ingveldar Einarsdóttur, Jóhannesar Sigurðssonar, Jóns Finnbjörnssonar, Kristbjargar Stephensen, Oddnýjar Mjallar Arnardóttur, Ragnheiðar Bragadóttur, Ragnheiðar Harðardóttur, Sigurðar Tómasar Magnússonar, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar og Þorgeirs Inga Njálssonar og afrit af umsögn dómnefndar skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, sbr. ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 50/2016 um dómstóla og lög nr. 10/2017, um umsækjendur um embætti 15 dómara við Landsrétt dags. 19. maí 2017.



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 29. maí 2017
Tilv.: DMR17040798/4.91.19.1

Efni: Fylgiskjal dómsmálaráðherra með bréfi til forseta Alþingis, dagsett í dag.

Dómsmálaráðherra barst hinn 19. maí 2017 umsögn dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, sbr. 4. gr. a. laga nr. 15/1998 um dómstóla, sbr. ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 50/2016 um dómstóla og lög nr. 10/2017. Drög að umsögninni höfðu áður verið kynnt ráðherra um leið og þau voru send öllum umsækjendum til andmæla. Í ályktarorðum umsagnarinnar kemur fram það mat nefndarinnar að hæfastir umsækjenda séu þar tilgreindir fimmtán umsækjendur.

Um störf dómnefndarinnar gilda reglur nr. 620/2010 og er í þeim m.a. getið sjónarmiða sem nefndinni er skylt að byggja mat sitt á, sbr. 4. gr. Er þar vísað til þátta sem eru að mestu hlutlægir eins og náms, starfsferils, aukastarfa og félagsstarfa en einnig til þátta sem ekki verður lagt mat á með eins hlutlægum hætti. Þar undir falla sjónarmið um almenna starfshæfni, sérstaka starfshæfni og andlegt atgervi umsækjenda.

Umsögn dómnefndar er yfirgripsmikil og vísar sannarlega til nefndra þátta. Hefur nefndin tilgreint samtals tólf þætti sem lagðir hafi verið til grundvallar ályktarorðum hennar. Fram kemur í umsögn nefndarinnar hvað hver þáttur hafi vegið mikið í heildarmati. Ítarleg umfjöllun er um þá þætti sem auðvelt er að leggja hlutlægt mat á, eins og námsferil og aukastörf, en minni umfjöllun um þætti sem síður falla undir hlutlæga aðferðafræði.

Sú veiting embætta sem liggur fyrir dómsmálaráðherra er án fordæma. Er augljóslega einstakt að skipa þurfi fimmtán dómara í senn við stofnun nýs dómstóls. Umsækjendur hafa fjölbreyttan bakgrunn. Að mati dómsmálaráðherra er það jákvætt og gefur tilefni til þess að huga sérstaklega að yfirbragði hins nýja dómstóls með tilliti til þeirrar þekkingar og reynslu sem þar verður.

Á það ber þó að líta að hinn nýi dómstóll er áfrýjunardómstóll sem hefur það hlutverk að endurskoða dóma sem kveðnir hafa verið upp í héraði. Flestum dómsmálum sem áfrýjað verður mun að öllum líkindum ljúka fyrir Landsrétti án þess að koma til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Megintilefni nýrra laga um dómstóla og tilkomu Landsréttar er að bæta úr þeim

ágöllum sem hafa lotið að mati á sönnunargildi munnlegs framburðar í sakamálum. Fyrir Hæstarétti hefur endurskoðun á mati undirréttar á munnlegum framburði ekki farið fram.

Í umsögn dómnefndar er reynsla af dómastörfum lögð að jöfnu við reynslu af lögmannsstörfum og reynslu af störfum í stjórnáslunni. Ef lögð er saman reynsla af fræðistörfum og kennslu ásamt menntun þá vegur það jafn þungt og þrjú fyrrgreindu þættirnir. Þrjú matsþættir, sem sérstaklega er vikið að í reglum nr. 620/2010, eru hins vegar látnir liggja milli hluta með því að gera ekki upp á milli umsækjenda hvað þá þætti varðar. Um er að ræða matsþætti er lúta að stjórn þinghalda, samningu og ritun dóma og almenna starfshæfni. Með því að gera ekki tilraun til þess að leggja tvo fyrrnefndu þættina til grundvallar heildarmati verður ekki annað ráðið en að reynsla dómara fái ekki það vægi sem tilefni er til og gert er ráð fyrir í reglum nr. 620/2010. Þá verður ekki fram hjá því litið, og sem m.a. kom fram í andmælum tveggja umsækjenda, að möguleikum dómara til að afla sér reynslu með aukastörfum eru verulegar skorður reistar með lögum.

Með bréfi til formanns dómnefndar, dags. 27. maí sl., óskaði ráðherra eftir upplýsingum um það hvort nefndin hafi rætt sérstaklega forsendur fyrir vægi einstakra matsþátta. Einnig var óskað eftir upplýsingum um það hvort dómnefndin hafi tekið til sérstakrar umræðu þá niðurstöðu nefndarinnar að tilgreina einungis fimmtán umsækjendur hæfasta en ekki fleiri. Ráðherra barst svar frá formanni nefndarinnar, dags. 28. maí sl. Í því kemur fram að nefndin hafi rætt sérstaklega vægi einstakra matsþátta. Niðurstaða þeirrar umræðu hafi orðið sú að ekki væri rétt að bregða út frá því sem verið hefði, enda væri nokkurs virði að festa ríkti um þetta atriði. Hvað varðaði þann möguleika nefndarinnar að álykta um hæfni fleiri umsækjenda en fimmtán segir í svari formanns nefndarinnar að þótt áður hafi verið dæmi um að tveir eða jafnvel þrjú umsækjendur um eina stöðu dómara hafi verið metnir jafnhæfir þá hafi því ekki verið til að dreifa í þessu tilvik. Þannig hefði verið munur á hæfni þess umsækjenda sem skipaði 15. sæti og þess sem næstur honum kom.


Mat á hæfni umsækjenda um starf er alltaf vandasamt. Fyrir utan hlutlæga þætti sem meta þarf er útilokað annað en að huglægir þættir komi einnig til skoðunar. Í tilvikum þegar skipa á dómara kunna ólík sjónarmið að eiga við um skipun dómara við Hæstarétt, Landsrétt eða héraðsdóm. Þau sjónarmið kunna líka að vera breytileg frá einum tíma til annars. Eina ófrávíkjanlega krafan sem hlýtur að vera gerð er að til embættisins veljist hæfir einstaklingar og að þeir búi yfir kostum sem renni raunverulegum stöðum undir hið mikilvæga starf sem fram innan réttarins í samstarfi við aðra sem þar starfa. Mat á þessu verður aldrei vélrænt og aldrei þannig að hægt sé að skilja á milli feigs og ófeigs með einkunn upp á til að mynda 0,025 á kvarðanum 1-10. Það er ljóst af gögnum málsins, og að því gefnu að fyrirliggjandi matsþættir verði taldir eðlilegir og einkunnir umsækjenda eðlilegar, að vægi hvers matsþátta hefur úrslitaáhrif á það hvernig umsækjendur raðast. Ekkert í reglum nr. 620/2010 um störf nefndarinnar kallar á slík vinnubrögð.

Eftir að hafa farið yfir öll gögn málsins, þ.m.t. umsóknir, umsögn dómnefndar, andmæli umsækjenda og vinnugögn nefndarinnar, sem ráðherra kallaði sérstaklega eftir, er það niðurstaða ráðherra að fleiri umsækjendur hafi komið til greina heldur en tilteknir hafi verið í ályktarorðum dómnefndar. Þannig hafi þeir fimmtán umsækjendur sem nefndin tiltók allir komið til greina sem og aðrir sem búa yfir áralangri dómareynslu, alls 24 umsækjendur.

Með vísan til þess sem hér segir er eru gerðar eftirfarandi tillögur til Alþingis um að eftirtaldir verði skipaðir dómara við Landsrétt:

Aðalsteinn E. Jónasson, Arnfríður Einarasdóttir, Ásmundur Helgason, Davíð Þór Björgvinsson, Hervör Þorvaldsdóttir, Ingveldur Einarasdóttir, Jóhannes Sigurðsson, Jón Finnbjörnsson, Kristbjörg Stephensen, Oddný Mjöll Arnardóttir, Ragnheiður Bragadóttir, Ragnheiður

Harðardóttir, Sigurður Tómas Magnússon, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, Þorgeir Ingi Njálsson.



Sigríður Á. Andersen
dómsmálaráðherra

Minnisblað

Reykjavík, 30. maí 2017

Í 1. mgr. ákvæði til bráðabirgða IV í lögum um dómstóla nr. 50/2016, sbr. lög nr. 10/2017, segir að nefnd samkvæmt 4. gr. a. laga um dómstóla, nr. 15/1998, skuli meta hæfni umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt í fyrsta sinn og láta ráðherra í té umsögn um umsækjendur í samræmi við 2. mgr. þeirrar greinar og reglur sem um nefndina gilda. Þá er kveðið á um það að ráðherra sé óheimilt að skipa í dómaraembætti mann sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan meðal umsækjenda, hvort heldur einn eða samhliða öðrum. Frá þessu má þó víkja ef Alþingi samþykkir tillögu ráðherra um heimild til að skipa í embættið annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum 2. og 3. mgr. 21. gr. laga laga nr. 50/2017.

Dómnefndin hefur metið það svo að allir umsækjendur sem nefndin lagði mat á, uppfylli almenn hæfisskilyrði sem kveðið er á um í 2. og 3. gr. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2016. Með vísan til framangreinds er ráðherra að nýta sér þá heimild sem hún hefur skv. lögum að leggja til við Alþingi aðra umsækjendur en þá sem nefndin hefur metið hæfasta.

Hinn nýi dómstóll, Landsréttur, verður áfrýjunardómstóll sem mun hafa það hlutverk að endurskoða dóma sem kveðnir hafa verið upp í héraði. Flestum dómsmálum sem áfrýjað verður til réttarins mun að öllum líkindum ljúka fyrir Landsrétti án þess að koma til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Fyrir liggur að skipa þarf 15 nýja dómara í einu vetfangi. Brýnt er að tryggja skilvirkni dómstólsins frá fyrsta degi svo og eðlilegan málsmeðferðartíma fyrir réttinum. Er það mat ráðherra að nauðsynlegt sé að gera reynslu af dómaraastörfum hærra undir höfði en gert var í mati dómnefndar þannig að tryggt sé að meirihluti dómenda við Landsrétt hafi haldgóða reynslu af dómaraastörfum. Var vægi þessa matsþáttar því aukið frá því sem var í heildarmati dómnefndar.

Það að veita dómara-reynslu aukið vægi gerði það að verkum að neðangreindir umsækjendur, sem ráðherra gerir tillögu til Alþingis um að skipaðir verði í embætti landsréttardómara voru að mati ráðherra einnig hæfastir til viðbótar við þá sem dómnefnd hafði áður metið hæfasta.

Ákvörðun að skipa dómara við Landsrétt er stjórnvaldsákvörðun og í stjórnvöldum er eftirfarandi rökstuðningur lögfestur sbr. 21. gr. stjórnvöldulaga nr. 37/1993. Samkvæmt ákvæðinu þarf aðeins að rökstyðja ákvarðanir þegar þess er óskað innan 14 daga frá því aðila var tilkynnt ákvörðunin. Endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir þar sem afli þarf samþykkis Alþingis fyrir niðurstöðu ráðherra, sbr. þau ákvæði dómstólalaga sem áður hafa verið rakin. Stjórnvöldum er ekki skylt að veita samhliða rökstuðning nema það sé sérstaklega boðið í lögum. Allvíða í lögum má finna ákvæði sem leggja þá skyldu á stjórnvöld að fylgja ákvörðununum sínum. Ekki er að finna nein slík ákvæði í lögum um dómstóla og þá er ekki kveðið á um að ráðherra þurfi að veita samhliða rökstuðning þegar ákveðið hefur verið að nýta þá heimild að leggja til nöfn annarra umsækjenda, en sem dómnefnd hefur metið hæfasta.

Rökstuðningur lítur að því hvers vegna sá eða þeir sem skipaðir voru urðu fyrir valinu, en ekki ástæða þess að tiltekinn umsækjandi hafi ekki verið skipaður. Þetta hefur verið staðfest m.a. í álitum umboðsmanns Alþingis.

Áður hefur verið rakið að ráðherra vill í ljósi eðli þeirra skipana sem hér um ræðir, þ.e. að skipa 15 dómara við nýtt millidómstig að aukið vægi verði lagt á dómara-reynslu eðli máls samkvæmt, þ.e. farsæla reynslu af störfum við dómstóla. Slík sjónarmið eru bæði málefnaleg og lögmæt. Þá liggur fyrir að lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gilda um tillögu ráðherra.

Þrátt fyrir framangreint telur ráðherra rétt að gera Alþingi grein fyrir því efnislega mati sem liggur að baki tillögu ráðherra varðandi neðangreinda umsækjendur.

Arnfríður Einarsdóttir starfaði sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík á árabílinu 1986-1992, síðustu árin sem aðalfulltrúi embættisins. Á árunum 1993-1998 var hún dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur en eftir það aðstoðarmaður dómara við dómstólinn þar til hún var ráðin skrifstofustjóri hans 1. mars 1999 – 1. febrúar 2006. Á árunum 1992-2006 var hún allnokkrum sinnum sett héraðsdómari eða samtals í tæp fjögur ár. Hún var skipuð héraðsdómari 1. febrúar 2006 en var í námsleyfi frá störfum árið 2014. Samkvæmt því hefur hún verið fulltrúi og aðstoðarmaður dómara í meira en tíu ár og héraðsdómari í um það bil 14 ár. Frá því síðla árs 2010 hefur hún verið forseti Félagsdóms, en hún telur láta nærri að þar hafi verið dæmd 13 mál á ári að meðaltali á tímabilinu. Þá sat hún sem varadómari í Hæstarétti Íslands í einu máli. Á starfsferli hennar hefur hún jöfnum höndum dæmt í málum í öllum málaflokkum héraðsdómstólanna, þ.e. í öllum tegundum sakamála, í almennum einkamálum af öllum gerðum, ágreiningsmálum af öllum gerðum og lögræðismálum. Auk þess hefur hún samið fjölmarga rannsóknarúrskurði.

Þá má einnig nefna að Arnfríður hefur mikla reynslu af stjórnarsýslustörfum, meðal annars í úrskurðarnefndum. Hún hefur jafnframt töluverða stjórnunarreynslu en hún var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í nærfellt fjögur ár og hefur verið forseti Félagsdóms frá árinu 2010.

Arnfríður á þannig 32 ára farsælan feril við dómstóla landsins og farið með dómvald lungan af þeim tíma.

Ásmundur Helgason var í um tvö og hálf ár aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands. Hann var skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í maí 2010 og hefur gegnt embættinu í sjö ár. Á þeim tíma hefur hann dæmt í fjölmörgum einkamálum, verið meðdómsmaður í allnokkrum sakamálum og auk þess fengið fjölmörg mál til meðferðar þar sem gerð er krafa um rannsóknar- eða þvingunaraðgerðir af hálfu lögreglu og ákærvalds. Ásmundur hefur verið fastur dómari í Félagsdómi frá ársbyrjun 2014. Hann var ad hoc dómari í Hæstarétti Íslands í einu máli.

Ásmundur býr jafnframt yfir mikli reynslu af stjórnarsýslustörfum. Hann starfaði til að mynda í um sjö ár hjá umboðsmanni Alþingis og í um tvö ár sem lögfræðingur á skrifstofu Alþingis, nær allan tímann sem aðallögfræðingur og þekkir því vel til stjórnarsýslu. Þá liggja eftir hann töluverð fræðiskrif en hann hefur ritað bókarkafla, kennslufni, fræðigreinar og fleira.

Jón Finnbjörnsson starfaði sem fulltrúi við Borgarfógetaembættið í Reykjavík í samtals um þrjú ár á árabílinu 1983-1990, aðstoðarmaður hæstaréttardómara í tvö og hálf ár á árunum 1987-1993 og fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur í fjögur ár 1993-1997. Þá var hann fjórum sinnum settur héraðsdómari í samtals um fjögur ár áður en hann var skipaður dómari við Héraðsdóm Suðurlands frá 1. mars 1998. Jón fluttist til Héraðsdóms Reykjavíkur 1. mars 2001 og hefur starfað þar síðan. Hann hefur verið dómari í samtals 22 ár að teknu tilliti til námsleyfis. Hann hefur á ferli sínum dæmt í bæði einkamálum og sakamálum.

Jón hefur starfað á vettvangi dómstólanna frá lokum kandidateprófs. Hann á að baki farsælan 28 ára feril við dómstólana og nánast allan þann tíma við dómstörf. Jón á jafnframt að baki langan kennsluferil en hann var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í um átta ár og hefur annast kennslu við réttindanám í 11 ár. Hann hefur einnig samið námsefni í sjórétti og fræðigreinar á sviði lögfræði.

Ragnheiður Bragadóttir hóf störf sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík að loknu embættisprófi 1989 og gegndi því starfi í þrjú ár. Frá 1. júlí 1992 starfaði hún í rúm fimm ár sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Ragnheiður starfaði sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara frá 15. ágúst 1997 til 15. janúar 1999, en þá var hún sett til þess að gegna starfi héraðsdómara til 30. júní 2001. Á þeim tíma starfaði hún sem dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur,

Héraðsdóm Vesturlands og Héraðsdóm Austurlands. Hún var skipuð dómari við Héraðsdóm Austurlands frá 15. september 2005 og gegndi því starfi til 1. september 2008, er hún sótti um flutning til Héraðsdóms Reykjaness, og hefur frá þeim tíma starfað sem héraðsdómari við þann dómstól.

Ragnheiður starfaði sem sjálfstætt starfandi lögmaður um tíma áður en hún varð dómari. Á sama tíma rak hún sína eigin lögmannstofu, ýmist ein eða með öðrum. Hún hefur jafnframt reynslu af stjórnsýslustörfum og hefur til að mynda tekið sæti í óbyggðanefnd, úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og samkeppnisráði. Auk þess hefur hún annast stundakennslu við Háskóla Íslands. Þá var hún dómstjóri við Héraðsdóm Austurlands á árunum 2005-2008. Starfsreynsla hennar er því afar fjölbreytt.

Ragnheiður á þannig að baki rúmlega 22 ár feril við dómstólana, sem dómari, dómstjóri dómarafulltrúi og aðstoðarmaður dómara. Störf hennar hafa tekið til allra réttarsviða.

Eins og rakið hefur verið að framan þá er það hin mikla reynsla þessara umsækjanda af störfum dómara sem lá til grundvallar tillögu ráðherra, ásamt því sem líta bar til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Ráðherra er í mati sínu bundinn af því að velja þá sem hæfastir eru til að gegna embætti landsréttardómara. Í fyrirliggjandi máli eru að mati ráðherra ofangreindir fjórir umsækjendur að auki hæfastir til að gegna embætti dómara við Landsrétt. Byggist það mat ráðherra á ítarlegri yfirferð á gögnum málsins, þ.m.t. umsókna, umsagnar dómnefndar, andmæla umsækjenda, vinnugagna nefndarinnar og með þau málefnalegu sjónarmið að leiðarljósi sem áður hafa verið rakin.

Ráðherra hefur ekki gert athugasemd við undirbúning málsins af hálfu dómnefndar. Ráðherra telur dómnefnd hafa upplýst málið nægilega og fullnægjandi rannsókn farið fram á þeim matsþáttum sem eru til grundarvallar niðurstöðu. Ráðherra telur rétt að vægi dómsstarfa sé þyngra en dómnefnd gerði ráð fyrir. Nefndin hefur nú þegar lagt mat á þennan matsþátt og allar upplýsingar um dómara-reynslu umsækjenda liggja fyrir í gögnum málsins. Engar nýjar upplýsingar eða gögn hafa legið til grundvallar tillögu ráðherra.

Umsögn dómnefndar

**skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, sbr. ákvæði til
bráðabirgða IV í lögum nr. 50/2016 um dómstóla og lög nr. 10/2017, um
umsækjendur um embætti 15 dómara við Landsréttt
sem auglýst voru laus til umsóknar í
Lögbirtingablaði 10. febrúar 2017.**

Reykjavík, 19. maí 2017.

Efnisyfirlit

1. Umsækjendur um hin auglýstu dómaraembætti	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á.....	4
3. Um málsmeðferð dómnefndar	8
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	9
5. Mat á umsækjendum	52
5.1. Menntun og framhaldsmenntun.....	52
5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun - samanburður.....	56
5.2. Reynsla af dómstörfum	57
5.2.1. Reynsla af dómstörfum - samanburður	62
5.3. Reynsla af lögmannsstörfum	63
5.3.1. Reynsla af lögmannsstörfum - samanburður	71
5.4. Reynsla af stjórnarsýslustörfum	71
5.4.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum - samanburður	83
5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	83
5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	83
5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf - samanburður	90
5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.....	90
5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. - samanburður.....	95
5.6. Reynsla af stjórnun.....	96
5.6.1. Reynsla af stjórnun - samanburður.....	104
5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	104
5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. - samanburður	110
5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	110

5.9. Sérstök starfshæfni	113
5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu	113
5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli.....	114
5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og af öryggi.....	114
6. Niðurstaða dómnefndar	115

1. Umsækjendur um hin auglýstu dómaraembætti

Með bréfi dags. 2. mars 2017 fór innanríkisráðuneytið, nú dómsmálaráðuneytið, þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla með síðari breytingum að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um 15 embætti dómara við Landsrétt sem auglýst voru laus til umsóknar 10. febrúar 2017 í Lögbirtingablaði. Skipað verður í embættin frá og með 1. júlí 2017, með gildistöku frá 1. janúar 2018, að undanskildum forseta Landsréttar. Þeir sem hljóta skipun skulu kjósa sér forseta til fimm ára og skal skipun hans taka gildi frá og með 1. ágúst 2017, sbr. ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 50/2016 um dómstóla með áorðnum breytingum.

Um embættin sóttu Aðalsteinn E. Jónasson, hæstaréttarlögmaður, Arnfríður Einarsdóttir, héraðsdómari, Ásmundur Helgason, héraðsdómari, Ástráður Haraldsson, hæstaréttarlögmaður, Baldvin Hafsteinsson, hæstaréttarlögmaður, Björn Þorvaldsson, sviðstjóri ákærusviðs efnahagsbrota hjá embætti héraðssaksóknara, Bogi Hjálmtýsson, héraðsdómari, Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Davor Purusic, lögfræðingur hjá Rauða krossi Íslands, Eiríkur Jónsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Guðjón St. Marteinson, héraðsdómari, Guðrún Sesselja Arnardóttir, hæstaréttarlögmaður, Helgi Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður, Hervör Þorvaldsdóttir, héraðsdómari, Hildur Briem, dómstjóri við Héraðsdóm Austurlands, Höskuldur Þór Þórhallsson, fyrrverandi alþingismaður, Ingveldur Einarsdóttir, settur hæstaréttardómari, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hæstaréttarlögmaður, Jóhannes Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður, Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari, Jón Höskuldsson, héraðsdómari, Jónas Jóhannsson, hæstaréttarlögmaður, Karl Óttar Pétursson, hæstaréttarlögmaður, Kristbjörg Stephensen, borgarlögmaður, Nanna Magnadóttir, forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Ólafur Ólafsson, dómstjóri við Héraðsdóm Norðurlands eystra, Ómar Stefánsson, varaformaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Ragnheiður Bragadóttir, héraðsdómari, Ragnheiður Harðardóttir, héraðsdómari, Sandra Baldvinsdóttir, héraðsdómari, Sigurður Tómas Magnússon,

atvinnulífsprófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Soffía Jónsdóttir, hæstaréttarlögmaður, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hæstaréttarlögmaður, Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjaness, og Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Ómar Stefánsson dró umsókn sína um embætti landsréttardómara til baka 12. apríl sl. og Höskuldur Þór Þórhallsson 26. sama mánaðar. Þá dró Guðjón St. Marteinson umsókn sína til baka 11. maí 2017.

Innanríkisráðuneytið óskaði þess við dómnefndina að hún legði mat á almennt hæfi umsækjandans Davors Purusic, en ráðuneytið staðreynir að umsækjendur uppfylli almenn hæfisskilyrði samkvæmt 21. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla, sbr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 um störf nefndarinnar. Að fengnu álitni nefndarinnar komst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að umsækjandinn uppfyllti ekki skilyrði 7. töluliðar 2. mgr. 21. gr. síðastnefndra laga. Af þeim sökum kemur hann ekki til frekara mats.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, sbr. ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 50/2016 um dómstóla og lög nr. 10/2017, skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti landsréttardómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjendur séu hæfastir til að hljóta embættin, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við þá málsgrein er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 sbr. lög nr. 45/2010, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt

verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnvisslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýttast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara), er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Í 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttað í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra,

kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Markmið laga nr. 10/2008 er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal starf, sem laust er til umsóknar, standa opið jafnt konum sem körlum og í 1. mgr. 24. gr. þeirra er kveðið svo á um að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Samkvæmt 2. tölulið 2. gr. laganna telst það óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Þá ber þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítil nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir og karl sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma réttarins H 1993, 2230, H 1996, 3760, H 1998, 3599 og H 2006, 4891. Á þetta sjónarmið kann almennt að reyna að álitni nefndarinnar við ákvörðun ráðherra um veitingu dómaraembættis hafi dómnefnd metið tvo eða fleiri umsækjendur jafnhæfa til að gegna því.

Loks skal þess getið að í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998 með síðari breytingum (skipun dómara), er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Hinn 21. mars 2017 ritaði dómnefnd umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra nefndarmanna sem fara með mál þetta.

Fjórir af þeim sem skipaðir hafa verið í dómnefndina, Ragnheiður Harðardóttir, Óskar Sigurðsson, Ragnhildur Helgadóttir og Kristín Benediktsdóttir, hafa lýst sig vanhæf á grundvelli 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 til að taka þátt í meðferð umsókna um ofangreind dómaraembætti. Af þeim sökum taka varamenn þeirra, Halldór Halldórsson, Guðrún Björk Bjarnadóttir, Ingibjörg Pálmadóttir og Valtýr Sigurðsson, sæti í nefndinni. Nefndarmönnum er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra í máli þessu.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 24., 25. og 26. apríl og 2. maí 2017.

Í athugasemdum við þá málsgrein er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. lög nr. 45/2010, segir m.a. að dómnefndinni sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör umsagnaraðilanna.

Eins og áður segir fór ráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi 2. mars 2017 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda sem barst formanni sama dag. Í ljósi þess að nefndin taldist ekki fullskipuð fyrr en 27. mars 2017 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnarsýslulaga, frá þeim degi til 8. maí 2017. Í sömu grein er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar.

Þess skal getið að umsækjendurnir Arnfríður Einarsdóttir, Bogi Hjálmtýsson, Davíð Þór Björgvinsson, Hildur Briem, Ingveldur Einarsdóttir, Nanna Magnadóttir og Þorgeir Ingi Njálsson hafa áður verið metin af dómnefnd sem nú starfar skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. umsagnir dags. 3. október 2011, 3. desember 2012, 21. janúar 2013, 27. ágúst 2013, 29. október 2013 og 22. september 2015.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 11. maí 2017, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 18. sama mánaðar, kl. 13.00, sbr. 7. gr. reglna nr. 620/2010. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að athugasemdir yrðu sendar sem fyrst ef unnt væri. Athugasemdir bárust frá Aðalsteini E. Jónassyni, Arnfríði Einarsdóttur, Ásmundi Helgasyni, Birni Þorvaldssyni, Bryndísi Helgadottur, Davíð Þór Björgvinssyni, Helga Sigurðssyni, Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni, Jóni Finnbjörnssyni, Jóni Höskuldssyni, Jónasi Jóhannssyni, Nönnu Magnadóttur, Ólafi Ólafssyni, Ragnheiði Bragadóttur, Söndru Baldvinsdóttur, Þorgeiri Inga Njálssyni og Þórdísi Ingadóttur. Farið var yfir athugasemdir á fundum nefndarinnar 18. og 19. maí 2017 og er í endanlegri niðurstöðu dómnefndar að hluta tekið tillit til þeirra. Athugasemdirnar gáfu sumar hverjar tilefni til breytinga hvað varðar mat nokkurra umsækjenda innan einstakra matsþátta. Á hinn bóginn breytti endurskoðað mat ekki þeim ályktarorðum sem komu fram í drögum nefndarinnar sem umsækjendum höfðu verið send.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst veitt stutt ágríp um menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og viðmið á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því sem þeir hafa talið þar upp heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa fengist við auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Aðalsteinn E. Jónasson er fæddur 18. desember 1966 og er því 50 ára. Hann útskrifaðist með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1992. Hann stundaði LL.M. nám við lagadeild Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og útskrifaðist þaðan með meistara-gráðu í júní 2000 með áherslu á löggjöf á fjármagnsmarkaði. Hann öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður í febrúar 1993 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í október 1998. Þá hlaut hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2015. Auk þessa hefur umsækjandinn sótt ýmis námskeið héraðs og erlendis. Að loknu laganámi 1992 hóf hann störf hjá lögmannsstofu Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl., sem síðar varð LEX lögmannsstofa. Vorið 2000 var umsækjandinn ráðinn framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem við sameiningu síðar það ár varð Íslandsbanki-FBA hf. Árið 2002 var hann ráðinn sem lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík í 50% starf. Hætti hann þá hjá Íslandsbanka-FBA hf. en sinnti lögmennsku hjá LEX lögmannsstofu samhliða starfi lektors til ársins 2004. Sama ár var hann ráðinn framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Straumi Fjárfestingabanka hf. og hætti þá hjá LEX lögmannsstofu en hélt stöðu sinni sem lektor. Í september 2006 hætti hann störfum hjá Straumi, og í framhaldinu jók hann starfshlutfall sitt í 100% við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2007. Það ár fékk hann framgang í stöðu dósentis við deildina. Samhliða kennslu og rannsóknum við skólann starfaði hann sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. frá október 2006 til ársloka 2007. Í janúar 2010 hóf hann á ný störf hjá LEX lögmannsstofu og hefur starfað þar síðan sem lögmaður og meðeigandi. Hann hætti störfum hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík fyrri hluta árs 2011. Áður en umsækjandinn hóf störf hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík var hann stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2001 til 2002, annars vegar í aðfarargerðum og hins vegar í verðbréfamarkaðsrétti. Í störfum sínum fyrir lagadeild Háskólans í Reykjavík hefur umsækjandinn fyrst og fremst annast kennslu í tveimur námsgreinum, annars vegar kröfurétti, síðar fjármunarétti I - samninga-, skaðabóta- og kröfurétti I og hins vegar verðbréfamarkaðsrétti, síðar viðskipti með fjármálagerninga. Rannsóknir hans á sviði lögfræði hafa fyrst og fremst beinst að síðarnefndu fræðisviði. Til viðbótar hafði hann umsýslu með og annaðist kennslu í námsgreininni alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir árið

2007 og kennslu í fjármunarétti V. Þá hefur hann komið að kennslu í ýmsum öðrum námsgreinum sem aðrir kennarar hafa haft umsjón með. Sem lektor og síðar dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík árin 2002 til 2011 hafði hann umsjón með BA-ritgerðum og meistararitgerðum. Áður hafði hann umsjón með nokkrum lokaritgerðum laganema við lagadeild Háskóla Íslands. Þá var hann reglulega prófdómari á þessu tímabili. Umsækjandinn annaðist kennslu í aðfarargerðum á námskeiðum fyrir verðandi lögmenn 2001-2005 og verðbréfamiðlara 2000-2001. Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru „Viðskipti með fjármálagerninga“, gefin út árið 2009, og þá hefur umsækjandinn nýlokið ritun verksins „Markaðssvik“, sem verður væntanlega gefin út í maí 2017. Þá hefur hann ritað þrjá bókarkafla og tíu ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni. Umsækjandinn hefur tekið þátt í innra starfi lagadeildar Háskólans í Reykjavík, þ.e. kennsluþróunarráði, námsþróunarráði og rannsóknarráði. Hann var formaður stjórnar Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík 2003-2007, og forstöðumaður sömu stofnunar frá 2007-2011. Hann sat í rýnihópi sem gerði úttekt á laganámi við Háskólann í Reykjavík árið 2014. Af öðrum störfum má nefna að umsækjandinn var varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007 og formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva 2009-2013. Þá vann hann fyrir rannsóknarnefnd Alþingis frá apríl 2009 til mars 2010. Umsækjandinn var í tvígang settur *ad hoc* sem formaður nefndar um dómastörf 2009. Hann er stjórnarformaður Eignarhaldsfélagsins 1912 ehf. sem á og rekur Nathan & Olsen hf. og Ekruna ehf. í gegnum dótturfélag sitt, 1912 ehf., en hann er einnig stjórnarformaður þessara félaga. Þá er hann stjórnarmaður í Fossum mörkuðum hf. og getur þess að hann eigi ekki hlut í áðurnefndum félögum. Hann sat í stjórn LEX lögmannsstofu 2011-2015. Af öðrum aukastörfum má nefna að umsækjandinn var árið 2001 skipaður í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp sem varð að lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hann var í stjórn Lögmannafélags Íslands 2001 til 2003 og í laganefnd félagsins 1996-1999. Þá sat hann í laganefnd European Banking Federation 2000-2002. Umsækjandinn hefur setið í ritrýninefnd Tímarits Lögréttu frá árinu 2009 og í ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2007.

Arnfríður Einarsdóttir er fædd 1. apríl 1960 og er því 57 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1986. Í upphafi árs 2000

hóf hún nám í opinberri stjórnarsýslu og stjórnun við Endurmenntunarskólun Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan með diplómagráðu 2001. Þá hefur hún sótt ýmis styttri námskeið á vegum Endurmenntunarskólunnar, auk annarra námskeiða um lögfræðileg efni, og hlotið réttindi til sáttamiðlunar. Einnig hefur henni verið veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Að loknu embættisprófi vorið 1986 hóf umsækjandinn störf sem lögfræðingur í þinglýsingardeild Borgarfógetaembættisins í Reykjavík og starfaði þar fram í september það ár þegar hún réðist til starfa sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Við það embætti starfaði hún til 1. júlí 1992, síðustu árin sem aðalfulltrúi. Hún hóf störf sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur árið 1993 og gegndi því starfi til 1998. Þá varð hún aðstoðarmaður dómara við dómstólinn og gegndi því starfi þar til hún var ráðin skrifstofustjóri hans snemma árs 1999 til ársins 2006. Á árunum 1992-2006 var hún allnokkrum sinnum sett héraðsdómari við Héraðsdóm Norðurlands vestra, Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Suðurlands eða samtals í tæp fjögur ár. Hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjanes 1. febrúar 2006, en frá 1. maí 2010 hefur hún verið héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Árið 2014 var hún í námsleyfi frá störfum héraðsdómara. Fyrri hluta ársins rannsakaði hún evrópskan vinnumarkaðsrétt og mannréttindi en um haustið var hún í skipulagðri námsvist dómara við Mannréttindadómstól Evrópu. Síðla árs 2010 var hún skipuð forseti Félagsdóms og hefur sinnt því starfi síðan. Í febrúar 2017 sat hún sem varadómari í einu máli í Hæstarétti. Umsækjandinn átti sæti í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar á árunum 1998-2010 og í dómstólaráði 2006-2010. Hún var formaður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna árin 1997-2010 og hefur frá árinu 2002 verið fulltrúi Íslands í starfi nefndar á vegum Evrópuráðsins sem ber heitið *The European Commission for the Efficiency of Justice (CEPEJ)*. Þá sat hún um árabíl í ýmsum ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar, þar á meðal í kenningarnefnd þjóðkirkjunnar, stjórn Prestssetrasjóðs og stjórn Hins íslenska biblíufélags, þar sem hún gegnir stöðu varaforseta. Hún var formaður stjórnar launasjóðs stórmeistara í skák um nokkurra ára skeið, átti sæti sem varamaður formanns fornleifanefndar um hríð og hefur frá árinu 2012 setið í laganefnd ÍSÍ. Í ágúst 2015 var hún skipuð formaður nefndar um

mat á hæfni umsækjenda um embætti héraðssaksóknara og varahéraðssaksóknara. Loks annaðist hún í tvö misseri kennslu í verslunarrétti við Ritaraskólann.

Ásmundur Helgason er fæddur 30. desember 1969 og er því 47 ára gamall. Hann lauk BA-prófi í sagnfræði og heimspeki frá Háskóla Íslands í júní 1994 með lokaritgerð á sviði réttarsögu. Embættisprófi í lögfræði lauk hann frá lagadeild Háskóla Íslands í janúar 1999. Þá hefur umsækjandinn sótt ýmis endurmenntunarnámskeið bæði hérlendis og erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2007. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf hjá umboðsmanni Alþingis, en frá september 2005 og fram til aprílloka 2008 gegndi hann starfi aðstoðarmanns hæstaréttardómara. Í byrjun maí 2008 hóf umsækjandinn störf sem lögfræðingur á skrifstofu Alþingis, en fáum mánuðum síðar tók hann við starfi aðallögfræðings. Meðal starfa aðallögfræðings Alþingis var þátttaka í undirbúningi laga um rannsóknarnefnd Alþingis um bankahrunið og laga um breytingu á þingsköpum. Þá var hann ritari landskjörstjórnar. Í maí 2010 var hann skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn hefur verið fastur dómari í Félagsdómi frá ársbyrjun 2014 og *ad hoc* dómari í Hæstarétti Íslands í einu máli. Hann hefur sinnt ráðgjöf við undirbúning lagasetningar fyrir ráðuneyti, m.a. vegna laga um Stjórnarráð Íslands, laga um menningarminjar, laga um skil menningarverðmæta til annarra landa og safnalaga. Þá situr hann í fagráði sem undirbýr námskeið fyrir dómara og aðstoðarmenn dómara á vegum dómstólaráðs. Umsækjandinn var formaður fornleifanefndar frá 2010 til 1. janúar 2013 er nefndin var lögð niður. Hann var varaformaður kæruneftndar barnaverndarmála frá 2013 til ársloka 2015 og tók sæti í einu máli. Hann var skipaður um stundarsakir formaður áfrýjunarneftndar samkeppnismála til þess að fjalla um kæruga hf. gegn Samkeppniseftirlitinu. Hann hefur verið nefndarmaður í prófnefnd lögmanna skv. 7. gr. laga um lögmenn frá árinu 2014. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í fjögur ár á árabílinu 2002-2010 og kenndi hann starfsmannarétt og stjórnsýslurétt á móti öðrum kennara. Umsækjandinn var einnig stundakennari við félagsvísindadeild, stjórnmalafraeðiskor, við Háskóla Íslands 2004-2009 og kenndi stjórnsýslurétt á námskeiði um mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera haustin 2005-2009. Umsækjandinn hefur verið prófdómari í stjórnsýslurétti og opinberum

starfsmannarétti við lagadeild Háskóla Íslands og hjá Háskólanum á Bifröst. Þá hefur hann verið gestafyrirlesari á námskeiðum í lagadeild Háskóla Íslands um samningu lagafrumvarpa og stjórnslurétt, svo og í MPA-námi við sama skóla. Hann hefur flutt erindi um réttarsögu og lögfræði á ýmsum vettvangi, hérlendis og erlendis. Hann hefur ritað nokkra kafla í bókina „Stjórnarráð Íslands 1964-2004“. Þá var umsækjandinn höfundur eins kafla í bráðabirgðaútgáfu að kennsluriti í Opinberum starfamannarétti. Hann hefur ritað þrjár greinar um lögfræði sem birst hafa í lögfræðiritum og safnritum í lögfræði, þar af eina ritrýnda, sem og eina grein um lögfræðilegt efni í sértímariti um stjórnslu og stjórnsmál. Umsækjandinn hefur enn fremur annast ritrýni ýmissa fræðiritna og greina á sviði lögfræði.

Ástráður Haraldsson er fæddur 27. ágúst 1961 og er því 55 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í mars 1990. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í mars 1991 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í maí 1995. Að loknu laganámi hóf hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu Arnmundar Backman hrl., þar sem hann varð meðeigandi í janúar 1992. Frá þeim tíma hefur umsækjandinn verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann var í hlutastarfi sem lögmaður og forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands 1995 til 2000. Þá hefur hann verið í hlutastarfi dósents við Háskólann á Bifröst frá árinu 2002. Við skólann hefur hann fyrst og fremst kennt vinnurétt í grunnnámi, en einnig komið að kennslu í stjórnslurétti og starfsmannarétti. Síðari ár hefur hann aðallega fengist við kennslu í fullnusturéttarfari á meistarastigi en einnig á sérstöku námskeiði um málflutning fyrir dómi. Þá kenndi umsækjandinn á námskeiði Lögmannafélags Íslands fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt frá 2002 til 2006 og var prófdómari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000 til 2004, auk þess að vera stundakennari í vinnurétti við sama skóla 2000 til 2004. Eftir umsækjandann liggja þrjár tímaritsgreinar um lögfræðileg málefni auk þess sem hann getur um 12 slík erindi og framsögur á fundum ýmissa félaga og stofnana. Af öðrum störfum má nefna að umsækjandinn hefur tekið sæti í fimm málum í Félagsdómi, hann sat í umferðarnefnd Reykjavíkur 1990-1994, gegndi formennsku í rannsóknarnefnd sjóslysa 1991-1992 og var í samráðsnefnd Alþjóða vinnuálastofnunarinnar frá 1995-2000. Hann átti sæti í yfirkjörstjórn Reykjavíkur

1995-2003, sat í stjórn Aflvaka Reykjavíkur 1996-2000, var kjörinn í útvarpsréttarnefnd 1998-2004 og sat í kærunefnd húsnæðismála 1999-2003. Þá var hann í stjórn Háskólans á Bifröst 2006-2012 og um skeið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2007. Hann var formaður yfirkjörstjórnar Reykjavíkur 2006. Hann hefur átt sæti í landskjörstjórn frá 2003 og var formaður hennar 2009-2011. Auk þessa hefur hann átt sæti í stjórnnum ýmissa fyrirtækja í tengslum við störf sín í lögmennsku. Umsækjandinn ásamt öðrum manni stýrði vinnu við gerð frumvarps til laga um breytingu á vatnalögum og kom að störfum sem tengjast undirbúningi lagasetningar og fullgildingu EES-gerða, bæði sem lögfræðingur ASÍ og sem ráðgjafi fjármálaráðherra 2009-2013. Umsækjandinn hefur einnig kennt á námskeiði hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Baldvin Hafsteinsson er fæddur 8. ágúst 1955 og er því 61 árs. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1985. Hann hefur sótt ýmis starfstengd námskeið bæði hérlendis og erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1988 og réttindi sem hæstaréttarlögmaður 2000. Hann öðlaðist einnig réttindi sem löggiltur fasteignasali 1985. Á loknu laganámi 1985 hóf hann störf sem fulltrúi hjá Hafsteini Baldvinssyni hrl. og sama ár einnig sem forstöðumaður fasteignasölu Kaupþings hf. Frá 1986 til 1989 starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Hann veitti forstöðu fasteignasölnunni Fasteignamiðlun 1989-1992, og samhliða frá 1989 til 1994 tók hann við rekstri málflytningisstofu Hafsteins Baldvinssonar hrl. sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Baldvin var lögfræðingur hjá Félagi íslenskra stórkaupmanna 1994-1998. Hann sá 1998-2003 um ýmis lögfræðileg málefni og uppgjör fyrir Alþjóðlega miðlun ehf. Frá 2000 hefur hann verið eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins Tjónamat & Skoðun ehf. og síðar C & S lög slf. og var skipaður tjónauppgjörfsfulltrúi fyrir Lloyd's of London í bílategyggingum sama ár. Á árunum 2010-2013 rak hann samhliða lögmannsstörfum og í samstarfi við aðra fyrirtækið Alþjóða váttryggingarumboðið ehf. Frá 2013 hefur umsækjandinn starfað á lögfræðideild skrifstofu forstjóra Landspítala - háskólasjúkrahúss. Umsækjandinn var í bankaráði Alþýðubankans hf. og síðar Eignarhaldsfélags Alþýðubankans hf. 1983-1984 og sat í stjórn fjárfestingarfélagsins Glitnis hf. og varastjórn Íslandsbanka hf. 1990-1992.

Umsækjandinn hefur setið í ýmsum nefndum og ráðum f.h. FÍS, svo sem varðandi lagasetningu. Frá 1994 til 2000 var hann stundakennari við viðskiptadeild Háskóla Íslands í félag- og fjármunarétti sem var kenndur á 3. og 4. námsári. Auk þess kenndi hann eina önn inngang að lögfræði á 1. ári fyrir viðskiptafræðinema. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum inn Oddfellowreglunnar á Íslandi. Hann var formaður Golfklúbbs Oddfellowa og Golfklúbbsins Odds 1999-2003 og aftur formaður þess fyrrnefnda 2010-2011. Hann var yfirmaður stúku sinnar 2008-2010, ritari nefndar á vegum stórstúku Oddfellowreglunnar sem sá um endurskoðun grundvallarlaga og reglugerða reglunnar 2012-2013 og formaður úrskurðarnefndar Oddfellowreglunnar frá árinu 2013.

Björn Þorvaldsson er fæddur 16. janúar 1967 og er því 50 ára. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1993. Hann stundaði nám í Evrópurétti við Háskólann í Lundi frá vori 2001 og lauk meistaraprófi í þeirri grein vorið 2002. Hann lagði síðan stund á meistaranám við Raoul Wallenberg stofnunina án próftöku 2002-2003. Umsækjandinn hefur lokið námskeiði héraendis um rannsókn alvarlegra fjármunabrota. Að loknu laganámi hóf hann störf sem fulltrúi hjá sýslumanninum í Hafnarfirði þar sem hann fór með lögreglurannsóknir og ákærumál og flutti þá margs kyns sakamál fyrir dómi. Frá september 1998 til júní 2000 var hann ritari á nefndasviði Alþingis, en hann var aðstoðarforstöðumaður sviðsins frá febrúar 2000. Hann var settur sýslumaður á Hólmavík um fjögurra vikna skeið sumarið 2001 og annaðist sumarafleysingu hjá sýslumanninum í Kópavogi 2002, sömuleiðis í fjórar vikur. Frá 1. september 2003 til 15. október sama ár var hann aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness, en þá tók hann við starfi löglærðs fulltrúa hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sem hann gegndi til 31. desember 2006, þar af staðgengill saksóknara frá júní 2005 til 31. desember 2006. Umsækjandinn var settur saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara frá 1. janúar 2007 til 30. júní sama ár, settur saksóknari efnahagsbrota hjá embætti ríkislögreglustjóra frá 1. júlí 2007 til 31. desember sama ár og aðstoðarsaksóknari og staðgengill saksóknara efnahagsbrota frá 1. janúar 2008 til 1. maí 2009. Umsækjandinn var skipaður saksóknari við embætti ríkissaksóknara frá 1. maí 2009 fram í október sama ár er hann var skipaður saksóknari við embætti sérstaks saksóknara og var hann staðgengill sérstaks

saksóknara frá febrúar 2010 allt þar til embættið var lagt niður 31. desember 2015. Frá 1. janúar 2016 hefur umsækjandinn starfað sem sviðsstjóri ákærusviðs efnahags- og skattalagabrota við embætti héraðssaksóknara. Í störfum sínum hefur umsækjandinn átt mikil samskipti við erlend lögregluþvöld. Hann er í fyrirsvari fyrir sendinefnd Íslands í sérfræðingahópi Evrópuráðsins um varnir gegn spillingu (GRECO) og tók hann þátt í mati stofnunarinnar á nokkrum ríkjum með tilliti til þessa, þ.e. Grikklandi, Danmörku, Svartfjallalandi og Makedóníu. Þá hefur hann sótt fjölmarga fundi fyrir hönd Íslands hjá Greco í Strassborg og tekið sem sérfræðingur þátt í gerð fjölmargra eftirfylgniskýrslna. Hann var annar fulltrúa Íslands í norrænum hópi um vitnavernd á árunum 2005 og 2006, sat í nefnd viðskiptaráðherra um málefni tengd peningaþvætti á árunum 2006 og 2007. Umsækjandinn tók þátt fyrir hönd Íslands í vinnuhópi um mútur en hópurinn starfar á vegum OECD og tók umsækjandinn þátt í eftirfylgni við úttekt hópsins á Svíþjóð og Tékklandi, en hann sótti fjölmarga fundi hópsins hjá OECD í París. Umsækjandinn hefur tekið enn frekari þátt í fjölþjóðlegu átaki gegn glæpum. Þá var hann skipaður 2015 og 2016 í tvo stýrihópa til ráðgjafar við stjórnvöld, annars vegar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hins vegar um eftirfylgni við innleiðingu á samningum gegn mútum og spillingu. Hann var ráðinn af innanríkisráðuneytinu til að svara athugasemdum lögmannna vegna meðferðar máls fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu í febrúar 2017 sem varðar þann rétt manna að sæta ekki saksókn eða refsingu tvívegis fyrir sama verknað. Umsækjandinn hefur verið stundakennari og prófdómari við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2010 og hefur þar ásamt prófessor við skólann haft umsjón með og kennt á námskeiði um auðgunar- og efnahagsbrot. Hann var gestakennari og prófdómari í refsirétti við Háskólann á Bifröst 2010 til 2013. Umsækjandinn var leiðbeinandi við skrif meistaraprófsritgerða í lögfræði við Háskólann á Akureyri 2008, við Háskólann í Reykjavík 2010, Háskólann á Bifröst 2011 og prófdómari vegna meistararitgerða í Háskólanum í Reykjavík 2011. Hann hefur ritað eina grein í Lögmannablaðið.

Bogi Hjálmtýsson er fæddur 17. febrúar 1963 og er því 54 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 1990 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1996. Hann lauk meistaránámi í opinberri stjórnsýslu við

stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands 2010 og diplómanámi í opinberri stjórnsýslu við sama skóla 2008. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn 1990-1992 sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu. Frá árinu 1992 starfaði hann sem fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði og sinnti þar öllum lögfræðilegum málaflokkum um lengri eða skemmri tíma, þar á meðal annaðist hann alla lögfræðilega innheimtu hjá embættinu. Þá var hann staðgengill sýslumanns frá 1993-2013 auk þess að hafa verið settur sýslumaður í Keflavík og á Hvolsvelli í nokkrum málum. Í nóvember 2013 var umsækjandinn skipaður héraðsdómari og hefur hann síðan þá starfað við Héraðsdóm Reykjaness og Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn hefur haldið fyrirlestur um innheimtumál í tengslum við kennslu hjá Lögmannafélagi Íslands. Þá kom hann að samningu þess frumvarps er varð að lögum nr. 43/2003 um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Einnig hefur hann starfað í vinnuhópum á vegum fjármála- og dómsmálaráðuneyta er fjölluðu um nauðungarsölu og afskriftir á gjöldum til ríkissjóðs. Þá var hann um tíma dómari í dómstól KKÍ.

Bryndís Helgadóttir er fædd 31. ágúst 1961 og er því 55 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1986 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í mars 1992. Hún hefur sótt ýmis námskeið, meðal annars á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, Opna háskólans í Reykjavík og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem kennari í verslunarrétti við Verslunarskóla Íslands í eitt ár. Hún var fulltrúi lögmanns í lögfræðideild Iðnaðarbanka Íslands hf. á árunum 1987-1990. Frá stofnun Íslandsbanka árið 1990 starfaði hún sem lögfræðingur í lögfræðideild bankans til ársins 1993 þegar hún tók við starfi þjónustustjóra í Lækjargötuútibúi bankans en á sama tíma var hún jafnframt staðgengill útibússtjóra. Því starfi gegndi hún til ársins 1994. Árin 1994-1997 var hún lögfræðingur í lögfræðideild Íslandsbanka og staðgengill forstöðumanns lögfræðideildar. Frá 1997-2000 bjó hún í Englandi og var ekki á vinnumarkaði. Þá var hún lögfræðingur á einkamálaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á árunum 2001-2006 og síðar á lagaskrifstofu ráðuneytisins frá 2006-2009. Árið 2009 var hún sett skrifstofustjóri lagaskrifstofunnar og jafnframt staðgengill ráðuneytisstjóra til 2011.

Frá sama ári hefur hún verið skipuð skrifstofustjóri skrifstofu réttarfars og stjórnáslu í innanríkisráðuneytinu, sem hefur frá árinu 2016 borið heiti lagaskrifstofa. Í störfum sínum í ráðuneytinu hefur hún sinnt fjölbreyttum verkefnum, svo sem á sviði kærumála, en árið 2016 bárust ráðuneytinu tæplega 250 slík mál. Þá stýrir hún skrifstofu sem ber ábyrgð á málefnum dómstóla og réttarfars sem og refsirétti. Hún er tengiliður ráðuneytisins við réttarfarsnefnd og hefur á síðustu árum setið fundi nefndarinnar. Þá hefur hún tekið þátt í gerð frumvarpa, borið ábyrgð á svörum við fyrirspurnum frá umboðsmanni Alþingis og tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi hjá Evrópuráðinu, OECD og á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Í starfi sínu hefur hún jafnframt tekið þátt í ýmsum vinnuhópum á vegum Stjórnarráðsins, verið formaður ritstjórnar lagasafnsins frá 2011 og borið ábyrgð á starfsemi Stjórnartíðinda, Lögbirtingablaðs og rafrænu reglugerðasafni. Árin 2002-2013 sat hún í happdrættisráði Happpdrættis Háskóla Íslands, en frá árinu 2006 var hún formaður ráðsins. Árin 2007-2013 sat hún jafnframt í happdrættisráði Happpdrættis Dvalarheimilis aldraða sjómanna.

Davíð Þór Björgvinsson fæddist 9. apríl 1956 og er því 61 árs. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1985 og LL.M. námi við Duke-háskóla í Bandaríkjunum í maí 1987. Doktorsgráðu í lögum hlaut hann frá háskólanum í Strassborg í október 2013. Áður, í febrúar 1982, lauk hann BA-prófi í sagnfræði sem aðalgrein og heimspeki sem aukagrein frá heimspekideild Háskóla Íslands. Réttindi til málflyttings í héraði öðlaðist hann 1989. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn í rúmlega eitt ár sem fulltrúi lögmannna, annars vegar hjá Ólafi Birgi Árnasyni hrl. og hins vegar hjá Ásgeiri Thoroddsen hrl. Á árunum 1987 og 1988 var hann í rúmlega eitt og hálf ár fulltrúi yfirborgardómara í Reykjavík, en frá 1989-1993 var hann dósent við lagadeild Háskóla Íslands í tæplega fimm ár. Frá 1993-1996 starfaði umsækjandinn í tæplega þrjú ár sem aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg, sem þá hafði nýlega verið komið á fót, og aftur 1999-2003 í tæplega fjögur ár eða samtals tæplega sjö ár. Umsækjandinn var prófessor við lagadeild Háskóla Íslands í sjö ár 1996-2003, en fékk leyfi frá því starfi 1999-2003. Hann var prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík í rúmlega eitt ár frá 2003 til 2004. Frá nóvember 2005 gegndi hann síðastnefndu starfi í 25% starfshlutfalli til loka

árs 2013 samhliða dómastarfi. Umsækjandinn var dómari við Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg á árunum 2004-2013 eða í níu ár. Í byrjun árs 2014 tók hann annars vegar við stöðu prófessors við rannsóknarstofnun sem tengd er lagadeild Háskólans í Kaupmannahöfn í 100% starfshlutfalli og hins vegar stöðu prófessors við lagadeild Háskóla Íslands í 50% starfi. Hann starfaði við lagadeild Háskólans í Kaupmannahöfn til loka árs 2016 en gegnir enn stöðu prófessors við lagadeild Háskóla Íslands. Að auki hefur hann samhliða aðalstarfi stundað rannsóknir við fimm erlenda háskóla og vísindastofnanir í tengslum við ritun doktorsritgerðar, ýmist sumarlangt eða í samtals nokkra mánuði á hverjum stað.

Samhliða aðalstörfum hefur umsækjandinn sinnt fjölmörgum aukastörfum. Meðal þeirra er þátttaka í samningu fimm lagafrumvarpa fyrir ráðuneyti, flestra viðamikilla, en samning þriggja þeirra hvíldi á honum að verulegu leyti. Þá sat hann í refsiréttarnefnd í rúm þrjú ár, meðal annars við gerð þriggja frumvarpa. Jafnframt samdi hann álitsgerðir í tengslum við setningu og framkvæmd laga á mörgum sviðum, ýmist einn eða með öðrum. Þá hefur hann einn eða með öðrum tekið þátt í samningu skýrslna og álitsgerða á ýmsum sviðum lögfræðinnar fyrir stjórnvöld, innlend og fjölþjóðleg, auk þess að veita stjórnvöldum og einkaaðilum lögfræðilega ráðgjöf í nokkrum mæli. Umsækjandinn hefur einnig verið formaður fjögurra nefnda á vegum Stjórnarráðsins, setið í tveimur til viðbótar og nokkrum sinnum verið skipaður til setu í nefnd *ad hoc*. Um er að ræða formennsku í nefnd um eignarhald á fjölmiðlum 2003-2004, formennsku nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði 1998-1999 og formennsku mannanafnanefndar 1997-1999. Þá var hann formaður prófnefndar verðbréfamiðlara 1991-1993 og sat í nefndinni 1996-1999. Hann var jafnframt skipaður *ad hoc* í áfrýjunarnefnd vörumerkjamála í fjórum málum á tímabilinu 1992-1998, kærunefnd jafnréttismála í einu máli 1998 og kærunefnd vegna sveitarstjórnarkosninga 1990, en þessar þrjár teljast til úrskurðarnefnda á stjórnarsýslustigi. Loks mun hann hafa veitt umboðsmanni Alþingis aðstoð við afgreiðslu einstakra mála 1990-1993 og 1997-1998. Önnur aukastörf sem umsækjandinn getur um eru meðal annars kenning á réttindanámskeiðum fyrir fasteignasala og verðbréfamiðlara og formennska í fagraði lögreglu frá mars 2014 og

seta í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í sex ár frá 1998 til 2004. Hann sat í vísindasiðanefnd í eitt ár og starfaði sem gestaprófessor við lagadeild Háskólans í Flórens um þriggja mánaða skeið. Þá var hann settur ríkissaksóknari til að veita endurupptökunefnd umsögn vegna beiðna um endurupptöku svonefndra Guðmundar- og Geirfinnsmála. Umsækjandinn var varadómari við Mannréttindadómstól Evrópu í tveimur málum fyrir skipun hans í dóminn 2004, setudómari við Héraðsdóm Reykjaness í einu máli 1998 og hefur setið í gerðardómi í nokkrum tilvikum. Þá var hann settur dómari við Hæstarétt Íslands í rúmar sex vikur í byrjun árs 2017. Umsækjandinn hefur sinnt fræðistörfum og ritstörfum í ríkum mæli, en hann hefur gefið út bækurnar „Barnaréttur“, „EES-réttur og landsréttur“, „Lögskýringar. Kenningar, aðferðir og sjónarmið við skýringu og beitingu laga“ og „The Intersection of International Law and Domestic Law. A Theoretical and Practical Analysis“. Að auki getur hann um 52 greinar og bókarkafli á ýmsum sviðum lögfræði sem birst hafa í lögfræðitímaritum og afmælisritum, innlendum sem erlendum. Af þeim eru 27 ritrýndar og í tveimur tilvikum er getið um meðhöfunda. Þá hefur hann samið kennsluefni fyrir námskeið í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Af enn öðrum aukastörfum má nefna ritstjórn eða setu í ritnefnd sex rita, þar á meðal afmælisrita, leiðsögn í ritun fjölda kandidateitritgerða, meistararitgerða og í námi fimm doktorsnema auk setu í dómnefndum vegna starfa innan háskóla. Þá getur hann um 73 fyrirlestra á námskeiðum, fundum og ráðstefnum sem flestar voru haldnar hér á landi en allmargar víða um heim, auk fjölda blaðagreina. Hvað varðar reynslu af stjórnun var umsækjandinn varaforseti 4. deildar Mannréttindadómstóls Evrópu frá 2011 til 2013 og framsögumaður í fjölmörgum málum við dómstólinn, þar á meðal í Grand Chamber, en viðfangsefnið mun fela í sér stjórnunarþátt við þennan dómstól. Þá var hann framkvæmdastjóri Menningarsjóðs útvarpsstöðva 1988 til 1992, formaður Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og fagráðs lögreglu. Þá hefur hann gegnt ýmsum stjórnunarstörfum innan íslenskra háskóla.

Eiríkur Jónsson er fæddur 12. febrúar 1977 og er því 40 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 2002. Hann útskrifaðist með meistarapróf frá lagadeild Harvard-háskóla 2006 og lauk doktorsprófi frá lagadeild

Háskóla Íslands 2011. Réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi öðlaðist hann í maí 2003. Þá hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni á liðnum árum. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn hjá Landslögum – lögfræðistofu á árunum 2002-2007, að frátöldu því ári er hann dvaldi við nám í Bandaríkjunum. Umsækjandinn sinnti stundakennslu við Háskóla Íslands 2006-2007 samhliða lögmannsstörfum en var ráðinn aðjúnkt vorið 2007 og lektor í fullu starfi frá hausti sama ár. Hann hlaut framgang í starf dósentis frá og með nóvember 2009 og í starf prófessors frá og með 1. júlí 2014. Hann var sérfróður meðdómsmaður á árinu 2012 og settur héraðsdómari í 11 mánuði 2013. Umsækjandinn hefur oft verið dómkvaddur sem matsmaður, einkum til að meta afleiðingar líkamstjóns í skaðabótamálum. Hann var ritari kærunefndar útboðsmála 2002-2005 og frá miðju ári 2013 hefur hann verið varamaður í nefndinni og tekið sæti í nokkrum málum. Hann var formaður fjölmiðlanefndar 2011-2013 í eitt og hálf ár, formaður áfrýjunarnefndar neytendamála 2009-2013 og hefur verið formaður úrskurðarnefndar um Viðlagatryggingu Íslands frá nóvember 2010. Hefur komið í hans hlut að semja úrskurði þeirra tveggja nefnda sem síðast var getið. Á árunum 2012-2016 var hann formaður rannsóknarnámsnefndar lagadeildar Háskóla Íslands sem fylgdi jafnframt seta í vísindanefnd félagsvísindasviðs skólans. Þá hefur hann verið varadeildarforseti lagadeildar frá 1. júlí 2016. Árið 2008 var hann settur skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu í þremur málum vegna vanhæfis starfsmanns þar og settur formaður gjafsóknarnefndar í einu máli 2014. Hann hefur ritað bókina „Mannréttindi lögaðila“ og fjórar bækur ásamt öðrum. Auk þess hefur hann ritað tvo bókarkafla á ensku ásamt einum meðhöfundi og 18 ritrýndar greinar en ein þeirra er rituð með einum meðhöfundi. Jafnframt hefur hann ritað tvær óritrýndar fræðigreinar. Þá getur hann um 29 fyrirlestra sem hann hefur flutt um lögfræðileg efni við hin ýmsu tilefni og skýrslu sem hann vann, ásamt öðrum, um stöðu neytendamála á Íslandi. Umsækjandinn hefur verið fræðilegur ritstjóri Úlfjólts frá 2014. Hann hefur einnig komið að samningu lagafrumvarpa og reglusetningu innan Háskóla Íslands. Þá vinnur hann að frumvarpi til laga um breytingu á skaðabótalögum.

Guðrún Sesselja Arnardóttir er fædd 23. ágúst 1966 og er því 50 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 1996. Umsækjandinn hefur sótt fjölda námskeiða í endurmenntun hjá Lögmannafélagi Íslands. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2000 og sem hæstaréttarlögmaður 2009. Að loknu laganámi hóf hún störf sem fulltrúi og síðar aðstoðarsaksóknari hjá embætti ríkissaksóknara þar sem hún starfaði 1997-2002. Árin 2002-2005 starfaði hún sem fulltrúi á Mandat lögmannsstofu og frá árinu 2005 sem sjálfstætt starfandi lögmaður á sömu stofu til ársloka 2014. Frá 2015 hefur hún starfað hjá ríkislögmanni sem hæstaréttarlögmaður. Á árunum 2003-2005 var umsækjandinn gestakennari í opinberu réttarfari við Háskólann á Bifröst, stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005-2010 og stundakennari við lagadeild Háskólans á Bifröst 2010-2014. Hún hefur verið aðjúnkt við lagadeild Háskólans á Bifröst frá 2014. Hún hefur setið í stjórn ENZA (íslensk/suður-afrísk hjálparsamtök) frá stofnun haustið 2008 og sat í stjórn Félags kvenna í lögmennsku 2012-2014. Hún sat í laganefnd Lögmannafélags Íslands 2012-2014 og var í skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar 2014-2016. Hún var kosin í yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis 2013-2017 og skipuð í áfrýjunarnefnd samkeppnismála *ad hoc* í einu máli. Af og til frá árinu 2012 hefur umsækjandinn annast kennslu á námskeiðum á vegum Lögmannafélags Íslands til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi, verið gestafyrirlesari í Lögregluskóla ríkisins frá 2010, verið gestafyrirlesari á námskeiðum fyrir dómtúlka í Háskóla Íslands 2009-2016 og flutt nokkur erindi á málþingum og fundum.

Helgi Sigurðsson er fæddur 26. mars 1961 og er því 56 ára gamall. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1987. Umsækjandinn lauk framhaldsnámi frá University of Cambridge með meistaragráðu 2002 og hefur auk þess sótt fjölmörg námskeið héraðs og erlendis á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og fleiri aðila. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1989, takmarkaða heimild til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands 1998 og réttindi til málflutnings fyrir réttinum 2000. Hann lauk prófi í verðbréfamiðlun 1999. Að loknu laganámi 1987 hóf hann störf sem fulltrúi hjá yfirborgarfógetanum í Reykjavík. Hluta af því ári og því næsta starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á Lögmannsstofu Arnmundar Backman hrl. Árin 1988-

1995 starfaði hann hjá Kaupþingi hf., nánar tilgreint árið 1988 sem framkvæmdastjóri fasteignasölu Kaupþings hf., 1989-1991 var hann framkvæmdastjóri innheimtu- og lögfræðisviðs, 1991-1992 framkvæmdastjóri verðbréfasjóðs Hávöxtunarfélagsins hf. og Hlutabréfasjóðsins Auðlindar hf. og 1992-1995 var hann framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings hf. Árin 1995-1998 rak hann lögmannsstofu með tveimur öðrum. Hann starfaði sem sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings hf. 1998-2002, en frá þeim tíma og til 2008 var hann framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings banka hf. og ritari stjórnar. Hann gegndi sömu störfum í Arion banka hf. 2008-2009. Það ár hóf hann störf á eigin lagaskrifstofu í samstarfi við Lagastoð hf. og frá 2011 sem einn af eigendum stofunnar. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 1994-2011 í félagarétti og kauphallarrétti. Hann var umsjónarkennari ásamt fleirum í félagarétti II við sama skóla og var aðstoðarkennari og hélt einstaka fyrirlestra. Hann hefur verið leiðbeinandi við ritun þriggja meistararitgerða. Eftir hann liggur ein ritrýnd fræðigreinin og tvær óritrýndar greinar. Af öðrum störfum má nefna að umsækjandinn sat í stjórnnum níu fyrirtækja sem aðalmaður og í tveimur sem varamaður á árunum 2000-2009. Hann hefur tvívegis verið meðdómsmaður í Héraðsdómi Reykjavíkur, hann sat í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki 2002-2008 og hefur setið í áfrýjunardómstól ÍSÍ frá 2015. Hann hefur setið í eða starfað með fjórum nefndum sem komu að samningu lagafrumvarpa um málefni á sviði fjármálastarfsemi og var falið af Samtökum fjármálafyrirtækja að gera athugasemdir við fjölmörg lagafrumvörp og sitja fundi þingnefnda fyrir hönd verðbréfa- og fjármálafyrirtækja. Hann kenndi á réttindanámskeiði fyrir þá sem vilja öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar 1994 og á námskeiðum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands 2003 og 2004 og fleiri námskeiðum.

Hervör Þorvaldsdóttir er fædd 3. maí 1957 og er því 60 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1985 og var veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1988. Hún stundaði framhaldsnám án próftöku í réttarfari og réttarfélagsfræði við lagadeild Háskólans í Osló á árunum 1988-1990. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, svo og námskeið, ráðstefnur og fræðafundi á vegum annarra aðila bæði héraðs og

erlendis. Að loknu embættisprófi starfaði hún í fjóra mánuði á lögfræðiskrifstofu Þorvalds Lúðvíkssonar hrl. Um miðjan september 1985 tók hún við starfi fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík. Ári síðar fékk hún fasta skipun og var settur aðalfulltrúi þar 1990. Hún var sett borgardómari í Reykjavík frá 21. mars 1992 til og með 30. júní sama ár. Á þeim tíma var hún jafnframt skipuð sérstakur dómari til að fara með og dæma aukadómþingsmál Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Hún var skipuð dómari við Héraðsdóm Vesturlands frá 1. júlí 1992 og gegndi jafnframt störfum dómstjóra frá þeim degi. Í maí 1998 var hún sett til að gegna embætti sýslumanns á Patreksfirði til að taka til meðferðar kæru á kosningum til bæjarstjórnar Vesturbyggðar. Frá 1. september 1998 var hún skipuð dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Haustið 2012 var hún kosin varadómstjóri réttarins en hefur verið starfandi dómstjóri hans í leyfi dómstjóra frá desember 2016. Þá sat hún sem varadómari í Hæstarétti í einu máli. Frá október 1998 til 2005 var umsækjandinn skipuð í prófnefnd samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt. Var hún jafnframt formaður nefndarinnar meðan hún starfaði eða fram á mitt ár 2005. Hún sat í landskjörstjórn frá maí 2003 fram í byrjun árs 2011, en gegndi formennsku nefndarinnar frá janúar 2004 til maí 2007. Hún var skipuð varamaður í dómstólaráð 1998, aftur 2006 og aðalmaður í apríl 2016 en hafði einnig setið sem aðalmaður í sex mánuði áður í fjarveru formanns. Á þeim tíma tók hún sæti formanns ráðsins til að leiða til lykta kæru fyrrverandi starfsmanns dómstólaráðs. Hún er nú varaformaður ráðsins. Þá hefur hún setið í gjafsóknarnefnd frá ágúst 2012. Af öðrum aukastörfum má nefna að hún hefur verið prófdómari á námskeiði fyrir þá sem vilja öðlast héraðsdómslögmannsréttindi frá vori 2007. Á árunum 2009 og 2010 kenndi hún nokkra tíma í réttarfari við Háskólann í Reykjavík og var á sama tíma prófdómari í tveimur meistararitgerðum á sviði réttarfars. Hún hefur flutt nokkur erindi á málþingum og fundum, bæði hérlendis og erlendis. Þá var hún í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu 1987-1988 og í stjórn Dómarafélags Íslands frá 1997-2005. Jafnframt sat hún í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 2011-2014 og var varaformaður þess síðasta árið. Auk þess sat hún í þriggja manna nefnd sem ætlað var að semja reglur um skipan og starfsemi dómstóla með tilliti til upptöku millidómstígs og taka

til skoðunar stjórnarsýslu dómstólanna og fyrirkomulag við skipan dómara. Nefndin afhenti tillögur að frumvörpum þar að lútandi í febrúar 2015.

Hildur Briem er fædd 14. júlí 1973 og er því 43 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 2000. Hún stundaði nám í Evrópurétti við Háskólann í Lundi frá hausti 2004 og lauk því með meistaraþáttu í júní 2005 með láði. Árið 2004 sat umsækjandinn tíma í kjörgreininni „Strafferetspleje og Retssikkerhed“ við Kaupmannahafnarháskóla, án próftökuréttar, og á árunum 2009-2011 lauk hún 18 af 24 einingum í diplómanámi við Háskóla Íslands í opinberri stjórnarsýslu. Að auki hefur hún sótt námskeið, málþing og ráðstefnur á vegum annarra. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 2001. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, þar sem hún starfaði í rösklega fjögur og hálf ár, að teknu tilliti til námsleyfis. Lengst af var hún lögfræðingur rannsóknardeildar ofbeldis- og kynferðisbrota, en kom einnig að rannsókn annarra brota. Að loknu fyrrgreindu meistaranámi hóf hún störf hjá umboðsmanni Alþingis í ágúst 2005 og starfaði þar til vors 2008. Í maí það ár varð hún aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Austurlands. Hún var sett dómari við þann dómstól frá 1. september 2011. Í október sama ár var hún skipuð í embætti héraðsdómara og dómstjóra við Héraðsdóm Austurlands. Á árunum 2006 til 2010 sinnti umsækjandinn stundakennslu í stjórnarsýslurétti II við lagadeild Háskóla Íslands. Hún hefur einnig sinnt annars konar kennslu, svo og haldið fyrirlestra og erindi um lögfræðileg efni. Þá hefur hún setið í stjórn Dómarafélags Íslands frá árinu 2013 og í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi frá byrjun árs 2016. Jafnframt var hún formaður kæruneftndar jafnréttismála í einu máli á árinu 2016.

Ingveldur Einarsdóttir er fædd 29. apríl 1959 og er því 58 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Á árunum 1996-1997 stundaði hún nám í umhverfissýslurétti við lagadeild Uppsalaháskóla í Svíþjóð þaðan sem hún lauk prófi. Haustið 2011 lagði hún stund á nám í mannréttindum við lagadeild Oslóarháskóla. Á árinu 2012 sótti hún námskeið í Evrópurétti og EES-rétti sem og starfsmannarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Að auki hefur hún setið fjölmörg námskeið um lögfræðileg efni á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla

Íslands og annarra aðila, þar á meðal dómstólaráðs og Samstarfsnefndar um símenntun fyrir dómara á Norðurlöndum (SEND). Árið 1985 hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi yfirborgarfélagans í Reykjavík og starfaði hjá því embætti til 1. júlí 1992 þegar hún varð dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur en því starfi sinnti hún til desemberloka 1997. Umsækjandinn var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands í sjö mánuði árið 1998 og starfaði svo hjá umboðsmanni Alþingis í fimm mánuði til ásloka 1998. Hún var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur um sex mánaða skeið 1995. Í byrjun árs 1999 var hún sett til að gegna embætti héraðsdómara og gegndi hún því starfi þar til hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Suðurlands 10. nóvember 1999. Í sjö og hálfan mánuð 2001-2002 var hún settur dómstjóri þess dómstóls og gegndi svo stöðu dómstjóra um fjögurra mánaða skeið 2003. Frá því í byrjun árs 2004 hefur hún verið dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þá tók hún í eitt skipti sæti sem varadómari í Hæstarétti Íslands og var sett til að gegna embætti dómara við Hæstarétt frá 1. janúar 2013 til tveggja ára og að nýju frá 1. janúar 2015 til og með 15. september 2017.

Af aukastörfum skal nefnt að hún tók sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í níu málum, þar á meðal sem formaður í þremur þeirra þar sem hún stóð að samningu úrskurða. Hún var formaður barnaverndarráðs á árunum 1997-2002. Þá var hún formaður kærunefndar barnaverndarmála frá maí 2004 til ársloka 2012. Hún átti sæti í nefnd 2000-2009 sem annast prófraun fyrir umsækjendur um réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmennt. Þá sat hún í dómstólaráði árin 2000-2006, þar af sem varaformaður ráðsins 2003-2005 og formaður þess 2005-2006. Einnig hefur hún setið í ýmsum nefndum og starfshópum á vegum þess. Frá árinu 2006 til 2016 sat hún í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Umsækjandinn sá árin 1994 til 1995 um gerð raunhæfra verkefna við lagadeild Háskóla Íslands og annaðist kennslu í erfðarétti við hana 1999 til 2000. Hún hefur um árabíl verið prófdómari í réttarfari við deildina. Jafnframt hefur hún verið leiðbeinandi við gerð BA-ritgerðar við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Einnig hefur hún annast kennslu á námskeiði um árangursríkan málflutning á vegum Lögmannafélags Íslands. Í umsókn sinni getur umsækjandinn um tvær greinar sem birtar hafa verið í lögfræðitímariti. Auk þess hefur hún flutt nokkra fyrirlestra um lögfræði á opinberum vettvangi, m.a. á vegum

dómstólaráðs, en einnig erlendis, þar á meðal hefur hún tvívegis flutt fræðileg erindi á norræna lögfræðingáþinginu. Umsækjandinn var formaður Dómarafélags Íslands á árunum 2009 til 2011 og sótti á þeim tíma þing á vegum Alþjóðasamtaka og Evrópusamtaka dómara. Árið 1997 vann hún, ásamt öðrum, að athugun á ákvörðun refsinga fyrir brot gegn tveimur ákvæðum almennra hegningarlaga á grundvelli hæstaréttardóma. Þá var hún árið 1998 skipuð í nefnd til að annast rannsókn á ákvörðun refsinga við líkamsárásur, kynferðisbrotum og fíkniefnabrotum. Rit um rannsókn þessa var gefið út 2003. Árið 1999 var hún skipuð í nefnd til að endurskoða í heild sinni þágildandi lög um vernd barna og ungmenna. Í árslok 2008 var hún skipuð í nefnd til að fara yfir reglur þágildandi barnalaga um forsjá barna, búsetu og umgengni. Lauk nefndin störfum í byrjun árs 2010 og skilaði dómsmála- og mannréttindaráðherra tillögum sínum að breytingum á lögnum með frumvarpi og greinargerð sem var lögfest í kjölfarið.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson er fæddur 25. desember 1964 og er því 52 ára. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1993. Hann hlaut réttindi sem héraðsdómslögmaður 1995 og sem hæstaréttarlögmaður 2002, en árið 1998 öðlaðist hann leyfi til að flytja eigin mál fyrir Hæstarétti. Að loknu embættisprófi starfaði hann sem fulltrúi ríkissaksóknara í rúmt ár. Frá þeim tíma hefur hann starfað sem lögmaður. Hann var fulltrúi hjá Lögmonnum Höfðabakka frá hausti 1994 til vors 1997 og hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður síðan, fyrir utan 15 mánaða tímabil frá ágúst 2007 til október 2008 er hann starfaði sem innanhússlögmaður hjá Kaupþingi banka hf. Frá 1997 til loka árs 1999 var hann meðeigandi Lögmannna Höfðabakka, en frá 2000-2006 var hann meðeigandi Legalis lögmannsstofu. Árið 2006 stofnaði hann lögmannsstofuna Juris ásamt tveimur öðrum og rak hana þar til hann tók við áðurnefndu starfi hjá Kaupþingi banka hf. Frá október 2008 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður, fyrst með aðsetur hjá JP lögmonnum árin 2009-2016 en síðan hjá Land lögmonnum, þar sem hann starfar nú.

Umsækjandinn sat sem varamaður í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála á árunum 1997-2002 og varaformaður nefndarinnar 2002-2005. Hann hefur setið í happdrættisnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá 2007. Umsækjandinn sat í vinnuhópi sama ráðuneytis árið 2010 sem hafði það verkefni að

yfirfara löggjöf um meðferð sakamála með það að augnamiði að einfalda og flýta meðferð þeirra. Frá 2002-2007 sat hann í laganefnd Lögmannafélags Íslands og var hann formaður nefndarinnar frá 2003. Þá sat hann í gerðardómi 2007 í tveimur málum. Hann var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1996-2008 þar sem hann kenndi sakamálaréttarfar og á námskeiði um hlutverk dómara og lögmanna. Árið 2005 var hann jafnframt prófdómari í höfundarétti við lagadeildina. Þá hefur hann verið stundakennari og síðar aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2003 þar sem hann hefur kennt félagarétt. Auk þess hefur hann verið leiðbeinandi yfir 30 nemenda við samningu lokaritgerða í BA- og meistaranámi. Hann var stundakennari við lagadeild Háskólans á Bifröst árið 2005, hélt erindi um endurskipulagningu fyrirtækja á sumarnámskeiði við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, kenndi á námskeiðum Opna háskólans hjá Háskólanum í Reykjavík árin 2011-2013 og hefur kennt á námskeiði til öflunar réttinda til að starfa sem héraðsdómslögmaður frá árinu 2000. Auk þess hefur hann verið leiðbeinandi á ýmsum námskeiðum Lögmannafélags Íslands. Þá getur umsækjandinn um 13 fyrirlestra og fræðileg erindi sem hann hefur flutt bæði héraðs og erlendis, en af þeim hafa tvö verið birt sem greinar í tímaritum. Þá getur hann um fjórar greinar sem hann hefur skrifað á sviði lögfræði. Af öðrum aukastörfum má nefna að umsækjandinn sat í skilanevnd Kaupþings banka hf. frá október 2008 til og með desember 2011. Hann var skipaður í slitastjórn bankans í janúar 2012, þar sem hann sat til desember 2015, er hann tók sæti í bráðabirgðastjórn Kaupþings ehf. sem starfaði fram í mars 2016. Þá var hann kjörinn til setu í stjórn Kaupþings ehf. og sat þar til í nóvember 2016. Hann sat einnig í stjórn Arion banka hf. (áður Nýja Kaupþings hf.), frá hausti 2009 til vors 2010, og eftir það í varastjórn bankans. Hann sat sömuleiðis í stjórn ýmissa dótturfélaga Kaupþings á meðan á slitum félagsins stóð, þ.m.t. félaga í Bretlandi. Jafnframt sat hann í stjórn Kaupþing Holdings (Isle of Man) Ltd. frá árinu 2010 til 2016. Hann hefur setið í stjórn Íslandsspila frá 1996, lengst af sem formaður stjórnar. Hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2014-2016 og þar áður sem varamaður í stjórn. Auk þess sat hann í stjórn Rauða krossins á Íslandi 1996-2004, þar af sem varaformaður 2002-2004.

Jóhannes Sigurðsson er fæddur 2. apríl 1960 og er því 57 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1986. Hann stundaði framhaldsnám í lögfræði við University of Virginia og útskrifaðist þaðan með meistaragraðu á árinu 1987. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1988 og réttindi sem hæstaréttarlögmaður 1993. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu Þórðar S. Gunnarssonar hrl. og Othars A. Petersen hrl. í þrjú ár. Frá 1989-1991 var hann lögmaður á eigin stofu ásamt einum öðrum og frá 1991-2001 starfaði hann sem lögmaður og meðeigandi Logos lögmannsstofu. Samhliða lögmannsstörfum á árunum 1987-2001 sinnti hann kennslustörfum við lagadeild Háskóla Íslands þar sem hann kenndi almennt eitt námskeið á ári ásamt því að vera umsjónarmaður fjölmargra ritgerðarnema og prófdómari í fögum sem tengjast þeim sem hann kenndi, þ.e. skaðabótarétti, váttryggingarétti og félagarétti. Aðalkennslugreinar hans síðar voru verðbréfamarkaðsréttur og Evrópulöggjöf á sviði fjármálaþjónustu. Á árunum 2001-2003 starfaði hann sem sérfræðingur á sviði fjármálaréttar hjá Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel þar til hann hóf störf 2004 sem prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Því starfi gegndi hann til loka árs 2006 en sinnti kennslu fram á vor 2007. Í tengslum við starf sitt hjá Háskólanum í Reykjavík setti hann á stofn fjármálaréttarstofnun Háskólans í Reykjavík. Á árunum 2004-2005 sinnti hann einnig lögfræðistörfum hjá Actavis Group hf. og frá 2006-2009 var hann aðstoðarforstjóri hjá Milestone ehf. Frá árinu 2009 hefur hann verið lögmaður og eigandi hjá Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofu. Umsækjandinn hefur skrifað tvær bækur á sviði lögfræði, „Dómar í verðbréfamarkaðsrétti 1980 til 2005“ og „Verðbréfamarkaðsréttur“, en hin síðarnefnda er skrifuð í samvinnu við annan höfund. Þá hefur hann jafnframt skrifað sjö greinar í tímarit og afmælisrit en þar af eru þrjár ritrýndar og í einu tilfalli er getið um meðhöfund. Hann situr nú í stjórn Arctic Green Energy China ehf., í eftirlitsstjórn Sinopec Green Energy Geothermal Development Co. Ltd., Kína og þá er hann í varastjórn Landsnets hf. Hann getur þess að hann hafi gegnt stjórnarstörfum í fjölmörgum fyrirtækjum bæði á Íslandi og erlendis. Hann hefur verið gerðardómsmaður í nokkrum málum, varamaður í nefnd Kauphallar Íslands sem fjallaði um yfirtökumálefni og sat í laganefnd Lögmannafélags Íslands um skeið. Þá hefur hann setið í tveimur nefndum fyrir

viðskiptaráðuneytið vegna setningar löggjafar á sviði félagaréttar og fjármálaþjónustu, annars vegar nefnd sem lagði fram tillögur til breytinga á lögum um verðbréfavíðskipti og hins vegar nefnd sem gerði tillögur til breytinga á lögum um samvinnufélög.

Jón Finnbjörnsson er fæddur 22. september 1957 og er því 59 ára. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1983. Að því loknu stundaði hann nám í sjórétti og síðan rannsóknir í sjó- og sjóvátryggingarétti við Nordisk Institutt for Sjørett í Osló 1983-1984 og lauk prófi í sjórétti. Hann stundaði nám og rannsóknir í skaðabóta- og vátryggingarétti við lagadeild Ludwig-Maximilians-háskólans í München 1988-1989. Í janúar til apríl 2013 stundaði hann rannsóknir í réttarsögu við Max-Planck-Institut für europäische Rechtsgeschichte, í sjórétti við Nordisk Institutt for Sjørett í Osló frá apríl til nóvember og í réttarsögu í Osló frá nóvember til desember sama ár. Þá stundaði hann nám í frönsku hjá Alliance Française í Reykjavík frá 2001 til 2005 og sótti námskeið hjá Alliance Française í París í ágúst 2005. Loks skráði hann sig í nám til BA-prófs í latínu við Háskóla Íslands haustið 2016, lauk prófi í námskeiðinu LAT 101 á haustmisseri 2016 (10 einingar) og sækir nú tíma í námskeiðinu LAT 202. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi við Borgarfógetaembættið í Reykjavík sumarið 1983, frá hausti 1984 til janúar 1987 og frá október 1989 til janúar 1990. Hann var aðstoðarmaður hæstaréttardómara frá janúar 1987 til ágúst 1988 og frá júlí 1992 til júní 1993. Hann starfaði sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur frá júlí 1993 til ágúst 1997, þar af var hann settur skrifstofustjóri í fimm mánuði á árinu 1996. Hann var settur héraðsdómari við embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli frá janúar 1990 til júní 1992 og við embætti bæjarfógetans í Kópavogi frá ágúst 1990 til febrúar 1991. Þá var hann settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur um sex mánaða skeið á árunum 1993-1994 og aftur við Héraðsdóm Reykjaness í sex mánuði 1997-1998. Hann var skipaður dómari við Héraðsdóm Suðurlands frá 1. mars 1998 þar til hann fluttist til Héraðsdóms Reykjavíkur réttum þremur árum síðar og hefur eftir það starfað þar. Auk þess hefur hann verið setudómari í allmörgum málum, einkum á árunum 1990-1992.

Af aukastörfum má nefna að umsækjandinn var kennari í sjórétti við Stýrimannaskólann í Reykjavík frá janúar 1985 til 1988, 1989-1990 og 1992-1998. Þá sinnti hann stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands árin 1987-1994 þar sem hann kenndi sjórétt, váttryggingarétt og réttarfar. Á árinu 2004 skipulagði hann og kenndi sjóréttarhlutann í faginu alþjóðlegur flutninga- og sjóréttur við sömu deild. Á árunum 1996 og 1997 kenndi hann á þremur námskeiðum hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, sem öll tengjast sjórétti, og á nokkrum námskeiðum prófnefndar löggiltra fasteigna- og skipasala frá árinu 1987. Umsækjandinn hefur samið námsefni í sjórétti fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík og birt fimm greinar á sviði lögfræði í tímaritum. Þá greinir hann frá átta erindum um lögfræðileg málefni sem hann hefur haldið á árabílinu 1985-2016 á vegum ýmissa félaga og stofnana. Hann var meðstjórnandi og síðar gjaldkeri í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 1985-1988 og formaður Hins íslenska sjóréttarfélags 1989-2012. Umsækjandinn, ásamt einum öðrum, samdi frumvarp til laga um skaðsemisábyrgð sem varð að lögum nr. 25/1991. Hann sat í nefnd sem samdi frumvarp að nýjum kafla um björgun og björgunarlaun sem varð að lögum um breytingu á siglingalögum og í nefnd sem vann að frumvarpi til laga um skipströnd og vogrek.

Jón Höskuldsson er fæddur 3. október 1956 og er því 60 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1984. Á árunum 1996 til 1999 sótti hann fimm námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Þá hefur umsækjandinn sótt fjölda námskeiða og málþinga á vegum annarra. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1987 og réttindi sem hæstaréttarlögmaður 2007. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi í landbúnaðarráðuneytinu, en hann var skipaður deildarstjóri í sama ráðuneyti frá 1. október 1985 og síðar var umsækjandinn skipaður skrifstofustjóri á lögfræði- og eignasviði ráðuneytisins frá árinu 1991. Frá september 1998 starfaði hann sem lögmaður, fyrst sem héraðsdómslögmaður og frá janúar 2007 sem hæstaréttarlögmaður. Umsækjandinn var skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness hinn 15. maí 2010, þar sem hann hefur starfað samfleytt síðan. Fyrstu þrjú starfsárin sinnti hann umsjón með reglulegu dómþingi og úrvinnslu ágreiningsmála af þinginu, svo og einkamálum og

ágreiningsmálum í tengslum við aðför, opinber skipti, nauðungarsölu o.fl., sem og gæsluvöktum. Frá árinu 2012 hafa honum verið falin sakamál til meðferðar og hefur hlutfall þeirra aukist. Umsækjandinn hefur setið í fjölda nefnda á vegum landbúnaðarráðuneytis og á vegum annarra ráðuneyta samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra, einkum til að semja tillögur að lagafrumvörpum á verksviði ráðuneytisins. Þá hefur hann komið að og stýrt samningu fjölda reglugerða á sviði landbúnaðarmála. Umsækjandinn var formaður markanefndar, sem er úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., árin 1986 til 1998. Vorið 1997 kenndi Jón á námskeiði á vegum dómsmálaráðuneytisins til löggildingar fasteigna- og skipasala. Hann sat í stjórn Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins 1997 til 1998 og vann þá að gerð kjarasamnings félagsins og svo við gerð stofnanasamnings fyrir félagsmenn sem starfa í landbúnaðarráðuneytinu. Hann hefur frá 11. nóvember 2011 verið varamaður í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi að tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Í nóvember 2013 var hann skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands sem varamaður í yfirmatsnefnd samkvæmt ábúðarlögum. Í júní 2015 var hann skipaður sem aðalmaður til setu í dómstólaráði samkvæmt kosningu dómara og 17. maí 2016 var hann kjörinn formaður dómstólaráðs. Um árabíl hefur umsækjandinn átt sæti í stjórn knattspyrnudeildar Vals og frá byrjun þessa árs í aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Vals sem formaður stjórnar knattspyrnudeildar félagsins.

Jónas Jóhannsson er fæddur 7. nóvember 1962 og er því 54 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1988. Á árunum 2004-2005 stundaði hann meistaranám í Evrópurétti við lagadeild Háskólans í Lundi. Þar lauk hann prófum en skilaði ekki ritgerð til meistaraprófs. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2000 og sem hæstaréttarlögmaður í janúar 2012. Að embættisprófi loknu í júní 1988 var umsækjandinn settur fulltrúi við Sakadóm Reykjavíkur og fimm mánuðum seinna var hann skipaður í sama starf. Í ágúst 1991 var hann settur héraðsdómari við fimm sýslumanns- og bæjarfógetaembætti á Vestfjörðum og gegndi hann þeirri stöðu út júní 1992 þegar hann var settur héraðsdómari og dómstjóri við nýstofnað embætti Héraðsdóms Vestfjarða. Í

desember sama ár hlaut hann skipun í það embætti og í ágúst 1998 fluttist hann til Héraðsdóms Reykjaness. Í upphafi árs 2002 var honum auk annarra starfa falin meðferð allra forsjár- og umgengnismála við dómstólinn og tók hann þátt í að þróa nýjar og framsæknar aðferðir við sáttaumleitanir og úrlausn slíkra mála sem kenndar voru við „Hafnarfjarðarleiðina“. Í febrúar 2006 fluttist hann til Héraðsdóms Reykjavíkur og hafði með höndum meðferð sakamála út ágúst 2008. Frá 1. september sama ár til ársloka 2011 var hann í leyfi frá störfum vegna búsetu erlendis, en fékk þá lausn frá embætti að eigin ósk. Frá janúar 2012 hefur hann starfað sem hæstaréttarlögmaður hjá Lagastoð. Umsækjandinn sat tvívegis í gerðardómi á árunum 2003 og 2004. Á árunum 2003-2004 sat hann í nefnd um könnun á veitingu reynslulausnar skv. 40.-42. gr. almennra hegningarlaga og haustið 2009 vann hann að verkefnum á sviði útlendingamála fyrir dómsmálaráðuneytið. Umsækjandinn var stundakennari við Háskólann í Reykjavík 2005-2006 og kenndi þar alþjóðlegan einkamálarétt á meistarastigi. Hann var jafnframt prófdómari í sömu grein vorið 2008. Vorið 2016 sinnti hann gestakennslu við sálfræðideild Háskóla Íslands og hefur hann flutt fyrirlestra á sviði barnaréttar og alþjóðlegs fjölskylduréttar við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Hann flutti fyrirlestra á norræna lögfræðingapínginu í Kaupmannahöfn árið 2008 og á sameiginlegum fundi Evrópusambandsins og Haag-ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt í Brussel árið 2009. Umsækjandinn hefur skrifað fjórar greinar á sviði lögfræði. Umsækjandinn var fulltrúi Dómarafélags Íslands 2002-2012 gagnvart Haag-ráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt vegna framkvæmdar Haag-samningsins 25. október 1980 um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa og stofnmeðlimur í The International Hague Network of Judges. Þá var hann fulltrúi Dómarafélagsins 2003-2008 í samnorrænni nefnd dómara á sviði fjölskylduréttar og sótti ráðstefnur á vegum SEND 2002 og 2006. Auk þess var hann forseti Íslendingafélagsins í Belgíu á árinum 2010-2015.

Karl Óttar Pétursson er fæddur 25. nóvember 1971 og er því 45 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 2002. Auk þess lauk hann BA-prófi í sagnfræði árið 1995 frá sama skóla með heimspeki sem aukafag. Umsækjandinn lauk einnig á árinu 2007 námi til löggildingar sem verðbréfamiðlari og hefur sótt önnur námskeið hér á landi og erlendis, svo sem um stjórnun. Hann

öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi í janúar 2004 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands 2011. Hann öðlaðist löggildingu sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2015. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vestfjarða frá október 2002 til mars 2004. Frá 2004-2007 starfaði hann sem lögmaður í lögfræðinnheimtu Kaupþings banka hf. og 2007-2008 var hann framkvæmdastjóri Viðja ehf., dótturfélags Kaupþings banka hf., auk þess að vera á sama tíma forstöðumaður og lögmaður í fullnustudeild Kaupþings. Frá 2008 hefur hann starfað á lögfræðisviði Arion banka hf. Þar hefur hann stýrt deild sem meðal annars ber ábyrgð á öllum dómsmálum bankans, innheimtu, fullnustu, eftirgjöf skulda og endurskipulagningu skulda einstaklinga og fyrirtækja. Árin 2010-2012 kenndi umsækjandinn réttarfar í Opna háskólanum í Reykjavík á námskeiði til löggildingar sem verðbréfamiðlari. Hann sat í stjórn starfsmannafélags Kaupþings banka hf./Arion banka hf. 2008-2010 og er framkvæmdastjóri og annar eigenda Millifótakonfekts ehf. sem á og skipuleggur tónlistarhátíðina Eistnaflug. Umsækjandinn getur þess að hann hafi setið í stjórn eða verið stjórnarformaður tveggja félaga í eigu Arion banka hf.

Kristbjörg Stephensen er fædd 25. mars 1966 og er því 51 árs. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1991 og meistaraþrófi í lögfræði frá Gautaborgarháskóla í júní 1993. Þá hefur hún setið ýmis námskeið og fræðafundi á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og fleiri aðila. Hún hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi í febrúar 1998 og til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í maí 2011. Að loknu námi í Svíþjóð starfaði hún sem lögfræðingur hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga 1993-1995. Frá 1995-1998 var hún skrifstofustjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og síðan löglærður fulltrúi á skrifstofu borgarstjórnar og staðgengill skrifstofustjóra borgarstjórnar 1999-2001. Hún var skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og staðgengill borgarritara 2001-2005 er hún tók við starfi skrifstofustjóra á lögfræðiskrifstofu á stjórnsýslu- og starfsmannasviði Reykjavíkurborgar þar sem hún starfaði til 30. júní 2007 ásamt því að vera starfandi sviðsstjóri stjórnsýslu- og starfsmannasviðs Reykjavíkurborgar frá 1. október 2006 til 30. júní 2007. Umsækjandinn hefur verið borgarlögmaður frá 1. júlí 2007. Af öðrum störfum má nefna að hún var fulltrúi í Hollusturáði 1999-2002. Hún var í

samninganefnd Reykjavíkurborgar 2000-2005 og hefur setið í stjórn sjö tilgreindra félaga og verið varamaður í einu. Þá hefur hún verið varamaður í endurupptökunefnd frá 2013. Umsækjandinn hefur tekið þátt í gerð margra lagafrumvarpa og verið leiðbeinandi á fjölda námskeiða fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Nanna Magnadóttir er fædd 10. mars 1973 og er því 44 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1998. Umsækjandinn lauk meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindalögum frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lundi árið 2004. Þá hefur hún sótt fjögur námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands um lögfræðileg málefni, námskeið um friðargæslu í Sviss og námskeið á vegum Evrópuráðsins. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2001. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, en í janúar 2002 tók hún við starfi skrifstofustjóra dómstólsins. Því starfi gegndi hún fram í ágúst sama ár er hún hóf störf sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis. Í september 2003 hóf umsækjandinn störf sem aðstoðarmaður í fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu og starfaði þar til í maí 2004 að hún hóf störf sem lögfræðingur í deild Evrópuráðsins um fullnustu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu. Í janúar 2005 tók hún svo við sem aðstoðarforstöðumaður og lögfræðilegur ráðgjafi á skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó. Í maí 2006 tók hún við sem forstöðumaður og ráðgjafi svæðisáætlunar UNIFEM fyrir Suðaustur-Evrópu á skrifstofu UNIFEM í Serbíu. Frá því í janúar 2008 og fram í október 2009 var umsækjandinn forstöðumaður skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó. Í framangreindum störfum vann hún m.a. við alþjóðlegar mannréttindareglur og Evrópurétt. Þá var hún um skeið í stjórn lögmannafélags Kósóvó. Frá október 2009 og fram í september 2013 starfaði hún sem aðalráðgjafi hjá Eystrasaltsráðinu í Stokkhólmi. Frá þeim tíma tók hún að sér ýmis verkefni fyrir umboðsmann Alþingis og Eystrasaltsráðið, eða allt þangað til hún var skipuð þann 1. janúar 2014 forstöðumaður og formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Umsækjandinn hefur haldið fyrirlestra um ýmis efni, en sérstaklega má nefna að hún var einn þriggja fyrirlesara á námskeiði ÖSE, UNIFEM og dómarafélags Makedóníu, sem haldið var fyrir dómara í Makedóníu árið 2007, um

beitingu Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum við samningu dómsúrlausna. Sama ár kenndi hún á námskeiði ÖSE og UNIFEM fyrir stjórnvöld í Kósóvó um samþættingu kynjasjónarmiða við gerð mannréttindaáætlunar fyrir Kósóvó. Umsækjandinn hefur átt samvinnu við fulltrúa Evrópusambandsins og háskóla Immanuel Kant í Kaliningrad um að koma á fót stofnunun um samanburðarlögfræði við háskólann. Hún hefur ritað eina grein sem birtist í lögfræðitímariti. Þá hefur hún stundað rannsóknir bæði í og meðfram námi, m.a. rannsóknir fyrir prófessor Katarinu Tomaševski, þáverandi skýrslugjafa Sameinuðu þjóðanna um réttindi til menntunar. Þá var hún meðritstjóri *Balticness*, tímarits Eyrstrasaltsráðsins 2009-2010. Umsækjandinn var sjálfboðaliði hjá Kvinnaráðgjöfinni 1997-1999 og formaður vinnuhóps um heimasíðu fyrir héraðsdómstólana og dómstólaráð 2001. Hún var varamaður í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga 2000-2001 og tók hún þátt í kjarasamningaviðræðum við ríkið. Þá hefur hún komið að lagasetningu og gerð ýmiss konar regluverks í störfum sínum, m.a. skrifað álit UNIFEM á drögum að jafnréttislögum Albaníu, haldið ýmis námskeið fyrir starfsmenn úr stjórnarsýslu Kósóvó og starfsmenn ÖSE, haft framsögu á ýmsum ráðstefnum og beitt sér fyrir endurskoðun verklagsreglna Eyrstrasaltsráðsins um þátttöku þess í verkefnum. Hún hefur verið meðlimur og á tíðum formaður fjölda vinnuhópa sem starfsmaður Evrópuráðsins, UNIFEM og Eyrstrasaltsráðsins, var sérfræðingur á fundi bandaríks félagsvísindaráðs og Sameinuðu þjóðanna um konur og friðaruppbyggingu á Balkanskaga 2012.

Oddný Mjöll Arnardóttir er fædd 16. janúar 1970 og er því 47 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 1994 og doktorsprófi í lögfræði frá Edinborgarháskóla 2002. Hún hefur einnig sótt námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og annarra hér á landi og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður í júlí 1995. Frá desember 1993 vann umsækjandinn sem fulltrúi á Málflutningsskrifstofu Borgartúni 24 til apríl 1996. Fyrri hluta árs 2001 var hún framkvæmdastjóri Reykjavíkúráðsinnar sem rekur fræðasetur fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn og síðari hluta sama árs var hún framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í þrjá mánuði. Hún var sjálfstætt starfandi lögmaður í fjögur ár, fyrst við Lögmannsstofuna í Skeifunni 2002-

2004 og síðan stofnandi og meðeigandi að Acta lögmannsstofu frá 2004-2006. Frá 1999-2000 var umsækjandinn aðjúnkt í hlutastarfi á sviði lögfræði við Háskólann á Bifröst og 2005 var hún stundakennari við Háskólann í Reykjavík. Hún var prófessor við sama skóla frá 2006-2012, fyrstu sex mánuðina í hálfu starfi en síðan í fullu starfi. Frá 2012 hefur hún verið prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, en haustönn 2014 var hún gestaprófessor við Kaupmannahafnarháskóla. Hún hefur á ferli sínum hlotið fjölda náms- og rannsóknarstyrkja vegna margs konar verkefna.

Af aukastörfum skal nefnt að umsækjandinn hefur þrisvar sinnum verið gestakennari á doktorsnemanámskeiðum við erlenda háskóla og kennt á námskeiðum annarra aðila hér á landi og erlendis. Þá hefur hún verið kennari á námskeiði til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda frá 2000. Umsækjandinn átti sæti í laganefnd Lögmannafélags Íslands frá 2003-2005 og var skipuð *ad hoc* til setu í kæruneftnd jafnréttismála í einu máli 2003. Árið 2004 kom hún að stofnun Félags kvenna í lögmenntsku og var formaður félagsins starfsárið 2005-2006. Árin 2003-2006 sat hún í þrjú ár sem sérfræðingur í vísindasiðanefnd. Hún hefur verið formaður fagráðs félagsvísindasviðs Háskóla Íslands frá október 2015, en var fyrst skipuð í ráðið ári fyrr. Hún var einnig formaður rannsóknarráðs lagadeildar Háskólans í Reykjavík í tvö ár, en var einnig fulltrúi lagadeildar í rannsóknarráði Háskólans í Reykjavík í eitt ár. Árið 2007 var hún skipuð til tveggja ára í fagråd hug- og félagsvísinda hjá Rannsóknamiðstöð Íslands til tveggja ára og 2010 var hún kjörin formaður stjórnar og framkvæmdastjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands, einnig til tveggja ára, en hafði áður setið sem varamaður í stjórn. Umsækjandinn sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar sem suður í sex ár frá 2007-2013. Árið 2014 sat hún í tveimur þriggja manna kjörneftndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga í Langanesbyggð og í Reykjavík. Hún var varaformaður kæruneftndar útlendingamála í eitt ár frá 2015-2016 sem varð 50% starf þegar leið á tímabilið. Hún hefur verið á lista yfir varadómara Íslands við Mannréttindadómstól Evrópu frá maí 2014 og hefur tekið sæti sem dómari í einu máli. Umsækjandinn hefur bæði unnið að lagafrumvörpum og veitt umsagnir um drög að lagafrumvörpum. Þá var hún skipaður formaður álitsneftndar vegna umsókna um skráningu trúfélags eða lífsskoðunarfélags í maí 2015. Hún var í ársbyrjun 2010 skipuð af forsætisráðherra í

starfshóp um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Umsækjandinn er höfundur bókarinnar „Equality and Non-Discrimination under the European Convention on Human Rights“ sem hún byggði á doktorsritgerð sinni. Hún hefur ritað 15 ritrýnda bókarkafla en þrír þeirra eru ritaðir að jöfnu með einum meðhöfundum. Þar að auki hefur hún ritað 11 ritrýndar tímaritsgreinar og eina ritrýnda grein í ráðstefnuriti. Þá bíða birtingar tveir ritrýndir bókarkaflar og þrjár tímaritsgreinar en annar bókarkafllanna er ritaður að jöfnu með fjórum meðhöfundum. Auk þess bíða birtingar þrjár ritrýndar tímaritsgreinar. Umsækjandinn er einnig höfundur tveggja óritrýndra tímaritsgreina en önnur þeirra var rituð að jöfnu með fjórum meðhöfundum, óritrýnds bókarkafla, óritrýnds bókardóms og tveggja óritrýndra greina í ráðstefnuritum. Þá getur hún um 64 fyrirlestra sem hún hefur flutt um lögfræðileg efni við hin ýmsu tilefni, bæði héraðs og erlendis. Af enn öðrum aukastörfum má nefna þátttöku í alþjóðlegu og innlendu rannsóknasamstarfi, formennsku í ráðstefnunefndum, ritstjórn og setu í ritnefnd nokkurra rita. Leiðsögn í ritun fjölda kandidatefna, meistaraefna og í námi fimm doktorsnema. Þá hefur hún setið í nefndum vegna starfa sinna innan Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, svo sem verið formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og setið í stjórn rannsóknarsjóðs og rannsóknarnámsnefnd Háskóla Íslands. Þá var hún forstöðumaður doktorsnáms við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2010-2012.

Ólafur Ólafsson er fæddur 5. maí 1957 og er því 60 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1984. Í febrúar 1997 lauk hann námi frá stýrimannadeild Verkmenntaskólans á Akureyri, sbr. 7. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, staflíð A. Þá hefur hann sótt sex námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands ásamt fjölmörgum námskeiðum og ráðstefnum um lögfræðileg álitaefni hjá öðrum félögum og stofnunum. Að loknu laganámi 1984 hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi við embætti sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu og var settur sýslumaður þar í þrjú mánuði 1985. Sama haust hóf hann störf við embætti sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri og var skipaður aðalfulltrúi við það embætti 1. september 1987. Sumarið 1988 var hann jafnframt fulltrúi setts

bæjarfógeta á Ólafsfirði. Frá 14. febrúar 1990 til 30. júní 1992 var umsækjandinn settur héraðsdómari við sjö sýslumanns- og bæjarfógetaembætti á Norðurlandi. Þann 1. júlí 1992 var hann skipaður dómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra og 1. janúar 2008 var umsækjandinn skipaður dómstjóri við sama dómstól og hefur gegnt því starfi síðan samhliða héraðsdómarastarfinu. Þá var hann einnig skipaður varadómari til að taka sæti í Hæstarétti Íslands í einu máli. Umsækjandinn kenndi á meiraprófsnámskeiðum ökuréttinda á Norðurlandi eystra 1987-1991. Árið 1994 var hann einn af stofnendum Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi og var formaður félagsins til ársins 1998, en meðstjórnandi 2014-2015. Hann sat í stjórn Dómarafélags Íslands 2010-2013 en síðustu tvö árin gegndi hann starfi varaformanns. Í desember 2010 var hann kjörinn aðalmaður í jafnréttisnefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára. Auk þess hefur hann tekið þátt í félagsstörfum í heimabyggð og þá jafnan setið í stjórnnum um tíma. Má þar m.a. nefna Ungmennafélagið Sindra á Hornafirði, Knattspyrnufélag Akureyrar, Lions, safnaðarnefnd Akureyrarkirkju og Sögufélag Eyfirðinga. Árið 2006 var umsækjandinn skipaður prófdómari vegna lokaverkefna í lögfræði við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, en auk þess hefur hann margoft verið prófdómari í opinberu réttarfari. Hann hefur verið umsjónarmaður með starfsnámi meistaranema frá Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands um margra ára skeið.

Ragnheiður Bragadóttir er fædd 18. febrúar 1963 og er því 54 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1989. Á vor- og haustmisseri 1995 stundaði hún nám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla sem gestanemandi án próftöku og lagði þar áherslu á réttarfar, en sat einnig tíma í Evrópurétti, mannréttindum og réttarskiðfræði. Hún hefur setið ýmis námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands sem og fræðafundi, ráðstefnur og þing um lögfræðileg efni á vegum félaga og stofnana. Umsækjandanum var veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi í maí 1996. Að loknu embættisprófi 1989 hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík og gegndi því starfi til 1. júlí 1992. Frá og með þeim degi til 15. ágúst 1997 starfaði hún sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn starfaði sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara frá 15. ágúst 1997 til 15. janúar 1999, en þá var

hún sett til þess að gegna starfi héraðsdómara til 30. júní 2001. Á þeim tíma starfaði hún sem dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Héraðsdóm Vesturlands og Héraðsdóm Austurlands. Í apríl 2002 hóf hún rekstur eigin lögmannsstofu á Lögmannsstofunni Skeifunni. Í desember 2004 stofnaði hún ásamt tveimur kollegum sínum nýja lögmannsstofu, Acta lögmannsstofu ehf., þar sem hún starfaði fram í september 2005. Hún var skipuð héraðsdómari og dómstjóri Héraðsdóms Austurlands frá 15. september 2005 og gegndi því starfi til 1. september 2008, er hún sótti um flutning til Héraðsdóms Reykjaness og hefur frá þeim tíma starfað sem dómari við þann dómstól.

Af öðrum störfum skal nefnt að umsækjandinn var skipuð varamaður í óbyggðanefnd í sjö ár frá 1998 til 2005 en á þeim tíma tók hún sæti í sjö málum. Frá 2000-2005 var hún skipuð varaformaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og tók sæti sem formaður nefndarinnar við afgreiðslu fjölmargra mála. Hún var skipuð aðalmaður í samkeppnisráði 1. maí 2002 til 1. júlí 2005, en á þeim tíma tók ráðið ákvörðun í fjölmörgum viðamiklum málum þar sem hæst bar svokallað olíumál. Umsækjandinn annaðist stundakennslu í lögfræði við viðskiptadeild Háskóla Íslands og í samningarétti við lagadeild sama skóla á árunum 1997 og 1998. Hún sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2003-2005, þar af sem varaformaður frá 2004, og 2003-2004 sat hún í fræðslunefnd félagsins. Hún sat í stjórn Dómarafélags Íslands 2009-2013 og í stjórn Fossbergs ehf. 2001-2005. Frá 2012 hefur hún setið í siðanefnd Ungmennafélagsins Aftureldingar í Mosfellsbæ og tók þátt í samningu og innleiðingu nýrra siðareglna félagsins.

Ragnheiður Harðardóttir er fædd 28. júlí 1963 og er því 53 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1989. Umsækjandinn var við framhaldsnám í afbrotufræði án próftöku við San Jose State University í Kaliforníu veturinn 1989 til 1990. Þá hlaut hún meistaragráðu frá lagadeild London School of Economics and Political Science 1994, en meistaraprófsritgerðin fjallaði um alþjóðalög gegn ólöglegri verslun með ávana- og fíkniefni. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómsslögmaður í árslok 1993. Að loknu embættisprófi var umsækjandinn fulltrúi við embætti ríkissaksóknara frá ágúst 1990 til október 1996, en þá tók hún við stöðu deildarstjóra við lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til 21.

nóvember 1997 er hún var sett í stöðu saksóknara við embætti ríkissaksóknara. Hún var skipuð í embætti saksóknara 1. júlí 1998 og loks skipuð vararíkissaksóknari 1. júlí 2005. Að eigin ósk var henni veitt lausn frá embætti vararíkissaksóknara 1. september 2008, en sett til að gegna embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá þeim degi. Umsækjandinn var skipuð í embætti dómara við sama dómstól frá 7. maí 2010 þar sem hún hefur starfað síðan. Umsækjandinn var samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands skipuð varamaður í Félagsdómi frá nóvember 2013 til október 2016 og aftur frá þeim tíma til október 2019. Hefur hún tekið sæti í átta málum við dóminn. Þá var hún skipuð varadómari 2014 til að taka sæti í Hæstarétti í einu máli. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1990-2005, lengst af í refsirétti en síðan í réttarfari. Þá hefur hún haldið fyrirlestra um peningaþvætti í Háskóla Íslands. Hún var leiðbeinandi nokkurra nemenda við ritun kandiðats- og meistaraprófsritgerða og prófdómari á námskeiði um fjármuna- og efnahagsbrot á árinu 2017. Þá var hún skipuð prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands til að meta skrifleg og munnleg próf á sviði refsiréttar til þriggja ára í maí 2017. Umsækjandinn hefur setið í fjölmörgum nefndum og starfshópum sem hún hefur verið skipuð í, einkum af dómsmálaráðherra. Þar má nefna að 1997 var hún formaður nefndar um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur og jafnframt var hún í tveimur nefndum um meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu. Þá var hún formaður vinnuhóps um málefni hælisleitenda 1997, formaður nefndar dómsmálaráðherra 1999 um DNA-rannsóknir, var í starfshópi dómsmálaráðherra 2000 um löggjöf og reglur varðandi vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna og 2001 og 2006 var hún formaður starfshóps ríkissaksóknara til að kanna meðferð nauðgunarmála, rannsókn og saksókn. Árið 2002 var umsækjandinn skipuð af dómsmálaráðherra í nefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um kynþáttabrot og þá hefur hún átt sæti í nokkrum starfshópum á vettvangi Eystrasaltsráðsins, einkum varðandi alþjóðlega réttaraðstoð. Árin 2007 og 2008 var hún í sérfræðinefnd Evrópuráðsins um málefni ákærvaldsins. Umsækjandinn hefur setið í réttarfarsnefnd frá febrúar 2012. Ári fyrr var hún skipuð í hæfnisnefnd innanríkisráðherra vegna undirbúnings skipunar í embætti ríkissaksóknara. Þá var hún skipuð árið 2011 sem varamaður í nefnd til að fjalla um

hæfni umsækjenda um dómaraembætti og sem aðalmaður í sömu nefnd frá ágúst 2016. Umsækjandinn var skipuð í janúar 2015 sem formaður nefndar um meðferð kærumála og kvartana á hendur lögreglu. Þá var hún kosin varamaður í dómstólaráð frá maí 2016. Hún hefur einnig tekið þátt í erlendu samstarfi á sviði refsiréttar og sakamálaréttarfars í tengslum við störf sín. Umsækjandinn hefur ritað tvær fræðigreinar. Hún sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 2006-2011 og í stjórn Ákærendafélags Íslands 2007-2008.

Sandra Baldvinsdóttir er fædd 7. október 1970 og er því 46 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands í júní 1996. Haustið 2003 hóf hún framhaldsnám við sömu lagadeild og hlaut meistaraáráðu í þjóðarétti og umhverfisrétti vorið 2005. Auk þess hefur hún sótt mörg námskeið á sviði lögfræði á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og fleiri félaga og stofnana. Í nóvember 1998 öðlaðist hún réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá Húseigendafélaginu til loka október 1999. Þá tók hún við starfi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þar sem hún starfaði til loka september 2006, lengst af á dómsmála- og löggæslusviði en á lagaskrifstofu ráðuneytisins frá september 2005. Þar sinnti hún margbreytilegum verkefnum en sem dæmi má nefna að hún kvað upp fjölda úrskurða, sinnti upplýsingagjöf til stofnana ráðuneytisins og einstaklinga, svaraði fyrirspurnum Alþingis, tók þátt í stefnumótun í ýmsum málaflokkum og undirbjó lagafrumvörp og reglugerðir. Þá stýrði hún og sat í fjölda nefnda á vegum ráðuneytisins og sinnti alþjóðastarfi á vettvangi Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og Norðurlandaráðs. Hún var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur þrívægis, frá 1. mars 2006 til 31. júlí 2006 (í leyfi frá störfum í ráðuneyti í fimm mánuði), 1. október 2006 til 31. mars 2007 og 15. apríl 2007 til 15. maí 2008. Þann dag var hún skipuð í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjaness og hefur gegnt því starfi síðan. Af öðrum störfum skal nefnt að 1999 kenndi umsækjandinn á námskeiði til löggildingar fasteignasala. Hún hefur ritað eina fræðigrein, fastar greinar í dagblað um þriggja ára skeið um réttarstöðu húseigenda og haldið sex fyrirlestra um lögfræðileg málefni. Umsækjandinn hefur setið í fjölmörgum nefndum og vinnuhópum, einkum á þeim tíma sem hún starfaði í dóms- og

kirkjumálaráðuneytinu. Eftir lok starfa þar hefur hún einnig sinnt nefndarstörfum. Hún var fulltrúi í prófnefnd um útgáfu vottorða til flutninga á hættulegum farmi 2005-2007 og í vinnuhópi dómstólaráðs vegna stefnumótunar héraðsdómstólanna 2012. Þá hefur hún setið í stjórn Dómarafélags Íslands frá 2013, var varamaður í kærunefnd útboðsmála frá sama ári, var í vinnuhópi innanríkisráðuneytisins um dómstólaáætlun frá 2014, í starfshópi Dómarafélags Íslands um siðareglur dómara frá janúar 2015 og var varamaður í prófnefnd um réttindi til að verða héraðsdómsslögmaður frá 1. mars 2015. Af öðrum aukastörfum skal nefnt að hún var formaður siðanefndar Hundaræktarfélags Íslands 1999, varaformaður umferðarráðs 2002-2004, sat í varastjórn Húseigendafélagsins 2000-2006 og var varamaður í Happraettisráði SÍBS 2000-2004 og aðalmaður 2004-2006. Þá var hún formaður skíðadeildar Breiðabliks 2008-2010.

Sigurður Tómas Magnússon er fæddur 15. júní 1960 og er því 56 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík til 15. september 1986. Þá hóf hann störf sem löglærður fulltrúi á lögmannsstofu Sigurmars K. Albertssonar hrl. þar sem hann starfaði í rúm tvö ár. Frá október 1988 til ágúst 1990 var hann aðstoðarmaður hæstaréttardómara og síðan settur borgardómari í eitt ár frá 1990-1991. Þá var hann fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík síðustu fjóra mánuði ársins 1991 og aðstoðarmaður hæstaréttardómara fyrstu fimm mánuði ársins 1992. Frá 1. júní 1992 til ársloka 1993 gegndi hann stöðu skrifstofustjóra við Héraðsdóm Reykjavíkur og stöðu dómarafulltrúa. Allt árið 1994 var hann settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og starfaði nær eingöngu við meðferð sakamála. Frá 1. janúar 1995 til loka september 1996 starfaði hann sem skrifstofustjóri á dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hann var skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. júní 1996 til 31. október 2005, en hann tók til starfa 1. október 1996 og var í leyfi frá 1. nóvember 2004. Frá hausti 2004 hefur hann starfað við kennslu við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Fram til ársins 2010 bar hann starfsheitið sérfræðingur en hefur eftir það verið atvinnulífsprófessor við lagadeildina. Aðalkennslugreinir umsækjandans þar hafa lengst af verið einkamálaréttarfar í grunnnámi,

sakamálaréttarfar í grunnnámi, auðgunar- og efnahagsbrot í áfanga í meistaranámi og gagnaöflun og munnlegur málflutningur í áfanga í meistaranámi. Hann hefur jafnframt kennt ýmsar aðrar fræðigreinar.

Af aukastörfum umsækjandans má nefna að hann sat í Félagsdómi 1995-1998, tilnefndur af BHM, var settur varadómari við Hæstarétt Íslands í fjórum málum og hefur tekið sæti í gerðardómi í alls átta málum, þar af sex sinnum sem formaður. Hann var settur ríkissaksóknari í svokölluðum Baugsmálum og flutti þau fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og starfaði sem ráðgjafi sérstaks saksóknara frá stofnun embættisins í febrúar 2009 þar til embættið var lagt niður í árslok 2015. Hann sinnti stundakennslu í viðskiptarétti við Tækniháskóla Íslands 1986-2005, í einkamálaréttarhari við lagadeild Háskóla Íslands 1993-1996, í kröfurétti, eignarétti og réttarhari við lagadeild Háskóla Íslands 1991-1996 og réttarhari við lagadeild Háskólans í Reykjavík á haustönn 2003. Þá annaðist hann kennslu í fjármunarétti á námskeiðum til öflunar réttinda sem verðbréfamiðlari 1990-1992 og 2001-2005 og samningarétti og réttarhari á löggildingarnámskeiðum fyrir fasteigna- og skipasala. Hann kenndi jafnframt einkamálaréttarfar á námskeiðum til öflunar héraðsdómsslögmansréttinda síðustu tíu árin. Hann hefur verið prófdómari í skriflegum og munnlegum prófum í talsverðum mæli, þar á meðal við lagadeild Háskóla Íslands, og haft umsjón með ritun fjölda meistararitgerða og BA-ritgerða. Umsækjandinn ritaði bókina „Ákvörðun refsinga – Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga 1951-2000“ þar sem hann var höfundur að öðru efni en fjórða kafla. Hann hefur jafnframt skrifað 13 fræðigreinar sem birst hafa í innlendum og erlendum tímaritum, en þar af eru fimm ritrýndar. Hann sat í ritrýninefnd Tímarits Lögréttu 2004-2005 og hefur síðan þá ritrýnt nokkrar fræðigreinar. Þá hefur hann haldið 40 fyrirlestra um lögfræðileg málefni við hin ýmsu tilefni og tekið þátt í fjölmörgum fræðafundum og ráðstefnum. Umsækjandinn hefur verið fulltrúi Íslands frá árinu 2006 í stýrihópi fyrir norrænu réttarfarsráðstefnurnar og var þátttakandi í norrænu samstarfsverkefni á sviði réttarfars á árunum 2011-2012. Þá hefur hann setið námsþróunarráði lagadeildar Háskólans í Reykjavík frá 2004, þar af sem formaður í fimm ár, setið í námsráði háskólans og átt sæti í nokkrum matsnefndum innan hans. Umsækjandinn var

formaður dómstólaráðs í sjö ár 1998-2005 og sat í jafnréttisráði 1997-2000. Hann hefur átt sæti í fjölda ýmiss konar stjórnarsýslunefnda, svo sem kærunefnd jafnréttismála, þar af sem formaður í þrjú ár, verið varamaður í endurupptökunefnd og hefur tekið sæti þar í níu málum, þar með töldum Guðmundar- og Geirfinnsmálum, nefnd skv. 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, formaður vinnuhóps 2010 um millidómstig og fjölda nefnda sem skipaðar hafa verið til að undirbúa lagasetningu á sviði lögreglumála, ákærvalds, dómstólaskipunar og réttarfars og jafnframt til þess að hrinda slíkri lagasetningu í framkvæmd. Þá hefur hann frá 2013 verið formaður stýrihóps á vegum innanríkisráðuneytisins sem fékk það verkefni að móta réttaröryggisáætlun sem taki til lögreglu, ákærvalds, dómstóla og fullnustuyfirvalda. Hann var skipaður formaður réttarfarsnefndar frá 1. mars 2017.

Soffía Jónsdóttir er fædd 14. júní 1963 og er því 53 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1990. Þá hefur hún lokið 18 eininga rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Árið 2002 aflaði hún sér menntunar á sviði upplýsingatækniréttar frá lagadeild Háskóla Íslands sem hún lauk með ágætiseinkunn. Hún hefur jafnframt sótt nokkur námskeið hjá Lagastofnun sem og ýmis önnur námskeið, m.a. varðandi réttarfar, stjórnun, löggjöf er varðar fjármagnsmarkað, innheimtu og skuldaskil og fleira. Þá sat hún námskeið í höfundarétti og Evrópurétti án próftöku við lagadeild Háskóla Íslands vorið 2003. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi í lögfræðideild Íslandsbanka hf. og var þar í sjö ár. Viðfangsefni voru einkum skjala- og samningsgerð. Hún fékk leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi 1993 og frá 1994 sinnti hún málflytningi fyrir bankann. Frá byrjun árs 1998 til 2002 starfaði hún hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA) hf., sem varð Íslandsbanki-FBA hf. 2001, þar sem hún fékkst við margs kyns verkefni, þ.m.t. stjórnunarstörf. Á árunum 2003-2004 vann hún sérverkefni fyrir Samkeppnisstofnun um eftirlit og kynningu laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Á árunum 2005-2006 var hún ritari kærunefndar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Árið 2009 var hún skipuð varamaður formanns í kærunefnd útboðsmála en tók aldrei sæti í nefndinni. Frá sumri 2010 hefur hún starfað sem lögmaður hjá embætti

ríkislögmanns og sinnir hún störfum ríkislögmanns í forföllum hans. Í starfi við embættið hefur hún flutt fjölda mála fyrir báðum dómstigum. Umsækjandinn hlaut leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 2012.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson er fæddur 24. júní 1950 og er því 66 ára. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1976 en áður hafði hann stundað nám við sama skóla í almennum þjóðfélagsfræðum og heimspekilegum forspjallsvísindum 1970-1971. Hann stundaði framhaldsnám án próftöku í sjórétti, váttryggingarétti og skaðabótarétti við Nordisk Institutt for Sjørett, Háskólanum í Osló, fyrst frá september 1977 til júní 1978 og aftur frá september til desember 1997. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf sem löglaerður fulltrúi á lögmannsstofu Garðars Garðarssonar hdl. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1979 og fyrir Hæstarétti 1987. Frá 1. nóvember 2003 til 1. maí 2004 starfaði hann sem borgarlögmaður, en að frátöldu því tímabili og tveimur hléum til framhaldsnáms í rúmlega eitt ár hefur hann starfað óslitið á lögmannsstofu, fyrst sem fulltrúi á lögmannsstofu og síðan sem sjálfstæður lögmaður og meðeigandi að stofu í tæp 40 ár. Hann var skipaður dómari við Félagsdóm á árunum 1995-2003 og tilnefndur dómari í nokkrum málum eftir það. Hann hefur verið dómari í Landsdómi frá 1999, verið meðdómsmaður í málum á héraðsdómsstigi og setið í gerðardómi. Umsækjandinn sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar og yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis, síðar Reykjavíkurkjördæmis norður, frá 1987-2005. Hann var varamaður í úrskurðarnefnd í váttryggingamálum á árunum 1987-2007 og skipaður aðalmaður í útvarpsréttarnefnd 2008-2011. Þá hefur hann verið aðalmaður í kjararáði frá 2010 og aðalmaður í fjölmiðlanefnd frá 2011. Á árunum 1990-1996 sinnti umsækjandinn stundakennslu í einkamálaréttarfari við Háskóla Íslands og þá einkum varðandi málflutningsundirbúning, stefnur, greinargerðir, málflutning og samningu dóma. Umsækjandinn hefur skrifað og birt í tímaritum þrjár fræðigreinar á sviði skaðabótaréttar. Hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 1985-1987 og stjórn Íslandsbanka hf. 2008-2010, þar af var hann stjórnarformaður frá febrúar 2009 til janúar 2010. Á árunum 2010-2013 var hann stjórnarformaður Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., Kadeco. Á árinu 2016 sat umsækjandinn í starfshópi á vegum Lögmannafélags Íslands sem gera átti tillögur um breytingar á reglum um

gjafsókn og árið 2017 var hann skipaður í starfshóp vegna endurskoðunar skaðabótalaga. Frá stofnun Félags um váttryggingarétt 2001 hefur umsækjandinn setið í stjórn félagsins.

Þorgeir Ingi Njálsson er fæddur 27. apríl 1960 og er því 57 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Árið 2011 stundaði hann nám, án próftöku, í eftirtöldum greinum í meistaranámi við lagadeild Háskóla Íslands: Evrópurétti, evrópskum mannréttindareglum, váttryggingarétti, félagarétti II og stjórnáráðarétti III. Hann hefur auk þess sótt ýmis námskeið, m.a. um lögfræðileg efni, á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og annarra aðila. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 1989. Umsækjandinn var fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki á árunum 1985-1987 og fulltrúi bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu um tveggja og hálfis árs skeið árabílinu 1987-1990. Hann var settur sýslumaður í Strandasýslu í skamman tíma 1988 og aftur 1989. Umsækjandinn var settur héraðsdómari við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu nær óslitið frá hausti 1989 til 1. júlí 1992. Frá þeim tíma var hann skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Suðurlands og frá 1998 héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness. Frá 1. maí 2008 hefur hann jafnframt verið dómstjóri þess dómstóls. Honum var veitt leyfi frá starfi héraðsdómara í tæpt ár 1997-1998 og að nýju í rétt ár 2000-2001. Starfaði hann þá hjá umboðsmanni Alþingis við afgreiðslu mála og að auki sem skrifstofustjóri embættisins meðan á síðara leyfinu stóð. Á árunum 1999 og 2014 var hann skipaður til að vera umboðsmaður Alþingis í 11 málum þar sem hinn reglulegi umboðsmaður hafði vikið sæti. Auk þess var hann settur til að gegna embætti umboðsmanns Alþingis við hlið kjörins umboðsmanns frá 15. febrúar til 1. júlí 2014. Ennfremur fékk hann ársleyfi frá starfi héraðsdómara 2010-2011. Þá hefur hann tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í níu málum auk þess sem hann var settur dómari við Hæstarétt í rúmar sex vikur í mars og apríl 2017.

Umsækjandinn átti sæti í félagsmálaráði og íþrótt- og tómstundaráði Selfoskaupstaðar 1990-1992. Þá sat hann á árabílinu 1996-2004 í bótanefnd samkvæmt lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Hafði hann með höndum formennsku í nefndinni 2000-2004. Hann var formaður

endurskoðendaráðs 1998-2000. Hann var varamaður í prófnefnd vegna prófraunar verðandi hæstaréttarlögmannanna 1999-2005 og tók á því tímabili nokkrum sinnum sæti í nefndinni. Þá tók hann sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í fjórum málum á árunum 2012-2016 og gegndi hann formennsku í þremur þeirra. Umsækjandinn var varamaður í gjafsóknarnefnd á árunum 2012-2015 og kom á þeim tíma að afgreiðslu um það bil 40 mála. Hann hefur verið varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál frá júní 2007, með sex mánaða hléi árið 2009, og tekið sæti í henni í 13 málum. Umsækjandinn hefur setið í dómstólaráði sem aðalmaður frá byrjun árs 2013, en tók þar sæti rúmu ári áður í forföllum aðalmanns. Hann gegndi starfi formanns ráðsins fyrstu sex mánuði ársins 2013. Á árunum 2010-2011 sat hann í rannsóknarnefnd sem kirkjuþing þjóðkirkjunnar skipaði til að rannsaka viðbrögð og starfshætti kirkjunnar vegna ásakana á hendur fyrrverandi biskupi um kynferðisbrot. Frá árinu 2006 til 2013 hafði umsækjandinn með höndum kennslu í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík og hefur hann verið aðjúntk við deildina frá 2007. Vorið 2009 flutti hann þar fyrirlestra um ritun dóma á námskeiði um ritun dóma, úrskurða og stjórnvaldsákvarðana og í mars 2013 flutti hann fyrirlestur um málsmeðferð í einkamálum og samningu dóma á námskeiði fyrir héraðsdómara og aðstoðarmenn þeirra. Árin 1993-1999 var hann prófdómari í almennri lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Auk þess hefur hann setið í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands síðastliðin þrjú ár. Þá hefur hann setið í dómnefnd til að meta hæfi dósents til að hljóta framgang í starf prófessors. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá fjórum greinum sem birtar hafa verið eftir hann í lögfræðitímariti, þar af eru tvær ritrýndar. Ennfremur hefur hann flutt fræðileg erindi á opinberum vettvangi, meðal annars á dómsmálaþingi, auk þess sem hann hefur sinnt ritrýni. Umsækjandinn sat í stjórn Dómarafélags Íslands 1994-1999 og í stjórn endurmenntunarsjóðs dómara 1998-2003 en undanfarin fjögur ár hefur hann verið formaður fagráðs um endurmenntun dómara. Hann átti sæti í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis 1991-1999 og hefur bæði verið varafulltrúi í bæjarstjórn Sauðárkróks og Selfoskaupstaðar, annars vegar í eitt ár í bæjarstjórn Sauðárkróks frá 1986-1987 og hins vegar tvö ár í bæjarstjórn Selfoskaupstaðar frá 1990-1992. Um tíma sat hann í stjórn HSÍ, áfrýjunardómstól þess sérsambands og aganefnd KKÍ.

Þórdís Ingadóttir er fædd 10. febrúar 1969 og er því 48 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 1993. Hún hlaut meistaraáráðu í alþjóðalögum við lagadeild New York University School of Law vorið 1998. Að undanfögnu hefur umsækjandinn verið í doktorsnámi við Háskólann í Helsinki. Hún hefur setið ýmis námskeið hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og hjá Háskólanum í Reykjavík. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi í október 1994 og stóðst hæfismat Fjármálaeftirlitsins um stjórnarsetu árið 2010. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn 1993-1995 sem fulltrúi á lögmannsstofunni Lögmal. Árin 1999-2003 starfaði hún sem lögfræðingur hjá rannsóknarstofnuninni Center on International Cooperation við New York háskóla, við rannsóknir á alþjóðadómstólum. Árið 2004 starfaði hún sem aðjúnt við Háskóla Íslands og sama ár var hún jafnframt lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Frá 2005 hefur hún starfað sem dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Þar hefur hún m.a. starfað við kennslu í þjóðarétti, um alþjóðleg áhrif á íslenskan rétt, alþjóðaviðskipti, alþjóðadómstóla og mannréttindi, verið leiðbeinandi í BA- og ML-ritgerðum, prófdómari o.fl. Hún hefur tekið þátt í innra starfi Háskólans í Reykjavík, setið í rannsóknarráði og námsþróunarráði, þar sem hún gegndi m.a. formennsku um tíma. Hún sat einnig í staðarvalsnefnd skólans um nýjar starfsstöðvar, matsnefnd um ráðningu nýrra starfsmanna og matsnefnd um framgang starfsmanna. Hún var gestakennari við Háskólann í Thessaloniki 2001, Lagaháskólann í Salzburg 2008, Háskólann í Helsinki 2014 og Ludwig-Maximilians-háskólann í München 2016. Rannsóknir hafa verið umfangsmikill hluti viðfangsefna hennar, bæði á árunum 1999-2003, sbr. að framan, og í starfi hennar við Háskólann í Reykjavík. Í umsókn sinni gerir umsækjandinn ítarlega grein fyrir þessu þar sem fræðistörfum er skipt í sex flokka eftir fræðasviðum. Til umfjöllunar eru alþjóðalög, áhrif þeirra á landsrétt, alþjóðadómstólar, dómar Mannréttindadómstóls Evrópu, sjálfstæði alþjóðastofnana og framfylgd alþjóðlegrar ábyrgðar einstaklinga fyrir alvarlega glæpi og fleira tengt þjóðarétti. Umsækjandinn hefur ritað sjö bókarkafla, þar af eru sex ritrýndir, og einn ritaður ásamt meðhöfundum. Þá bíða birtingar tveir ritrýndir bókarkaflar eftir hana. Umsækjandinn er meðhöfundur einnar óritrýndrar greinar í ráðstefnuriti ásamt tveimur öðrum. Þá hefur hún ritað tíu ritrýndar tímaritsgreinar. Ritverk hennar eru

að meirihluta á ensku og birt í erlendum fræðiritum. Þá hefur hluti þessara verka birst í bókinni „The International Criminal Court: Recommendations on Policy and Practice: Financing, Victims, Judges, and Immunities“. Hún hefur ennfremur sinnt ritrýni- og ritstjórnarstörfum, svo sem í ritstjórn Nordic Journal of International Law frá árinu 2006. Þá hefur hún haldið fjölda fyrirlestra um lögfræðileg málefni við hin ýmsu tilefni og tekið þátt í fjölmörgum fræðafundum og ráðstefnum. Þá hefur hún setið í ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2008. Af öðrum störfum má nefna að umsækjandinn var í landsnefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðlegan mannúðarrétt 2008-2012, hefur setið í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands frá 2012, var í endurskoðunar- og áhættunefnd Landsbankans hf. 2010-2014, þar af formaður 2013-2014, og sat í bankaráði Landsbankans hf. 2010-2014. Hún hefur setið í dómstólaráði frá 2009, verið í starfshópi við eftirfylgni við innleiðingu á samningum gegn spillingu og mútum frá 2015, sat í valnefnd Bankasýslu ríkisins 2016-2017, hefur frá árinu 2017 setið í starfshópi um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotþola er að ræða. Umsækjandinn hefur setið í endurupptökunefnd frá 2013. Hún ritaði í starfi sínu í dómsmálaráðuneytinu 2004 fjórar skýrslur á vegum íslenskra stjórnvalda til Sameinuðu þjóðanna og eina eftir það. Hún var höfundur fyrstu draga að siðareglum fyrir starfsmenn dómstóla og samdi fyrstu drög að frumvarpi til laga um refsingar fyrir hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Auk þessa hefur hún unnið að greinargerðum og álitum fyrir íslensk stjórnvöld. Hún hefur flutt fjölda fræðilega fyrirlestra í háskólum og hjá alþjóðastofnunum. Umsækjandinn hefur verið sendifulltrúi Íslands, tekið þátt í pallborðsumræðum eða verið fulltrúi íslenskra stjórnvalda hjá ýmsum alþjóðastofnunum, svo sem hjá Alþjóðastofnuninni um lausn fjárfestingardeilna, Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðlega sakamáladómstólnum og Evrópuráði. Hún hefur setið í ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2008. Þá sat hún í stjórn Badminton sambands Íslands 1993-1995.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Aðalsteinn E. Jónasson lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1992. Hann hefur til viðbótar lokið meistaranámi við lagadeild Harvard-háskóla með áherslu á löggjöf á fjármagnsmarkaði. Þá hlaut hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2015. Auk þessa hefur umsækjandinn sótt ýmis námskeið héraendis og erlendis.

Arnfríður Einarsdóttir lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1986. Hún hefur til viðbótar lokið diplómanámi í opinberri stjórnsýslu og stjórnun við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og hefur hlotið réttindi til sáttamiðlunar. Að auki hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni.

Ásmundur Helgason. Áður en umsækjandinn hóf laganám lauk hann BA-prófi í sagnfræði og heimspeki frá Háskóla Íslands 1994. Embættisprófi í lögfræði lauk hann frá lagadeild Háskóla Íslands 1999. Þá hefur umsækjandinn sótt ýmis endurmenntunarnámskeið bæði héraendis og erlendis auk þess að hafa stundað ítölskunám.

Ástráður Haraldsson hefur ekki lagt stund á framhaldsnám að loknu embættisprófi.

Baldvin Hafsteinsson hefur að loknu embættisprófi sótt ýmis starfstengd námskeið héraendis og erlendis varðandi váttryggingar, sjóváttryggingar, samkeppnismál og opinber innkaup.

Björn Þorvaldsson lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1993. Hann stundaði nám í Evrópurétti við Háskólann í Lundi sem hann lauk með meistaraþrófi í júní 2002. Hann var í meistaranámi í mannréttindum við Raoul Wallenberg stofnunina í Lundi án próftöku 2002-2003. Umsækjandinn hefur lokið námskeiði um rannsókn alvarlegra fjármunabrota hér á landi og námskeiðum fjölbjóðlegra stofnana um varnir gegn spillingu, mútum, peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Bogi Hjálmtýsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990. Til viðbótar hefur hann lokið diplómanámi og prófi í opinberri stjórnsýslu frá sama háskóla.

Bryndís Helgadóttir lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1986. Auk þess hefur hún sótt fimm námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands sem og námskeið á vegum Opna háskólans í Reykjavík, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og fleiri aðila.

Davíð Þór Björgvinsson lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1985. Hann hefur til viðbótar meistaragráðu frá Duke-háskóla í Bandaríkjunum. Hann lauk einnig doktorsprófi í lögum frá háskólanum í Strassborg. Áður en hann lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands átti hann að baki BA-próf í sagnfræði frá sama skóla með heimspeki sem aukagrein.

Eiríkur Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2002. Árið 2006 lauk hann meistaraprófi frá lagadeild Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og doktorsprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 2011. Hann sótti sex vikna námskeið í lagaensku við Boston-háskóla sumarið 2005. Þá hefur hann sótt ýmis námskeið eftir embættispróf.

Guðrún Sesselja Arnardóttir hefur til viðbótar embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands lokið 25 einingum í frönsku við sama skóla.

Helgi Sigurðsson hefur til viðbótar embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands lokið meistaránámi frá University of Cambridge 2002. Auk þessa hefur hann sótt fjölmörg námskeið héraendis og erlendis á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og fleiri aðila. Hann lauk prófi í verðbréfamiðlun 1999.

Hervör Þorvaldsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1985. Árin 1988-1990 var hún við framhaldsnám án próftöku í réttarfari og réttarfélagfræði við lagadeild Háskólans í Osló. Hún hefur sótt ýmis námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, sem og námskeið og ráðstefnur á vegum annarra hér á landi og erlendis. Auk þess hefur hún sótt margar SEND-ráðstefnur og fundi í félaginu Nordisk forening for Prosesstrett.

Hildur Briem lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2000. Að auki hefur hún lokið meistaragráðu í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundi með láði. Þá hefur hún lokið 18 af 24 einingum í diplómanámi í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands og sótt ýmis námskeið, málþing og fræðafundi, m.a. á vegum Samstarfsnefndar um símenntun fyrir dómara á Norðurlöndum (SEND).

Ingveldur Einarsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1985 og hefur til viðbótar próf í umhverfisrétti frá Uppsalaháskóla. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið eftir embættispróf eins og að framan greinir.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1993.

Jóhannes Sigurðsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1986 og hlaut meistaraáráðu frá University of Virginia árið 1987.

Jón Finnbjörnsson lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1983. Að því loknu stundaði hann nám í sjórétti og tók próf í faginu og síðan rannsóknir í sjó- og sjóvátryggingarétti við Nordisk Institutt for Sjørett í Osló 1983-1984. Hann stundaði nám og rannsóknir í skaðabóta- og vátryggingarétti við lagadeild Ludwig-Maximilians-háskólans í München 1988-1989. Á árinu 2013 nam hann réttarsögu við Max-Planck-Institut für europäische Rechtsgeschichte í janúar til apríl, sjórétt við Nordisk Institutt for Sjørett í Osló frá apríl til nóvember og réttarsögu í Osló frá nóvember til desember 2013. Loks skráði hann sig í nám til BA-prófs í latínu við Háskóla Íslands haustið 2016, lauk prófi í námskeiðinu LAT 101 á haustmíssi 2016 (10 einingar) og sækir nú tíma í námskeiðinu LAT 202.

Jón Höskuldsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1984. Á árunum 1996 til 1999 sótti hann fimm námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Þá hefur umsækjandinn sótt fjölda námskeiða og málþinga á vegum annarra.

Jónas Jóhannsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1988. Á árunum 2004-2005 stundaði hann meistaranám í Evrópurétti við lagadeild Háskólans í Lundi. Þar lauk hann prófum en skilaði ekki ritgerð til meistaraprófs. Hann hefur sótt tvær ráðstefnur á vegum SEND.

Karl Óttar Pétursson hefur til viðbótar embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands lokið BA-prófi í sagnfræði 1995 frá sama skóla með heimspeki sem aukafag. Umsækjandinn hefur einnig lokið námi til löggildingar sem verðbréfamiðlari 2007. Hann hefur öðlast réttindi sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

Kristbjörg Stephensen hefur til viðbótar lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands lokið meistaraprófi í lögfræði frá Gautaborgarháskóla í júní 1993. Þá hefur hún setið

ýmis námskeið og fræðafundi á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og fleiri aðila.

Nanna Magnadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1998. Hún lauk til viðbótar, með láði, meistaraprófi í lögum frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lundi. Einnig hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni, bæði hér á landi og erlendis.

Oddný Mjöll Arnardóttir lauk embættisprófi í lögum frá lagadeild Háskóla Íslands 1994. Auk þess útskrifaðist hún með doktorsgráðu frá lagadeild Edinborgarháskóla 2002. Hún hefur einnig sótt námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands hér á landi og erlendis.

Ólafur Ólafsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1984. Í febrúar 1997 lauk hann námi frá stýrimannadeild Verkmenntaskólans á Akureyri, sbr. 7. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, staflíð A. Þá hefur hann sótt sex námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands ásamt fjölmörgum námskeiðum og ráðstefnum um lögfræðileg álitafni hjá öðrum félögum og stofnunum.

Ragnheiður Bragadóttir lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1989. Á vor- og haustmíssi 1995 stundaði hún nám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla sem gestanemandi án próftöku og lagði þar áherslu á réttarfar, en sat einnig tíma í Evrópurétti, mannréttindum og réttarskiðfræði. Þá hefur hún setið ýmis námskeið meðal annars á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, sem og fræðafundi, ráðstefnur og þing um lögfræðileg efni á vegum félaga og stofnana hér á landi og erlendis.

Ragnheiður Harðardóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1989. Hún var við framhaldsnám í afbrotufræði án próftöku við San Jose State University í Kaliforníu veturinn 1989-1990. Þá hefur hún hlotið meistaragráðu 1994 frá lagadeild London School of Economics and Political Science. Einnig hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni, bæði hér á landi og erlendis.

Sandra Baldvinsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands í júní 1996. Haustið 2003 hóf hún framhaldsnám við sömu lagadeild og lauk meistaraprófi í þjóðarétti og umhverfísrétti vorið 2005. Auk þess hefur hún sótt mörg

námskeið á sviði lögfræði á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og fleiri félaga og stofnana.

Sigurður Tómas Magnússon lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands.

Soffía Jónsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1990. Þá lauk hún 18 eininga rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1998 og 2002 aflaði hún sér menntunar á sviði upplýsingatækniréttar frá lagadeild Háskóla Íslands. Hún hefur jafnframt sótt nokkur námskeið hjá Lagastofnun sem og ýmis önnur námskeið, m.a. varðandi réttarfar, stjórnun, löggjöf er varðar fjármagnsmarkað og innheimtu og skuldaskil og fleira. Þá sat hún námskeið í höfundarétti og Evrópurétti, án próftöku, við lagadeild Háskóla Íslands vorið 2003.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1976. Áður en hann hóf nám í lögfræði hafði hann stundað nám í almennum þjóðfélagsfræðum og heimspekilegum forspjallsvísindum við sama skóla 1970-1971. Hann stundaði framhaldsnám án próftöku í sjórétti, váttryggingarétti og skaðabótarétti við Nordisk Institutt for Sjørett, Háskólanum í Osló, fyrst frá september 1977 til júní 1978 og aftur frá september til desember 1997.

Þorgeir Ingi Njálsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1985. Hann hefur auk þess stundað meistaranám í lögum við Háskóla Íslands, án próftöku, og sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni hér á landi og erlendis á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og annarra.

Þórdís Ingadóttir hefur til viðbótar embættisprófi frá Háskóla Íslands lokið meistaranámi í alþjóðalögum frá New York University School of Law vorið 1998. Umsækjandinn hefur í nokkur ár verið í doktorsnámi við Háskólann í Helsinki, en um námslok er óvíst. Hún hefur auk þessa setið ýmis námskeið hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og við Háskólann í Reykjavík.

5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að því virtu sem hér að framan greinir er það mat dómnefndar að *Davíð Þór, Eiríkur og Oddný Mjöll* standi í þessari röð framar öðrum umsækjendum í þessum

þætti hæfnismats, en öll hafa þau lokið doktorsprófi. *Davíð Þór* og *Eiríkur* hafa til viðbótar meistarapróf í framhaldsnámi og öll hafa þau jafnframt stundað frekara akademískt nám, en þar telst með BA-próf *Davíðs Þórs* í sagnfræði með heimspeki sem aukagrein. Næst þeim í þessum þætti og jöfn koma *Björn*, *Helgi*, *Hildur*, *Ingveldur*, *Jóhannes Sig.*, *Kristbjörg*, *Nanna*, *Ragnheiður Harðard.*, *Sandra* og *Þórdís*, en þau hafa öll hlotið viðbótarmeistaragráðu í framhaldsnámi og að auki lagt stund á annað akademískt nám. Þar á eftir kemur *Aðalsteinn* sem til viðbótar hefur lokið meistaraprófi í framhaldsnámi. Á eftir honum koma *Ásmundur* og *Karl Óttar* með BA-próf í sagnfræði og heimspeki og er ekki gert upp á milli þeirra. Næst þeim standa *Arnfríður*, *Bogi*, *Jón Finnbj.*, *Jónas* og *Soffía*, en þau hafa öll lokið viðbótarp prófum, ýmist á sviði lögfræði eða í fögum sem eiga um sumt skylt við lögfræði. Þar á eftir koma *Bryndís*, *Hervör*, *Jón Hösk.*, *Ólafur*, *Ragnheiður Bragad.*, *Vilhjálmur* og *Þorgeir Ingi*, en þau hafa lagt stund á réttindanám og margs kyns akademískt nám hér á landi eða erlendis. Aðrir umsækjendur, fimm talsins, standa framantöldum að baki í þessum þætti hæfnismats, en þau eru *Ástráður*, *Baldvin*, *Guðrún Sesselja*, *Jóhannes Rúnar* og *Sigurður Tómas*.

5.2. *Reynsla af dómstörfum*

Aðalsteinn E. Jónasson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Arnfríður Einarsdóttir starfaði sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík á árabílinu 1986-1992, síðustu árin sem aðalfulltrúi embættisins. Á árunum 1993-1998 var hún dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur en eftir það aðstoðarmaður dómara við dómstólinn þar til hún var ráðin skrifstofustjóri hans 1. mars 1999 - 1. febrúar 2006. Á árunum 1992-2006 var hún allnokkrum sinnum sett héraðsdómari eða samtals í tæp fjögur ár. Hún var skipuð héraðsdómari 1. febrúar 2006 en var í námsleyfi frá störfum árið 2014. Samkvæmt því hefur hún verið fulltrúi og aðstoðarmaður dómara í meira en tíu ár og héraðsdómari í um það bil 14 ár. Frá því síðla árs 2010 hefur hún verið forseti Félagsdóms, en hún telur láta nærri að þar hafi verið dæmd 13 mál á ári að meðaltali á tímabilinu. Þá sat hún sem varadómari í Hæstarétti Íslands í einu máli. Störf hennar hafa tekið til allra málaflokka dómstóla.

Ásmundur Helgason var í um tvö og hálf ár aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands. Hann var skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í maí 2010 og hefur gegnt starfinu í sjö ár. Á þeim tíma hefur hann dæmt í fjölmörgum einkamálum, verið meðdómsmaður í allnokkrum sakamálum og auk þess fengið fjölmörg mál til meðferðar þar sem gerð er krafa um rannsóknar- eða þvingunaraðgerðir af hálfu lögreglu og ákærvalds. Umsækjandinn hefur verið fastur dómari í Félagsdómi frá ársbyrjun 2014. Hann var *ad hoc* dómari í Hæstarétti Íslands í einu máli.

Ástráður Haraldsson hefur tekið sæti sem dómari í Félagsdómi í fimm málum.

Baldvin Hafsteinsson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Björn Þorvaldsson starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness í einn og hálfan mánuð, en hefur ekki aðra reynslu af dómstörfum.

Bogi Hjálmtýsson var fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu 1990-1992 þar sem hann vann meðal annars að dómstörfum. Í nóvember 2013 var hann skipaður héraðsdómari og hefur hann síðan þá starfað við Héraðsdóm Reykjaness og Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann á þannig þriggja og hálfis árs dómara-reynslu að baki auk fulltrúastarfs í tvö ár.

Bryndís Helgadóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Davíð Þór Björgvinsson var dómari við Mannréttindadómstól Evrópu í níu ár og áður settur dómari í tveimur málum þar. Þá var hann aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn í samtals tæplega sjö ár og settur dómari við Hæstarétt Íslands á tímabilinu 15. janúar til 28. febrúar 2017. Hann var settur dómari í einu héraðsdómsmáli og var áður fulltrúi yfirborgardómara í Reykjavík í rúmlega eitt og hálf ár. Þá hefur hann nokkrum sinnum setið í gerðardómi og verið dómkvaddur sem matsmaður í fjölmörgum skaðabótamálum vegna mats á örorku.

Eiríkur Jónsson var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í 11 mánuði 2013. Þá var hann settur sérfróður meðdómsmaður í einu máli hjá sama dómstóli árinu áður. Hann hefur oft verið dómkvaddur sem matsmaður frá 2012, einkum til að meta afleiðingar líkamstjóns í skaðabótamálum.

Guðrún Sesselja Arnardóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Helgi Sigurðsson hefur ekki reynslu af dómstörfum að öðru leyti en því að hann hefur tvívegis verið skipaður meðdómsmaður í Héraðsdómi Reykjavíkur og tvívegis matsmaður í dómsmálum.

Hervör Þorvaldsdóttir starfaði sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík frá 1985 og var sett aðalfulltrúi þar árið 1990. Hún var sett borgardómari í Reykjavík frá 8. apríl 1992 til og með 30. júní sama ár. Á þeim tíma var hún jafnframt skipuð sérstakur dómari til að fara með og dæma aukadómþingsmál Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Hún var skipuð dómari við Héraðsdóm Vesturlands frá 1. júlí 1992. Frá 1. september 1998 var hún skipuð dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og hefur hún starfað þar síðan. Hún hefur dæmt í málum í öllum málaflokkum héraðsdómstólanna og auk þess samið marga rannsóknarúrskurði. Þá hefur hún tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti Íslands í einu máli. Samfelldur starfsaldur hennar sem dómari er rúmlega 25 ár og fulltrúi þar á undan í sjö ár.

Hildur Briem starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Austurlands í rúm þrjú ár, lengst af í 80% starfshlutfalli, þar til hún var sett í embætti héraðsdómara við sama dómstól í september 2011. Í október sama ár var hún skipuð héraðsdómari við dómstólinn og hefur gegnt því starfi síðan. Hún á þannig að baki rúmlega fimm og hálf ár sem dómari og þrjú ár sem aðstoðarmaður dómara. Sem eini dómariinn við Héraðsdóm Austurlands fæst hún við öll mál sem undir dóminn eru borin en munnlega flutt einkamál og sakamál vega þyngst í starfi hennar. Þá hefur hún einnig setið í fjölskipuðum dómi við aðra dómstóla.

Ingveldur Einarsdóttir hefur nú verið settur dómari við Hæstarétt Íslands í fjögur og hálf ár. Áður tók hún í eitt skipti sæti þar sem varadómari. Að teknu tilliti til námsleyfis í hálf ár var hún áður héraðsdómari í tæplega fjórtán og hálf ár þar sem hún fékkst jöfnum höndum við einkamál, sakamál og á seinni árum einnig ágreiningsmál vegna slitameðferðar fjármálafyrirtækja. Þar á undan var hún fulltrúi dómara í sem næst 11 ár. Hún var settur borgarfógeti í fjóra mánuði árið 1991 og dómarafulltrúi hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík í tæplega sjö ár fram til 1. júlí 1992. Eftir það var hún fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur í sem næst fjögur ár.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson sat í gerðardómi í tveimur málum 2007.

Jóhannes Sigurðsson hefur verið gerðardómsmaður í nokkrum málum.

Jón Finnbjörnsson starfaði sem fulltrúi við Borgarfógetaembættið í Reykjavík í samtals um þrjú ár á árabílinu 1983-1990, aðstoðarmaður hæstaréttardómara í tvö og hálf ár á árunum 1987-1993 og fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur í fjögur ár 1993-1997. Þá var hann fjórum sinnum settur héraðsdómari í samtals um fjögur ár áður en hann var skipaður dómari við Héraðsdóm Suðurlands frá 1. mars 1998. Umsækjandinn fluttist til Héraðsdóms Reykjavíkur 1. mars 2001 og hefur starfað þar síðan. Hann hefur verið dómari í samtals 22 ár að teknu tilliti til námsleyfis. Hann hefur á ferli sínum dæmt í bæði einkamálum og sakamálum.

Jón Höskuldsson var skipaður héraðsdómari 15. maí 2010 við Héraðsdóm Reykjaness þar sem hann hefur starfað samfleytt síðan eða í sjö ár. Fyrstu þrjú starfsárin sinnti hann reglulegu dómþingi og úrvinnslu ágreiningsmála á þinginu svo og einkamálum og ágreiningsmálum í tengslum við aðför, opinber skipti, nauðungarsölu o.fl., sem og gæsluvöktum. Frá árinu 2012 hafa honum verið falin sakamál til meðferðar og hefur hlutfall þeirra aukist.

Jónas Jóhannsson var settur fulltrúi við Sakadóm Reykjavíkur í júní 1988 og fimm mánuðum seinna var hann skipaður í sama starf. Í ágúst 1991 var hann settur héraðsdómari við fimm sýslumanns- og bæjarfógetaembætti á Vestfjörðum og gegndi hann þeirri stöðu út júní 1992 þegar hann var settur dómari við nýstofnað embætti Héraðsdóms Vestfjarða. Í desember sama ár hlaut hann skipun í það embætti og í ágúst 1998 fluttist hann til Héraðsdóms Reykjaness. Í febrúar 2006 fluttist hann til Héraðsdóms Reykjavíkur og hafði með höndum meðferð sakamála út ágúst 2008. Frá 1. september á því ári til loka árs 2011 var hann í leyfi frá störfum en fékk þá lausn frá embætti að eigin ósk. Hann á að baki þriggja ára feril sem dómarafulltrúi og 17 ára sem dómari og lengi vel sinnti hann dómstörfum bæði á sviði einkamála og sakamála. Á starfstíma sínum hjá Héraðsdómi Reykjavíkur hafði hann einungis með höndum meðferð sakamála og í upphafi árs 2002 var honum auk annarra starfa falin meðferð allra forsjár- og umgengnismála við Héraðsdóm Reykjaness. Þá beitti hann sér fyrir því að þróa nýjar og framsæknar aðferðir við sáttaumleitunir og úrlausn slíkra mála sem kenndar voru við „Hafnarfjarðarleiðina“. Auk þess hefur hann tvívegis setið í gerðardómi.

Karl Óttar Pétursson starfaði í um eitt og hálf ár sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vestfjarða.

Kristbjörg Stephensen hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Nanna Magnadóttir var aðstoðarmaður héraðsdómara í rúm þrjú ár frá 1998 til ársloka 2001.

Oddný Mjöll Arnardóttir hefur í þrjú ár verið á lista yfir varadómara Íslands við Mannréttindadómstól Evrópu og tekið sæti í einu máli fyrir dóminum.

Ólafur Ólafsson var settur héraðsdómari við sjö sýslumanns- og bæjarfógetaembætti frá febrúar 1990 þar til hann var skipaður dómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra 1. júlí 1992. Hann hefur því starfað sem héraðsdómari í rúm 27 ár og hafa störfin tekið bæði til einkamála og sakamála. Auk þess var hann skipaður varadómari til að taka sæti í einu máli við Hæstarétt Íslands.

Ragnheiður Bragadóttir hóf störf sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík að loknu embættisprófi 1989 og gegndi því starfi í þrjú ár. Frá 1. júlí 1992 starfaði hún í rúm fimm ár sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn starfaði sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara frá 15. ágúst 1997 til 15. janúar 1999, en þá var hún sett til þess að gegna starfi héraðsdómara til 30. júní 2001. Á þeim tíma starfaði hún sem dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Héraðsdóm Vesturlands og Héraðsdóm Austurlands. Hún var skipuð dómari við Héraðsdóm Austurlands frá 15. september 2005 og gegndi því starfi til 1. september 2008, er hún sótti um flutning til Héraðsdóms Reykjaness, og hefur frá þeim tíma starfað sem héraðsdómari við þann dómstól. Hún á þannig að baki rúmlega 14 ár sem dómari og átta ár sem fulltrúi og aðstoðarmaður dómara. Störf hennar hafa tekið til allra réttarsviða.

Ragnheiður Harðardóttir hefur verið dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í rúmlega átta og hálf ár. Hún hefur verið varamaður í Félagsdómi frá nóvember 2013 og hefur tekið sæti í dóminum í átta málum. Þá var hún skipuð varadómari til að taka sæti í Hæstarétti í einu máli.

Sandra Baldvinsdóttir hefur verið dómari við Héraðsdóm Reykjaness frá skipun 15. maí 2008. Þar á undan hafði hún verið settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur þrívægis, þ.e. frá 1. mars 2006 til 31. júlí sama ár, 1. október 2006 til 31.

mars 2007 og 15. apríl 2007 til 15. maí 2008. Hún er þannig með tíu og hálfis árs dómaraeignslu að baki.

Sigurður Tómas Magnússon var fulltrúi yfirborgardómara í Reykjavík í samtals rúm tvö á árunum 1985-1991. Hann var jafnframt aðstoðarmaður hæstaréttardómara í rúm tvö ár. Hann starfaði sem settur borgardómari við embætti yfirborgardómarans í Reykjavík í eitt ár og sem dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í um níu ár, samtals í tíu ár. Þá hefur hann verið settur dómari við Hæstarétt Íslands í fjórum málum, setið í Félagsdómi, tilnefndur af BHM, og tekið sæti í þremur málum. Hann sat í gerðardómi í alls átta málum, þar af sem formaður í sex þeirra. Störf hans hafa tekið til allra réttarsviða.

Soffía Jónsdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson var skipaður dómari við Félagsdóm á árunum 1995-2003 og tilnefndur til setu í nokkrum málum eftir það. Hann getur þess að þar hafi hann átt þátt í að semja og kveða upp á sjötta tug dóma. Umsækjandinn hefur verið dómari í Landsdómi frá 1999 og tók þátt í meðferð eina málsins sem hefur verið höfðað fyrir réttinum, en meðferð þess fór fram á árunum 2011-2012 og tók hartnær eitt ár. Hann hefur verið meðdómsmaður í málum á héraðsdómsstigi og setið í gerðardómi.

Þorgeir Ingi Njálsson var settur héraðsdómari í nærfellt þrjú ár 1989-1992 og var skipaður dómari 1. júlí 1992 við Héraðsdóm Reykjaness. Hann hefur verið alls rúm þrjú ár í leyfi frá starfi héraðsdómara, en samtals hefur hann gegnt því starfi í tæp 25 ár. Auk þess hefur hann níu sinnum tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti Íslands og var settur dómari við sama dómstól frá 1. mars til 15. apríl 2017. Störf hans hafa tekið til allra réttarsviða.

Þórdís Ingadóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

5.2.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hefur meirihluti umsækjenda öðlast nokkra og allt upp í viðamikla dómaraeignslu. Verður fyrst litið til tímalengdar við dómstörf, en einnig fjölbreytni í dómstörfum á öllum réttarsviðum. Einnig er litið til starfa umsækjenda sem fulltrúar eða aðstoðarmenn dómara. Af umsækjendum hefur

Ingveldur sérstöðu vegna starfa sinna í Hæstarétti Íslands í fjögur og hálf ár og langrar dómareynslu að öðru leyti. Telst hún standa frammar öðrum umsækjendum í þessum þætti hæfnismats. Sérstaða fjögurra annarra umsækjenda felst öðru fremur í löngum starfstíma sem dómaraþótt fleira komi einnig til, sbr. að framan. Að því virtu koma næst og jöfn *Hervör, Jón Finnbj., Ólafur* og *Þorgeir Ingi*. Þar á eftir kemur *Arnfríður*, síðan *Davíð Þór* og á eftir honum *Jónas* og *Ragnheiður Bragad.*, en hæfni þeirra tveggja er metin jöfn. Þá koma jöfn *Sandra* og *Sigurður Tómas* og næst þeim *Ragnheiður Harðard.* og *Ásmundur* en þau tvö eru jafnsett. Næst koma jöfn *Hildur* og *Jón Hösk.* en því næst *Vilhjálmur* og þá *Bogi*. Á eftir þeim kemur *Eiríkur*, en reynsla *Nönnu, Karls Óttars, Oddnýjar Mjallar* og *Ástráðs* er minni og verður hæfni þeirra fjögurra metin í þessari röð. Þá koma næst og jafnir *Björn, Helgi, Jóhannes Rúnar* og *Jóhannes Sig.* Aðrir umsækjendur hafa ekki reynslu af dómstörfum en þau eru *Aðalsteinn, Baldvin, Bryndís, Guðrún Sesselja, Kristbjörg, Soffía* og *Þórdís*.

5.3. Reynsla af lögmannsstörfum

Aðalsteinn E. Jónasson hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1993 og Hæstarétti 1998. Hann hóf störf að loknu embættisprófi 1992 á lögmannsstofu Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl. og síðar LEX lögmannsstofu til 1999 þegar árshlé varð á lögmannsstörfum vegna framhaldsnáms. Á tímabilinu frá 2000 til 2011 var hann ýmist í hálfu eða heilu starfi hjá LEX, sem lögmaður í tveimur bönkum og einu fjárfestingarfélagi og Háskólanum í Reykjavík sem lektor í hálfu starfi og síðan dósent í fullu starfi. Verður við það miðað að sá þáttur sem snýr að lögmennsku á þessu tímabili hafi tekið yfir sem næst helming þess. Árið 2010 hóf hann að nýju störf hjá LEX og í fullu starfi eftir starfslok hjá Háskólanum í Reykjavík. Reynsla hans af lögmennsku spannar því tæp 20 ár sem fulltrúi, héraðsdómslögmaður og hæstaréttarlögmaður. Auk þess að flytja mál fyrir dómi hefur umsækjandinn annast almenn ráðgjafarstörf fyrir fyrirtæki, samtök fjármálafyrirtækja, stjórnvöld og stofnanir. Umsækjandinn hefur einkum sérhæft sig í löggjöf fjármagnsmarkaða og starfsemi fjármálafyrirtækja, félagarétti, skaðabóta- og váttryggingarétti, alþjóðlegri verkefnafjármögnun og flutninga- og sjórétti. Þá má nefna að hann hefur veitt ráðgjöf til skilanevnda föllnu bankanna og sveitarfélaga. Hefur hann flutt fjölda munnlegra

og skriflegra mála fyrir Hæstarétti Íslands frá árinu 1999-2016, auk fjölmargra mála fyrir héraðsdómi. Hann hefur litla reynslu af rekstri sakamála.

Arnfríður Einarsdóttir hefur verið veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi en hefur ekki sinnt lögmannsstörfum.

Ásmundur Helgason hefur ekki starfað sem lögmaður, en fékk hdl. réttindi 2009.

Ástráður Haraldsson hlaut hdl. réttindi 1991 og sem hæstaréttarlögmaður 1995. Að loknu embættisprófi 1990 starfaði hann sem fulltrúi á lögmannsstofu Arnmundar Backman hrl. í eitt ár og síðan óslitið frá 1992 sem sjálfstætt starfandi lögmaður, þar af sem hæstaréttarlögmaður frá maí 1995. Frá því ári var hann í fimm ár einnig í hlutastarfi sem lögmaður og forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands. Lögmannsferill umsækjandans sem fulltrúi, héraðsdóms- og hæstaréttarlögmaður spannar því tæpan aldarfjórðung þegar litið hefur verið til hlutastarfa hans sem dósent. Frá 2002 hefur umsækjandinn gegnt stöðu dósentis við lagadeild Háskólans á Bifröst í hlutastarfi. Hann áætlar að frá upphafi til 2008 hafi verið um að ræða sem næst 40% starf, en frá því ári hafi dregið úr því hægt og bítandi og nú láti nærri að um 10% starf sé að ræða. Verður við það miðað að starfið hafi að meðaltali á árabílinu 2002-2017 jafngilt 25-30% starfshlutfalli. Verkefni umsækjandans hafa snert flest svið lögfræðinnar, þó að drýgstum hluta snúið að stjórnsýslu- og vinnurétti. Hann getur þess að reynsla sín af sakamálaréttarfari sé lítil. Á síðari árum hefur hann annast umfangsmikil verkefni er varða skiptingu þrotabúa, eignaumsýslu og sölu eigna.

Baldvin Hafsteinsson fékk lögmannsréttindi fyrir héraðsdómi 1988 og fyrir Hæstarétti 2000. Hann starfaði eftir embættispróf um eitt ár sem fulltrúi á lögmannsstofu Hafsteins Baldvinssonar hrl., um tólf ára skeið sem héraðsdómslögmaður og nærri þrettán ár sem hæstaréttarlögmaður samhliða öðrum störfum. Þau störf lutu einkum að váttryggingarstarfsemi, lögfræðistörfum hjá V.R. í þrjú ár og Félagi íslenskra stórkaupmanna í fjögur ár. Frá 2013 hefur hann starfað hjá Landspítala - háskólasjúkrahúsi í lögfræðideild. Hann sá um ýmis lögfræðileg málefni og uppgjör fyrir Alþjóðlega miðlun ehf. í um fimm ár. Lögmannsferill umsækjandans spannar rúman aldarfjórðung.

Björn Þorvaldsson hefur ekki starfað sem lögmaður. Að loknu laganámi var hann fulltrúi hjá sýslumanninum í Hafnarfirði í fimm ár og fór m.a. með rekstur sakamála fyrir dómi. Hann áætlað að um 80% starfstíma hafi farið í ákærumál en um 20% í yfirumsjón með rannsókn sakamála. Frá 2003 var hann í þrjú ár löglærður fulltrúi hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, þar af staðgengill saksóknara í eitt ár. Hann telur starfstíma hafa skipst að jöfnu milli ákærumála og rannsókna. Umsækjandinn var tvívegis settur saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara á árinu 2007, hálf ár í senn. Hann var staðgengill saksóknara efnahagsbrota í eitt og hálf ár. Umsækjandinn var skipaður saksóknari við embætti ríkissaksóknara í sjö mánuði 2009, en hann var í október það ár skipaður saksóknari við embætti sérstaks saksóknara fram til niðurlagningar embættisins í lok árs 2015, eða í rúm sex ár, lengst af sem staðgengill sérstaks saksóknara. Skiptingu vinnutíma milli starfa við mál á ákærustigi og á rannsóknarstigi telur hann hafa verið nokkuð jafna. Frá 1. janúar 2016 hefur umsækjandinn starfað sem sviðsstjóri ákærusviðs efnahags- og skattalagabrota við embætti héraðssaksóknara, eða í nærfellt eitt og hálf ár. Þar telur hann að um 40% starfstíma síns fari í ákærumedferð mála, en um 60% í rannsóknir og stjórnun. Hann hefur á síðustu árum starfað sem saksóknari í mörgum afar umfangsmiklum efnahagsbrotamálum. Lögmannsferill umsækjandans spannar rúman áratug þegar tekið hefur verið tillit til stjórnsýslustarfa.

Bogi Hjálmtýsson öðlaðist réttindi sem hdl. 1996. Hann hefur ekki starfað sem lögmaður en öðlaðist reynslu af meðferð og flutningi bæði einkamála og sakamála sem fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði um árabíl.

Bryndís Helgadóttir hlaut hdl. réttindi 1992 en hefur ekki starfað á lögmannsstofu. Hún var fulltrúi lögmanns í lögfræðideild Iðnaðarbanka Íslands hf. í þrjú ár og lögmaður í lögfræðideild Íslandsbanka hf. í sjö ár. Viðfangsefni voru flest á sviði skuldaskila og fjármunaréttar og að stórum hluta innheimta og rekstur skuldamála fyrir héraðsdómi en einnig lögfræðileg ráðgjöf innan bankans.

Davíð Þór Björgvinsson starfaði að loknu laganámi á lögmannsstofum í rúmlega eitt ár, annars vegar hjá Ólafi Birgi Árnasyni hrl. og hins vegar hjá Ásgeiri Thoroddsen hrl. Hann flutti tvö prófmál fyrir héraðsdómi. Umsækjandinn getur í

umsókn sinni um lögfræðilega ráðgjöf, ýmsar álitserðir og skýrslur fyrir stjórnvöld, innlend og fjölþjóðleg, sem hann hefur veitt samhliða aðalstörfum sínum.

Eiríkur Jónsson fékk leyfi til að starfa sem héraðsdómslögmaður í maí 2003. Á árunum 2002-2007, að frátöldu því ári sem hann dvaldi við nám erlendis, starfaði hann hjá Landslögum – lögfræðistofu, þar af í fjögur og hálf ár eftir að hdl. prófi var lokið.

Guðrún Sesselja Arnardóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2000 og fyrir Hæstarétti 2009. Að loknu laganámi starfaði hún sem fulltrúi/aðstoðarsaksóknari hjá embætti ríkissaksóknara 1997-2002 og vann m.a. við ákæru og flutti mál fyrir dómstólum. Hún telur láta nærri að 75% starfstímans hafi farið í slík störf en annað teljist til stjórnsýslustarfa. Hún starfaði í þrjú ár sem fulltrúi á Mandat lögmannsstofu og sem sjálfstætt starfandi lögmaður í um tíu ár. Hún hefur frá 2015 starfað sem hæstaréttarlögmaður hjá embætti ríkislögmanns og unnið þar að málflutningi, bæði fyrir héraðsdómi, Hæstarétti Íslands og Félagsdómi. Þá hefur hún annast matsmál og samið fyrir hönd ríkisins vegna krafna um greiðslu skaðabóta fyrir einstaklinga. Frá nóvember 2016 hefur hún hjá embætti ríkislögmanns, ásamt einum samstarfsmanni, tekið yfir meðferð mála sem eru höfðuð gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Starfstími hennar við lögmennsku er tæpir tveir áratugir. Hún hefur rekið fjölda mála fyrir dómstólum, bæði í héraði, fyrir Hæstarétti og Félagsdómi. Hjá ríkislögmanni hefur hún starfað að einkamálum en sem sjálfstætt starfandi lögmaður var hún verjandi og réttargæslumaður í sakamálum og sinni einnig öðrum málaflokkum.

Helgi Sigurðsson hlaut hdl. réttindi 1989, takmörkuð réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 1998 og hrl. réttindi 2000. Frá 1987-1988 starfaði hann sem fulltrúi Arnundar Backman hrl. og sem sjálfstætt starfandi lögmaður 1995-1998. Hann hefur frá 2009 starfað á eigin lögmannsstofu en sem meðeigandi Lagastoðar frá 2011. Hann starfaði sem sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings hf. 1988-1995 og aftur 1998-2002, en ráða má að viðfangsefni þar hafi að verulegu leyti verið stjórnun en einnig lögmannsstörf. Frá þeim tíma til 2008 var hann framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings banka hf. og ritari stjórnar og gegndi sömu störfum hjá Arion banka hf. (Nýja Kaupþingi banka hf.) 2008-2009. Lögmannsferillinn spannar

hátt í þrjú áratugi, þar af rúm 16 ár sem hæstaréttarlögmaður. Á ferlinum starfaði hann í 18 ár hjá þremur fjármálafyrirtækjum. Á starfstíma sínum var hann í námsleyfi í rúmt eitt ár. Störf hans hafa lengst af einkenst af verkefnum tengdum fjármálamarkaði. Þá hefur hann einnig alþjóðlega reynslu af lögmennsku.

Hervör Þorvaldsdóttir starfaði sem fulltrúi á lögmennsstofu í fjóra mánuði að loknu lagaprófi. Henni var veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi í júlí 1988.

Hildur Briem hefur aflað sér réttinda til að starfa sem héraðsdómslögmaður en hefur ekki starfað á lögmennsstofu. Hún starfaði sem löglærður fulltrúi á ákærusviði lögreglustjórans í Reykjavík í rösklega fjögur og hálf ár við rekstur mála fyrir dómi. Hún telur að nærri láti að um 30% starfstíma sínum hafi farið í þann þátt sem sneri að ákærum og málflytningi, en um 70% í stjórnsýslustörf. Hlutfall lögmennsstarfa er rúmlega eitt ár.

Ingveldur Einarsdóttir hefur ekki reynslu af störfum á lögmennsstofu.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hlaut réttindi sem héraðsdómslögmaður 1995 og sem hæstaréttarlögmaður 2002, en 1998 öðlaðist hann leyfi til að flytja eigin mál fyrir Hæstarétti. Að loknu embættisprófi starfaði hann sem fulltrúi ríkissaksóknara í rúmt ár og síðan sem fulltrúi á lögmennsstofu í rúm þrjú ár. Síðan þá hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður fyrir utan 15 mánaða tímabil sem hann starfaði sem innanhússlögmaður hjá Kaupþingi banka hf. Á þeim tæpa aldarfjórðungi sem hann hefur starfað sem lögmaður hefur hann flutt fjölmörg mál fyrir báðum dómstigum. Frá bankahruni í október 2008 hefur stór hluti viðfangsefna hans falist í setu í skilanefnd Kaupþings banka hf. frá því tímamarki til ársloka 2011 og í slitastjórn sama félags frá 2012 til ársloka 2015. Þá hefur hann einnig alþjóðlega reynslu af lögmennsku.

Jóhannes Sigurðsson hlaut réttindi sem héraðsdómslögmaður 1988 og sem hæstaréttarlögmaður 1993. Að loknu laganámi starfaði hann sem fulltrúi á lögmennsstofu í tvö ár. Á árunum 1989-2001 starfaði hann sem lögmaður og meðeigandi á tveimur lögmennsstofum. Hann hefur jafnframt starfað við lögfræðistörf hjá Actavis Group hf. 2004-2005 og Milestone ehf. en þar var hann aðstoðarforstjóri á árunum 2006-2009. Þessum störfum gegndi hann samhliða stöðu prófessors 2004-2006. Frá 2009 hefur hann verið lögmaður hjá Fjeldsted & Blöndal

lögmannsstofu. Hann hefur þannig í tæpan aldarfjórðung starfað sem fulltrúi, héraðsdóms- og hæstaréttarlögmaður þegar litið hefur verið til þess að 2001-2009 var hann fyrst og fremst við önnur störf. Í starfi sínu sem lögmaður hefur hann unnið að fjölbreytilegum verkefnum og réttarsviðum en einkum þó á sviði skaðabótaréttar, váttryggingaréttar, félagaréttar og löggjafar á sviði fjármálaþjónustu. Þá hefur hann einnig annast skiptastjórn í gjaldþrotamálum, greiðslustöðvanir og nauðasamninga.

Jón Finnbjörnsson hefur ekki reynslu af lögmannsstörfum.

Jón Höskuldsson fékk réttindi sem héraðsdómslögmaður 1987 og hæstaréttarlögmaður 2007. Hann starfaði sem héraðsdómslögmaður frá 1998 í um átta ár og sem hæstaréttarlögmaður í um tvö og hálf ár. Sem héraðsdómslögmaður sinnti hann að stærstum hluta málflytningisstörfum fyrir einstaklinga, sveitarfélög og opinberar stofnanir. Þann tíma sem hann sinnti störfum lögmanns rak hann fjölda kærumála fyrir Hæstarétti Íslands auk munnlega fluttra mála síðustu árin. Lögmannsferill hans spannar rétt rúman áratug.

Jónas Jóhannsson öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2000 og sem hæstaréttarlögmaður í janúar 2012. Síðan hefur hann starfað sem hæstaréttarlögmaður. Lögmannsferill umsækjandans spannar tæp sex ár.

Karl Óttar Pétursson hlaut hdl. réttindi 2004 og fyrir Hæstarétti 2011. Hann hefur frá 2008, eða í tæp níu ár, starfað á lögfræðisviði Arion banka hf. Á lögfræðisviði hefur hann stýrt deild sem ber m.a. ábyrgð á öllum dómsmálum bankans, innheimtu, fullnustu, eftirgjöf skulda og endurskipulagningu skulda einstaklinga og fyrirtækja. Hann annaðist allan málarekstur bankans fyrir Hæstarétti til 2015. Í fyrri störfum sínum fyrir Kaupþing banka hf. frá 2004 kom umsækjandinn að flestu er viðkemur sömu viðfangsefnum og að framan greinir. Þá hefur hann komið að því að selja fasteignir, fyrirtæki og aðrar eignir bankans. Þá starfaði hann sem lögmaður í innheimtu hjá Kaupþingi hf. í um þrjú ár og var í tvö ár framkvæmdastjóri dótturfyrirtækis bankans auk þess að vera á sama tíma forstöðumaður og lögmaður í fullnustudeild Kaupþings hf. Lögmannsferill hans spannar 17 ár.

Kristbjörg Stephensen hefur ekki starfað á lögmannsstofu. Hún fékk hdl. réttindi 1998 og málflytningaréttindi fyrir Hæstarétti 2011. Umsækjandinn starfaði

sem lögfræðingur hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga 1993-1995. Frá 1. febrúar 2005 starfaði hún sem skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu stjórnarsýslu- og starfsmannasviðs Reykjavíkurborgar og fór þar með flest verkefni borgarlögmanns, þ.m.t. málflutning, en embætti borgarlögmanns var lagt niður það ár en stofnsett að nýju 2007. Hún hefur frá 1. júlí 2007 eða í tæp tíu ár verið borgarlögmaður. Umsækjandinn hefur því rúmlega 14 ára starfsreynslu sem fulltrúi og lögmaður, þar af tæpan helming þess tímabils sem hæstaréttarlögmaður. Hún hefur flutt munnlega fjölmörg mál fyrir héraðsdómi og Hæstarétti Íslands og eitt fyrir Félagsdómi.

Nanna Magnadóttir fékk leyfi til að starfa sem héraðsdómslögmaður á árinu 2001 en hefur ekki reynslu af störfum á lögmannsstofu að loknu laganámi.

Oddný Mjöll Arnardóttir var fulltrúi á Málflutningsskrifstofu Borgartúni 24 í tæp tvö ár á tímabilinu 1994-1996 og öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1995. Þá var hún sjálfstætt starfandi lögmaður í fjögur ár 2002-2006.

Ólafur Ólafsson hefur ekki reynslu af lögmannsstörfum en starfaði sem fulltrúi sýslumanns og bæjarfógeta í tæp sex ár á árunum 1984-1990.

Ragnheiður Bragadóttir hlaut leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi í maí 1996. Hún var sjálfstætt starfandi lögmaður frá apríl 2002 til september 2005 eða í tæp þrjú og hálf ár.

Ragnheiði Harðardóttur var veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi en hefur ekki starfað á lögmannsstofu. Hún starfaði sem fulltrúi ríkissaksóknara 1990 til 1996, að undanskildu einu ári sem hún var í námsleyfi. Hún var settur saksóknari við embættið síðla árs 1997 og skipuð um mitt ár 1998. Í júlí 2005 var hún skipuð vararíkissaksóknari og gegndi hún því embætti í þrjú ár. Á 16 ára starfstíma hjá ríkissaksóknara flutti hún mikinn fjölda mála fyrir dómstólum, fyrst fyrir Sakadómi Reykjavíkur árið 1991 en eftir það í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sandra Baldvinsdóttir öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi í nóvember 1998. Á þeim tíma og til loka október 1999 starfaði hún fyrir Húseigendafélagið og flutti nokkur mál fyrir dómstólum, aðallega útburðarmál.

Sigurður Tómas Magnússon starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu Sigurmars K. Albertssonar hrl. í rúm tvö ár. Hann fékk réttindi sem héraðsdómslögmaður í júní 1988 og flutti tvö einkamál fyrir dómi áður en hann lagði réttindi sín inn sama haust.

Hann fékk réttindi sem hæstaréttarlögmaður í janúar 2009 en hefur ekki nýtt þau til málflutningsstarfa. Hann hefur þó í nokkrum mæli sinnt lögmannsstörfum samhliða öðrum störfum, svo sem rekstri stjórnssýslumála, ritun lögfræðilegra álitserða og minnisblaða, svo og ráðgjöf af ýmsu tagi, einkum um réttarfarsleg álitserfni. Þá var hann settur ríkissaksóknari í svokölluðum Baugsmálum í október 2005 en meðferð þeirra lauk tæpum þremur árum síðar. Umsækjandinn tók við málinu í því horfi að því hafði að stærstum hluta verið vísað frá héraðsdómi. Hann gaf út nýja ákæru og rak það mál fyrir báðum dómstigum til enda. Var um að ræða viðamesta mál á þessu sviði fyrir dómstólum um árabil. Lögmannsferill umsækjandans svarar til sem næst sex ára.

Soffía Jónsdóttir starfaði í sjö ár sem fulltrúi í lögfræðideild Íslandsbanka hf. að loknu embættisprófi. Hún fékk leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1993 og frá árinu 1994 sinnti hún málflutningi fyrir bankann. Frá byrjun árs 1998 til 2002 starfaði hún hjá tveimur bönkum við margvísleg lögfræðileg verkefni. Frá sumri 2010 hefur hún starfað sem lögmaður hjá embætti ríkislögmanns og sinnir störfum ríkislögmanns í forföllum hans. Hún hlaut leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 2012. Í starfi sínu hjá ríkislögmanni hefur hún flutt fjölda mála fyrir báðum dómstigum, nokkur mál fyrir Félagsdómi og eitt fyrir EFTA-dómstólnum. Þá hefur hún haft til meðferðar og afgreiðslu fjölda bótakrafna gegn íslenska ríkinu. Lögmannsferill umsækjandans telst sem næst 18 ár.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson starfaði í fjögur ár sem löglærður fulltrúi á Lögmannsstofu Garðars Garðarssonar hdl. að loknu embættisprófi 1976. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1979 og fyrir Hæstarétti 1987. Umsækjandinn hefur starfað sem sjálfstæður lögmaður óslitið í tæp 40 ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í 30 ár, að undanskildu rúmlega einu ári við framhaldsnám og meðan hann gegndi starfi borgarlögmanns í sex mánuði. Umsækjandinn getur þess að lögmannsstörf hans hafi að verulega leyti falist í málflutningi fyrir dómstólum. Málafjöldi hans fyrir héraðsdómstólum sé afar mikill og a.m.k. hátt á annað hundrað fyrir Hæstarétti. Í þessum málum hafi iðulega reynt á flestar kjarnagreinar íslenskrar lögfræði.

Þorgeir Ingi Njálsson hefur ekki fengist við lögmannsstörf.

Dórdís Ingadóttir hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi í október 1994. Hún starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofunni Lögmal 1993 til janúar 1995 eða í tæp tvö ár. Þá hefur hún samið fjölda skýrslna og álitsgerða fyrir stjórnvöld á ýmsum sviðum lögfræðinnar.

5.3.1. *Reynsla af lögmannsstörfum – samanburður*

Eins og að framan greinir hefur meirihluti umsækjenda svolitla og allt upp í mjög mikla reynslu af lögmannsstörfum. Við samanburð verður eins og varðandi dómarastörf litið til starfsaldurs, en jafnframt gætt að fjölbreytni í lögmannsstörfum á sem flestum réttarsviðum. Varðandi starfsaldur verður einnig litið til fulltrúastarfa á lögmannsstofum í kjölfar lokaprófs. Þá eru sækjendastörf metin í þessum þætti. Einnig er tekið tillit til þess að sumir umsækjenda sinntu samhliða lögmannsstörfum viðfangsefnum er snúa meðal annars að stjórnsýslu og er sá hluti starfanna metinn í viðeigandi þáttum hæfnismatsins.

Að öllu gættu stendur *Vilhjálmur*, vegna viðamikilla lögmannsstarfa í um 40 ár, öðrum umsækjendum framar í þessum þætti hæfnismats. Næst honum koma *Ástráður*, *Baldvin*, *Guðrún Sesselja*, *Helgi*, *Jóhannes Rúnar* og *Jóhannes Sig.* en hæfni þeirra er metin jöfn. Á eftir þeim kemur *Aðalsteinn* og síðan jafnsett *Karl Óttar*, *Kristbjörg*, *Ragnheiður Harðard.* og *Soffía*. Því næst koma jafnir *Björn* og *Jón Hösk.* og á eftir þeim koma *Bryndís* og *Jónas* og verður ekki gert upp á milli hæfni þeirra. Síðan kemur *Oddný Mjöll* og þar á eftir og jöfn *Eiríkur*, *Ragnheiður Bragad.* og *Sigurður Tómas*. Síðan koma jöfn *Davíð Þór*, *Hervör*, *Hildur*, *Sandra* og *Dórdís*. Aðrir umsækjendur hafa ekki reynslu í þessum þætti hæfnismats en þau eru *Arnfríður*, *Ásmundur*, *Bogi*, *Ingveldur*, *Jón Finnbj.*, *Nanna*, *Ólafur* og *Þorgeir Ingi*.

5.4. *Reynsla af stjórnsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Aðalsteinn E. Jónasson hefur verið varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007 eða í níu og hálfu ári. Varaformaður er einn af fimm föstum aðalmönnum í stjórn. Hefur hann tekið við sem formaður nefndarinnar í forföllum

formanns, en lengsti tími hans sem starfandi formaður var í forföllum þáverandi formanns þegar hann sinnti formennsku rannsóknarnefndar Alþingis vegna bankahrunsins. Hann var formaður úrskurðarnefndar verðbréfamíðstöðva 2009-2013, en nefndin kvað upp þrjá úrskurði á tímabilinu. Frá apríl 2009 til mars 2010 starfaði umsækjandinn fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sem hafði það hlutverk að rannsaka aðdraganda og orsakir falls bankanna haustið 2008. Þá hefur hann í tvígang verið settur formaður nefndar um dómastörf. Hann hefur jafnframt setið í kennsluþróunarráði, námsþróunarráði og rannsóknarráði Háskólans í Reykjavík.

Arnfríður Einarsdóttir starfaði í nokkra mánuði sem lögfræðingur í þinglýsingardeild embættis yfirborgarfélagetans í Reykjavík á árinu 1986. Á árunum 1999-2006 gegndi hún starfi skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur í nærfellt fjögur ár. Umsækjandinn átti sæti í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar á árunum 1998-2010 þar sem hún kom að samningu úrskurða á vegum nefndarinnar. Hún var formaður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna 1997-2010 og hvíldi ábyrgð á stjórnun og skipulagi nefndarinnar á henni, en nefndin lauk meðferð 244 mála á tímabilinu. Á árabílinu 2006-2010 sat hún í dómstólaráði. Hún var formaður stjórnar launasjóðs stórmeistara í skák í þrjú ár og sat sem varamaður í fornleifanefnd í átta ár og tók þátt í að ljúka fjórum málum. Einnig var hún skipaður formaður nefndar um mat á hæfni umsækjenda um embætti héraðssaksóknara og varahéraðssaksóknara í ágúst 2015. Hún var varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál í fjögur ár og kom að úrlausn tíu mála.

Ásmundur Helgason starfaði að loknu laganámi í um sjö ár hjá umboðsmanni Alþingis og í um tvö ár sem lögfræðingur á skrifstofu Alþingis, nær allan tímann sem aðallögfræðingur. Hann hefur sinnt ráðgjöf við undirbúning lagasetningar fyrir ráðuneyti. Umsækjandinn var formaður fornleifanefndar frá 2010 til 1. janúar 2013, en aðeins eitt mál kom til kasta nefndarinnar. Hann var varaformaður kærunefndar barnaverndarmála frá 2013 til ársloka 2015 og tók sæti þar í einu máli. Hann var skipaður um stundarsakir formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála til þess að fjalla um kærnu í einu máli. Hann hefur frá 2014 setið í prófnefnd samkvæmt lögum um lögmenn og á sæti í fagráði dómstólaráðs vegna námskeiða fyrir dómara og aðstoðarmenn þeirra.

Ástráður Haraldsson sat í umferðarnefnd Reykjavíkur 1990-1994, gegndi formennsku rannsóknarnefndar sjóslýsa 1991-1992, sat í kærunefnd húsnæðismála 1999-2003 og í útvarpsréttarnefnd 1999-2004. Hann sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkur 1995-2003 og landskjörstjórn frá 2003. Hann sat í stjórn Háskólans á Bifröst 2006-2012 og í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur 2007.

Baldvin Hafsteinsson hefur frá 2013 verið starfandi í lögfræðideild á skrifstofu forstjóra Landspítala - háskólasjúkrahúss eða í tæp fjögur ár. Hefur þar mest reynt á túlkun heilbrigðislöggjafar og samkeppnisréttar og opinber innkaup. Hann fékk réttindi sem löggiltur fasteignasali 1985.

Björn Þorvaldsson starfaði í fimm ár hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, m.a. við rannsókn sakamála, en hann telur að u.þ.b. fimmtungur starfstíma hafi farið í slík störf. Hann var fulltrúi í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra í þrjú ár en hann telur að um helmingur starfstíma þar hafi farið í stjórnsýslustörf. Í starfi hjá sérstökum saksóknara í rúm sex ár telur hann að helmingur starfstíma síns hafi farið í stjórnsýslustörf, en í núverandi starfi hjá embætti héraðssaksóknara í nær eitt og hálf ár fari um 60% starfstíma hans í rannsóknir og stjórnun. Hann var ritari á nefndasviði Alþingis í rétt tæp tvö ár, þar af sem aðstoðarforstöðumaður sviðsins í fimm mánuði. Þá var hann settur sýslumaður á Hólmavík um fjögurra vikna skeið. Umsækjandinn var annar fulltrúa Íslands í norrænum hópi um vitnavernd á árunum 2005 og 2006 og tók þátt í nefnd viðskiptaráðherra um málefni tengd peningaþvætti á árunum 2006 og 2007. Hann var skipaður 2015 og 2016 í tvo stýrihópa til ráðgjafar við stjórnvöld, annars vegar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hins vegar um eftirfylgni við innleiðingu á samningum gegn mútum og spillingu. Þá var Björn ráðinn af innanríkisráðuneytinu til að svara athugasemdum lögmanna vegna meðferðar máls fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu í febrúar 2017 sem varðar rétt manna að sæta ekki saksókn eða refsingu tvívegis fyrir sama verknað.

Bogi Hjálmtýsson var fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu 1990-1992. Frá 1992-2013 var hann fulltrúi og jafnframt staðgengill sýslumannsins í Hafnarfirði. Þar sinnti hann öllum lögfræðilegum málaflokkum um lengri eða skemmri tíma, þar á meðal annaðist hann alla lögfræðilega innheimtu hjá embættinu. Þá hefur hann í nokkur skipti verið settur sýslumaður í Keflavík og á

Hvolsvelli í einstökum málum. Hann hefur einnig starfað í vinnuhópum á vegum fjármála- og dómsmálaráðuneyta sem fjölluðu um nauðungarsölu og afskrift á gjöldum til ríkissjóðs.

Bryndís Helgadóttir hefur starfað samfleytt frá 2001, eða í um 16 ár, við margs kyns lögfræðistörf í ráðuneyti dómsmála. Fyrstu fimm árin var hún á einkamálaskrifstofu ráðuneytisins, en eftir það til 2009 á lagaskrifstofu þess, sem um skeið nefndist skrifstofa réttarfars og stjórnýslu, en ber nú aftur fyrra nafn frá 2016. Árið 2009 var hún sett og 2011 skipuð skrifstofustjóri þar og hefur því í rúm átta ár stýrt þeirri skrifstofu ráðuneytisins sem fer með málefni dómstóla og réttarfars, undirbúning löggjafar og eftirfylgd gagnvart Alþingi í stórum málaflokkum á verksviði ráðuneytisins og undirbúning stjórnvaldsfyrirmæla. Viðfangsefni ráðuneytisins eru afar fjölbreytileg og er úrlausn fjölmargra kærumála á ýmsum sviðum hluti viðfangsefna lagaskrifstofu. Umsækjandinn er tengiliður ráðuneytisins við réttarfarsnefnd og hefur setið fundi nefndarinnar um nokkurt skeið auk þess að hafa tekið þátt í gerð lagafrumvarpa á sviði réttarfars. Í starfi umsækjandans fylgir að veita ráðherra sérfræðiráðgjöf auk þess að bera ábyrgð á svörum til umboðsmanns Alþingis. Í því felst jafnframt þátttaka í margs kyns fjöl- og alþjóðlegu samstarfi, þar á meðal OECD, Norrænu ráðherranefndinni og Evrópuráðinu. Umsækjandinn hefur í sex ár verið formaður ritstjórnar lagasafns og undir lagaskrifstofu heyrir einnig útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Hún hefur átt sæti í vinnuhópum á vegum Stjórnarráðsins um ýmis málefni. Hún samdi jafnframt greinargerð og flutti f.h. dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins málflutningsræðu í Hæstarétti vegna kæru á kosningu til stjórnlagapings í desember 2010.

Davíð Þór Björgvinsson hefur verið formaður fjögurra nefnda á vegum Stjórnarráðsins og setið í tveimur til viðbótar. Í þeim nefndum þar sem hann gegndi formennsku var það frá rúmlega hálfu ári til tveggja og hálfis árs. Hann hefur jafnframt tekið sæti *ad hoc* í þremur úrskurðarnefndum á stjórnýslustigi. Um er að ræða fjögur mál í áfrýjunarnefnd vörumerkjamála, eitt í kærunefnd jafnréttismála og eitt í kærunefnd vegna sveitarstjórnarkosninga. Þá mun hann um skeið hafa veitt umboðsmanni Alþingis aðstoð við afgreiðslu einstakra mála. Hann er formaður fagráðs lögreglu frá 2014, sat í vísindasiðanefnd í eitt ár, refsiréttarnefnd í þrjú ár og

sem formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í sex ár. Hann var settur ríkissaksóknari til að veita endurupptökunefnd umsögn vegna beiðna um endurupptöku svonefndra Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Eiríkur Jónsson var settur skrifstofustjóri í umhverfisráðuneyti 2008 í þremur málum og samdi úrskurði í þeim. Hann var ritari kærunefndar útboðsmála í þrjú ár og frá 2013 varamaður í nefndinni og hefur tekið þátt í meðferð nokkurra mála. Hann sat í fjölmiðlanefnd í eitt og hálf ár fyrst eftir stofnun hennar. Umsækjandinn getur þess að starfsmenn nefndarinnar hafi útbúið frumdrög að ákvörðunum hennar en hann síðan unnið þær frekar, en þó í mismiklum mæli. Heilt yfir hafi þáttur hans í samningu ákvarðana nefndarinnar verið verulegur. Umsækjandinn sat í áfrýjunarnefnd neytendamála í um fjögur og hálf ár og í úrskurðarnefnd um Viðlagatryggingu Íslands frá nóvember 2010 og hefur samið drög að öllum úrskurðum þessara tveggja nefnda. Hann tók þátt í stjórnarsýslustörfum innan Háskóla Íslands, svo sem í rannsóknarnámsnefnd í um fjögur ár. Hann starfaði fyrir rannsóknarnefnd Alþingis á árinu 2009. Hann var formaður gjafsóknarnefndar í einu máli.

Guðrún Sesselja Arnardóttir kom að málum á sviði stjórnarsýslu í starfi sem löglærður fulltrúi ríkissaksóknara í fimm ár, en hún telur að sem næst fjórðungur starfstíma hafi farið í stjórnarsýslustörf. Umsækjandinn var skipað í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í einu máli 2012. Hún var í yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis 2013-2017 og í skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar frá 2014-2016.

Helgi Sigurðsson getur þess að stór þáttur í starfi hans sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings hf. hafi verið samskipti í ýmsum myndum við opinberar stofnanir, einkum FME, svo sem að svara fyrirspurnum o.m.fl. Slík samskipti hafi einnig verið við Kauphöll, yfirvöld samkeppnis- og skattamála, Persónuvernd o.fl. Hann sat í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki 2002-2008.

Hervör Þorvaldsdóttir var skipuð í prófnefnd samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn frá október 1998 til 2005 og var jafnframt formaður nefndarinnar. Í maí 1998 var hún sett til að gegna embætti sýslumanns á Patreksfirði til að fara með kæru á kosningum til bæjarstjórnar Vesturbyggðar. Hún sat í landskjörstjórn frá maí 2003 til janúar 2011 og gegndi formennsku nefndarinnar frá

janúar 2004 til maí 2007. Hún var skipuð varamaður í dómstólaráði 1998 og aftur 2006. Hún var skipuð aðalmaður í dómstólaráði í apríl 2016 en hafði einnig setið sem aðalmaður í sex mánuði áður í fjarveru formanns þess. Á þeim tíma tók hún sæti formanns ráðsins til að leiða til lykta kæru fyrrverandi starfsmanns dómstólaráðs. Þá hefur hún verið skipuð í gjafsóknarnefnd frá ágúst 2012.

Hildur Briem var fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík þar sem hún starfaði við rannsóknarstörf í rösklega fjögur og hálf t. Hún telur að um 70% starfstíma hafi farið í stjórnsýslustörf. Þá starfaði hún í rúm þrjú ár hjá umboðsmanni Alþingis. Frá byrjun árs 2016 hefur hún setið í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi en nefndin kvað upp einn úrskurð á síðasta ári. Einnig var hún tilnefnd *ad hoc* sem formaður kærunefndar jafnréttismála í einu máli árið 2016.

Ingveldur Einarsdóttir starfaði í sjö mánuði sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis á árunum 1998 til 1999. Hún var formaður barnaverndarráðs Íslands á árunum 1997 til 2002, en þá voru 87 úrskurðir kveðnir upp í ráðinu, og formaður kærunefndar barnaverndarmála frá 2004 til ársloka 2012 þar sem úrskurðir urðu 95 á tímabilinu. Mun það hafa komið í hlut hennar að semja niðurstöður allra úrskurða bæði ráðsins og kærunefndarinnar. Fjöldi árlegra úrskurða í barnaverndarráði á fimm árum var frá 8 til 25, en í kærunefndinni frá 5 til 18 á níu árum. Umfang einstakra mála mun hafa verið afar misjafnt. Frá árinu 2006 sat hún í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema þar til hún óskaði eftir því að vera leyst undan starfanum í apríl 2016. Ennfremur hefur hún tekið sæti *ad hoc* í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í níu málum, þar á meðal sem formaður nefndarinnar í þremur tilvikum, en hún samdi jafnframt úrskurð í þeim málum. Umsækjandinn átti á árunum 2000 til 2009 sæti í nefnd sem annast prófraun fyrir umsækjendur um réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmennt. Hún sat í dómstólaráði árin 2000 til 2006, þar af sem varaformaður 2003 til 2005 og formaður 2005 til 2006.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson var fulltrúi hjá embætti ríkissaksóknara í eitt ár. Hann var varamaður í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála á árunum 1997-2002 og varaformaður nefndarinnar 2002-2005. Umsækjandinn hefur setið í happdrættisnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá 2007 og í stjórn Íslandsspila frá 1998, lengst af sem formaður stjórnar. Hann sat í vinnuhópi ráðuneytisins árið 2010

sem hafði það verkefni að yfirfara löggjöf um meðferð sakamála með það að augnamiði að einfalda og flýta meðferð þeirra.

Jóhannes Sigurðsson starfaði sem sérfræðingur á sviði fjármálaréttar hjá Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel á árunum 2001-2003. Hann var varamaður í nefnd Kauphallar Íslands sem fjallar um yfirtökumálefni.

Jón Finnbjörnsson hefur ekki reynslu af störfum á sviði stjórnsýslu.

Jón Höskuldsson starfaði sem fulltrúi í landbúnaðarráðuneytinu í tæplega eitt ár, en sem deildarstjóri í sama ráðuneyti í um sex ár. Hann var skrifstofustjóri á lögfræði- og eignasviði ráðuneytisins í um sjö ár. Umsækjandinn hefur setið í fjölda nefnda á vegum landbúnaðarráðuneytis og á vegum annarra ráðuneyta samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra, einkum til að semja tillögur að lagafrumvörpum. Þá hefur hann komið að og stýrt samningu fjölda reglugerða á sviði landbúnaðarmála. Umsækjandinn var formaður markanefndar sem er úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. árin 1986 til 1998. Hann hefur frá nóvember 2011 verið varamaður í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi að tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Í nóvember 2013 var hann skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands sem varamaður í yfirmatsnefnd samkvæmt ábúðarlögum.

Jónas Jóhannsson sat í nefnd á vegum dómsmálaráðherra um könnun á veitingu reynslulausna skv. 40.-42. gr. almennra hegningarlaga á árunum 2003-2004 og haustið 2009 vann hann að verkefnum á sviði útlendingamála fyrir dómsmálaráðuneytið.

Karl Óttar Pétursson hefur ekki unnið við stjórnsýslustörf að því er ráðið verður af umsókn hans.

Kristbjörg Stephensen starfaði sem lögfræðingur hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga í tvö ár að loknu framhaldsnámi. Hún hefur rúmlega 20 ára starfsreynslu við stjórnsýslu Reykjavíkurborgar við fjölbreytt viðfangsefni. Hún var skrifstofustjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar 1995-1998. Fulltrúi á skrifstofu borgarstjóra varð hún í byrjun árs 1999 og hefur setið fundi borgarráðs og undirbúningsfundi nær óslitið frá því ári. Umsækjandinn var frá september 2001 skrifstofustjóri borgarstjóra og staðgengill borgarritara. Frá febrúar 2005 var hún

skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu stjórnarsýslu- og starfsmannasviðs. Í því starfi og starfi borgarlögmanns frá 2007 felst lögfræðileg ráðgjöf við borgarstjóra, borgarstjórn og borgarráð og eftir atvikum einnig við einstök fagsvið og stofnanir sveitarfélagsins. Hún var fulltrúi í Hollusturáði 1999-2002 og hefur verið varamaður í endurupptökunefnd frá 2013. Frá því ári hefur hún setið í stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða.

Nanna Magnadóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur 2002 í rúmlega hálfu ári. Þá starfaði hún í eitt ár hjá umboðsmanni Alþingis. Í september 2003 hóf hún störf hjá Evrópuráðinu og starfaði þar til loka árs 2004, þar af í um átta mánuði við störf tengd fullnustu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu. Þá var hún árið 2001 formaður vinnuhóps um heimasíðu fyrir héraðsdómstólana og dómstólaráð. Þá hefur hún stýrt starfi fjölda vinnuhópa á vegum fjölþjóðlegra stofnana. Frá byrjun árs 2014 hefur hún gegnt stöðu forstöðumanns og formanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála en nefndin úrskurðar m.a. í málum þar sem stórfelldir hagsmunir eru í húfi.

Oddný Mjöll Arnardóttir hefur átt sæti í fjölmörgum stjórnarsýslunefndum. Má þar nefna að hún var skipuð *ad hoc* til setu í kærunefnd jafnréttismála í einu máli 2003 og sat í vísindasiðanefnd í þrjú ár 2003-2006. Frá 2007-2009 sat hún í fagráði rannsóknasjóðs á sviði hug- og félagsvísinda. Hún átti sæti í framkvæmdastjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands frá 2007-2012, þar af sem formaður 2010-2012. Hún sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður í sex ár 2007-2013 og árið 2014 sat hún í tveimur þriggja manna kjörnefndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga. Á árinu 2010 sat hún í starfshópi forsætisráðherra um viðbrögð stjórnarsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Hún var varaformaður kærunefndar útlendingamála í eitt ár 2015-2016 og var skipuð formaður álitsnefndar vegna umsókna um skráningu trúfélags eða lífsskoðunarfélags í maí 2015. Þá hefur hún setið í nefndum á vegum tveggja háskóla, svo sem verið ráðsmaður og formaður í rannsóknarráði lagadeildar Háskólans í Reykjavík í tvö ár, formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá október 2013 og formaður fagráðs félagsvísindasviðs Háskóla Íslands frá október 2015.

Ólafur Ólafsson starfaði sem fulltrúi við embætti sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu í um eitt ár 1984-1985. Hann var settur sýslumaður í Austur-Skaftafellssýslu í þrjú mánuði á árinu 1985. Sama haust hóf hann störf við embætti sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri og var skipaður aðalfulltrúi við það embætti 1. september 1987. Sumarið 1988 var umsækjandinn jafnframt fulltrúi setts bæjarfógeta á Ólafsfirði. Hann gegndi þessum störfum til febrúar 1990 en í þeim fór hann m.a. með stjórn rannsóknardeildar lögreglunnar. Í desember 2010 var hann kjörinn aðalmaður í jafnréttisnefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára.

Ragnheiður Bragadóttir var skipuð varamaður í óbyggðanefnd í sjö ár frá 1998 til 2005, en á þeim tíma tók hún sæti í sjö málum. Þá tók hún þátt í vinnu nefndarinnar við samningu almennra niðurstaðna hennar. Frá 2000-2005 var hún skipuð varaformaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og tók sæti sem formaður nefndarinnar við afgreiðslu sjö mála. Hún var skipuð aðalmaður í samkeppnisráði 1. maí 2002 til 1. júlí 2005, en á þeim tíma tók ráðið ákvörðun í 22 málum, sumum viðamiklum, þar sem hæst bar svokallað olíumál.

Ragnheiður Harðardóttir starfaði sem fulltrúi ríkissaksóknara 1990-1996 að undanskildu einu ári er hún var í námsleyfi. Hún var deildarstjóri við lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í eitt ár frá 1996-1997. Hluti af starfi hennar þar fólst í að vera ritari refsiréttarnefndar og þátttaka í störfum sérfræðinefnda á vegum Evrópuráðsins á sviði mannréttinda og vegna málefna flóttafólks. Hún hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum og starfshópum frá árinu 1997. Má þar nefna að hún var formaður nefndar um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur og jafnframt var hún í tveimur nefndum um meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu. Þá var hún formaður vinnuhóps um málefni hælisleitenda árið 1997, formaður nefndar dómsmálaráðherra um DNA-rannsóknir, sat í starfshópi dómsmálaráðherra um löggjöf og reglur varðandi vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna og árin 2001 og 2006 var hún formaður starfshóps ríkissaksóknara til að kanna meðferð nauðgunarmála, rannsókn og saksókn. Jafnframt hefur hún setið í réttarfarsnefnd frá febrúar 2012. Ári fyrr var hún skipuð í hæfnisnefnd innanríkisráðherra vegna undirbúnings skipunar í embætti

ríkissaksóknara. Þá var hún skipuð árið 2011 sem varamaður í nefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um dómaraembætti og sem aðalmaður í sömu nefnd frá ágúst 2016. Þá hefur hún verið varamaður í dómstólaráði frá maí sama ár. Umsækjandinn var í janúar 2015 skipuð formaður nefndar um meðferð kærumála og kvartana á hendur lögreglu.

Sandra Baldvinsdóttir starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. nóvember 1999 til 30. september 2006, fyrir utan tímabil sem hún var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur um 5 mánaða skeið á árinu 2006. Hún starfaði lengst af á dómsmála- og löggæsluviði, en á lagaskrifstofu ráðuneytisins frá september 2005. Í starfi sínu hjá ráðuneytinu sinnti hún margbreytilegum verkefnum, en þar á meðal kvað hún upp fjölda úrskurða, sinnti upplýsingagjöf til stofnana ráðuneytisins og einstaklinga, svaraði fyrirspurnum Alþingis, tók þátt í stefnumótun í ýmsum málaflokkum og undirbjó lagafrumvörp og reglugerðir. Þá stýrði hún og sat í fjölda nefnda á vegum ráðuneytisins og sinnti alþjóðastarfi á vettvangi Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og Norðurlandaráðs. Eftir starfslok í ráðuneytinu hefur hún einnig sinnt stjórnarsýslustörfum. Þannig hefur hún m.a. verið varamaður í kærunefnd útboðsmála frá 2013 og tekið sæti í tíu málum. Hún hefur verið í vinnuhópi innanríkisráðuneytisins um dómstólaáætlun frá 2014, verið varamaður í prófnefnd um réttindi til að verða héraðsdómslögmaður frá 2015 og verið í vinnuhópi dómstólaráðs vegna stefnumótunar héraðsdómstólanna frá 2012.

Sigurður Tómas Magnússon starfaði sem skrifstofustjóri á dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í rúmlega eitt og hálf ár. Þar fór hann með málefni lögreglunnar, Lögregluskóla ríkisins, ákærvaldsins og dómstólanna. Hann var formaður dómstólaráðs í sjö ár 1998-2005 og sat í jafnréttisráði 1997-2000. Umsækjandinn var ráðgjafi sérstaks saksóknara frá stofnun embættisins frá 1. febrúar 2009 þar til það var lagt niður 31. desember 2015. Þá hefur hann átt sæti í fjölda ýmiss konar stjórnarsýslunefnda, en meðal þeirra eru kærunefnd jafnréttismála, nefnd skv. 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, verið varamaður í endurupptökunefnd þar sem hann hefur tekið sæti í nýu málum, þar með talið svonefndum Guðmundar- og Geirfinnsmálum, og fjölda nefnda sem skipaðar hafa verið til að undirbúa lagasetningu á sviði lögreglumála,

ákærvalds, dómstólaskipunar og réttarfars og jafnframt til þess að hrinda slíkri lagasetningu í framkvæmd. Þá hefur hann frá miðju ári 2013 verið formaður stýrihóps á vegum innanríkisráðuneytisins sem fékk það verkefni að móta réttaröryggisáætlun sem taki til lögreglu, ákærvalds, dómstóla og fullnustuyfirvalda. Hann var skipaður formaður réttarfarsnefndar frá og með 1. mars 2017. Hann hefur setið í námsþróunarráði lagadeildar Háskólans í Reykjavík frá 2004, átt sæti í nokkrum matsnefndum innan skólans og setið í námsráði háskólans í þrjú ár.

Soffía Jónsdóttir vann sérverkefni við eftirlit og kynningu laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu fyrir Samkeppnisstofnun 2003-2004. Á árunum 2005-2006 var hún ritari kærunefndar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Í forföllum ríkislögmans sinnir hún störfum hans.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar og yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgardæmis, síðar Reykjavíkurborgardæmis norður, frá 1987-2005. Umsækjandinn var borgarlögmaður í sex mánuði 2003-2004. Hann var varamaður í úrskurðarnefnd í váttryggingamálum 1987-2007 og telur láta nærri að hann hafi tekið sæti í 12-15 málum á ári þau tuttugu ár sem hann var varamaður í nefndinni. Hann var skipaður aðalmaður í útvarpsréttarnefnd 2008-2011 og aðalmaður í fjölmiðlanefnd frá 2011, en fjölmiðlanefnd hefur birt alls 25 ákvarðanir og þrjú álit á því tímabili sem um ræðir. Þá hefur hann verið skipaður aðalmaður í kjararáði frá 2010. Umsækjandinn getur þess að hann hafi tekið þátt í mörgum úrskurðum beggja síðastnefndra stjórnvalda, en hann hafi ekki samið frumdrög úrskurða kjararáðs og að starfsmaður fjölmiðlanefndar semji jafnan frumdrög að úrskurðum hennar.

Þorgeir Ingi Njálsson var fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki í tvö ár 1985-1987 og fulltrúi bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu um tveggja og hálfis árs skeið á árabílinu 1987-1990. Hann var settur sýslumaður í Strandasýslu í tæpa tvo mánuði á árunum 1988 og aftur 1989. Þá átti hann sæti í félagsmálaráði og íþróttá- og tómstundaráði Selfoskaupstaðar 1990-1992, en undir það fyrrnefnda heyrðu m.a. barnaverndarmál.

Umsækjandinn starfaði hjá umboðsmanni Alþingis í tæpt ár 1997-1998 og að nýju í rétt ár 2000-2001, þar sem hann fékkst við afgreiðslu mála, sem umboðsmaður fékk til meðferðar í formi kvartana. Í síðara skiptið var hann að auki skrifstofustjóri embættisins. Á árunum 1999-2014 var hann skipaður til að vera umboðsmaður Alþingis í 11 málum. Auk þess var hann settur til að gegna embætti umboðsmanns Alþingis við hlið kjörins umboðsmanns frá 15. febrúar til 1. júlí 2014. Á árabílinu 1996-2004 sat hann í bótanefnd samkvæmt lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Hann var í endurskoðendaráði á árunum 1998-2000 og á árunum 2010-2011 sat hann í rannsóknarnefnd sem kirkjuþing þjóðkirkjunnar skipaði til að rannsaka viðbrögð og starfshætti kirkjunnar vegna ásakana á hendur fyrrverandi biskupi um kynferðisbrot. Hann hefur verið varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál frá júní 2007 og tekið sæti í henni í 13 málum. Jafnframt var hann varamaður í gjafsóknarnefnd 2012-2015 og hefur tekið sæti í um 40 málum. Þá sat hann í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í fjórum málum, þar af gegndi hann formennsku í þremur þeirra. Þá hefur hann átt sæti í dómstólaráði frá byrjun árs 2013, en hafði tekið þar sæti sem varamaður rúmlega ári áður í forföllum aðalmanns. Gegndi hann starfi formanns ráðsins fyrstu sex mánuði ársins 2013. Auk þess hefur hann setið í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands síðastliðin þrjú ár.

Þórdís Ingadóttir starfaði í eitt ár 2004 á lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hún hefur setið í dómstólaráði frá 2009 og endurupptökunefnd frá 2013 og hefur hún ásamt öðrum nefndarmönnum úrskurðað í um 60 málum. Hún hefur setið í valnefnd Bankasýslu ríkisins frá 2016. Þá hefur umsækjandinn setið í ýmsum öðrum nefndum og starfshópum sem varða stjórnarsýslu, svo sem starfshópi við eftirfylgni við innleiðingu á samningum gegn spillingu og mútum frá 2015 og var nýlega skipuð í starfshóp um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotþola er að ræða. Þá sat hún í þrjú ár sem fulltrúi stjórnvalda í sérfræðinganefnd Evrópuráðsins um hryðjuverk. Umsækjandinn sat í bankaráði Landsbankans hf. 2010-2014 og endurskoðunar- og áhættunefnd bankans á sama tíma, þar af sem formaður í tvö ár. Hún hefur setið í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands frá 2012. Umsækjandinn hefur sinnt verkefnum við innri stjórn Háskólans í Reykjavík, svo sem með setu og

formennsku í rannsóknarráði og námspróunarráði lagadeildar. Hún sat í staðarvalsnefnd skólans um nýjar starfsstöðvar, matsnefnd um ráðningu nýrra starfsmanna og matsnefnd um framgang starfsmanna.

5.4.1. *Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa langflestir umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Innbyrðis eru þau afar ólík. Í mörgum tilvikum eru viðfangsefni sem falla undir stjórnarsýslustörf unnin sem aukastörf samhliða aðalstarfi, svo sem seta í úrskurðarnefndum, en þá verður m.a. litið til þess hvort slík störf nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 um störf dómnefndar. Verður eins og endranær litið til þessara starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma. Hvað varðar aðalstörf er sérstaklega litið til vægis þeirra í hlutfalli við starfsaldur.

Að þessu gættu er það mat dómnefndar að tveir umsækjendur standi fremst og jafnar hvað varðar þennan matsþátt en það eru *Bryndís* og *Kristbjörg*. Á eftir þeim koma jafnir *Ásmundur* og *Bogi* og á eftir þeim *Jón Hösk*. Þar á eftir koma *Aðalsteinn*, *David Þór*, *Ingveldur*, *Nanna*, *Sigurður Tómas* og *Þorgeir Ingi* og er ekki gert upp á milli þeirra innbyrðis. Í kjölfarið koma jöfn *Arnfríður*, *Eiríkur*, *Ragnheiður Harðard.*, *Sandra* og *Vilhjálmur*. Á eftir þeim kemur *Þórdís*. Næst henni og jafnsett koma *Ástráður*, *Baldvin*, *Jóhannes Rúnar* og *Oddný Mjöll*. Á eftir þeim og jöfn koma *Björn*, *Hervör* og *Ragnheiður Bragad.* Á hæla þeim koma *Guðrún Sesselja*, *Helgi*, *Hildur*, *Jóhannes Sig.*, *Ólafur* og *Soffía*. Þá kemur *Jónas* sem hefur litla reynslu á þessu sviði. Aðrir umsækjendur hafa ekki reynslu af stjórnarsýslustörfum en það eru *Jón Finnbj.* og *Karl Óttar*.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Aðalsteinn E. Jónasson var 2002-2006 lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík í 50% starfi frá miðju ári 2002 til ársloka 2006 en í fullu starfi í fimm mánuði 2007. Frá ársbyrjun 2008 til miðs árs 2011 var hann dósent í fullu starfi. Í störfum sínum fyrir lagadeild Háskólans í Reykjavík hefur umsækjandinn fyrst og

fremst annast kennslu í samninga-, skaðabóta- og kröfurétti annars vegar og hins vegar verðbréfamarkaðsrétti. Rannsóknir hans á sviði lögfræði hafa fyrst og fremst beinst að síðastnefndu fræðasviði. Þá hefur hann haft umsjón með bæði BA-ritgerðum og meistararitgerðum auk þess sem hann hefur reglulega verið prófdómari á þessu tímabili. Áður en umsækjandinn hóf störf hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík var hann stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2001-2002 auk þess að hafa umsjón með lokaritgerðum. Hann annaðist kennslu á námskeiðum Lögmannafélags Íslands og á námskeiði fyrir verðbréfamiðlara 2000-2003. Kennsluferill umsækjandans spannar þannig níu ár og þar af fjögur í fullu starfi.

Arnfríður Einarsdóttir hefur ekki annast kennslu á háskólastigi eða fengist við önnur akademísk störf.

Ásmundur Helgason var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í fjögur ár á árabílinu 2002-2010 og kenndi starfsmannarétt og stjórnarsýslurétt á mótí öðrum kennara. Hann var einnig stundakennari við félagsvísindadeild sama skóla 2004-2009 og kenndi þar stjórnarsýslurétt og mannauðsstjórnun. Hann hefur verið prófdómari í stjórnarsýslurétti og opinberum starfsmannarétti við lagadeild Háskóla Íslands og hjá Háskólanum á Bifröst. Kennsluferill umsækjandans spannar því allt að sex árum sem stundakennari.

Ástráður Haraldsson hefur verið í hlutastarfi dósents við Háskólann á Bifröst 2002-2017 en að meðaltali hefur verið um að ræða 25-30% starf. Við skólann hefur hann fyrst og fremst kennt vinnurétt, stjórnarsýslurétt og starfsmannarétt. Hin síðari ár hefur hann kennt fullnusturéttarfar. Árin 2002-2006 kenndi umsækjandinn á námskeiði Lögmannafélags Íslands til öflunar málflutningsréttinda og var prófdómari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000-2004 auk þess að vera stundakennari í vinnurétti við sama skóla á þessu tímabili. Kennsluferill hans spannar því um 17 ár í hlutastarfi en hann starfaði jafnframt sem hæstaréttarlögmaður á sama tíma.

Baldvin Hafsteinsson var 1994-2000 stundakennari við viðskiptadeild Háskóla Íslands í féлага- og fjármunarétti. Auk þess kenndi hann eina önn inngang að

lögfræði á 1. ári fyrir viðskiptafræðinema. Kennsluferill umsækjandans spannar því sex ár sem stundakennari.

Björn Þorvaldsson hefur verið stundakennari og prófdómari við Háskólann í Reykjavík frá 2010 og hefur ásamt öðrum haft umsjón með og kennt á námskeiði um auðgunar- og efnahagsbrot. Hann var gestakennari og prófdómari í refsirétti við Háskólann á Bifröst 2010-2013. Hann hefur verið leiðbeinandi við skrif meistaraprófsritgerða í lögfræði við Háskólann á Akureyri 2008, við Háskólann í Reykjavík 2010 og Háskólann á Bifröst 2011 og prófdómari vegna meistararitgerða í Háskólanum í Reykjavík 2011. Kennsluferill umsækjandans spannar því sjö ár sem stundakennari.

Bogi Hjálmtýsson hefur ekki kennt á háskólastigi eða fengist við önnur akademísk störf.

Bryndís Helgadóttir hefur ekki fengist við kennslu í lögfræði á háskólastigi.

Davíð Þór Björgvinsson var dósent við lagadeild Háskóla Íslands í tæplega fimm ár og prófessor við sama skóla í sjö ár, þar af í leyfi frá störfum í tæplega fjögur ár. Þá var hann prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík í rúmlega níu ár, þar af í fullu starfi í rúmlega eitt ár en 25% starfshlutfalli í sem næst átta ár. Kennsla hans 1993-1996 sýnist hafa verið óveruleg. Frá byrjun árs 2014 var hann prófessor í fullu starfi við rannsóknarstofnun sem tengist lagadeild Kaupmannahafnarháskóla og jafnframt prófessor við lagadeild Háskóla Íslands í 50% starfshlutfalli. Hann starfaði við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla til loka árs 2016 en gegnir nú stöðu prófessors við Háskóla Íslands í 49% starfi. Hann kenndi við Háskólann á Akureyri og starfaði sem gestakennari við Háskólann í Flórens í þrjá mánuði. Kennslugreinar hans hafa verið á mörgum sviðum lögfræðinnar. Umsækjandinn hefur einnig verið leiðbeinandi við ritun fjölda kandidateis- og meistararitgerða og fimm doktorsritgerða. Kennsluferill hans spannar hátt í þrjá áratugi, lengst af sem prófessor, en þó hefur hann ekki verið í fullu starfi nema hluta tímabilsins.

Eiríkur Jónsson sinnti stundakennslu við Háskóla Íslands 2006-2007 og var ráðinn aðjúnkt vorið 2007 og lektor í fullu starfi frá hausti sama ár. Hann hlaut framgang í starf dósents frá nóvember 2009 og í starf prófessors frá 1. júlí 2014. Kennsluferill hans spannar tíu ár í fullu starfi, þar af sem prófessor í þrjú ár.

Guðrún Sesselja Arnardóttir hefur verið gestakennari og síðan stundakennari frá 2003 við lagadeild Háskólans á Bifröst. Frá 2014 hefur hún gegnt stöðu aðjúnkts við sama skóla. Auk þessa var hún stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík í fimm ár. Hefur kennslan verið á sviði sakamálaréttarfars og refsiréttar. Af og til frá árinu 2012 annaðist umsækjandinn kennslu á námskeiðum Lögmannafélags Íslands til öflunar málflutningsréttinda. Hún hefur verið gestafyrirlesari á námskeiði fyrir dómtúlka við Háskóla Íslands frá 2009. Kennsluferill umsækjandans spannar fjórtán ár sem stundakennari og aðjúnkt í hlutastarfi.

Helgi Sigurðsson var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1994-2011 en umfang kennslunnar var mjög mismunandi. Þá hefur hann verið gestafyrirlesari við sama skóla frá 2014 í opinberu markaðseftirliti. Hann hefur verið leiðbeinandi við ritun þriggja meistararitgerða. Umsækjandinn hefur að auki haldið fyrirlestur 2014 og 2015, einn hvort ár, við lagadeild Háskóla Íslands um sama efni. Kennsluferill hans sem stundakennari spannar því um 17 ár.

Hervör Þorvaldsdóttir var stundakennari í réttarfari við Háskólann í Reykjavík 2009 og 2010. Á sama tíma var hún jafnframt prófdómari í tveimur meistararitgerðum á sviði réttarfars. Þá hefur hún frá vori 2007 verið prófdómari í tveimur greinum á námskeiði fyrir þá sem vilja öðlast málflutningsréttindi.

Hildur Briem sinnti stundakennslu í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið.

Ingveldur Einarsdóttir var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands í sjö mánuði 1998. Hún sá um gerð raunhæfra verkefna við deildina 1994-1995 og annaðist kennslu í erfðarétti við hana 1999-2000. Hún hefur um árabíl verið prófdómari í réttarfari við sömu deild. Jafnframt hefur hún verið leiðbeinandi við gerð BA-ritgerðar við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1996-2008 þar sem hann kenndi sakamálaréttarfars og á námskeiði um hlutverk dómara og lögmanna. Árið 2005 var hann prófdómari í höfundarétti við sömu lagadeild. Þá hefur hann verið stundakennari og síðar aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2003 þar sem hann hefur kennt félagarétt. Auk þess hefur hann verið leiðbeinandi yfir 30 nemenda við samningu lokaritgerða. Hann var

stundakennari við lagadeild Háskólans á Bifröst 2005, kenndi á námskeiðum Opna háskólans hjá Háskólanum í Reykjavík 2011-2013 og hefur kennt á námskeiði til öflunar málflytningsréttinda frá 2000. Auk þess hefur hann verið leiðbeinandi á ýmsum námskeiðum Lögmannafélags Íslands frá 2005. Kennsluferill umsækjandans spannar rúma tvo áratugi, lengst af sem aðjúnkt.

Jóhannes Sigurðsson var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1987-2001 ásamt því að vera umsjónarmaður fjölmargra ritgerðarnema og prófdómari á sama tímabili. Á árinu 2004 hóf hann störf sem prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Því starfi gegndi hann til loka árs 2006 en sinnti kennslu fram á vor 2007. Meginkennslugreinar hans voru verðbréfamarkaðsréttur og Evrópulöggjöf á sviði fjármálaþjónustu, en hann kenndi einnig skaðabótarétt á námskeiðum fyrir löggildingu fasteignasala og félagarétt fyrir löggildingu verðbréfamiðlara. Kennsluferill umsækjandans spannar tæp 17 ár, lengst af sem stundakennari en einnig sem prófessor í tvö ár.

Jón Finnbjörnsson var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 1987-1994 að einu ári undanskildu þar sem hann kenndi sjórétt, váttryggingarétt og réttarfar. Á árinu 2004 skipulagði hann námskeið og kenndi sjóréttarhlutann í faginu alþjóðlegur flutninga- og sjóréttur við sömu deild. Hann annaðist einnig raunhæf verkefni nokkrum sinnum. Hann hefur kennt á þremur námskeiðum um sjórétt hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1996 og 1997 og var jafnframt kennari í sjórétti við Stýrimannaskólann í Reykjavík frá 1985-1998 með litlum hléum. Þá hefur hann kennt á nokkrum námskeiðum prófnefndar löggiltra fasteigna- og skipasala frá árinu 1987. Kennsluferill umsækjandans spannar um átta ár á háskólastigi og að auki 11 ár við réttindanáms.

Jón Höskuldsson hefur ekki kennt á háskólastigi, en kennt á námskeiði til löggildingar fasteigna- og skipasala.

Jónas Jóhannsson var stundakennari við Háskólann í Reykjavík 2005-2006 og kenndi þar alþjóðlegan einkamálarétt á meistarastigi. Hann var jafnframt prófdómari í sömu grein 2008. Vorið 2016 sinnti hann gestakennslu við sálfræðideild Háskóla Íslands og hefur hann flutt fyrirlestra á sviði barnaréttar og alþjóðlegs fjölskylduréttar við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands.

Karl Óttar Pétursson kenndi réttarfar í Opna háskólanum í Reykjavík á námskeiði til löggildingar verðbréfamiðlunar 2010-2012.

Kristbjörg Stephensen hefur ekki kennt á háskólastigi eða sinnt öðrum akademískum störfum en verið leiðbeinandi á fjölmörgum námskeiðum um stjórnsýslu- og upplýsingalög fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Nanna Magnadóttir hefur ekki fengist við kennslu á háskólastigi eða fengist við önnur akademísk störf.

Oddný Mjöll Arnardóttir var aðjúnkt í 80% starfi við lagadeild Háskólans á Bifröst 1999-2000. Þá var hún stundakennari við Háskólann í Reykjavík í hálfu starfi en síðan fullu 2005-2006. Hún var ráðin prófessor við Háskólann í Reykjavík 2006-2012, fyrstu sex mánuðina í hálfu starfi en síðan í fullu starfi. Frá 2012 hefur hún verið prófessor við lagadeild Háskóla Íslands en haustönnuna 2014 var hún gestaprófessor við Kaupmannahafnarháskóla. Aðalkennslugrein umsækjandans hefur verið mannréttindi, en hún hefur einnig kennt ýmsar aðrar greinar á sviði einkamála. Umsækjandinn hefur verið leiðbeinandi við ritun fjölda kandidateits- og meistararitgerða auk þess að hafa verið andmælandi við fimm doktorsvarnir. Hún hefur því um 11 ára starfsreynslu sem prófessor við lagadeildir íslenskra háskóla auk þess að hafa kennt í verulegu starfshlutfalli í fjögur ár til viðbótar.

Ólafur Ólafsson hefur ekki starfað við kennslu á háskólastigi en var skipaður prófdómari vegna lokaverkefna í lögfræði við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri 2006. Auk þess hefur hann margoft verið prófdómari í opinberu réttarfari og umsjónarmaður með starfsnámi meistaránema í lögfræði hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra um margra ára skeið.

Ragnheiður Bragadóttir annaðist stundakennslu í lögfræði við viðskiptadeild Háskóla Íslands og í samningarétti við lagadeild sama skóla 1997 og 1998.

Ragnheiður Harðardóttir var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1990-2005 eða í 15 ár. Hún var jafnframt leiðbeinandi nokkurra nemenda við ritun kandidateits- og meistaraprófsritgerða. Þá var hún prófdómari 2017.

Sandra Baldvinsdóttir hefur ekki reynslu af kennslu á háskólastigi en hún kenndi á námskeiði til löggildingar fasteignasala 1999.

Sigurður Tómas Magnússon hefur frá hausti 2005 kennt í fullu starfi sem sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík en frá 2010 verið prófessor við sama skóla, einkum á sviði einkamála- og sakamálaréttarfars. Aðalkennslugreinar hans að öðru leyti hafa verið fullnusturéttarfar, auðgunar- og efnahagsbrot, munnlegur málf lutningur o.fl. Hann sinnti jafnframt stundakennslu í viðskiptarétti við Tækniháskóla Íslands 1986-2005, í kröfurétti, eignarétti og réttarfari við lagadeild Háskóla Íslands 1991-1996 og réttarfari við lagadeild Háskólans í Reykjavík á haustönn 2003. Þá annaðist umsækjandinn kennslu í fjármunarétti á námskeiðum til öflunar réttinda sem verðbréfamíðlari í sex ár og í samningarétti og réttarfari á löggildingarnámskeiðum fyrir fasteigna- og skipasala í fjögur ár. Hann hefur kennt einkamálaréttarfar á námskeiðum til öflunar málf lutningsréttinda síðustu tíu árin, verið prófdómari í skriflegum og munnlegum prófum í talsverðum mæli, þar á meðal við lagadeild Háskóla Íslands, og haft umsjón með ritun fjölda BA- og meistararitgerða. Kennsluferill umsækjandans spannar því 19 ár sem stundakennari og 12 ár í fullu starfi, þar af sem prófessor í sjö ár.

Soffía Jónsdóttir hefur ekki reynslu af kennslu á háskólastigi eða öðrum akademískum störfum.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson sinnti stundakennslu í einkamálaréttarfari við lagadeild Háskóla Íslands 1990-1996.

Þorgeir Ingi Njálsson kenndi stjórnskipunarrétt við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2006-2013 og er aðjúnkt við deildina frá 2007. Umsækjandinn hefur einnig haldið nokkra fyrirlestra um sakamálaréttarfar, ritun dóma og úrskurða og stjórnvaldsákvarðana við sama skóla. Árin 1993-1999 var hann prófdómari í almennri lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Þá sat hann í dómnefnd sem mat hæfi dósents til að hljóta framgang í starf prófessors. Kennsluferill hans spannar sjö ár sem stundakennari.

Þórdís Ingadóttir var aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands 2004 og hefur verið dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2005. Þar hefur hún m.a. kennt þjóðarétt, alþjóðleg áhrif á íslenskan rétt, alþjóðaviðskipti, um alþjóðadómstóla og mannréttindi. Auk þess hefur hún verið leiðbeinandi í BA- og meistararitgerðum, prófdómari o.fl. Hún var gestakennari við Háskólann í Thessaloníki 2001,

Lagaháskólann í Salzburg 2008, Háskólann í Helsinki 2014 og Ludwig-Maximilians-háskólann í München 2016. Hún starfaði í fimm ár við rannsóknir á alþjóðadómstólum hjá rannsóknarstofnuninni Center on International Cooperation við New York háskóla. Kennsluferill umsækjandans spannar 13 ár í fullu starfi.

5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Pegar horft er til alls þess sem að framan hefur verið rakið er það niðurstaða dómnefndar að *Davíð Þór, Oddný Mjöll og Sigurður Tómas* hafi sérstöðu meðal umsækjenda að því er varðar reynslu af kennslu í lögfræði á háskólastigi en öll eru prófessorar og hafa verið um árabíl. Ekki er ástæða til að gera upp á milli þeirra innbyrðis. Þar á eftir og í þessari röð koma *Þórdís, Eiríkur og Jóhannes Sig.* Á hæla þeim koma jafnsettir *Aðalsteinn, Ástráður og Jóhannes Rúnar.* Því næst kemur *Guðrún Sesselja* og eftir henni jöfn *Helgi og Ragnheiður Harðard.* Á eftir þeim koma jafnir *Jón Finnbj. og Þorgeir Ingi.* Næst koma *Ásmundur, Baldvin, Björn, Hildur og Vilhjálmur* og eru ekki efni til að gera upp á milli þeirra. Þar á eftir koma *Hervör, Ingoeldur, Jónas, Karl Óttar og Ragnheiður Bragad.* og eru þau jafnsett. Á eftir þeim koma *Jón Hösk., Kristbjörg, Ólafur og Sandra* en reynsla þeirra er lítil á þessu sviði. Aðrir umsækjendur hafa ekki reynslu af kennslu á háskólastigi eða öðrum störfum sem hér falla undir en þeir eru *Arnfríður, Bogi, Bryndís, Nanna og Soffía.*

5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Aðalsteinn E. Jónasson hefur ritað bókina „Viðskipti með fjármálagerninga“, sem var gefin út 2009 og er byggð að hluta til á áður birtum fræðigreinum. Þá hefur hann nýlega lokið ritun verksins „Markaðssvik“, sem verður væntanlega gefin út í maí 2017. Hluti bókarinnar er endurskoðun á fyrri bók en að meirihluta nýtt efni. Auk þess getur umsækjandinn um þrjá bókarkafla um lögfræðileg efni, sem hafa verið birtir í íslenskum og erlendum ritum. Fræðiskrif umsækjandans eru einkum á sviði fjármunaréttar, fjármálamarkaða, verðbréfiðskipta og tengdra greina. Umsækjandinn hefur ritað tíu ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni og eina óritrýnda. Hann er í ritrýninefnd Tímarits Lögréttu frá 2009 og ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2007.

Arnfríður Einarsdóttir tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði.

Ásmundur Helgason hefur ritað nokkra kafla í bókina „Stjórnarráð Íslands 1964-2004“. Þá var umsækjandinn höfundur eins kafla í bráðabirgðaútgáfu að kennsluriti í Opinberum starfamannarétti. Hann hefur ritað þrjár greinar um lögfræði sem birst hafa í lögfræðiritum og safnritum í lögfræði, þar af eina ritrýnda, sem og eina grein um lögfræðilegt efni í sértímariti um stjórnsýslu og stjórnsmál. Umsækjandinn hefur ennfremur annast ritrýni ýmissa fræðirita og greina á sviði lögfræði.

Ástráður Haraldsson hefur ritað þrjár tímaritsgreinar um lögfræðileg málefni. Þá getur hann um tólf erindi og framsögur af sama toga.

Baldvin Hafsteinsson hefur ekki í umsókn sinni tilgreint útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði.

Björn Þorvaldsson hefur ritað eina grein í Lögmannablaðið.

Bogi Hjálmtýsson tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði.

Bryndís Helgadóttir tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði.

Davíð Þór Björgvinsson hefur samið fjórar lögfræðibækur sem allar hafa verið nýttar til kennslu á háskólastigi, en það eru „Barnaréttur“, „EES-réttur og landsréttur“, „Lögskýringar“ og „The Intersection of International Law and Domestic Law: A Theoretical and Practical Analysis“. Sú síðastnefnda byggist á doktorsritgerð hans. Í umsókn getur umsækjandinn um 52 bókarkafli og greinar eftir hann sem flestar hafa birst í lögfræðitímaritum og afmælisritum. Af þeim eru 27 ritrýndar og í tveimur tilvikum er getið um meðhöfunda. Lögfræðiskrif hans eru einkum á sviði sifjaréttar, Evrópuréttar, almennrar lögfræði, stjórnskipunarréttar og þar á meðal mannréttinda, þjóðaréttar og réttarheimspeki. Þá hefur umsækjandinn samið kennsluefni til afnota á námskeiðum í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Hann hefur ennfremur verið ritstjóri eða setið í ritnefnd sex afmælisrita eða annarra rita. Þá hefur hann haldið fjölda fyrirlestra um lögfræðileg málefni við

hin ýmsu tilefni hér á landi og erlendis og tekið þátt í fjölmörgum fræðafundum og ráðstefnum.

Eiríkur Jónsson hefur ritað bókina „Mannréttindi lögaðila“ sem fjallar um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, einkum 71. og 73. grein, og er hún byggð á doktorsritgerð hans. Þá hefur hann ritað fjórar bækur ritrýndar ásamt öðrum. Tvær þeirra „Bótaréttur I“ og „Bótaréttur II“ byggjast á bók eftir Viðar Má Matthíasson og eru ritaðar ásamt honum. Eiríkur er meðhöfundur ásamt Ásu Ólafsdóttur að þeirri þriðju, „Neytendaréttur“. Þá er hann meðhöfundur að fjórðu bókinni, „Opinbert markaðseftirlit“, ásamt Kristínu Benediktsdóttur og Friðriki Ársælssyni. Auk þess hefur umsækjandinn ritað tvo bókarkafla á ensku ásamt einum meðhöfundi. Umsækjandinn hefur ritað 18 ritrýndar greinar, en ein þeirra er rituð með einum meðhöfundi, og tvær óritrýndar fræðigreinar. Lögfræðiskrif umsækjandans eru einkum á sviði stjórnskipunarréttar og þar á meðal mannréttinda, stjórnarfarsréttar, en einnig samningaréttar, skaðabótaréttar, váttryggingaréttar, fjölmiðlaréttar, neytendaréttar og viðskipta- og markaðsréttar. Hann hefur flutt fjölda fræðilegra fyrirlestra á fundum, ráðstefnum og í háskólum og einnig á erlendum vettvangi. Hann hefur ennfremur gegnt ritstjórnarstörfum.

Guðrún Sesselja Arnardóttir tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði en hún hefur flutt fjölda fyrirlestra um lögfræðileg efni á ýmsum vettvangi.

Helgi Sigurðsson hefur ritað eina ritrýnda grein í lögfræðitímarit og tvær óritrýndar sem birtust í Lögmannablaðinu. Hann var ritstjóri afmælisrits.

Hervör Þorvaldsdóttir tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði. Hún hefur flutt fjóra fyrirlestra um lögfræðileg efni við ýmis tækifæri.

Hildur Briem tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði. Hún hefur haldið þrjú erindi um lögfræðileg efni við ýmis tækifæri.

Ingveldur Einarsdóttir er höfundur tveggja greina sem báðar hafa birst í tímariti á sviði lögfræði. Hún hefur haldið þrjá fyrirlestra um lögfræðileg efni hérlendis og erlendis.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson getur um sex greinar á sviði lögfræði, en þar af birtust þrjár í Lögmannablaðinu og þrjár í lögfræðitímaritum. Hann hefur flutt 13 fyrirlestra um lögfræðileg efni hér á landi og erlendis.

Jóhannes Sigurðsson hefur skrifað tvær bækur á sviði lögfræði, „Dómar í verðbréfamarkaðsrétti 1980 til 2005“ og „Verðbréfamarkaðsréttur“ en hin síðarnefnda er skrifuð í samvinnu við annan höfund. Þá hefur hann jafnframt skrifað sjö greinar í tímarit og afmælisrit en þar af eru þrjár ritrýndar og í einu tilfelli er getið um meðhöfund.

Jón Finnbjörnsson hefur samið námsefni í sjórétti fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík og fimm greinar á sviði lögfræði. Þá hefur hann haldið átta erindi um lögfræðileg málefni á vegum ýmissa félaga og stofnana.

Jón Höskuldsson tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði.

Jónas Jóhannsson hefur skrifað fjórar greinar á sviði lögfræði. Hann hefur haldið fjóra fyrirlestra um lögfræðileg efni hérlendis og erlendis.

Karl Óttar Pétursson tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði.

Kristbjörg Stephensen tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði.

Nanna Magnadóttir hefur birt eina ritrýnda grein í lögfræðitímariti sem byggð var á meistararitgerð hennar í framhaldsnámi. Hún hefur haldið fjóra fyrirlestra um lögfræðileg efni hérlendis og erlendis.

Oddný Mjöll Arnardóttir ritaði bókina „Equality and Non-Discrimination under the European Convention on Human Rights“ sem hún byggði á doktorsritgerð sinni og gefin var út 2003. Bókin er ritrýnd. Hún hefur ritað 15 ritrýnda bókarkafla en þrjár þeirra eru ritaðir að jöfnu með einum meðhöfundum. Þar að auki hefur hún ritað 11 ritrýndar tímaritsgreinar og eina ritrýnda grein í ráðstefnuriti. Þá bíða birtingar tveir ritrýndir bókarkaflar og þrjár tímaritsgreinar en annar bókarkafllanna er ritaður að jöfnu með fjórum meðhöfundum. Auk þess bíða birtingar þrjár ritrýndar tímaritsgreinar. Umsækjandinn er einnig höfundur tveggja tímaritsgreina, en önnur þeirra var rituð að jöfnu með fjórum meðhöfundum, einn bókarkafli, bókardóm og

tvær greinar í ráðstefnuritum, en efnið er allt óritrýnt. Ritverk umsækjandans eru að meirihluta á ensku og birt í erlendum fræðiritum. Þau eru einkum á sviði mannréttinda en koma einnig inn á svið þjóðaréttar, stjórnskipunarréttar, Evrópuréttar, réttarheimspeki, heilbrigðis- og vinnuréttar. Umsækjandinn hefur ennfremur setið í ritstjórn og ritnefndum. Þá hefur hún haldið fjölda fyrirlestra um lögfræðileg málefni við hin ýmsu tilefni og tekið þátt í fjölmörgum fræðafundum og ráðstefnum.

Ólafur Ólafsson tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði.

Ragnheiður Bragadóttir tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði.

Ragnheiður Harðardóttir hefur ritað tvær fræðigreinar á sviði lögfræði og sinnt ritstjórnarstarfi. Hún hefur haldið sex fyrirlestra hjá ýmsum félögum og stofnunum.

Sandra Baldvinsdóttir hefur ritað eina fræðigrein á sviði lögfræði sem birtist í tímariti og fastar greinar í dagblaði um þriggja ára skeið um réttarstöðu húseigenda. Umsækjandinn hefur haldið sex fyrirlestra um lögfræðilegt efni hjá ýmsum félögum og stofnunum.

Sigurður Tómas Magnússon ritaði bókina „Ákvörðun refsinga – Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga 1951-2000“ þar sem umsækjandinn var höfundur að öðru efni en fjórða kafla. Hann hefur jafnframt skrifað 13 fræðigreinar, sem flestar hafa birst í innlendum og erlendum lögfræðiritum, en þar af eru fimm ritrýndar. Umsækjandinn hefur ennfremur sinnt ritrýnnisstörfum. Þá hefur hann haldið fjölda fyrirlestra um lögfræðileg málefni við hin ýmsu tilefni og tekið þátt í fjölmörgum fræðafundum og ráðstefnum.

Soffía Jónsdóttir tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hefur skrifað þrjár fræðigreinar á sviði skaðabótaréttar, þar af eina ritrýnda, sem birst hafa í tímaritum og ein í afmælisriti.

Þorgeir Ingi Njálsson er höfundur fjögurra greina sem birtust í lögfræðitímariti en tvær þeirra eru ritrýndar. Hann hefur enn fremur haldið fræðilega fyrirlestra á opinberum vettvangi.

Þórdís Ingadóttir hefur ritað sjö bókarkafla, þar af eru sex ritrýndir, og einn ritaður ásamt meðhöfundi. Þá bíða birtingar tveir ritrýndir bókarkafllar eftir hana. Umsækjandinn er meðhöfundur einnar óritrýndrar greinar í ráðstefnuriti ásamt tveimur öðrum. Þá hefur hún ritað tíu ritrýndar tímaritsgreinar. Ritverk hennar eru að meirihluta á ensku og birt í erlendum fræðiritum. Þá hefur hluti þessara verka birst í bókinni „The International Criminal Court: Recommendations on Policy and Practice: Financing, Victims, Judges, and Immunities“. Umsækjandinn hefur einnig skrifað fjórar skýrslur fyrir gagnagrunna á sviði lögfræði. Hún hefur enn fremur sinnt ritrýni- og ritstjórnarstörfum, svo sem í ritstjórn Nordic Journal of International Law frá árinu 2006. Þá hefur hún haldið fjölda fyrirlestra um lögfræðileg málefni við hin ýmsu tilefni og tekið þátt í fjölmörgum fræðafundum og ráðstefnum. Þá hefur hún setið í ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2008.

5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli ólíkra ritverka sem eru bækur, bókarkafllar, greinar, ýmist ritrýnt efni eða ekki. Þar kemur til mats fjöldi, umfang og fjölbreytni, auk þess sem horft er til þess hvort umsækjandi hefur ritað efnið einn eða í samvinnu við fleiri. Þá er loks horft til erinda og fyrirlestra sem margir umsækjendur hafa flutt, en fjöldi þeirra er mismikill, sem og ritrýni- og ritstjórnarstarfa.

Þegar allt framangreint er virt er það niðurstaða dómnefndar að *Davíð Þór* standi fremstur umsækjenda í þessum hluta hæfnismats. Ritstörf hans eru umfangsmikil og hafa verkin ótvírætt fræðilegt gildi en þau eru á ýmsum sviðum lögfræði. Næst honum standa *Eiríkur*, *Oddný Mjöll* og *Þórdís* sem einnig hafa verið afkastamiklir höfundar fræðirita og fræðigreina á sviði lögfræði. Öll hafa þau flutt fjölda fyrirlestra. Ekki er ástæða til að gera upp á milli þeirra. Þar á eftir koma í þessari röð *Aðalsteinn*, *Jóhannes Sig.*, *Sigurður Tómas*, *Ásmundur* og *Jóhannes Rúnar*. Næstir og jafnir eru *Jón Finnbj.*, *Jónas* og *Þorgeir Ingi*. Á eftir þeim koma jafnsettir

Helgi og *Vilhjálmur* en í kjölfarið *Ástráður*, *Ingveldur*, *Nanna*, *Ragnheiður Harðard.* og *Sandra* og er ekki gert upp á milli þeirra. Næst á eftir þeim koma *Björn*, *Guðrún Sesselja*, *Hervör* og *Hildur* sem teljast jafnsett. Aðrir umsækjendur tilgreina ekki störf af þessum toga en þeir eru *Arnfríður*, *Baldvin*, *Bogi*, *Bryndís*, *Jón Hösk.*, *Karl Óttar*, *Kristbjörg*, *Ólafur*, *Ragnheiður Bragad.* og *Soffía*.

5.6. *Reynsla af stjórnun*

Aðalsteinn E. Jónasson er stjórnarformaður Eignarhaldsfélagsins 1912 ehf., Nathans & Olsens hf., Ekrunnar ehf. og 1912 ehf. („1912 samstæðunnar“). Frá nóvember 2016 hefur hann verið einn stjórnarmanna í Fossum mörkuðum hf., sem er verðbréfafyrirtæki, og sat í stjórn LEX lögmannsstofu 2011-2015. Hann var forstöðumaður Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík 2007-2011 en hafði verið formaður stjórnar 2003-2007. Samhliða kennslu og rannsóknum við Háskólann í Reykjavík starfaði hann sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. frá október 2006 til ársloka 2007. Árið 2004 var hann ráðinn sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Straumi-Burðarás hf. og gegndi því starfi samhliða störfum lektors hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík til september 2006. Frá 2000 var umsækjandinn framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Íslandsbanka-FBA hf. og gegndi því starfi til loka árs 2002. Hefur hann haft mannaforráð sem yfirmaður lögfræðideilda bankanna auk þess að vera meðlimur í framkvæmdastjórn. Þá hefur *Aðalsteinn* verið varaformaður stjórnar Persónuverndar frá 2007. Umsækjandinn var formaður nefndar um dómaraströf *ad hoc* í tveimur málum 2009 og formaður úrskurðarnefndar verðbréfamíðstöðva 2009-2013.

Arnfríður Einarsdóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur samtals í nærfellt fjögur ár á árunum 1999-2006. Frá því síðla árs 2010 hefur hún verið forseti Félagsdóms. Hún var formaður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna tímabilið 1997-2010 og var skipuð formaður nefndar um mat á hæfni umsækjenda um embætti héraðssaksóknara og varahéraðssaksóknara í apríl 2015. Hún sat í stjórn Prestssetrasjóðs í tæp fimm ár og hefur setið í stjórn Hins íslenska bibliúfélags frá árinu 1993, m.a. sem varaforseti félagsins. Þá var hún formaður stjórnar launasjóðs stórmeistara í skák um nokkurra ára skeið.

Ásmundur Helgason var um hálfis árs skeið við afleysingu sem skrifstofustjóri umboðsmanns Alþingis. Þá var hann um skeið aðallögfræðingur Alþingis. Starfinu fylgdi að vera ritari landskjörstjórnar.

Ástráður Haraldsson hefur staðið að rekstri lögmannsstofu í rúm 24 ár. Þá fylgdu störfum hans fyrir Alþýðusamband Íslands einnig stjórnunarverkefni. Umsækjandinn getur í umsókn um störf sem skiptastjóri í mjög stórum þrotabúum, t.d. Mikligarður hf., Nýsir hf., Saga-Capital hf. og Landic Property hf. Í einhverjum tilvikum tóku skipti jafnvel mörg ár. Hann var formaður landskjörstjórnar 2009-2011 og yfirkjörstjórnar Reykjavíkur 2006.

Baldvin Hafsteinsson getur um reynslu af stjórnun í tengslum við félögin Alþjóðleg miðlun ehf. og Tjónamat og Skoðun ehf. sem hann rak í samstarfi við aðra vegna miðlunar váttrygginga á Íslandi. Hann var í bankaráði Alþýðubankans hf., síðar Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankinn hf. 1983-1984 og í stjórn verðbréfafyrirtækisins Glitnis hf. og varastjórn Íslandsbanka hf. 1990-1992. Hann var forstöðumaður tveggja fasteignasala í fjögur ár. Hann var formaður golfklúbba Oddfellowa og Golfklúbbs Odds í samtals fimm ár.

Björn Þorvaldsson var fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði í fimm ár og stýrði lögreglurannsóknnum í sakamáli og hið sama átti við síðar í starfi hans sem fulltrúi hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Umsækjandinn var aðstoðarforstöðumaður nefndasviðs Alþingis í um fimm mánuði. Hann var staðgengill sérstaks saksóknara frá byrjun árs 2010 til ársloka 2015 og frá janúar 2016 hefur hann verið sviðsstjóri ákærusviðs efnahags- og skattalagabrota við embætti héraðssaksóknara.

Bogi Hjálmtýsson var í rúmlega tvo áratugi staðgengill og aðalfulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði auk þess sem hann stýrði lögfræðilegri innheimtu hjá embættinu í fjögur ár. Þá var hann í nokkur skipti settur sýslumaður annars staðar.

Bryndís Helgadóttir hefur verið settur og síðan skipaður skrifstofustjóri lagaskrifstofu í dómsmálaráðuneyti í sem næst átta ár. Þá var hún staðgengill ráðuneytisstjóra um tveggja ára skeið. Hún var staðgengill forstöðumanns lögfræðideildar í Lækjargötuútbúi Íslandsbanka hf. í þrjú ár og áður þjónustustjóri og staðgengill útibússtjóra sama banka í eitt ár. Þá var hún formaður

happdrættisráðs Happdrættis Háskóla Íslands frá 2006-2013 og hefur verið formaður ritstjórnar lagasafnsins frá 2011.

Davíð Þór Björgvinsson var varaforseti 4. deildar Mannréttindadómstóls Evrópu 2011 til 2013 og hlutverk hans sem framsögumanns í mörgum málum mun hafa falið í sér stjórnunarþátt. Um fimmtungur viðfangsefna hans hjá EFTA-dómstólnum verður talinn til stjórnunarstarfa. Umsækjandinn var framkvæmdastjóri Menningarsjóðs útvarpsstöðva 1988 til 1992, formaður mannanafnanefndar 1997-1999 og formaður fagráðs lögreglu frá 2014. Þá var hann formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í sex ár og mun hafa gegnt öðrum stjórnunarstörfum innan íslenskra háskóla.

Eiríkur Jónsson var formaður í áfrýjunarnefnd neytendamála 2009-2013, fjölmiðlanefnd 2011-2013, úrskurðarnefnd um Viðlagatryggingu Íslands frá 2010 og í rannsóknarnámsnefnd lagadeildar Háskóla Íslands 2012-2016. Hann er í stefnumótunarhópi sama skóla frá 2016 og varadeildarforseti lagadeildar skólans frá 2016. Umsækjandinn var í stjórn bókaútgáfunnar Codex 2006-2009 og eitt ár í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna og Félagsstofnunar stúdenta.

Guðrún Sesselja Arnardóttir hefur setið í stjórn ENZA (íslensk/suður-afrísk hjálparsamtök) frá stofnun haustið 2008 og sat í stjórn Félags kvenna í lögmennsku 2012-2014.

Helgi Sigurðsson var um árabíl framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings hf. og síðar Kaupþings banka hf. Hann stýrði þess á milli öðrum sviðum þessara fjármálafyrirtækja og loks lögfræðisviði Arion banka hf. Þar fór hann með stjórnun og mannaforráð, m.a. á lögfræðingum og innheimtufulltrúum. Hann rak lögmennsstofu ásamt öðrum 1995-1998 og frá 2011 sem einn af eigendum Lagastoðar ehf. Umsækjandinn hefur á tímabilinu 2000-2009 setið í stjórn 11 nafngreindra félaga, ýmist sem formaður stjórnar, stjórnarmaður eða varamaður í stjórn.

Hervör Þorvaldsdóttir starfaði sem aðalfulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík í um eitt og hálf ár. Þá gegndi hún störfum dómstjóra við Héraðsdóm Vesturlands 1992-1998. Haustið 2012 var hún kosin varadómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur og hefur verið starfandi dómstjóri réttarins frá desember 2016. Þá gegndi hún formennsku í prófnefnd til öflunar málflytningarréttinda fyrir Hæstarétti

frá 1998-2005 og formennsku í landskjörstjórn frá janúar 2004 til maí 2007. Þá var hún í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu 1987-1988 og stjórn Dómarafélags Íslands 1997-2005. Jafnframt sat hún í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 2011-2014 og var varaformaður þess síðasta árið.

Hildur Briem hefur verið dómstjóri Héraðsdóms Austurlands síðan í október 2011. Þá stýrði hún lögreglurannsóknnum í starfi sínu sem fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík. Hún var formaður kærunefndar jafnréttismála í einu tilviki.

Ingveldur Einarsdóttir gegndi á árabílinu 2001-2003 stöðu dómstjóra Héraðsdóms Suðurlands samtals í tæpt ár. Hún var formaður barnaverndarráðs á árunum 1997 til 2002 og formaður kærunefndar barnaverndarmála frá árinu 2004-2012. Þá var hún formaður dómstólaráðs 2005-2006 og formaður Dómarafélags Íslands 2009 til 2011.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hefur rekið lögmannsstofu í Reykjavík frá árinu 1997, ýmist einn eða í samstarfi við aðra, að undanskildum 15 mánuðum sem hann starfaði hjá Kaupþingi banka hf. Þá sat hann í skilanefnd Kaupþings banka hf. frá 2008 til 2011, í slitastjórn bankans frá 2012 til ársloka 2015 og í bráðabirgðastjórn Kaupþings ehf. til mars 2016. Þá var hann kjörinn til setu í stjórn Kaupþings ehf. og sat þar til nóvember 2016. Hann sat einnig um tíma í stjórn Arion banka hf. (áður Nýja Kaupþings hf.), þ.e. frá hausti 2009 til vors 2010, og eftir það í varastjórn bankans. Hann sat sömuleiðis í stjórn ýmissa dótturfélaga Kaupþings á meðan á slitum félagsins stóð, þ.m.t. félaga í Bretlandi. Jafnframt sat hann í stjórn Kaupþing Holdings (Isle of Man) Ltd. frá árinu 2010 til 2016. Hann hefur setið í stjórn Íslandsspila frá 1998, lengst af sem formaður stjórnar. Hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands á árunum 2014-2016 og þar áður sem varamaður í stjórn. Umsækjandinn sat í stjórn Rauða krossins á Íslandi 1996-2004, þar af sem varaformaður 2002-2004.

Jóhannes Sigurðsson situr í stjórn Arctic Green Energy China ehf., í eftirlitsstjórn Sinopec Green Energy Geothermal Development Co. Ltd., Kína og sem varastjórnarmaður Landsnets hf. Umsækjandinn var aðstoðarforstjóri hjá Milestone ehf. 2006-2009. Hann getur þess að hann hafi gegnt stjórnarstörfum í fjölmörgum fyrirtækjum bæði á Íslandi og erlendis. Á árunum 1989-2001 rak hann eigin

lögmannsstofu, ásamt einum öðrum fyrstu tvö árin og síðan í tíu ár sem meðeigandi hjá Logos lögmannsstofu. Frá árinu 2009 hefur hann verið einn af eigendum Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofu.

Jón Finnbjörnsson var settur skrifstofustjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur fyrstu fimm mánuði ársins 1996. Hann var meðstjórnandi og síðar gjaldkeri í stjórn Lögfræðingafélags Íslands frá 1985-1988 og formaður Hins íslenska sjóréttarfélags frá 1989-2012.

Jón Höskuldsson hefur setið sem formaður í nefndum á vegum landbúnaðarráðuneytisins, svo sem markanefnd. Sem skrifstofustjóri á lögfræði- og eignasviði í landbúnaðarráðuneytinu annaðist hann úthlutun verkefna til starfsmanna á því sviði og hafði eftirlit með störfum þeirra. Þá sinnti hann um tíma starfsmannamálum ráðuneytisins, þ.e. þeirra starfsmanna sem ekki höfðu háskólamenntun. Þá var hann kosinn formaður dómstólaráðs í mars 2016. Hann er varamaður í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi og í yfirmatsnefnd samkvæmt ábúðarlögum. Umsækjandinn hefur lengi setið í stjórn knattspyrnudeildar Vals og situr nú í aðalstjórn félagsins sem formaður knattspyrnudeildar þess.

Jónas Jóhannsson gegndi störfum dómstjóra Héraðsdóms Vestfjarða í rúm sex ár frá 1. júlí 1992 til 31. júlí 1998. Auk þess var hann forseti Íslendingafélagsins í Belgíu árin 2010-2015.

Karl Óttar Pétursson hefur í störfum sínum sem lögmaður og forstöðumaður hjá Kaupþingi banka hf. og síðar Arion banka hf. öðlast reynslu af stjórnun. Hann var framkvæmdastjóri Viðja ehf. í tvö ár, sem var dótturfélag Kaupþings banka ehf. Hann var forstöðumaður fullnustudeildar Kaupþings hf. í um tvö ár sem samanstóð af blönduðum hópi 20 sérfræðinga. Frá árinu 2008 hefur hann stýrt deild á lögfræðisviði Arion banka hf.

Kristbjörg Stephensen hefur allt frá 1995 gegnt aðalstörfum sem fylgt hafa stjórnunarlegir þættir af ýmsum toga og staðgengilsstörf fyrir yfirmenn. Hún er nú einn þriggja staðgengla borgarstjóra. Í umsókn og ferilskrá er getið tíu stjórna, ráða og nefnda sem hún á eða hefur átt sæti í, en meðal þeirra eru Neyðarlínan ohf.,

Austurhöfn-TR ehf. (um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss), Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (nú Brú lífeyrissjóður), SPRON-sjóðurinn ses. o.fl.

Nanna Magnadóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í rúmt hálf tveim árum. Hún var aðstoðarforstöðumaður og síðar forstöðumaður skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó í sem næst þrjú ár. Þá stýrði hún svæðisáætlun UNIFEM í Serbíu í rúmlega eitt og hálf tveim árum. Hún var um skeið meðritstjóri tímarits Eystrasaltsráðsins og formaður vinnuhóps um heimasíðu fyrir héraðsdómstólana og dómstólaráð. Þá hefur hún gegnt starfi forstöðumanns og formanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í rúm þrjú ár.

Oddný Mjöll Arnardóttir var framkvæmdastjóri Reykjavíkurakademíunnar í sex mánuði á árinu 2001. Sama ár var hún framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í um þriggja mánaða skeið. Frá 2002-2006 var hún sjálfstætt starfandi lögmaður og meðeigandi að lögmannsstofu síðustu tvö árin. Á sama tíma var hún formaður félags kvenna í lögmennsku. Árin 2010-2012 var hún formaður Mannréttindaskrifstofu Íslands. Frá október 2013 hefur hún verið formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og gegndi störfum formanns kærunefndar útlendingamála í fjarveru hans tímabilið 7.-26. október 2015. Þá hefur hún verið forstöðumaður doktorsnáms við lagadeild Háskóla Íslands í tvö ár og gegnt formennsku í tveimur nefndum innan háskólans, sem og formennsku í fagráði félagsvísindadeildar háskólans.

Ólafur Ólafsson fór m.a. með stjórn rannsóknardeildar lögreglunnar í starfi sínu sem aðalfulltrúi við embætti sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri. Hann hefur verið dómstjóri við Héraðsdóm Norðurlands eystra síðan 1. janúar 2008. Hann sat í stjórn Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi frá stofnun félagsins 1994 til ársins 1998 og meðstjórnandi starfsársins 2014-2015. Hann sat í stjórn Dómarafélags Íslands á árunum 2010-2013 en síðustu tvö árin gegndi hann starfi varaformanns. Auk þess hefur hann tekið þátt í félagsstörfum í heimabyggð og þá jafnan setið í stjórn um tíma. Má þar m.a. nefna Ungmennafélagið Sindra á Hornafirði, Knattspyrnufélag Akureyrar, Lions, Safnaðarnefnd Akureyrarkirkju og Sögufélag Eyfirðinga.

Ragnheiður Bragadóttir starfaði sem dómstjóri við Héraðsdóm Austurlands 2005-2008. Þá rak hún eigin lögmannsstofu 2002-2004 og með öðrum 2004-2004. Þá var hún varaformaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í fimm ár og tók sæti sem formaður nefndarinnar við afgreiðslu fjölmargra mála á þeim tíma. Umsækjandinn var aðalmaður í samkeppnisráði í rúm þrjú ár en á þeim tíma tók ráðið ákvörðun í fjölda viðamikilla mála. Umsækjandinn hefur setið í stjórn Lögmannafélags Íslands 2003-2005, þar af sem varaformaður í eitt ár, stjórn Dómarafélags Íslands 2009-2013 og stjórn Fossbergs ehf. 2001-2005.

Ragnheiður Harðardóttir gegndi starfi vararíkissaksóknara í rúmlega þrjú ár 2005-2008. Í því starfi kom hún að stjórnun embættisins og var staðgengill ríkissaksóknara. Hún hefur gegnt formennsku í fjórum nefndum og einum starfshópi á vegum dómsmálaráðherra og innanríkisráðherra. Þá var hún tvívegis formaður starfshóps ríkissaksóknara til að kanna meðferð nauðgunarmála, rannsókn og saksókn árin 2001 og 2006.

Sandra Baldvinsdóttir gegndi formennsku í átta nefndum og starfshópum meðan hún starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1999-2006. Auk þess hefur hún verið í stjórn Dómarafélags Íslands frá árinu 2013. Einnig skal nefnt að hún var formaður siðanefndar Hundaræktarfélags Íslands 1999, varaformaður umferðarráðs 2002-2004, sat sem varamaður í stjórn Húseigendafélagsins 2000-2006 og var varamaður í Happpdrættisráði SÍBS 2000-2004 og aðalmaður 2004-2006. Þá var hún formaður skíðadeildar Breiðabliks 2008-2010.

Sigurður Tómas Magnússon starfaði sem skrifstofustjóri á dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í eitt og hálf ár 1995-1996. Hann gegndi jafnframt stöðu skrifstofustjóra við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. júní 1992 til 31. desember 1993. Umsækjandinn var formaður dómstólaráðs í sjö ár 1998-2005, kærunefndar jafnréttismála í þrjú ár og námsþróunarráðs lagadeildar Háskólans í Reykjavík í fimm ár. Frá miðju ári 2013 hefur umsækjandinn verið formaður stýrihóps um að móta réttaröryggisáætlun sem taki til lögreglu, ákærvalds, dómstóla og fullnustuyfirvalda. Frá 1. mars 2017 hefur hann verið formaður réttarfarsnefndar.

Soffía Jónsdóttir stjórnaði deild sem sá um innheimtu vanskilakrafna í Fjárfestingabanka atvinnulífsins (FBA) hf. frá 1998-2000. Þá var hún forstöðumaður fjárfestaviðskipta í Íslandsbanka-FBA hf. árið 2001. Í forföllum ríkislögmanns sinnir hún starfi hans.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hefur staðið að rekstri lögmannsstofu með öðrum lögmonnum frá 1980. Hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 1985-1987 og stjórn Íslandsbanka hf. 2008-2010, þar af var hann stjórnarformaður frá febrúar 2009 til janúar 2010. Á árunum 2010-2013 var hann stjórnarformaður Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., Kadeco. Umsækjandinn var borgarlögmaður í sex mánuði 2003-2004. Þá hefur hann setið í stjórn Félags um váttryggingarétt frá stofnun félagsins árið 2001.

Dorgeir Ingi Njálsson hefur verið dómstjóri við Héraðsdóm Reykjaness frá árinu 2008, að einu ári undanskildu, eða í alls átta ár. Hann gegndi starfi skrifstofustjóra við embætti umboðsmanns Alþingis um eins árs skeið tímabilið 2000-2001. Hann formaður endurskoðendaráðs árin 1998-2000 og formaður bótanefndar samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota 2000-2004. Þá gegndi hann starfi formanns dómstólaráðs fyrstu sex mánuði ársins 2013 og sat í stjórn HSÍ um tíma.

Þórdís Ingaðóttir hefur innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík tekið að sér stjórnunarstörf, svo sem farið með formennsku í námsþróunarráði deildarinnar og rannsóknarráði. Frá árinu 2008 hefur hún verið einn af framkvæmdarstjórum Project on International Courts and Tribunals sem er alþjóðlegt rannsóknarverkefni um alþjóðadómstóla. Á árunum 2008-2012 var hún stjórnandi DOMAC-rannsóknarverkefnisins, sem var samstarfsverkefni fimm háskóla í fjórum löndum. Í fjögur ár sat hún í bankaráði Landsbankans hf. og var formaður endurskoðunar- og áhættunefndar bankans í eitt ár. Auk þess gegndi hún formennsku í nefnd innanríkisráðuneytisins um innleiðingu Sáttmála um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð. Þá hefur hún setið í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands og Landssamtökunum Proskahjálp og gegnt formennsku í Félagi áhugafólks um Downs-heilkenni. Hún var jafnframt framkvæmdastjóri Bókaútgáfu Orators og í útgáfuráði.

5.6.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti er um að ræða samanburð á reynslu umsækjenda af viðfangsefnum af margvíslegum toga. Þar reynir á að vega saman tímalengd, vægi viðfangsefnanna og það að í mjög mörgum tilvikum eru þau unnin samhliða öðru starfi og einnig innan sama tímaramma. Að því gættu stendur *Kristbjörg* fremst og síðan *Bryndís*. Á eftir henni koma jafnir *Aðalsteinn*, *Ástráður*, *Helgi*, *Jóhannes Rúnar*, *Jóhannes Sig.* og *Vilhjálmur*. Þar á eftir og jafnir koma *Karl Óttar* og *Þorgeir Ingi*. Í kjölfarið koma *Arnfríður*, *Davíð Þór*, *Heroör*, *Ingveldur*, *Nanna* og *Ólafur* og eru þau jafnsett. Á hæla þeim koma *Björn*, *Bogi* og *Sigurður Tómas* og *Þórdís* og er ekki gert upp á milli þeirra. Því næst koma jafnir *Baldvin*, *Eiríkur* og *Jón Hösk*. Þar á eftir koma *Hildur*, *Jónas*, *Oddný Mjöll*, *Ragnheiður Bragad.* og *Ragnheiður Harðard.* og eru þau jafnsett. Aðrir umsækjendur hafa minni reynslu en það eru *Ásmundur*, *Guðrún Sesselja*, *Jón Finnbj.*, *Sandra* og *Soffía* og þykir ekki ástæða til að gera upp á milli þeirra.

5.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýttast dómaraefni o.fl.*

Aðalsteinn E. Jónasson var árið 2001 skipaður í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp sem varð að lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hann var í laganefnd European Banking Federation 2000-2002. Þá sat hann í laganefnd Lögmannafélags Íslands 1996-1999.

Arnfríður Einarsdóttir tekur ekki fram í umsókn sinni að hún hafi komið að samningu lagafrumvarpa en frá september 2012 hefur hún setið í laganefnd ÍSÍ. Frá árinu 2002 hefur hún verið fulltrúi Íslands í starfi nefndar á vegum Evrópuráðsins sem ber heitið *The European Commission for the Efficiency of Justice* sem meðal annars semur viðmiðanir og reglur sem eiga að tryggja öryggi í réttarkerfum aðildaríkja og auka skilvirkni og gagnsæi.

Ásmundur Helgason tók þátt í undirbúningi lagasetningar um rannsóknarnefnd Alþingis og um breytingu á þingskapalögum. Hann hefur einnig sinnt ráðgjöf fyrir ráðuneyti við undirbúning frumvarpa til laga eða breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands, laga um menningarminjar, laga um skil menningarverðmæta til annarra landa og safnalaga.

Ástráður Haraldsson stýrði ásamt öðrum manni gerð frumvarps til breytinga á vatnalögum nr. 15/1923. Hann kom einnig að störfum sem tengjast undirbúningi lagasetningar og fullgildingu EES-gerða, bæði sem lögfræðingur ASÍ og eins sem ráðgjafi fjármálaráðherra 2009-2013. Hann var í samráðsnefnd Alþjóða vinnumálastofnunarinnar 1995-2000.

Baldvin Hafsteinsson sat í nefndum og ráðum fyrir hönd Félags íslenskra stórkaupmanna í tengslum við lagasetningu og lagabreytingar 1994-1998.

Björn Þorvaldsson kom að því í starfi sínu sem ritari nefndasviðs Alþingis að fara yfir stjórnarfrumvörp, skrifa nefndarálit og breytingartillögur o.fl. Hann er í fyrirsvari fyrir sendinefnd Íslands í sérfræðingahópi Evrópuráðsins um varnir gegn spillingu og tók þátt í mati á nokkrum ríkjum með tilliti til þessa. Liður í þessu samstarfi var að sækja fjölmarga fundi fyrir hönd Íslands í Strassborg og hefur hann tekið sem sérfræðingur þátt í fjölmörgum eftirfylgniskýrslum. Umsækjandinn tók þátt fyrir hönd Íslands í vinnuhópi um mútur, en hópurinn starfar á vegum OECD og tók umsækjandinn þátt í eftirfylgni við úttekt hópsins á Svíþjóð og á Tékklandi. Umsækjandi hefur tekið ríkan þátt í fjölþjóðlegu samstarfi gegn glæpum.

Bogi Hjálmtýsson kom að samningu þess frumvarps er varð að lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Þá hefur hann setið í dómstól KKÍ.

Bryndís Helgadóttir er tengiliður innanríkisráðuneytisins við réttarfarsnefnd og situr fundi nefndarinnar. Hún hefur í störfum sínum í ráðuneytinu tekið þátt í undirbúningi og eftirfylgd margs kyns lagasetningar á sviði dómstóla og réttarfars, sem og refsiréttar, í rúmlega tíu ár.

Davíð Þór Björgvinsson tók þátt í samningu fimm viðamikilla lagafrumvarpa, þar af sem formaður í þremur nefndum, en samning þriggja þeirra mun hafa hvílt á honum að verulegu leyti. Þá sat hann um skeið í refsiréttarnefnd sem mun þá hafa sent frá sér þrjú lagafrumvörp. Hann var í sérfræðingahópi ESB varðandi frjálsa fólksflutninga 1998 til 1999 og öðrum slíkum hópi 1997 til 1999 varðandi kynjajafnrétti.

Eiríkur Jónsson vinnur nú að samningu frumvarps til skaðabótalaga. Þá sat hann í starfshópi til að semja frumvarp til laga um sanngirnissbætur. Hann gaf menntamálanefnd Alþingis tvívegis munnlegt álit um frumvarp sem varð að lögum

um fjölmiðla og eftir það í nokkrum mæli umsagnir um frumvörp sem snerta starfsemi fjölmiðlanefndar. Þá hefur hann veitt ráðuneytum ráðgjöf um einstök lagafrumvörp í vinnslu. Hann hefur átt aðkomu að samningu reglna innan lagadeildar Háskóla Íslands, svo sem um form námsritgerða og um doktorsnám.

Guðrún Sesselja Arnardóttir sat í laganefnd Lögmannafélags Íslands 2012-2013.

Helgi Sigurðsson starfaði í upphafi með nefnd sem samdi frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 33/2003, og einnig með nefnd 2007-2008 sem samdi breytingar á þeim lögum. Hann hefur starfað með fjórum nefndum sem komið hafa að setningu eða breytingu á lögum um málefni á sviði fjármálastarfsemi og var falið af Samtökum fjármálafyrirtækja að gera athugasemdir við fjölmörg lagafrumvörp og sitja fundi þingnefndar f.h. verðbréfa- og fjármálafyrirtækja. Þá situr hann í áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Hervör Þorvaldsdóttir sat í þriggja manna nefnd sem ætlað var að semja reglur um skipan og starfsemi dómstóla með tilliti til upptöku millidómstigs og taka til skoðunar stjórnarsýslu dómstólanna og fyrirkomulag við skipan dómara. Nefndin afhenti tillögur að frumvörpum þar að lútandi í febrúar 2015. Frumvarp, sem varð að lögum nr. 50/2016 um dómstóla, hafi byggst á fyrrgreindu frumvarpi nefndarinnar og tvö önnur sem því fylgdu hafi einnig orðið að lögum á sama tíma.

Hildur Briem hefur setið í stjórn Dómarafélags Íslands frá árinu 2013. Sem stjórnarmaður hefur hún komið að umfjöllun innan stjórnar um lagafrumvörp og ritun umsagna, auk þess sem hún hefur a.m.k. einu sinni ritað umsögn og setið fyrir svörum þingnefndar fyrir hönd stjórnar.

Ingveldur Einarsdóttir lætur þess getið að hún hafi átt sæti í tveimur nefndum sem sömdu tvö viðamikil lagafrumvörp. Þá hafi hún samið fjölmargar umsagnir um lagafrumvörp og oftsinnis komið fyrir nefndir Alþingis sem formaður Dómarafélags Íslands til að veita álit á frumvörpum.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson kom að undirbúningi lagasetningar sem nefndarmaður og lengst af formaður laganefndar Lögmannafélags Íslands 2002-2007. Þá hefur hann komið að samningu laga og reglna fyrir Rauða kross Íslands.

Jóhannes Sigurðsson sat um tíma í laganefnd Lögmannafélags Íslands. Hann hefur setið í tveimur nefndum fyrir viðskiptaráðuneytið vegna setningar löggjafar á sviði félagaréttar og fjármálaþjónustu, annars vegar nefnd sem lagði fram tillögur til breytinga á lögum um verðbréfavíðskipti og hins vegar nefnd sem gerði tillögur til breytinga á lögum um samvinnufélög.

Jón Finnbjörnsson samdi ásamt öðrum manni frumvarp til laga um skaðsemisábyrgð sem varð að lögum nr. 25/1991. Umsækjandi sat í nefnd sem samdi frumvarp að nýjum kafla um björgun og björgunarlaun sem varð að lögum nr. 133/1998 um breytingu á siglingalögum. Hann sat einnig í nefnd sem vann að frumvarpi til laga um skipströnd og vogrek.

Jón Höskuldsson sat í stjórn Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins 1997 til 1998 og vann þá að gerð kjarasamnings félagsins og svo við gerð stofnanasamnings fyrir félagsmenn í landbúnaðarráðuneytinu.

Jónas Jóhannsson var fulltrúi Dómarafélags Íslands 2002-2012 gagnvart Haag-ráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt vegna framkvæmdar Haag-samningsins um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa og stofnmeðlimur í The International Hague Network of Judges.

Karl Óttar Pétursson hefur ekki reynslu af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni.

Kristbjörg Stephensen átti sæti í starfshópum til að endurskoða lög um gatnagerðargjöld, lög um Námsgagnastofnun og um svonefndar sanngirnisbætur, sem í öllum tilvikum lauk með gerð lagafrumvarps og lagasetningu. Þá tók hún á tímabili þátt í starfi nefndar sem falið var að gera frumvarp að heildarlögum um bókasöfn. Þá var hún í samninganefnd Reykjavíkurborgar 2000-2005.

Nanna Magnadóttir hefur í starfi sínu sem forstöðumaður og formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála komið að lagasetningu og gert athugasemdir við frumvarpsdrög. Þá hefur hún tvívegis setið fundi með þingnefndum vegna athugasemda sinna. Hún var um skeið í stjórn Lögmannafélags Kósóvó og hefur komið að vinnu við ýmiss konar regluverk í störfum sínum, m.a. fyrir UNIFEM. Frá janúar 2005 til apríl 2006 starfaði umsækjandinn á skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó sem aðstoðarforstöðumaður og lögfræðilegur ráðgjafi. Eftir

það tók hún við starfi forstöðumanns og ráðgjafa svæðisáætlunar UNIFEM fyrir Suðaustur-Evrópu í Serbíu í rúmlega eitt og hálf ár. Hún starfaði síðan aftur fyrir Evrópuráðið í Kósóvó í tæplega tvö ár og þá sem forstöðumaður skrifstofu þess. Í framangreindum störfum hennar reyndi m.a. á alþjóðlegar og evrópskar mannréttindareglur og Evrópurétt. Þá starfaði hún í fjögur ár frá 2009 sem aðalráðgjafi Eyrstrasaltsráðsins í Stokkhólmi.

Oddný Mjöll Arnardóttir átti sæti í laganefnd Lögmannafélags Íslands á árunum 2003-2005. Hún hefur jafnframt bæði unnið að lagafrumvörpum og veitt umsagnir um drög að lagafrumvörpum. Hún sat í vinnuhópi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis til að fara yfir drög að nýrri stjórnarskrá og fella í búning lagafrumvarps á árinu 2012.

Ólafur Ólafsson hefur sem stjórnarmaður í Dómarafélagi Íslands komið að umsögnum félagsins um þrjú lagafrumvörp.

Ragnheiður Bragadóttir hefur sem stjórnarmaður í Dómarafélagi Íslands komið að umfjöllun um lagafrumvörp og ritun umsagna. Í stjórn Lögmannafélagsins kom hún að umsögn um eitt frumvarp.

Ragnheiður Harðardóttir hefur komið að samningu fjölmargra lagafrumvarpa, m.a. á þeim fimm árum sem hún sat í réttarfarsnefnd. Hún hefur tekið þátt í erlendu samstarfi á sviði refsiréttar og sakamálaréttarfars. Árið 2002 var hún skipuð af dómsmálaráðherra í nefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um kynþáttabrot og þá hefur hún átt sæti í nokkrum starfshópum á vettvangi Eyrstrasaltsráðsins, einkum varðandi alþjóðlega réttaraðstoð. Árin 2007 og 2008 var hún í sérfræðinefnd Evrópuráðsins um málefni ákærvaldsins.

Sandra Baldvinsdóttir hefur í störfum sínum í ráðuneytinu komið að undirbúningi lagasetningar og tekið þátt í störfum ýmissa nefnda.

Sigurður Tómas Magnússon hefur komið að samningu lagafrumvarpa á sviði löggæslu, ákærvalds og dómstóla, svo og einkamálaréttarfars og sakamálaréttarfars. Hann hefur ýmist unnið að frumvörpum einn eða með öðrum. Um störf að þeim toga má nefna að 2010 var hann skipaður formaður vinnuhóps um millidómstig sem skilaði tillögum um að því yrði komið á fót. Eftir að nefnd innanríkisráðherra skilaði drögum að frumvörpum um millidómstig 2015 vann hann

í samráði við fleiri áfram að undirbúningi og samningu frumvarpa og athugasemda með þeim. Frumvörpin urðu að lögum. Hann var formaður nefndar um skipulag og tilhögun rannsókna og saksókna í efnahagsbrotamálum sem skilaði frumvarpi til laga um málefnið, sat í nefnd sem skilaði frumvarpi á þessu ári um ráðstafanir gegn og refsingu fyrir hópmorð o.fl., samdi drög að lagafrumvarpi um embætti sérstaks saksóknara, samdi ásamt fleirum drög að frumvarpi um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, samdi frumvarp sem varð að lögreglulögum nr. 90/1996 og frumvarp um breyting á almennum hegningarlögum, umferðarlögum og fleiri lögum um innheimtu sekta og punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Þá hefur hann jafnframt komið að samningu reglugerða á sviði umferðarmála og reglum á vegum dómstólaráðs og veitt fjölmargar umsagnir um lagafrumvörp. Af öðrum störfum má nefna að hann hefur verið fulltrúi Íslands frá árinu 2006 í stýrihópi fyrir norrænu réttarfarsráðstefnurnar og var þátttakandi í norrænu samstarfsverkefni á sviði réttarfars á árunum 2011-2012.

Soffía Jónsdóttir hefur ekki reynslu af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson var á árinu 2017 skipaður í starfshóp vegna endurskoðunar skaðabótalaga. Þá situr hann í starfshópi á vegum Lögmannafélags Íslands sem gera á tillögur um breytingar á reglum um gjafsókn.

Þorgeir Ingi Njálsson hefur ekki reynslu af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni.

Þórdís Ingaðóttir samdi á þessu ári fyrstu drög að frumvarpi til laga um refsingar fyrir hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Á árinu 2005 samdi hún lagafrumvarp fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu og frumvarp til laga um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Þá hefur hún veitt ráðuneytum ráðgjöf um einstök lagafrumvörp í vinnslu, auk þess að hafa komið fyrir utanríkismálanefnd Alþingis til að gefa munnlegt álit um frumvörp og tillögur að þingályktunum. Umsækjandinn hefur verið sendifulltrúi Íslands hjá ýmsum alþjóðastofnunum, en þar má nefna Alþjóðastofnunina um lausn fjárfestingardeilna, Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðlega sakamáladómstólinn og Evrópuráðið. Umsækjandinn ritaði eftir 2004 tvær skýrslur á vegum íslenskra stjórnvalda til

Sameinuðu þjóðanna, auk þess að hafa unnið að greinargerðum og álitum fyrir íslensk stjórnvöld. Hún sat í landsnefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðlegan mannúðarrétt 2008-2012.

5.7.1. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður*

Samkvæmt því sem hér að framan hefur verið rakið þykir *Sigurður Tómas* standa fremstur umsækjenda í þessum þætti matsins. Næstar honum og jafnar koma *Hervör, Ingveldur, Kristbjörg, Nanna* og *Ragnheiður Harðard*. Þá kemur *Arnfríður* og á eftir henni *Björn, Eiríkur, Helgi, Jóhannes Sig.* og *Þórdís* og er ekki gert upp á milli þeirra. Á hæla þeim koma *Davíð Þór* og *Jónas* og eru þeir jafnsettir. Síðan koma og jafnir *Aðalsteinn, Ástráður* og *Jón Finnbj.* Þar á eftir koma *Ásmundur, Bryndís, Jóhannes Rúnar* og *Oddný Mjöll* og eru þau metin jöfn. Á eftir þeim og jöfn eru *Bogi, Guðrún Sesselja, Hildur, Jón Hösk., Sandra* og *Vilhjálmur*. Þá koma jöfn *Baldvin, Ólafur* og *Ragnheiður Bragad*. Aðrir umsækjendur hafa ekki reynslu af störfum sem fallið geta undir þennan þátt en þeir eru *Karl Óttar, Soffía* og *Þorgeir Ingi*.

5.8. *Almenn starfshæfni og andlegt atgervi*

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu tvo meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Dómnefndin lagði til grundvallar umsagnir þeirra er umsækjendur höfðu tilnefnt sem meðmælendur. Karl Axelsson, hæstaréttardómari, og Markús

Sigurbjörnsson, hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Aðalstein E. Jónsson. Greta Baldursdóttir, hæstaréttardómari, og Helgi I. Jónsson, hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Arnfríði Einarsdóttur. Ingimundur Einarsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Ásmund Helgason. Björn L. Bergsson, hrl., og Bryndís Hlöðversdóttir, ríkissáttasemjari, gáfu umsögn um Ástráð Haraldsson. Oddur Gunnarsson, deildarstjóri lögfræðideildar Landspítala, og María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítala, gáfu umsögn um Baldvin Hafsteinsson. Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari, og Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá LRH, gáfu umsögn um Björn Þorvaldsson. Gunnar Aðalsteinsson, dómari við Héraðsdóm Reykjaness, og Guðmundur Sophusson, fyrrverandi sýslumaður í Hafnarfirði og Reykjavík, gáfu umsögn um Boga Hjálmtýsson. Eiríkur Tómasson, hæstaréttardómari, og Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, gáfu umsögn um Bryndísi Helgadóttur. Sir Nicolas Bratza, fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu f.h. Stóra-Bretlands og síðar forseti dómstólsins, og Lech Garlicki, fyrrverandi dómari f.h. Póllands við Mannréttindadómstól Evrópu og forseti 4. deildar, gáfu umsögn um Davíð Þór Björgvinsson. Viðar Már Matthíasson, hæstaréttardómari, og Jóhannes Karl Sveinsson, hrl., gáfu umsögn um Eirík Jónsson. Sigríður J. Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari, og Einar Karl Hallvarðarson, ríkislögmaður, gáfu umsögn um Guðrúnu Sesselju Arnadóttur. Gizur Bergsteinsson, hrl., og Kristinn Bjarnason, hrl., gáfu umsókn um Helga Sigurðsson. Greta Baldursdóttir, hæstaréttardómari, og Ingimundur Einarsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Hervöru Þorvaldsdóttur. Halldór Björnsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, gáfu umsögn um Hildi Briem. Ingibjörg K. Benediktsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, og Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Ingveldi Einarsdóttur. Eiríkur Tómasson, hæstaréttardómari, og Þórður S. Gunnarsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Jóhannes Rúnar Jóhannsson. Stefán Már Stefánsson, prófessor, og Othar Örn Petersen, hrl., gáfu umsögn um Jóhannes Sigurðsson. Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómari, og Ingimundur Einarsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um

Jón Finnbjörnsson. Benedikt Bogason, hæstaréttardómari, og Kristinn Halldórsson, dómari við Héraðsdóm Reykjaness, gáfu umsögn um Jón Höskuldsson. Gestur Jónsson, hrl., og Helgi I. Jónsson, hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Jónas Jóhannsson. Jónína S. Lárusdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Arion banka, og Ragnhildur Sophusdóttir, hdl., gáfu umsögn um Karl Óttar Pétursson. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, og Stefán Eiríksson, borgarritari, gáfu umsögn um Kristbjörgu Stephensen. Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor og deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands, og Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Nönnu Magnadóttur. Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor og deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands, og Þórður S. Gunnarsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Oddnýju Mjöll Arnardóttur. Freyr Ófeigsson, fyrrverandi dómstjóri við Héraðsdóm Norðurlands eystra, og Hreinn Pálsson, hrl., gáfu umsögn um Ólaf Ólafsson. Greta Baldursdóttir, hæstaréttardómari, og Helgi I. Jónsson, hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Ragnheiði Bragadóttur. Bogi Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, og Helgi I. Jónsson, hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Ragnheiði Harðardóttur. Stefán Eiríksson, borgarritari, og Helgi I. Jónsson, hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Söndru Baldvinsdóttur. Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Þórður S. Gunnarsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Sigurð Tómas Magnússon. Einar Karl Hallvarðarson, ríkislögmaður, og Skarphéðinn Þórisson, fyrrverandi ríkislögmaður, gáfu umsögn um Soffíu Jónsdóttur. Garðar Garðarsson, hrl., og Ingibjörg K. Benediktsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Vilhjálmm H. Vilhjálmsson. Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, og Róbert R. Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, gáfu umsögn um Þorgeir Inga Njálsson og loks gáfu Guðmundur Sigurðsson, prófessor, og Símon Sigvaldason, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, umsögn um Þórdísi Ingadóttur.

Dómnefndin hefur haft umsagnir þessara meðmælenda, sem allar eru jákvæðar í garð hlutaðeigandi umsækjenda, til hliðsjónar við mat sitt. Af umsögnunum og athugunum nefndarinnar verður ráðið að allir umsækjendur

uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010. Einnig kom þar fram að reglusemi umsækjenda væri ekki ábótavant.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismatsins varðar hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir en reynsla þeirra er aftur á móti mismikil á einstökum sviðum réttarfars. Dómnefnd telur að þegar metið er hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu skipti einkum máli reynsla af dóms- og málflutningsstörfum auk framlags í formi kennslu og fræðiskrifa eða samningar lagafrumvarpa á sviði réttarfars. Nefndin telur einnig eðlilegt að horfa til reynslu umsækjenda af öðrum sviðum réttarfars. Í einhverjum tilvikum getur verið um að ræða aukastörf samhliða aðalstarfi, en aðallega verður horft til reynslu viðkomandi þar sem unnin hafa verið störf þar sem reynir á þekkingu í réttarfari. Við mat á þessum þætti er horft til þess sem fjallað hefur verið um í köflum 5.2-5.7 að kafla 5.6 undanskildum.

Að öllu þessu virtu stendur *Sigurður Tómas* öðrum umsækjendum framur þegar litið er til starfa hans á sviði einkamála- og sakamálaréttarfars, sem og af fullnusturéttarfari. Þar á eftir koma *Arnfríður, Heroör, Ingveldur, Jóhannes Rúnar, Jón Finnþj., Jónas, Ólafur, Ragnheiður Bragad., Ragnheiður Harðard.* og *Þorgeir Ingi* og þykja ekki efni að gera upp á milli þeirra. Næst kemur *Guðrún Sesselja* og þá koma næst og jöfn *Ásmundur, Bryndís, Jón Hösk.* og *Sandra.* Á eftir þeim koma *Helgi, Hildur* og *Jóhannes Sig.* og er ekki gert upp á milli þeirra. Næstir og jafnir eru *Aðalsteinn, Ástráður, Bogi, Davíð Þór* og *Vilhjálmur.* Þar á eftir koma *Kristbjörg, Oddný Mjöll, Soffía*

og Þórdís sem allar eru jafnsettar. Þá koma jafnir Björn, Eiríkur og Karl Óttar. Reynsla Baldvins og Nönnu á þessu sviði er minni og eru þau jafnsett.

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli

Í 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er að finna ákvæði um samningu dóma. Þar segir í d-f-lið 1. mgr. að greina skuli í forsendum stutt yfirlit um atvik máls og ágreiningsefni í því, helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á og rökstudda niðurstöðu um sönnunatriði og lagaatriði. Í 3. mgr. sömu greinar er síðan sagt að dómur skuli vera stuttur og glöggur. Ákvæði 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála eru svipuð að þessu leyti. Þá er og ljóst að þingmálið er íslenska og af því leiðir að krafa er um að dómur geti ritað dóma á góðri íslensku.

Að mati dómnefndar er mikilvægt að meginreglur sem fyrrgreind ákvæði endurspeglu séu hafðar í heiðri við samningu dóma og að dómaraefnin hafi þær á valdi sínu. Er einkum nauðsynlegt að málsástæðum og lagarökum aðila séu gerð skil og að fram fari skýr og gagnorð greining á lagaatriðum hvers máls. Að mati nefndarinnar leiðir einnig af fyrrgreindum lagaákvæðum að dómari skuli setja fram röksemdir sínar með hlutlægum hætti, forðast stóryrði og athugasemdir sem ekki hafa þýðingu fyrir úrslit þess sakarefnis sem til úrlausnar er.

Við mat á þessum þætti hefur dómnefnd valið að fara yfir þau fylgigögn sem umsækjendur hafa lagt fram. Þar má telja dóma, stefnur, greinargerðir, úrskurði og fræðirit. Allir hafa umsækjendur lagt fram fylgigögn er varða störf þeirra, þ.e. dómastörf, lögmannsstörf, stjórnáráðastörf og fræðistörf. Af þessum gögnum má ráða að allir umsækjendur hafi gott vald á íslensku ritmáli. Telur dómnefnd að allir umsækjendur standi jafnt að vígi með tilliti til samningar dóma.

5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og af öryggi

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði dregin af dómastörfum, lögmannsstörfum, stjórnáráðastörfum og öðrum störfum sem umsækjendur hafa

gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þessa og með hliðsjón af umsögnum meðmælenda telur nefndin að allir umsækjendur séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál sem þeim eru fengin bæði fljótt og af öryggi. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli umsækjenda að þessu leyti.

6. Niðurstaða dómnefndar

Meginmarkmiðið með störfum dómnefndar er að finna hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti landsréttardómara. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu. Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að umsækjendur hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum landsréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmannsstörfum og þeim stjórnarsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig skiptir máli hvort þau verkefni sem umsækjendur hafa fengist við séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki þótt einn þeirra hafi gegnt starfi nokkru lengur en annar.

Frá gildistöku laga nr. 45/2010 og setningu reglna nr. 620/2010 hafa þeir þættir sem reglurnar mæla fyrir um að skuli metnir verið þeir sömu og enn er lagt til grundvallar við mat á umsækjendum. Reglurnar mæla fyrir um að dómnefndin skuli miða við að æskilegt sé að umsækjendur hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar. Í samræmi við fyrri framkvæmd hefur dómnefndin gefið dómstörfum, lögmannsstörfum og stjórnarsýslu jafnt vægi eða 20% hverjum þætti. Fræðistörf hafa fengið 10% en aðrir þættir, það er nám og framhaldsmenntun, kennsla, stjórnun,

reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni, almenn starfshæfni og þekking og reynsla af réttarfari hafa vegið 5% hver þáttur. Hvað varðar vægi réttarfars þá er það hið sama og áður, nema að nánari greining hefur verið gerð á þekkingu hvers umsækjanda á þessu sviði en lengst af tíðkaðist. Þá hefur hæfni til að semja dóma og stjórna þinghöldum fengið 2,5% vægi hvor þáttur. Samtala matsþátta er 105% sem mun frá 2010 hafa helgast af fjölda þeirra matsþátta sem reglur nr. 620/2010 mæla fyrir um. Þeirri aðferð hefur ekki verið breytt eftir það. Við mat á þáttunum almenn starfshæfni, samning og ritun dóma og stjórn þinghalda hefur nefndin haft til hliðsjónar umsagnir meðmælenda, umsóknargögn, önnur gögn málsins og það sem fram kom í viðtölum við umsækjendur. Á grundvelli framangreinds hefur nefndin almennt litið svo á að umsækjendur hafi fullt vald á þessum þáttum nema tilefni hafi gefist til frekari athugunar.

Dómnefnd hefur í mati sínu á hæfni umsækjenda að því er varðar röðun innan einstakra þátta beitt eins mikilli nákvæmni og kostur er, en matsgrundvöllurinn er bæði fjölþættur og margbrotinn. Á hinn bóginn speglar endanlegur útreikningur í samanlögðum þáttum matsniðurstöður af mikilli nákvæmni.

Með lögum nr. 10/2017 var lögum nr. 50/2016 breytt vegna ástæðna sem snúa að Landsrétti sérstaklega. Þar á meðal var kveðið á um hlutverk dómnefndar í því sambandi. Það ákvæði hljóðar svo: „b. ... Nefnd skv. 4. gr. a laga um dómstóla, nr. 15/1998, skal meta hæfni umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt í fyrsta sinn og láta ráðherra í té umsögn um umsækjendur í samræmi við 2. mgr. þeirrar greinar og reglur sem um nefndina gilda. Óheimilt er ráðherra að skipa í dómaraembætti mann sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan meðal umsækjenda, hvort heldur einn eða samhliða öðrum. Frá þessu má þó víkja ef Alþingi samþykkir tillögu ráðherra um heimild til að skipa í embættið annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum 2. og 3. mgr. 21. gr. laga þessara.“


Eins og fram kemur í 3. kafla gáfu andmæli umsækjenda í sumum tilvikum tilefni til breytinga hvað varðar mat á nokkrum umsækjendum innan einstakra matsþátta. Á hinn bóginn breytti endurskoðað mat ekki þeim ályktarorðum sem komu fram í drögum nefndarinnar sem umsækjendum voru áður send. Að virtu því


sem hér að framan hefur verið rakið er það niðurstaða nefndarinnar að þeir 15 umsækjendur séu hæfastir sem nafngreindir eru í ályktarorði. Sérhver þeirra telst hæfari en þeir sem koma þar á eftir, en ekki þykir rétt að raða þeim sérstaklega innbyrðis í sæti.

Ályktarorð:

Hæfastir umsækjenda eru Aðalsteinn E. Jónasson, Ástráður Haraldsson, Davíð Þór Björgvinsson, Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir, Ingveldur Einarsdóttir, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, Jóhannes Sigurðsson, Jón Höskuldsson, Kristbjörg Stephensen, Oddný Mjöll Arnardóttir, Ragnheiður Harðardóttir, Sigurður Tómas Magnússon, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Þorgeir Ingi Njálsson.


Reykjavík, 19. maí 2017


Gunnlaugur Clæssen


Guðrún Björk Bjarnadóttir


Halldór Halldórsson


Ingibjörg Pálmadóttir


Valtýr Sigurðsson



Gunnlaugur Claessen
formaður dómnefndar til að meta hæfni
umsækjenda um embætti dómara
Hálsaseli 46
109 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 27. maí 2017
Tilv.: DMR17050230/4.91.10.1

Efni: Ósk um frekari upplýsingar vegna undirbúnings skipunar dómara við Landsrétt

Dómsmálaráðherra hefur nú til umfjöllunar umsögn dómnefndar skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 50/2016 um dómstóla og lög nr. 10/2017, um umsækjendur um embætti 15 dómara við Landsrétt, sem barst 19. maí sl.

Hefur ráðherra kynnt sér umsögnina, önnur fyrirbyggjandi gögn sem nefndin hefur haft til umfjöllunar, lögskýringargögn og þær reglur sem gilda um málsmeðferð þá sem hér er til umfjöllunar.

Eftir þá ítarlegu yfirferð telur ráðherra nauðsynlegt að afla upplýsinga frá dómnefndinni um það hvort nefndin hafi rætt sérstaklega forsendur þess vægis á einstökum matsþáttum sem tilgreint er í umsögn dómnefndar. Ef svo er, hvort fyrir liggi gögn um það. Jafnframt óskar ráðherra eftir upplýsingum um það hvort dómnefndin hafi tekið til sérstakrar umræðu þá niðurstöðu nefndarinnar að í ályktunarorðum sé einungis vísað til fimmtán hæfustu umsækjenda en ekki fleiri umsækjenda, meðal annars með hliðsjón af lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og umfjöllunar nefndarinnar þar um. Ef svo er, hvort fyrir liggi gögn um það.

Alþingi verður samkvæmt starfsáætlun þingsins slitið 31. maí nk. Miðað er við að ráðherra geri Alþingi grein fyrir tillögum sínum fyrir hádegi mánudag 29. maí. Í ljósi þessa er brynt að svör við ofangreindum spurningum berist ráðherra eigi síðar en kl. 17 sunnudaginn 28. maí.


Sigríður Á. Andersen, dómsmálaráðherra

Dómsmálaráðherra
Sigríður Á. Andersen

Reykjavík, 28. maí 2017

Vísað er til bréfs ráðherra 27. maí sl. sem beint var til undirritaðs sem formanns dómnefndar til að meta hæfni umsækjenda um embætti dómara. Í fyrirsögn er tekið fram að um sé að ræða ósk um frekari upplýsingar vegna undirbúnings skipunar dómara við Landsrétt. Síðan segir að ráðherra hafi nú til umfjöllunar umsögn dómnefndar um umsækjendur um embætti 15 dómara við Landsrétt, sem afhent var ráðherra föstudag 19. maí sl. Auk umsagnarinnar hafi ráðherra kynnt sér önnur gögn sem tilgreind eru og gilda um þá málsmeðferð sem hér um ræðir. Eftir þá yfirferð telji ráðherra nauðsynlegt að afla upplýsinga frá dómnefndinni, sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Áður en spurningum í bréfinu er svarað er óhjákvæmilegt að vekja athygli á að frestur sem mér er veittur til að svara er afar knappur. Mér barst bréfið klukkan 20:30 í gærkvöldi (laugardag 27. maí) og sá það ekki fyrr en síðar sama kvöld eftir dvöl utanbæjar. Í því er tekið fram að brýnt sé að svör hafi borist eigi síðar en klukkan 17:00 í dag 28. maí, en Alþingi verði skv. starfsáætlun slitið 30. maí nk. Þessi aðstaða útilokar að unnt sé að kveðja nefndina saman til fundar, en tveir nefndarmenn eru búsettir utan höfuðborgarsvæðis. Ekki hefur heldur gefist ráðrúm til að fara yfir málið með öðrum nefndarmönnum með nokkrum viðhlítandi hætti. Svör, sem fara hér á eftir, verða því að vera á ábyrgð undirritaðs eins.

Spurningar í bréfi ráðherra eru af tvennum toga. Í fyrsta lagi „telur ráðherra nauðsynlegt að afla upplýsinga frá dómnefndinni um það hvort nefndin hafi rætt sérstaklega forsendur þess vægis á einstökum matsþáttum sem tilgreint er í umsögn dómnefndar. Ef svo er, hvort fyrir liggi gögn um það.“ Í annan stað „óskar ráðherra eftir upplýsingum um það hvort dómnefndin hafi tekið til sérstakrar umræðu þá niðurstöðu nefndarinnar að í ályktunarorðum sé einungis vísað til fimmtán hæfustu umsækjenda en ekki fleiri umsækjenda, meðal annars með hliðsjón af lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og umfjöllunar nefndarinnar þar um. Ef svo er, hvort fyrir liggi gögn um það.“

Um 1. Nefndin ræddi á fleiri en einum fundi vægi einstakra matsþátta sem heildarmat var síðar reist á, sbr. bls. 115 og áfr. í umsögn dómnefndar. Skipting í einstaka matsþætti varð til þegar í kjölfar setningar laga nr. 45/2010 um br. á lögum um dómstóla nr. 15/1998 þar sem núverandi matsnefnd var komið á fót og reglur settar um störf hennar. Tekið skal fram að vægi einstakra matsþátta hefur verið hið sama þau tæpu fjögur ár sem liðin eru frá því undirritaður tók við formennsku í nefndinni í ágúst 2013. Ég er af augljósum ástæðum ekki til frásagnar um hvort vægið hefur frá byrjun verið nákvæmlega hið sama og beitt hefur verið frá 2013 í einstökum þáttum. Í umræðum um þetta í nefndinni kom

þó fram að einn nefndarmaður (Guðrún Björk Bjarnadóttir hrl.) sat í henni sem varamaður á árinu 2012 þar sem vægi einstakra þátta var hið sama og beitt hefur verið frá 2013. Þá tók undirritaður við svokölluðum „skorblöðum“ frá fyrri nefnd, sem notuð voru við samlagningu og útreikninga á niðurstöðum um einstaka umsækjendur, en á þessum eyðublöðum voru prentaðar nákvæmlega þær vægistöðulur í prósentum sem síðan hefur verið beitt. Nefnd „skorblöð“ hafa nú verið leyst af hólmi með þar til gerðu excel skjali með sama vægi í einstökum þáttum og áður en það helgast af miklum fjölda umsækjenda nú. Niðurstaða umræðna í nefndinni um „forsendur þess vægis í einstökum matsþáttum“ var sú að ekki væri rétt að bregða út frá því sem verið hefur, enda væri nokkurs virði að festa ríkti um það. Því bæri að forðast að breyta væginu þegar fyrir lægi hvernig umsækjendahópur væri samsettur og þá til hags fyrir tiltekna umsækjendur en óhags fyrir aðra. Að gefnu tilefni er einnig rétt að taka fram að þar til nú hefur varla gætt merkjanlegrar óánægju talsmanna dómara með vægi einstakra þátta þannig að nefndin yrði þess vör. Lögmenn hafa á hinn bóginn iðulega lýst óánægju með þetta sama og þá talið að vægi einstakra þátta stæði því í vegi að lögmenn veldust í stöður dómara þrátt fyrir að eiga að baki langan og farsælan starfsferil.


Hvað varðar spurningu ráðherra um gögn varðandi umræður í dómnefnd um vægi einstakra þátta þá hefur undirritaður ekki séð sérstakar bókanir um það. Tekið skal fram að þá vantar fundargerðir síðustu funda fyrir starfslok nefndarinnar þar sem málefnið var eðli máls samkvæmt einkum rætt. Samkvæmt upplýsingum þáverandi starfsmanna nefndarinnar hefur ekki gefist tími til að færa þær fundargerðir vegna anna þeirra við önnur störf.

Um 2. Nefndin tók einnig til sérstakrar umræðu þá niðurstöðu hennar að í ályktarorðum sé einungis vísað til 15 hæfustu umsækjendanna en ekki fleiri úr þeirra hópi. Tilefni til slíkrar umræðu gafst þegar á grundvelli samræðna ráðherra við undirritaðan 2. mars og 11. maí sl. þar sem ráðherra lýsti þeirri skoðun að tilgreining fleiri en 15 umsækjenda, t.d. 20, gæti verið heppileg, án þess að það væri sett í samhengi við lög nr. 10/2008 fyrr en nú. Í umræðum tók nefndin þá afstöðu að ekki væri rétt að fara þá leið sem ráðherra benti á. Skiptir þá ekki máli þótt reglur nr. 620/2010 gefi færi á að jafnsetja tvo eða jafnvel fleiri umsækjendur þannig að ráðherra verði að höggva á hnútinn. Dæmi eru um það frá síðustu árum að tveir eða jafnvel þrjú umsækjendur hafi verið taldir hæfastir og jafnsettir við þær aðstæður að ein staða hefur verið auglýst laus til umsóknar og dómnefnd talið sér ókleift að gera upp á milli hinna hæfustu. Í því tilviki sem hér er til úrlausnar er slíku ekki til að dreifa. Fimmtán stöður voru auglýstar lausar til umsóknar og dómnefnd mat jafnmarga umsækjendur hæfari en aðra til að fylla þær stöður. Hún taldi m.ö.o. að munur væri á umsækjanda í fimmtánda sæti og öðrum sem komu þar á eftir. Áðurnefnt excel skjal sýnir glögg tælfærni, ekki aðeins frá 1.-15. sæti heldur röðina á enda. Hæfnisröð er viðfangsefnið í störfum nefndarinnar. Hugmynd ráðherra fól aftur á móti í sér að hann gæti valið úr hópi t.d. 20 umsækjenda um 15 embætti. Umsækjandi í 20 sæti hæfnismats gæti samkvæmt því rutt umsækjanda í 5., 10. eða hvaða sæti sem er. Hugmyndin fær illa samrýmst markmiðum laga nr. 45/2010 um br. á lögum um dómstóla eins og þeim er lýst í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til þeirra

laga. Þar er m.a. fjallað um leiðir til að tryggja sjálfstæði dómenda, þar sem Evrópuríki hafa farið ýmsar leiðir til að ná því sameiginlega markmiði, en tillaga um skipan núverandi dómnefndar tók mið af þeirri viðleitni. Að þessu er lítillega vikið í hæfnismati dómnefndar, bls. 7.

Hvað varðar að öðru leyti vísun í bréfi ráðherra til laga nr. 10/2008 skal áréttað að dómnefndin starfar á grundvelli reglna nr. 620/2010 um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Nefndin metur ekki hæfni með tilliti til þess hvort umsækjandi er karl eða kona. Í 2. kafla hæfnismats er fjallað um sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á. Þar er m.a. vísað til l. nr. 10/2008 og fleiri laga sem skipta máli við störf nefndarinnar. Í fyrstnefndu lögunum segir m.a. að starf, sem laust er til umsóknar, standi opið jafnt konum sem körlum, og jafnfram að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein sé óheimil. Á slík sjónarmið kann almennt að reyna við ákvörðun ráðherra við veitingu dómaraembættis hafi dómnefnd metið tvo eða fleiri umsækjendur jafnhæfa til að gegna því. Sú staða er hér ekki fyrir hendi. Um þetta vísast að öðru leyti til bls. 6-7 í umsögn dómnefndar 19. maí 2017.

Virðingarfyllt


Gunnlaugur Claessen

Afrit sent:

*Guðrúnu Björk Bjarnadóttur
Halldóri Halldórssyni
Ingibjörgu Pálmadóttur
Valtý Sigurðssyni*

Mál nr. 412/2010

Fimmtudaginn 14. apríl 2011

Lykilorð

- Miskabætur
- Skaðabætur
- Sératkvæði
- Stjórnsýsla
- Stöðuveiting
- Rannsóknarregla
- Dómstóll

Fimmtudaginn 14. apríl 2011.

Nr. 412/2010.

Íslenska ríkið og

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Árni M. Mathiesen

(Karl Axelsson hrl.)

gegn

Guðmundi Kristjánssyni

(Hlökkver Kjartansson hrl.)

Eiríkur S. Svavarsson hdl.)

og gagnsök

Stjórnsýsla. Rannsóknarregla. Stöðuveiting. Dómstólar. Skaðabætur. Miskabætur. Sératkvæði.

G höfðaði mál gegn Í og Á í kjölfar þess að G hlaut ekki skipun í embætti héraðsdómara. Í umsögn dómnefndar samkvæmt 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla kom fram að G og tveir aðrir umsækjendur hefðu staðið öðrum framur og verið mjög vel hæfir til að gegna embættinu. Á, sem þá var settur dóms- og kirkjumálaráðherra, skipaði aftur á móti umsækjanda sem nefndin taldi að stæði framangreindum umsækjendum að baki þrátt fyrir að sá teldist hæfur til að gegna embætti héraðsdómara. Í dómi Hæstaréttar var rakið að með lögum nr. 15/1998, eins og þau voru þá úr gærði gerð, hefði rannsóknarskyldu stjórnsýslulaga í verulegum atriðum verið létt af dóms- og kirkjumálaráðherra við skipun í embætti héraðsdómara, en hún þess í stað lögð á herðar dómnefndar, sem skipuð væri með tilliti til þess að tryggt yrði að sérþekking væri þar fyrir hendi um mat á hæfni umsækjenda. Hefði ráðherra talið efni til að vika frá áliti dómnefndarinnar hefði verið óhjákvæmilegt að ákvörðun hans yrði reist á frekari rannsókn, þar sem meðal annars yrði tekið tillit til fyrir mæla hans sjálfs í reglum um störf dómnefndarinnar um það atriði varðandi umsækjendur sem ráða skyldu hæfnismati, og tryggt að sérþekkingar nyti þar við í sambærilegum mæli og við störf dómnefndarinnar. Ekkert þótti

fram komið um frekari rannsókn Á sjálfs eða annarra á hans vegum á atríðum sem vörðudu veitingu embættisins. Á hefði mátt vera kunnugt að rannsókn hans hefði verið með öllu ófullnægjandi til að upplýsa málið nægilega svo að honum gæti verið fært að taka aðra ákvörðun um hæfni umsækjenda en dómnefnd, sem skipuð var sérfróðum mönnum. Var þetta metið honum til sakar. Þar sem ekkert lá fyrir um að G hefði staðið nær en aðrir umsækjendur sem taldir voru hæfastir til að hljóta embættið voru Í og Á sýknuð af kröfu G um viðurkenningu á skaðabótaskyldu vegna fjártjóns hans. Þrátt fyrir að Á hefði ekki látið orð falla til að vega að persónu eða æru G taldi Hæstiréttur að ekki yrði litið fram hjá því að Á mátti vera ljóst að gerðir hans gætu að ófyrirsynju bitnað á orðspori G og orðið honum þannig að meini. Þrátt fyrir þetta hefði hann gengið fram án þess að skeyta nokkuð um þessa augljósu hættu. Skilyrðum b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 var því talið fullnægt og breytti engu að G hefði ekki átt lögvarinn rétt á að hljóta embættið. Þar sem ekki var talið að ákvæði laga girtu fyrir að ráðherra gæti orðið skaðabótaskyldur eftir almennum reglum vegna stjórnvísluákvörðunar sinnar voru Í og Á í sameiningu dæmd til að greiða G miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Ingibjörg Benediksdóttir, Árni Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson.

Aðaláfrýjandinn íslenska ríkið skaut málinu til Hæstaréttar 25. júní 2010. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara að dæmdar bætur verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandinn Árni M. Mathiesen skaut málinu til Hæstaréttar 29. júní 2010. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar á báðum dómstigum.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi fyrir sitt leyti 7. september 2010. Hann krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda aðaláfrýjenda gagnvart sér vegna skipunar Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara 20. desember 2007, en að öðru leyti verði hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I

Samkvæmt gögnum málsins auglýsti dóms- og kirkjumálaráðherra 12. október 2007 laust til umsóknar embætti héraðsdómara sem veitt yrði frá 1. janúar 2008 með 75% starfsskyldur og fast sæti við Héraðsdóm Norðurlands eystra en 25% við Héraðsdóm Austurlands. Umsóknarfrestur um embættið rann út 31. október 2007 og voru umsækjendur fimm, þar á meðal gagnáfrýjandi. Í samræmi við þágildandi 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla óskaði ráðherra 7. nóvember 2007 eftir umsögn dómnefndar um hæfni umsækjenda. Umsækjendunum voru 10. sama mánaðar sendar svokallaðar verklagsreglur nefndarinnar, sem

síðar verður vikið að, og gefinn kostur á að koma að frekari gögnum. Dómnefndin skilaði síðan álit 29. sama mánaðar. Í því kom fram að hún hafi meðal annars kynnt sér gögn sem fylgdu umsóknum og rætt við þá, sem nauðsynlegt þótti til að afla upplýsinga um umsækjendur. Í álit nefndarinnar var þess getið að hún hefði eins og fyrr við mat sitt raðað umsækjendum og miðað í því efni við orðin „ekki hæfur, hæfur, vel hæfur og mjög vel hæfur.“ Taldi nefndin gagnáfrýjanda ásamt tveimur öðrum umsækjendum standa fremsta og vera mjög vel hæfa til að gegna embættinu, en hina tvo, þar á meðal fyrrnefndan Þorstein Davíðsson, hæfa til þess.

Dómnefndin sendi 11. desember 2007 hverjum umsækjanda fyrir sig umsögn sína um hann ásamt álit, þar sem niðurstöður voru dregnar saman, og gaf þeim kost á að koma að fyrir 17. sama mánaðar athugasemdum, en engar bárust. Dóms- og kirkjumálaráðherra vék sæti í málinu 17. desember 2007 og lagði forsætisráðherra til á fundi ríkisstjórnarinnar daginn eftir að aðaláfrýjandinn Árni, sem þá gegndi embætti fjármálaráðherra, yrði settur til að fara með málið. Hann kveðst hafa fengið gögn þess í hendur þann dag. Forsætisráðherra tilkynnti aðaláfrýjandanum Árna með bréfi 20. desember 2007 að forseti Íslands hefði fallist á tillögu sína og skipaði aðaláfrýjandinn sama dag Þorstein Davíðsson í dómaraembættið frá 1. janúar 2008. Í tilkynningu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til gagnáfrýjanda 20. desember 2007 kom meðal annars fram að ákvörðunin um að veita Þorsteini embættið hafi verið tekin „á grundvelli viðtækrar starfsreynslu hans þ. á m. reynslu hans sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra.“

Gagnáfrýjandi krafðist 24. desember 2007 rökstuðnings aðaláfrýjandans Árna sem setts dóms- og kirkjumálaráðherra fyrir embættisveitingunni. Í svari aðaláfrýjandans 4. janúar 2008 var vísað til atriða, sem fram komu í umsögn dómnefndar um Þorstein, en að auki að hann hafi um átta ára reynslu af störfum, þar sem reynt hafi á lögfræðipækkingu, og gegnt nánar tilgreindum „veigamiklum nefndarstörfum á vegum hins opinbera.“ Sem aðstoðarmaður ráðherra hafi hann öðlast reynslu af stjórnun og skipulagningu starfa, en þar reyni á „allar hliðar lögfræði, stjórnslurétt, löggjafarstarf, stjórnun ráðuneytis, fjárreiður ríkissjóðs og einstakra stofnana“ auk þess sem starfið veiti „góða innsýn í störf ríkisstjórnar og Alþingis og krefst samskipta við ótal aðila, innlenda og erlenda, setu á fundum og ráðstefnum heima og erlendis.“ Þorsteinn hafi í störfum sínum „hlotið ágæta þekkingu á íslensku réttarfari og ... góða innsýn í iðkun þess“ og öðlast þannig „ágæta þekkingu á grundvallarsviðum íslensks réttar á átta ára löngum starfsferli sínum.“ Þá megi ráða af meðmælum þeirra, sem umsögn hafi gefið, að hann sé „ágætur íslenskumaður, eigi auðvelt með að setja fram skýran lögfræðilegan texta og hafi góðan hæfileika til þess að greina aðalatriði frá aukaatriðum.“ Með vísan til þessa teldi aðaláfrýjandinn að Þorsteinn hafi verið „hæfastur umsækjenda um embætti héraðsdómara við

héraðsdóm Norðurlands eystra.“ Dómnefndin lét frá sér fara greinargerð 9. janúar 2008, þar sem meðal annars var lútin í ljós sú skoðun með vísan til tilgangs nefndarinnar, sjálfstæðis dómstóla og vandaðra stjórnsýsluhátta að óhjákvæmilegt væri að „veitingarvaldinu séu einhver takmörk sett við val sitt“, þótt álitni nefndarinnar væri „ætlað að fela í sér faglega ráðgjöf án þess þó að binda hendur veitingarvaldsins.“ Með því að ganga þvert gegn einróma álitni nefndarinnar hefði ráðherra farið langt út fyrir þessi takmörk „og tekið ómálefnalega ákvörðun.“ Í yfirlýsingu aðaláfrýjandans Árna daginn eftir sagði meðal annars að honum hefði borið við veitingu embættisins að fara eftir eigin sannfæringu en ekki annarra og „gallar hafi verið á umsögn dómnefndar sem hafi verið ógagnsæ, lítt rökstudd og innra ósamræmis gætt við mat á reynslu sem hin ýmsu störf gefa.“

Gagnáfrýjandi bar fram 16. janúar 2008 kvörtun vegna veitingar embættisins við Umboðsmann Alþingis, sem barst jafnframt kvörtun 29. sama mánaðar frá öðrum umsækjanda, sem eins og gagnáfrýjandi hafði verið metinn mjög vel hæfur til að gegna embættinu. Umboðsmaður beindi af þessu tilefni fjölmörgum spurningum til aðaláfrýjandans Árna 19. febrúar 2008, sem hann svaraði ítarlega með bréfi 18. mars sama ár. Umboðsmaður lauk málinu með álitni 30. desember 2008, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að nánar tilteknir „annmarkar hafi verið á undirbúningi, ákvörðun og málsmeðferð setts dómsmálaráðherra við skipun í umrætt embætti héraðsdómara.“ Umboðsmaður teldi ekki líkur á að þessir annmarkar gætu leitt til ógildingar á skipuninni, en það félli á hinn bóginn utan starfssviðs hans að taka afstöðu til þess hvaða lagalegu afleiðingar þeir gætu haft ef um þetta yrði fjallað fyrir dómstólum í skaðabótamáli. Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta á hendur aðaláfrýjendum 10. mars 2009.

II

Í álitni dómnefndarinnar 29. nóvember 2007 voru dregin saman atriði, sem virðast helst hafa skipt máli um mat á hæfni gagnáfrýjanda og hinna umsækjendanna tveggja sem einnig voru taldir mjög vel hæfir, en um Þorstein Davíðsson og fimmta umsækjandann var ekki sérstaklega fjallað þar að öðru leyti en því að þess var getið að þeir teldust hæfir. Í álitinu sagði eftirfarandi um hæfni gagnáfrýjanda: „Guðmundur Kristjánsson hefur langlengstan starfsferil umsækjenda og tengist hann allur dómstólum. Hann hefur fengist við dómastörf með einum eða öðrum hætti um tólf ára skeið og stundað málflutning fyrir héraðsdómstólum í rúm 20 ár og síðustu tólf árin einnig fyrir Hæstarétti. Hann hefur fengist bæði við einkamál og opinber mál og hefur vegna dómara- og málflutningsstarfa sinna víðtæka þekkingu á réttarfari og iðkun þess. Hann hefur jafnframt haft með höndum stjórnunarstörf í átta ár sem aðalfulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns í stóru umdæmi og getið sér góðan orðstír á starfsferli sínum. Þótt hann hafi ekki lagt stund á framhaldsnám í lögfræði eða annað háskólanám þykir starfsreynsla hans skapa honum nokkra

sérstöðu og vegur þungt í mati dómnefndar.“ Í sérstakri umsögn um gagnáfrýjanda sem fylgdi dómnefndaralitinu komu þessi sömu atriði fram en þar var þess einnig getið að hann hafi verið með fyrstu einkunn á embættisprófi í lögfræði, svo og að ráðið yrði af framlögðum gögnum að hann hafi ágæt tök á íslensku máli og geti samið skýran texta. Þá var þess getið að gagnáfrýjandi hafi fengið afar lofsamleg ummæli þeirra, sem til hafi verið leitað, og þætti eiga mjög gott með að umgangast fólk.

Í sérstakri umsögn dómnefndarinnar um Þorstein Davíðsson sagði meðal annars að hann hefði um átta ára reynslu við störf þar sem reynt hafi á lögfræðilekkingu, þar af tæplega þrjú og hálf ár sem aðstoðarmaður héraðsdómara, tæplega fjögur og hálf ár sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra og síðustu mánuði sem aðstoðarsaksóknari og deildarstjóri við lögreglustjóraembættið á höfuðborgarsvæðinu. Þá hafi hann tekið drjúgan þátt í félagsstörfum, einkum á vettvangi tiltekins stjórnmalaflokks. Hann hafi hlotið fyrstu einkunn á embættisprófi í lögfræði, en ekki lagt stund á framhaldsnám. Hann hafi á hinn bóginn sótt fjölda funda og ráðstefna um mál sem varði starfsemi dómstóla og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hann sýndist hafa öðlast nokkra reynslu af stjórnunar- og skipulagsstörfum, einkum í því ráðuneyti. Hann hafi engin „höfundarverk“ lagt fram svo að meta mætti tök hans á íslensku máli og rökhugsun við úrlausn vandasamra lögfræðilegra verkefna, en umsókn hans væri rituð á skýru og kjarnyrtu máli og hafi hann haft á hendi aukastörf við bókaútgáfu og í dómnefnd vegna bókmenntaverðlauna. Sem aðstoðarmaður dómara hafi hann fengið góða innsýn í iðkun réttarfars og í starfi sínu sem aðstoðarmaður ráðherra bæði komist í snertingu við störf löggjafarþingsins og fjölmiðla. Það sé samdóma álit þeirra sem hafi tjáð sig um Þorstein að hann hafi þann mikilvæga kost góðs dómara að geta greint aðalatriði frá aukaatriðum og þyki ágætur í samstarfi og umgengni.

III

Í 1. gr. laga nr. 4/1963 um ráðherraábyrgð segir að ráðherra beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum eftir því sem mælt er fyrir þar og í stjórnarskrá. Í 1. mgr. 13. gr. sömu laga er kveðið á um heimild til að dæma ráðherra í sakamáli til greiðslu skaðabóta fyrir tjón, sem hann hefur bakað öðrum með framkvæmd eða vanrækslu sem er refsiverð eftir lögunum, en tekið er fram að um skaðabótaskyldu hans fari „eftir almennum reglum.“ Að þessu virtu girða ákvæði þessara laga ekki fyrir að ráðherra geti orðið skaðabótaskyldur eftir almennum reglum vegna stjórnarsýsluákvörðunar sinnar og er því haldlaus málsástæða aðaláfrýjandans Árna sem að þessu lýtur.

Í málinu er ekki deilt um það að álit, sem dómnefnd lét í té um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara samkvæmt reglum 3. mgr. og 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 eins og

þær voru fyrir gildistöku 2. gr. og 4. gr. laga nr. 45/2010, hafi ekki bundið ráðherra við veitingu þess. Þá er heldur ekki ágreiningur um að aðaláfrýjandanum Árna hafi sem settum dóms- og kirkjumálaráðherra borið eftir meginreglum stjórnisýsluréttar að velja í desember 2007 til skipunar í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands þann umsækjanda, sem hæfastur var til að gegna því. Deila er á hinn bóginn um hvort aðaláfrýjandinn hafi farið að þeirri reglu.

Ákvæði um dómnefnd til að meta hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara voru fyrst sett með 2. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, en samkvæmt lögskýringargögnum var það einkum gert til að styrkja sjálfstæði dómstóla og auka traust almennings á því að dómara væru óháðir handhöfum framkvæmdarvalds. Efnislega voru sömu reglur teknar upp í 3. mgr. og 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, þar á meðal um að dómnefndin skyldi skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Hæstarétti, öðrum af Dómarafélagi Íslands úr röðum héraðsdómara og þeim þriðja af Lögmannafélagi Íslands úr hópi starfandi lögmannna. Samkvæmt 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 bar dómnefndinni að láta ráðherra í té rökstudda og skriflega umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara, en um störf nefndarinnar skyldi ráðherra að öðru leyti setja nánari reglur. Svo var gert með reglum nr. 693/1999 um störf nefndar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998. Í 4. gr. þeirra var mælt svo fyrir að dómnefndin skyldi í mati sínu hafa til hliðsjónar fjögur atriði, nánar tiltekið starfsferil umsækjenda, fræðilega þekkingu, almenna og sérstaka starfshæfni og góð tök á íslensku máli. Í sama ákvæði var ráðgert að dómnefndin gæti krafist umsækjendur um frekari gögn og aflað sér vitneskju um starfsferil þeirra. Á grundvelli þessara reglna setti dómnefndin verklagsreglur við mat á umsóknum um embætti héraðsdómara samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, sem ráðherra staðfesti 23. mars 2001. Samkvæmt þeim átti nefndin í mati sínu einkum að taka tillit til skilyrða 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, starfsreynslu, fræðilegrar þekkingar, almennrar og sérstakrar starfshæfni og persónuleika umsækjenda. Í álitum dómnefndarinnar frá 29. nóvember 2007, sem um ræðir í málinu, sagði að hún hafi „eftir því sem kostur er haft hliðsjón“ af þessum verklagsreglum.

Samkvæmt 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 ber stjórnvaldi, sem veitir starf í þjónustu ríkisins eða embætti, að sjá til þess að atriði, sem máli skipta, séu nægjanlega upplýst áður en það tekur ákvörðun um veitinguna. Með áðurgildandi 3. mgr. og 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 var þessari rannsóknarskyldu við skipun í embætti héraðsdómara í verulegum atriðum létt af dóms- og kirkjumálaráðherra, en hún lögð þess í stað á herðar dómnefndar, sem skipað var í með tilliti til þess að tryggt yrði að sérþekking væri þar fyrir hendi um mat á hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Við rannsókn og hæfnismatið voru hendur dómnefndarinnar

jafnframt að nokkru bundnar af áðurnefndum fyrir mælum í reglum nr. 693/1999, sem ráðherra setti, og verklagsreglum, sem hann staðfesti sem fyrr segir 23. mars 2001. Þótt álit dómnefndarinnar hafi ekki verið bindandi fyrir ráðherra, svo sem tekið var fram í 7. gr. reglna nr. 693/1999, verður að gæta sérstaklega að því að rannsókn hennar kom lögum samkvæmt í stað rannsóknar, sem ráðherra hefði ella borið að gera. Af því leiðir að hafi ráðherra talið efni til að víkja frá álit dómnefndarinnar við skipun í embætti héraðsdómara var óhjákvæmilegt að ákvörðun hans yrði reist á frekari rannsókn eftir 10. gr. stjórnsýslulaga, þar sem tekið yrði meðal annars tillit til fyrir mæla hans sjálfs í reglum nr. 693/1999 um þau atriði varðandi umsækjendur, sem ráða skyldu hæfnismati, og jafnframt tryggt að sérþekkingar nyti þar við í sambærilegum mæli og við störf dómnefndarinnar. Í þeim efnum bar einnig sérstaklega að gæta að því að við veitingu embættis héraðsdómara tók ráðherra ekki ákvörðun um starf, sem átti undir boðvald hans, heldur stöðu, sem heyrir til annarrar greinar ríkisvaldsins og sérstakar reglur um sjálfstæði gilda um samkvæmt 1. málslíð 61. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 15/1998.

Í áðurnefndri yfirlýsingu, sem aðaláfrýjandinn Árni lét frá sér fara 10. janúar 2008, sagði meðal annars að hann hafi talið álit dómnefndarinnar frá 29. nóvember 2007 haldið göllum, þar sem niðurstaðan hafi verið „ógagnsæ, lítt rökstudd og innra ósamræmis gætt við mat á reynslu sem hin ýmsu störf gefa“, en sér hafi borið skylda til að hafa skoðun á álitinu og fara eftir eigin mati við skipun í embættið ef hann greindi á við nefndina. Samkvæmt svörum, sem aðaláfrýjandinn veitti 18. mars 2008 við áðurnefndri fyrirspurn Umboðsmanns Alþingis, fékk hann í hendur gögn um veitingu embættisins 18. desember 2007, en lauk málinu rúmum tveimur sólarhringum síðar, sama dag og hann var settur dóms- og kirkjumálaráðherra til að taka ákvörðun í því. Í bréfi umboðsmanns var meðal annars spurt „hvaða starfsmenn Stjórnarráðs Íslands eða aðrir veittu yður aðstoð eða komu með öðrum hætti að undirbúningi og töku ákvörðunar um skipun í umrætt starf“ og sagði af því tilefni eftirfarandi í svörum aðaláfrýjandans: „Þann 18. desember sl. fékk undirritaður gögn málsins afhent, eins og áður segir. Undirritaður fór sem settur dóms- og kirkjumálaráðherra ítarlega yfir öll gögn málsins og myndaði sér síðan skoðun á málinu og tók ákvörðun um skipun í framhaldinu á grundvelli 1. mgr. 12. gr. dómstólalaga.“ Í málinu liggur einnig fyrir að á Alþingi var 7. febrúar 2008 borin upp fyrirspurn við aðaláfrýjandann Árna vegna veitingar þessa embættis, meðal annars um hvaða gögn hann hafi fengið til að byggja ákvörðun sína á, hvort hann hafi aflað nýrra gagna við meðferð málsins og hvort hann hafi leitað til meðmælenda með einstökum umsækjendum. Í svari aðaláfrýjandans 28. sama mánaðar sagði að hann hafi fengið „öll gögn sem á málið voru skráð, þ.e. umsóknir ásamt fylgigögnum, álit dómnefndar og önnur bréf tengd málinu og auk þess eldri umsóknir umsækjenda og fylgigögn, sem fyrir lágu í ráðuneytinu.“ Hann hafi engra

gagna aflað sjálfur og ekki leitað til meðmælenda, en „skrifleg meðmæli sem fyrir lágu í málinu höfðu áhrif á ákvörðun ráðherrans.“ Ekkert er fram komið í málinu um frekari rannsókn aðaláfrýjandans sjálfs eða annarra á hans vegum á atriðum, sem vörðuðu veitingu embættisins. Að virtum þeim kröfum, sem bar að gera samkvæmt áðursögðu, var þessi rannsókn aðaláfrýjandans með öllu ófullnægjandi til að upplýsa málið nægilega svo að honum gæti verið fært að taka aðra ákvörðun um hæfni umsækjenda en dómnefnd, sem skipuð var sérfróðum mönnum. Aðaláfrýjandanum mátti vera ljóst að ákvörðun hans væri af þessum sökum andstæð 10. gr. stjórnsýslulaga, enda hafði hann um árabil gegnt embætti fjármálaráðherra og farið sem slíkur með málefni, sem vörðuðu réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 8. tölulið 5. gr. þágildandi reglugerðar nr. 3/2004 um Stjórnarráð Íslands. Verður að meta aðaláfrýjandanum þetta til sakar.

IV

Í málinu leitar gagnáfrýjandi annars vegar viðurkenningar á skaðabótaskyldu aðaláfrýjenda vegna fjárhagslegs tjóns, sem ákvörðun aðaláfrýjandans Árna 20. desember 2007 um skipun í embætti héraðsdómara hafi bakað sér, og hins vegar greiðslu á miskabótum, sem gagnáfrýjanda voru ákveðnar að fjárhæð 3.500.000 krónur í hinum áfrýjaða dómi, en hann krefst fyrir Hæstarétti að niðurstaða um þær verði staðfest.

Að því er varðar fyrrgreinda kröfu gagnáfrýjanda er þess að gæta að samkvæmt álit dómnefndar 29. nóvember 2007 var hann einn þriggja umsækjenda, sem hún taldi mjög vel hæfa til að gegna embætti héraðsdómara, en nefndin gerði ekki upp á milli þeirra. Þótt aðaláfrýjandinn Árni hefði farið að álit dómnefndarinnar við veitingu embættisins liggur ekkert fyrir um að gagnáfrýjandi hefði staðið þessara þriggja umsækjenda næst því að hljóta það, en eins og hann lagði grunn að málinu í héraðsdómsstefnu verður hann að bera sönnunarbyrði fyrir þessu. Þegar af þessari ástæðu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu aðaláfrýjenda af þessum lið í kröfum gagnáfrýjanda.

Krafa gagnáfrýjanda um miskabætur er á því reist að aðaláfrýjandinn Árni hafi með háttsemi sinni sýnt honum lítilsvirðingu, niðurlægt hann á opinberum vettvangi og vegið að starfsheiðri hans, reynslu og hæfni, en í því hafi falist meingerð gegn æru hans og persónu, sbr. b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eins og áður hefur verið rakið fór aðaláfrýjandinn Árni ekki eftir þeim reglum, sem honum bar að fylgja við ákvörðun um skipun í embætti héraðsdómara, að því leyti að hann mátti ekki ganga fram hjá álit dómnefndar um hæfni umsækjenda án þess að nægileg rannsókn færi áður fram til að komast að rökstuddri niðurstöðu um að það álit fengi ekki með réttu staðist. Þau atriði, sem aðaláfrýjandinn færði fram til stuðnings ákvörðun sinni eftir að hún hafði verið tekin, bættu í engu úr þessum

annmarka. Ekkert er fram komið í málinu um að aðaláfrýjandinn hafi hagað gerðum sínum á þennan veg til að beina meingerð að æru eða persónu gagnáfrýjanda, heldur sneru þær að því að bæta hlut eins umsækjanda, sem dómnefndin hafði raðað lægra en gagnáfrýjanda, og leggja með því grunn að þeirri ákvörðun að skipa þann umsækjanda í embættið. Þótt aðaláfrýjandinn hafi ekki í tengslum við þetta látið orð falla til að vega að persónu eða æru gagnáfrýjanda verður ekki fram hjá því litið að aðaláfrýjandanum mátti vera ljóst að þessar gerðir hans gætu að ófyrirsynju bitnað á orðspori gagnáfrýjanda og orðið honum þannig að meini. Þrátt fyrir það gekk aðaláfrýjandinn fram án þess að skeyta nokkuð um þessa augljósu hættu. Þegar þetta er virt verður að líta svo á að fullnægt sé skilyrðum b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga til að dæma gagnáfrýjanda miskabætur sameiginlega úr hendi aðaláfrýjenda og breytir þá engu að gagnáfrýjandi hafi verið metinn jafnhæfur tveimur öðrum umsækjendum og því ekki átt lögvarinn rétt á að hljóta embættið. Þær miskabætur eru hæfilega ákveðnar 500.000 krónur og skulu þær bera vexti eins og í dómsorði greinir.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað verður staðfest. Aðaláfrýjendur verða dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, íslenska ríkið og Árni M. Mathiesen, greiði í sameiningu gagnáfrýjanda, Guðmundi Kristjánssyni, 500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. febrúar 2009 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað skal vera óraskað.

Aðaláfrýjendur greiði í sameiningu gagnáfrýjanda 500.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Árna Kolbeinssonar og Markúsar Sigurbjörnssonar

Við erum sammála meiri hluta dómenda um það, sem segir í fyrstu þremur köflum dóms í máli þessu, svo og um að sýkna aðaláfrýjendur af kröfu gagnáfrýjanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu þeirra vegna ætlaðs fjártjóns hans. Af þeim ástæðum, sem hér á eftir greinir, erum við á hinn bóginn ósammála meiri hlutanum um hvort skilyrðum sé fullnægt til að dæma gagnáfrýjanda miskabætur úr hendi aðaláfrýjenda.

Samkvæmt b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er heimilt að dæma þann, sem ber ábyrgð á ólögmati meingerð gegn æru eða persónu annars manns, til að greiða miskabætur þeim sem misgert var við. Í þessum orðum felst að okkar mati áskilnaður um að meingerð sé af

ásetningi eða gáleysi beint gegn þeim, sem miskabóta krefst. Að því verður að gæta að þótt gagnáfrýjanda hafi af dómnefnd samkvæmt þágildandi 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla verið skipað ásamt tveimur öðrum fremst meðal umsækjenda um embætti héraðsdómara haustið 2007 færði það honum ekki lögvarinn rétt til að hljóta embættið. Af þessum sökum var ekki vegið að æru eða persónu gagnáfrýjanda með því einu að aðaláfrýjandinn Árni M. Mathiesen hafi sem settur dóms- og kirkjumálaráðherra veitt einum af fjórum öðrum umsækjendum embættið og getur í því sambandi engu breytt að þeim umsækjanda hafi verið raðað lægra í álit dómnefndar. Hvorki við veitingu embættisins né í skýringum, sem aðaláfrýjandinn gaf á síðari stigum á ákvörðun sinni, var vikið orðum að gagnáfrýjanda, sem horft gætu honum til álitshnekkis, heldur snerist umfjöllun aðaláfrýjandans að því að færa rök fyrir því að sá umsækjandi, sem fyrir valinu varð, hafi ekki verið metinn að verðleikum af dómnefndinni. Hlutlægt séð getur gagnáfrýjandi af þessum sökum ekki talist hafa sætt af hendi aðaláfrýjandans meingerð, sem beindist gegn æru hans eða persónu þannig að varðað geti miskabótum samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði. Fram hjá því verður heldur ekki litið að í dómaframkvæmd Hæstaréttar virðast ekki verða fundin þess dæmi í málum, sem varða veitingu starfs, að öðrum hafi án sérstakrar lagaheimildar verið dæmdar miskabætur en þeim, sem átt hefði lögvarinn rétt til starfsins en fór á mis við það vegna ólögmatrar háttsemi þess, sem með veitingarvaldið fór. Samkvæmt þessu teljum við að einnig eigi að sýkna aðaláfrýjendur af kröfu gagnáfrýjanda um miskabætur, en að hver þeirra eigi að bera sinn kostnað af málinu á báðum dómstigum.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. apríl 2010.

Mál þetta, sem var dómtekið 14. apríl sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Guðmundir Kristjánssyni, Fjallalind 60, Kópavogi, á hendur Árna Matthíasi Mathiesen, Kirkjuholi, Rangárfingi ytra, Rangárvallasýslu, og íslenska ríkinu, með stefnu birtri 10. mars 2009.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. að stefndu verði dæmdir til að greiða honum 5.000.000 kr., eða lægri fjárhæð að mati dómsins, óskipt í miskabætur auk dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. samanber 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 9. febrúar 2009 til greiðsludags.
 2. að viðurkennt verði, að stefndu séu skaðabótaskyldir gagnvart honum vegna skipunar Þorsteins Davíðssonar 20. desember 2007 í embætti héraðsdómara.
 3. að stefndu greiði honum allan málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti samkvæmt lögum nr. 50/1988.
- Stefndi, Árni, krefst þess aðallega að verða alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Stefndi krefst þess til vara að miskabótakrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda að teknu tilliti til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Stefndi, íslenska ríkið, krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati réttarins.

Dómari málsins fékk því úthlutað 4. desember sl.

Málavextir

Hinn 12. október 2007 var auglýst laust til umsóknar embætti héraðsdómara sem yrði með 75% starfsskyldur við Héraðsdóm Norðurlands eystra og 25% við Héraðsdóm Austurlands. Umsóknarfrestur var til 31. október 2007 og var tekið fram að embættið yrði veitt frá og með 1. janúar 2008. Fimm sóttu um embættið.

Hinn 7. nóvember 2007 óskaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið eftir umsögn dómnefndar, sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla.

Hinn 29. nóvember 2007 barst ráðuneytinu umsögn dómnefndarinnar. Þar segir: „*Af gögnum þeim, sem fyrir liggja, verður ekki annað séð en að allir umsækjendurnir fimm fullnægi skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla.*

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 693/1999 skal dómnefnd skila skriflegri umsögn um umsækjendur þar sem fram kemur rökstutt álit á hæfni hvers þeirra. Fylgja þær umsagnir með þessu bréfi og verða ekki tíundaðar hér sérstaklega. Þá skal dómnefnd jafnframt samkvæmt b-lið sama ákvæðis láta í té rökstutt álit á því hvern hún telur hæfastan umsækjenda eða hverja hún telji hæfasta og eftir atvikum láta koma fram samanburð og röðun á þeim eftir hæfni. Verður það gert í þessu bréfi. Dómnefnd hefur nú eins og að undanfögnu haft sem viðmiðun orðin ekki hæfur, hæfur, vel hæfur og mjög vel hæfur.

Eins og fram kemur í sérstökum umsögnum um umsækjendur telur dómnefnd þrjá þeirra standa fremsta og vera mjög vel hæfa til að gegna embætti héraðsdómara en sér ekki ástæðu til að gera upp á milli þeirra.“

Þessir þrjú umsækjendur voru Halldór Björnsson, nú héraðsdómari, Pétur Dam Leifsson lektor og stefnandi. Um stefnanda segir nefndin eftirfarandi: [Hann] „*hefur langlengstan starfsferil umsækjenda og tengist hann allur dómstólum. Hann hefur fengist við dómaraströf með einum eða öðrum hætti um tólf ára skeið og stundað málflutning fyrir héraðsdómstólum í rúm 20 ár og síðustu tólf árin einnig fyrir Hæstarétti. Hann hefur fengist bæði við einkamál og opinber mál og hefur vegna dómara- og málflutningsstarfa sinna viðtæka þekkingu á réttarhari og iðkun þess. Hann hefur jafnframt haft með höndum stjórnunarströf í átta ár sem aðalfulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns í stóru umdæmi og getið sér góðan orðstír á starfsferli sínum. Þótt hann hafi ekki lagt stund á framhaldsnám í lögfræði eða annað háskólanám þykir starfsreynsla hans skapa honum nokkra sérstöðu og vegur þungt í mati dómnefndar.“*

Aðra umsækjendur, þau Ragnheiði Jónsdóttur og Þorstein Davíðsson, taldi dómnefndin að svo komnu hæfa til að gegna dómaraembætti.

Hinn 11. desember 2007 var framangreind umsögn dómnefndarinnar og sérstakar umsagnir hennar um hvern umsækjanda fyrir sig sendar umsækjendum svo þeir gætu komið á framfæri athugasemdum vegna umsagnanna. Hvorki bárust athugasemdir frá stefnanda né Þorsteini.

Hinn 17. desember 2007, tilkynnti dóms- og kirkjumálaráðherra forsætisráðherra að hann myndi víkja sæti í málinu og vísaði til þess að fyrrverandi aðstoðarmaður hans hefði sótt um embættið. Því gætu aðrir umsækjendur dregið óhlutdrægni sína í efa við val á umsækjanda, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Hinn 18. desember 2007 kom fram tillaga á ríkisstjórnarfundum að stefnda, Árna Mathiesen yrði falið að fara með málið. Stefndi, Árni, fékk öll gögn er málið vörðuðu þann dag. Stefnandi staðhæfir, að stefndi, Árni, hafi fengið gögnin afhent 20. desember 2007.

Hinn 20. desember 2007 tilkynnti forsætisráðherra að forseti Íslands hefði fallist á tillögu hans um að setja fjármálaráðherra til að fara með umrætt stjórnslumál og taka ákvörðun í því.

Hinn 20. desember 2007 skipaði settur dóms- og kirkjumálaráðherra, stefndi Árni, Þorstein Davíðsson til að gegna embætti héraðsdómara frá 1. janúar 2008 að telja. Sama dag var öðrum umsækjendum tilkynnt um skipunina.

Hinn 24. desember 2007 krafðist stefnandi rökstuðnings stefnda, Árna, fyrir þessari embættisskipun.

Svarbréf hans er frá 4. janúar 2008 og þar segir meðal annars: „*Þorsteinn Davíðsson lauk laganámi með 1. einkunn árið 1999 og hlaut réttindi til málflyttings fyrir héraðsdómi árið 2005. Þorsteinn var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 2000-2003 og aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra 2003-2007. Frá því í nóvember 2007 hefur Þorsteinn gegnt starfi aðstoðarsaksóknara og deildarstjóra við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. ... Þorsteinn hefur um átta ára reynslu af störfum þar sem reynt hefur á lögfræðipækkingu. Hann hefur í dómsmálaráðuneytinu, sem aðstoðarmaður ráðherra, öðlast reynslu af stjórnun og skipulagningu starfa, en starf aðstoðarmanns ráðherra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu reynir á allar hliðar lögfræði, stjórnslurétt, löggjafarstarf, stjórnun ráðuneyta, fjárreiður ríkissjóðs og einstakra stofnana, veitir góða innsýn í störf ríkisstjórnar og Alþingis og krefst samskipta við ótal aðila, innlenda og erlenda, setu á fundum og ráðstefnum heima og erlendis. ... Með vísan til framangreinds og á grundvelli fyrirbyggjandi gagna var það mat dóms- og kirkjumálaráðherra að fjölbreytt reynsla Þorsteins og þekking, ekki síst vegna starfa sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra um rúmlega fjögurra ára skeið, geri það að verkum að hann sé hæfastur umsækjenda um embætti héraðsdómara við héraðsdóm Norðurlands eystra.*“

Hinn 9. janúar 2008 sendi dómnefndin frá sér athugasemdir. Þar kom meðal annars fram, að eins og tilvist dómnefndar af þessu tagi er háttáð sé óhjákvæmilegt að ætla að veitingarvaldinu séu einhver takmörk sett við val sitt, að minnsta kosti með hliðsjón af góðum og vönduðum stjórnsluháttum og raunar ekki síður sjálfstæði dómstólanna. Taldi nefndin að ráðherra hefði hér farið langt út fyrir slík mörk og tekið ómálefnalega ákvörðun. Sé hún einsdæmi í þau sextán ár, sem liðin voru frá því að nefndin var sett á laggirnar.

Hinn 10. janúar 2008 sendi stefndi, Árni, frá sér yfirlýsingu vegna athugasemda dómnefndarinnar. Þar segir meðal annars, að ráðherra beri í störfum sínum að taka sjálfstæða afstöðu til mála sem fyrir hann eru lögð og meta sjálfstætt álit hinna ýmsu nefnda sem vinna að undirbúningi mála fyrir hann. Beri honum að fara eftir eigin sannfæringu en ekki sannfæringu annarra. Í framangreindu tilviki „*telur ráðherrann að gallar hafi verið á umsögn dómnefndar sem hafi verið ógagnsæ, lítt rökstudd og innra ósamræmis gætt við mat á reynslu sem hin ýmsu störf gefa*“.

Hinn 16. janúar 2008 kvartaði stefnandi til umboðsmanns Alþingis yfir umræddri embættisskipun. Taldi hann, að skipunin hefði af ráðherrans hálfu ekki verið nægilega vel undirbúin með vísan til jafnræðisreglu og rannsóknarreglu stjórnsluréttar, samanber 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Þá taldi hann, að embættisfærsla þessi hefði ekki byggst á málefnalegum, gildum og löglegum sjónarmiðum miðað við áður nefnda umsögn og álit dómnefndarinnar. Jafnframt taldi hann áður nefndan rökstuðning ráðherrans ekki vera í samræmi við kröfur og ákvæði 22. gr. stjórnslulaganna um efni slíks rökstuðnings. Loks fann hann að meðferð reglulegs dóms- og kirkjumálaráðherra, Björns Bjarnasonar, á málinu. Taldi hann, að hefði ráðherrann á annað borð verið hér

vanhæfur, þá hefði hann átt að segja sig frá málinu jafnskjótt og umsóknirnar lágu fyrir en ekki árdegis 20. desember 2007 eins og hér virtist hafa verið raunin. Benti hann á í þessu sambandi, að Þorsteinn hafi verið meðal umsækjenda um héraðsdómaraembætti í Reykjavík árið 2006 og hefði það ekki valdið vanhæfi ráðherrans, þegar hann skipaði í það embætti.

Hinn 23. janúar 2008 ályktaði Dómarafélag Íslands vegna umræddrar héraðsdómaraskipunar. Segir þar meðal annars, að það sé álit stjórnar félagsins, að ráðherra beri við skipun í dómaraembætti að hafa hliðsjón af umsögn dómnefndarinnar, þótt hann sé ekki bundinn af henni. Kjósi hann hins vegar að leggja ekki umsögnina til grundvallar, eins og hér var gert, ber honum að færa fyrir því viðhlítandi rök. Telur stjórnin, að það hafi hann ekki gert.

Hinn 19. febrúar 2008 óskaði umboðsmaður Alþingis eftir svörum, athugasemdum og skýringum ráðherrans við ellefu spurningum sínum vegna embættisveitingarinnar. Í niðurlagi bréfsins tók umboðsmaður fram, að með tilliti til málavaxtanna hefði hann talið rétt að setja fram ítarlegri spurningar en hann teldi að jafnaði þörf á. Væri þetta gert til þess að ráðherranum gæfist sem best tækifæri til að koma með skýringar sínar og þar með yrði sem bestur grunnur lagður að frekari athugun hans og afgreiðslu á kvörtununum.

Hinn 18. mars 2008 svarði stefndi, Árni. Þar segir meðal annars: „*Við er til bréfs yðar, dags. 19. febrúar sl., til undirritaðs er varðar kvartanir sem yður hafa borist frá Guðmundi Kristjánssyni og Péttri Dam Leifssyni vegna skipunar undirritaðs, sem setts dóms- og kirkjumálaráðherra, í embætti héraðsdómara með starfsstöð við héraðsdóm Norðurlands eystra. Gefið þér undirrituðum, settum dóms- og kirkjumálaráðherra, færi á að senda yður skýringar og athugasemdir í tilefni af nefndum kvörtunum, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, og þá óskið þér sérstaklega eftir því að svarað verði og skýringar veittar vegna ellefu nánar tilgreindra spurninga sem þér setjið fram. Athygli vekur að spurningar yðar eru mjög ítarlegar í framsetningu og með því yfirbragði og orðavali að svo virðist sem afstaða yðar til úrlausnarefnisins kunni að vera mótuð fyrirfram. Af þeim sökum má halda því fram að svör þau sem undirritaður ber fram hér að neðan komi til með að hafa takmarkaða þýðingu þegar þér leysið úr málinu og þar með hinn sjálfsgæði réttur undirritaðs til andmæla. Engu að síður verður fyrirspurnum yðar nú svarað lið fyrir lið.*“

Álit umboðsmanns Alþingis á kvörtununum er dagsett 30. desember 2008. Í niðurstöðukafla þess segir meðal annars svo orðrétt: „*Það er niðurstaða mín að ekki hafi verið lagður fullnægjandi grundvöllur í samræmi við reglur stjórnásluréttarins að ákvörðun setts dómsmálaráðherra um að skipa Þorstein Davíðsson í embætti héraðsdómara með starfsstöð við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Þar sem ráðherra gætti ekki þeirra reglna um undirbúning og mat á umsóknum sem tryggja eiga að hæfasti umsækjandinn verði skipaður þá fæ ég ekki séð að ráðherra hafi haft forsendur til að fullyrða að hann hafi í reynd valið hæfasta umsækjandann.*

Í álitinu eru að auki gerðar athugasemdir við að efni rökstuðnings ráðherra til annarra umsækjenda fyrir skipun í embættið hafi ekki uppfyllt kröfur 1. mgr. 22. gr. stjórnáslulaga. Loks geri ég athugasemdir við að skipaður dómsmálaráðherra hafi ekki vikið fyrir sæti við meðferð málsins í samræmi við reglur stjórnáslulaga, og aðkomu ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að málinu í ljósi persónulegra meðmæla sem hann hafði látið þeim umsækjanda sem skipaður var í embættið í té.

Eins og áður sagði er það niðurstaða mín að tilteknir annmarkar hafi verið á undirbúningi, ákvörðun og málsmeðferð setts dómsmálaráðherra við skipun í umrætt embætti héraðsdómara. Að teknu tilliti til dómaframkvæmdar hér á landi og að teknu tilliti til hagsmuna þess sem hlaut skipun í embættið tel ég ekki líkur á að ofangreindir annmarkar leiði til ógildingar á skipuninni. Það fellur hins vegar utan starfssviðs míns að taka

afstöðu til þess hvaða lagalegu afleiðingar þessir annmarkar á meðferð málsins kynnu að öðru leyti að hafa í för með sér ef um þetta yrði fjallað af dómstólum t.d. í formi skaðabótamáls. Ég beini þó þeim tilmælum til skipaðs dómsmálaráðherra að framvegis verði tekið mið af þeim sjónarmiðum sem lýst er í álitinu þessu við undirbúning og veitingu embætta héraðsdómara.“

Hinn 16. júlí 2008 var stefnanda boðin tímabundin setning héraðsdómara í Reykjavík, það er frá 1. september 2008 og út 15. apríl 2010. Stefnandi hafnaði boði þessu.

Hinn 9. janúar 2009 sendi stefnandi stefnda, Árna, bréf og vísaði til framangreindrar niðurstöðu umboðsmanns og taldi ráðherrann hafa vegið mjög gegn æru sinni og persónu með þeim ólögætum stjórnsýsluathöfnum, sem hann viðhafði í umrætt sinn. Krafði hann ráðherrann og íslenska ríkið um fyrirvaralaus greiðslu miskabóta að fjárhæð 5.000.000 kr. óskipt með vísun til 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Skyldi greiðslan eiga sér stað innan 10 daga frá dagsetningu bréfsins að viðlagðri málssókn ella. Með bréfi ríkislögmanns, dags. 21. janúar 2009, var þessari kröfu hafnað.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að stefndi, Árni, hafi ekki lagt fullnægjandi grundvöll í samræmi við reglur stjórnsýsluréttarins að ákvörðun sinni um að skipa þann er embættið fékk í dómaraembættið og hann hafi þar með í reynd ekki valið hæfasta umsækjandann, svo sem honum var skylt og hann viðurkennir að honum hafi borið að gera. Undirbúningi og rannsókn stefnda, Árna, að umræddri stjórnarathöfn hafi verið verulega áfátt og hafi honum verið það augljóst eða mátt vera það, þar á meðal sökum þess að sá er embættið fékk hafði sjálfur engar athugasemdir gert við umsagnir dómnefndarinnar. Þessir vankantar séu þvert gegn skyldum og reglum stjórnsýsluréttarins um vönduð vinnubrögð að þessu leyti, sérstaklega í ljósi stöðu og umsagnar hinnar lögbundnu dómnefndar sem stofnuð var í þeim megingiltgangi að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómara séu valdir samkvæmt hæfni einvörðungu. Stefnda, Árna, hafi því borið að leggja málið að nýju fyrir dómnefndina til umfjöllunar og nýrrar umsagnar miðað við eigin skoðun og þau áform, sem hann sjálfur hafði um skipun þess í embættið sem stöðuna hlaut, þar sem bætt væri úr framangreindum göllum og annmörkum fyrirbyggjandi umsagnar að hans álitinu, áður en hann tæki ákvörðun í málinu. Jafnframt hafi hann vísitandi dregið óforsvaranlegar ályktanir af fyrirbyggjandi gögnum málsins, upplýsingum sem hann aflaði og eigin reynslu af störfum aðstoðarmanna hans sem fagráðherra á öðru sviði með því að meta þann sem hann skipaði í embættið hæfastan umsækjenda án samanburðar við hæfni stefnanda sem fullnægði kröfum grundvallarreglna stjórnsýsluréttarins um undirbúning stöðuveitingar og mat á hæfni umsækjenda. Rökstuðningur sá, sem hann færir fram í 1. mgr. 10. liðar svars síns til umboðsmanns Alþingis 19. febrúar 2008 og varðar samanburð á reynslu stefnanda og þess er embættið hlaut, haldi ekki. Sama gildi um tilvísun hans þar í þyngra vægi annarra hæfileika þess er embættið hlaut en skemmri starfsreynsla hans. Hún sé staðlausir stafir. Stefndi, Árni, hafi því engar réttmætar forsendur haft til að fullyrða að hann hafi í reynd valið hæfasta umsækjandann. Hæfni og skipun þess sem embættið hlaut hafi þess vegna verið reist á ómálefnalegum og annarlegum ástæðum.

Stefnandi telur að með þessari háttsemi sinni við skipun í embættið hafi stefndi, Árni, misbeitt valdi sínu og með ólögætum hætti gengið fram hjá stefnanda. Hann hafi mátt búast við því, að hann yrði skipaður í embættið miklu frekar en sá er embættið hlaut og sé ekki unnt að útiloka, að svo hefði orðið, hefði hér verið farið að lögum. Fyrir liggur að laun héraðsdómara eru sannanlega umtalsvert hærri en laun stefnanda sem og önnur kjör og réttindi. Umræddar athafnir stefndu ollu stefnanda því fjárhagslegu tjóni, sem þeim beri að bæta eftir almennum

skaðabótareglum. Krefst stefnandi viðurkenningar á þeirri bótaskyldu þeirra óskipt samkvæmt heimild í 2. mgr. 25. gr., sbr. d-lið 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Þá telur stefnandi að stefndi, Árni, hafi einnig með þessari ólögsmætu háttsemi sinni sýnt stefnanda takmarkalausá lítilsvirðingu, niðurlægt hann á opinberum vettvangi og vegið að starfsheiðri hans og viðurkenningu á reynslu hans og hæfni til embættisins umfram þann sem hann skipaði í embættið. Með því hafi hann beitt valdniðslu með ráðherravaldi sínu og valdið stefnanda miska með því að fremja ólögsmæta alvarlega meingerð gegn æru hans og persónu og þar með brotið gegn b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þannig að miskabótum varði.

Stefnandi beinir kröfum sínum bæði gegn Árna M. Mathiesen persónulega og íslenska ríkinu samkvæmt reglum um húsbónda- og vinnuveitendaábyrgð.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi einnig til 10., 11. og 22. gr. stjórnsýslulaganna, 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998, reglugerðar nr. 693/1999 um störf nefndar samkvæmt 3. mgr. nýnefndrar 12. gr. og verklagsreglna við mat á umsóknum um embætti héraðsdómara samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998. Hann vísar og í dóm Hæstaréttar í málinu nr. 182/2005, sem upp var kveðinn 17. nóvember 2005. Auk tilgreiningar í dómkröfu styðst vaxtakrafan við 16. gr. skaðabótalaganna, samanber 12. gr. laga nr. 37/1999. Varðandi málskostnað er vísað til 129. - 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á kostnaðinn byggist á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefnda, Árna

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að lagaskilyrði standi ekki til þess að hann geti, hvað sem öllu öðru líður, borið persónulega skaðabótaábyrgð á meintu tjóni stefnanda. Leggja verður á stefnanda að leiða í ljós á hvaða lagagrundvelli slík krafa gæti náð fram að ganga, en stefnandi hefur í engu vikið að því í stefnu sinni. Ber því þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

En jafnvel þótt talið verði að stefndi geti að lögum borið persónulega skaðabótaábyrgð vegna umræddrar stöðuveitingar er hafið yfir vafa að óhjákvæmilegt skilyrði þess að slík krafa stefnanda yrði tekin til greina er að stefnandi sýni fram á að uppfyllt séu skilyrði almennu skaðabótareglunnar og viðtekinna sjónarmiða í stjórnsýslu- og skaðabótarétti um skaðabótaskyldu vegna stjórnvaldsákvörðunar. Stefnandi ber alla sönnunarbyrði í þessum efnunum. Í því felst m.a. að stefnandi þarf að sýna fram á að (1) ákvörðun ráðherra hafi verið saknæm og ólögsmæt, en það felur í sér, auk annars, að hún hafi verið haldin efnis- og formannmörkum, og jafnvel þótt slíku væri slegið föstu þyrfti stefnandi enn fremur (2) að sýna fram að þeir annmarkar hefðu verið verulegir. Loks, og ekki síst, ber stefnanda (3) að sýna fram á að óyggjandi sé að borið hafi að veita honum stöðuna, umfram alla aðra fjóra umsækjendur um hana, þ.e. að skilyrðin um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu séu uppfyllt, og enn fremur (4) að ákvörðunin hafi leitt til tjóns fyrir stefnanda.

Af hálfu stefnda er byggt á því að engu framangreindra skilyrða skaðabótaskyldu sé fullnægt, hvað þá öllum þeirra, en þeim verður öllum að vera fullnægt svo unnt sé að taka til greina kröfur stefnanda í málinu. Þannig er því í fyrsta lagi hafnað að ákvörðun stefnda hafi verið saknæm og ólögsmæt, þ.á m. haldin annmörkum, hvað þá að þeir annmarkar geti talist verulegir. Enn fremur er því alfarið hafnað, hvað sem öðru líður, að stefnanda hafi tekist að sýna fram á að hann hefði átt óyggjandi rétt til stöðunnar umfram alla aðra umsækjendur, þ.e. að skilyrðin um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu séu uppfyllt, og loks að ákvörðunin hafi leitt til tjóns fyrir stefnanda.

Verður nú fjallað um framangreind skilyrði lið fyrir lið.

1. *Ákvörðunin verður að hafa verið saknæm og ólögmat.* Grundvallarforsenda skaðabótaskyldu stefnda er að umrædd ákvörðun hafi verið saknæm og ólögmat.

Stefndi hafnar því í fyrsta lagi að ákvörðunin hafi verið saknæm. Í því felst m.a. að stefndi hafi haft tiltekna óforsvaranlega huglæga afstöðu til ákvörðunarinnar. Stefndi hafnar því að svo hafi verið.

Þá var ákvörðunin heldur ekki ólögmat en stefnandi hefur byggt á því að svo hafi verið. Í því sambandi hefur í fyrsta lagi verið byggt á því af hálfu stefnanda að stefndi hafi ekki lagt „fullnægjandi grundvöll í samræmi við reglur stjórnisýsluréttarins að ákvörðun sinni“ og „ekki valið hæfasta umsækjandann“, eins og segir í stefnu. Þessu er hafnað af hálfu stefnda. Fyrir liggur, og enginn vafi er um, að veitingarvaldið í málinu var hjá stefnda, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, og að umsögn dómnefndar um umsækjendur var ekki bindandi fyrir stefnda þegar hann tók umrædda ákvörðun, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 693/1999, heldur aðeins liður í undirbúningi ákvörðunar. Stefndi fór ítarlega yfir það í svörum sínum til umboðsmanns Alþingis, dags. 18. mars 2008, hvernig hann hefði komist að þeirri niðurstöðu sem hann gerði. Ljóst er m.a. að mat stefnda var annað en dómnefndar. Taldi stefndi m.a. að sérstaklega lítið hefði verið gert úr starfsreynslu þess er embættið fékk sem aðeins var metinn hæfur af dómnefnd, andspænis störfum þriggja annarra umsækjenda, sem metnir voru mjög hæfir. Sjónarmið um starfsreynslu var þó aðeins eitt þeirra sjónarmiða sem lítið var til við umrædda embættisveitingu, og þar komu fleiri atriði til, eins og rakið er í rökstuðningnum fyrir ákvörðuninni, dags. 4. janúar 2008 og ítarlega í áður nefndu bréfi stefnda til umboðsmanns, dags. 18. mars 2008, og vísast til þeirra um þessi atriði. Úrslitum réð í stuttu máli fjölbreytt reynsla umsækjandans og þekking samkvæmt heildarmati. Var það mat stefnda að sá er embættið fékk hefði verið hæfastur umsækjenda um embættið og var honum því veitt það. Var ákvörðunin fyllilega í samræmi við réttarreglur sem gilda við veitingu embætta hjá hinu opinbera. Stefnandi hefur með engum hætti hnekkj því mati stefnda að sá er embættið fékk hafi verið hæfasti umsækjandinn umrætt sinn.

Þá er á því byggt af hálfu stefnanda að „[u]ndirbúningi og rannsókn [...] stefnda að umræddri stjórnarathöfn hafi verið verulega áfátt“ og að stefnda hafi „borið að leggja málið að nýju fyrir dómnefndina til umfjöllunar og umsagnar miðað við eigin skoðun og þau áform sem hann sjálfur hafði um skipun þess í embættið sem stöðuna hlaut“. Þessu hafnar stefndi alfarið. Ljóst er að fyrir stefnda lágu, þegar hann tók umrædda ákvörðun, öll gögn málsins, þ.á m. umsóknir umsækjenda um stöðuna, og fylgigögn þeirra, ásamt umsögn hinnar lögbundnu dómnefndar um hvern og einn umsækjanda. Stefndi fær ekki séð hvaða tilgangi það hefði þjónað að afla annarrar umsagnar dómnefndar. Umsögn nefndarinnar um umsækjendur, og mat hennar á starfsreynslu þeirra, lá fyrir en mat stefnda um það atriði, og önnur, var einfaldlega annað en nefndarinnar. Þau atriði sem máli skiptu við mat stefnda komu fram í umsóknum, fylgigögnum þeirra og öðrum fyrirbyggjandi gögnum. Ákvörðun stefnda byggðist, eins og áður segir, á fjölmörgum sjónarmiðum, ekki hvað síst starfsreynslu. Ekki stenst að þótt mat stefnda hafi verið annað en nefndarinnar um sum atriði beri honum að leita nýrrar umsagnar um hvert og eitt slíkt atriði. Slíkt fyrirkomulag fæli aðeins í sér marklausa endurtekningu á fyrra ferli. Fullkomlega málefnaleg rök réðu ákvörðun stefnda og málið var nægilega rannsakað í skilningi 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Ákvörðunin var tekin að vel yfirlögðu ráði eftir að stefndi hafði farið ítarlega yfir álit dómnefndar og allar fyrirbyggjandi umsagnir og fylgigögn þeirra. Hér skipti enn fremur máli að stjórnisýslan væri skilvirk og afgreiðsla málsins hröð, sbr. 9. gr. stjórnisýslulaga, en eitt af markmiðum með setningu stjórnisýslulaganna var að málsmeðferð í stjórnisýslu hérlendis yrði í senn „einföld, hraðvirk og ódýr“ (Alþt. 1992, A-deild, bls. 3277). Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að stefndi fékk málið til umfjöllunar 18. desember 2007 en skipa skyldi í embættið frá og með 1. janúar 2008. Það þurfti því nokkuð ríkar ástæður til ef lengja átti málsmeðferðartímann með öflun nýrrar umsagnar frá

dómnefnd. Sú lenging hefði þurft að vera réttlætt með því að ljóst væri að ný umsögn hefði raunverulegu þýðingu fyrir málið. Þess var einfaldlega ekki þörf eins og atvikum málsins var háttað.

Þá er á því byggt af hálfu stefnanda að stefndi hafi „vísitandi dregið óforsvaranlegar ályktanir af fyrirliggjandi gögnum málsins“. Því er alfarið hafnað af hálfu stefnda. Fyrir liggur að mat stefnda var annað en dómnefndar, en álit dómnefndar var, eins og fyrr segir, ekki bindandi fyrir stefnda heldur liður í undirbúningi ákvörðunar. Þá virðist vera, af áliti umboðsmanns Alþingis að dæma, að stefndi dragi aðrar ályktanir af gögnum málsins en umboðsmaður gerir. Það getur engan veginn leitt til þess að unnt sé að fullyrða að stefndi hafi dregið óforsvaranlegar ályktanir af þeim og er því hafnað sem röngu og ósönnuðu. Hægt er að draga mismunandi ályktanir af sömu forsendum og komast að mismunandi niðurstöðum allt eftir því hvernig forsendurnar eru metnar.

Þá hafnar stefndi því alfarið sem röngu að „skipun þess sem embættið hlaut hafi [...] verið reist á ómálefnalegum og annarlegum ástæðum“, og að hann hafi „misbeitt valdi sínu og með ólögmætum hætti gengið framhjá stefnanda“, eins og haldið er fram í stefnu. Þarna eru á ferð alvarlegar og algerlega tilhæfulausar ásakanir sem ekki nokkur fótur er fyrir. Stefndi mótmælir málalíbúnaði þessum sem óviðurkvæmilegum.

Til viðbótar framangreindu, og til nánari rökstuðnings fyrir málsmeðferð og töku umræddrar ákvörðunar, er af hálfu stefnda vísað til svars hans til umboðsmanns Alþingis, dags. 18. mars 2008. Þá er enn fremur vísað til og tekið undir þau sjónarmið sem færð eru fram í greinargerð meðstefnda, íslenska ríkisins, í máli þessu.

Með vísan til alls framangreinds er því hafnað að fullnægt sé því skilyrði skaðabótaskyldu að ákvörðunin hafi verið saknæm og ólögmæt, og þ.á m. að annmarkar hafi verið á málsmeðferð, undirbúningi og töku umræddrar ákvörðunar.

2. *Meintir annmarkar verða að hafa verið verulegir.* Stefndi byggir jafnframt á því að jafnvel þótt talið yrði að einhverjir annmarkar hafi verið á ákvörðun hans, sem er alfarið hafnað samkvæmt framangreindu, þá sé a.m.k. ljóst að þeir annmarkar geti ekki talist hafa verið verulegir. Samkvæmt viðurkenndum reglum í stjórnslu- og skaðabótarétti kemur aðeins til greina að dæma stjórnvald skaðabótaskyldt vegna stjórnvaldsákvörðunar ef annmarkar á ákvarðanatökunni hafa verið verulegir, en auk þess þarf vitaskuld að uppfylla önnur skilyrði almennu skaðabótareglunnar svo sem um orsakasamhengi, sennilega afleiðingu og tjón. Það er stefnandi sem ber alfarið sönnunarbyrðina fyrir því að öllum þessum skilyrðum sé fullnægt.

3. *Skilyrðið um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu - Stefndi verður m.a. að sýna fram á að hann hafi skýlaust átt rétt til stöðunnar umfram alla aðra umsækjendur – Miskabætur.* Jafnvel þótt svo ólíklega vildi til að fallist yrði á að umrædd ákvörðun hafi verið saknæm og ólögmæt og þeir annmarkar sem á henni voru verulegir, stendur eftir eitt af grundvallarskilyrðum þess að stefndi verði dæmdur skyldur til að greiða fjár- og miskabætur vegna ákvörðunarinnar: Það að orsakasamhengi sé fyrir hendi og að meint tjón stefnanda sé sennileg afleiðing af ákvörðuninni. Þannig þarf stefnandi að sýna fram á að hann hafi átt skýlausan rétt til stöðunnar umfram alla aðra umsækjendur. Stefndi hafnar því alfarið að stefnanda hafi tekist slík sönnun. Hér skal m.a. bent á að jafnvel þótt álit dómnefndar um hæfni umsækjenda yrði lagt til grundvallar, sem er mótmælt samkvæmt framangreindu, er ljóst að dómnefnd komst að þeirri niðurstöðu að setja stefnanda í sama hæfnisflokk og tvo aðra umsækjendur, þ.e. Pétur Dam Leifsson og Halldór Björnsson. Sé þetta lagt til grundvallar liggur fyrir að þessir þrír gátu komið til greina í stöðuna og á engan hátt sjálfgefið að stefnandi hefði orðið fyrir valinu – raunar fer því fjarri. Hér skal m.a. bent á að í áliti umboðsmanns Alþingis segir að það sé ekki í hans „verkahring að endurmeta hvern hafi átt að skipa í embætti héraðsdómara“ og að hann geti því ekki „tekið endanlega afstöðu til þess hver umsækjenda hafi verið hæfastur til að gegna starfinu“.

Stefndi hafnar því enn fremur alfarið, hvað sem öðru líður, að hann hafi viðhaft ólögmetna meingerð í garð stefnanda við umrædda ákvarðanatöku og athafnir henni tengdar. Stefndi var einfaldlega að sinna þeirri skyldu sem á honum hvíldi að lögum að skipa mann í stöðu. Í því felst að gera upp á milli umsækjenda og rökstyðja niðurstöðu sína lögum samkvæmt bæði gagnvart þeim sem óskuðu rökstuðnings, svo sem stefnanda, sbr. bréf stefnda, dags. 4. janúar 2008, sem og gagnvart umboðsmanni Alþingis, sbr. bréf stefnda, dags. 18. mars 2008, að fengnum óskum þar um frá honum. Í þessum bréfum, og annarri aðkomu stefnda að málinu, fólst að sjálfsgöðu ekki ólögmet meingerð í garð stefnanda, æru hans eða persónu, fremur en annarra umsækjenda. Geta því skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 aldrei verið uppfyllt í málinu og ber undir öllum kringumstæðum að sýkna stefnda af miskabótakröfu stefnanda. Gífuryrðum í garð stefnda sem fram koma í stefnu, m.a. um að stefndi hafi sýnt „stefnanda takmarkalausá lítilsvirðingu, niðurlægt hann á opinberum vettvangi og vegið að starfsheiðri hans“, og enn fremur „beitt valdniðslu með ráðherravaldi sínu“ er hafnað sem röngum, ósönnuðum og óviðurkvæmilegum.

4. *Stefnandi verður að sýna fram á tjón af völdum ákvörðunarinnar.* Fyrir liggur enn fremur, og hvað sem öllu framangreindu líður, að stefnandi hefur með engum hætti sýnt fram á að ákvörðun stefnda hafi valdið honum fjártjóni, en um það ber stefnandi alla sönnunarbyrði. Þannig hefur hann ekki sýnt fram á að tekjur, eða önnur réttindi, af störfum hans sem lögmanns séu lægri en sem nemur tekjum embættisdómara. Enn fremur verður að horfa til þess að stefnandi hafnaði tilboði um setningu í dómaraembætti fyrir tímabilið 1. september 2008 til 15. apríl 2010. Þá liggur fyrir að stefnandi hefur 10 sinnum sótt um embætti héraðsdómara frá árinu 1979, en ekki fengið.

Þá hefur stefnandi ekki heldur sýnt fram á hvernig ákvörðun stefnda hefur valdið honum miska en um það atriði ber stefnandi alla sönnunarbyrði.

Þegar af framangreindum ástæðum verður að sýkna stefnda af bæði viðurkenningar- og miskabótakröfum stefnanda.

5. *Fella verður niður bótakröfu stefnanda á hendur stefnda vegna ákvæðis 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga.* Þá verður enn fremur, og hvað sem öllu framangreindu líður, að sýkna stefnda með vísan til 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga en þar er mælt fyrir um að skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola megi fella niður ef það verður talið sanngjarnt þegar lítið er til atvika sem getið er í 1. mgr. 23. gr. laganna og hagsmuna tjónþola. Fyrir liggur að málsókn þessi beinist að stefnda persónulega sem ráðherra en hann hefur nú látið af störfum. Er slík málsókn í hæsta máta óvenjuleg. Með vísan til 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga ber því að fella niður skaðabótaábyrgð stefnda gagnvart stefnanda.

6. *Tekið er undir með sjónarmiðum í greinargerð meðstefnda.* Rétt er að taka fram að af hálfu stefnda er tekið undir með sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð meðstefnda, íslenska ríkisins, og teljast þau sjónarmið hluti af málatilbúnaði stefnda.

Um varakröfu. Fyrir liggur að stefnandi gerir miskabótakröfu að fjárhæð 5.000.000 króna auk dráttarvaxta. Jafnvel þótt svo ólíklega vilji til að stefndi verði dæmdur skyldur til greiðslu miskabóta í máli þessu verður að lækka framangreinda kröfu stórkostlega enda er hún í engu samræmi við dómaframkvæmd.

Þá verður enn fremur að lækka hana með vísan til sjónarmiða sem fram koma í 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga og að ofan eru rakin.

Því er mótmælt að krafa stefnanda geti undir nokkrum kringumstæðum borið dráttarvexti fyrir dómsuppsögudag.

Um málskostnaðarkröfu stefnda er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hafa verður hér m.a. í huga hve það er í hæsta máta óeðlilegt og ónaðsynlegt að beina málsókn þessari að stefnda persónulega samhlíða meðstefnda, íslenska ríkinu, en vitaskuld hefði stefnanda nægt að beina málsókninni einvörðungu að meðstefnda eins og venja hefur verið þegar mál eru sótt á hendur ríkinu vegna embættisfærslu ráðherra eða annarra stjórnvalda. Verður að horfa til þessa við ákvörðun málskostnaðar og dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu hver svo sem úrslit málsins verða.

Málsástæður og lagarök stefnda, íslenska ríkisins

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi ekki átt lögvarinn rétt umfram aðra umsækjendur til embættis héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Austurlands. Stefndi mótmælir því alfarið að við skipun í embættið hafi hann brotið þau lagaákvæði og málsmeðferðarreglur sem við áttu um skipunina. Stefndi byggir á því að einungis samanburður á hæfni og reynslu umsækjenda hafi ráðið því hver skipaður var héraðsdómari. Stefndi mótmælir fullyrðingu stefnanda þess efnis að stefnandi hafi talist hæfari en sá umsækjandi sem skipaður var. Þvert á móti telur stefndi að sá einstaklingur sem skipaður var hafi verið hæfasti umsækjandinn og þar með hæfari en stefnandi. Stefndi fullyrðir að mat á hæfni hafi einungis byggst á málefnalegum samanburði umsækjenda. Önnur sjónarmið hafi ekki skipt máli við þetta mat. Einungis hafi samanburður á hæfni og reynslu einstaklinga með tilliti til verkefna embættisins ráðið úrslitum um skipunina.

Stefndi mótmælir því alfarið að hann hafi að einhverju leyti verið bundinn af niðurröðun dómnefndar um hæfni umsækjenda. Að mati stefnda skiptir hér þó miklu máli að sá sem ráðherra taldi hæfasta umsækjandann var talinn hæfur að mati dómnefndar til að gegna dómaraembættinu. Dómnefnd taldi aðra umsækjendur hæfari, sbr. niðurröðun nefndarinnar, en ráðherra var ósammála þessu mati dómnefndarinnar og taldi rökstuðning hennar um hæfni einstakra umsækjenda ófullnægjandi. Við þessar aðstæður réð lögbundið mat ráðherra og sannfæring enda var umsögn nefndarinnar ekki bindandi fyrir ráðherra.

Í rökstuðningi ráðherra er bæði fjallað um aðdraganda og forsendur skipunarinnar. Stefndi telur að ekkert við aðdraganda skipunarinnar gefi tilefni til þeirra andmæla sem stefnandi vísar til í málinu þar að lútandi. Það er þó ljóst að ráðherra varð að hafa hraðar hendur við skipun í embættið því tími til þess var afar takmarkaður. Ráðherra fékk málið í hendur á hádegi 18. desember 2007, jólahátíðin var framundan og skipun í embættið átti að taka gildi 1. janúar 2008. Þessar óumflýjanlegu staðreyndir skýra sjálfsagt fyrst og fremst hraða málsins frá því að ráðherra fékk málið til afgreiðslu og þar til skipað var í embættið 20. desember 2007. Hins vegar er því alfarið mótmælt að hraði afgreiðslunnar hafi einn og sér leitt til ófullnægjandi rannsóknar og undirbúnings afgreiðslu málsins. Fullyrðingar stefnanda um slíkt eru getgátur einar og ósannaðar með öllu.

Engin ákvæði eru til í íslenskri löggjöf sem kveða á um hvernig meta eigi umsækjendur til starfa eða embætta. Óumdeilt er þó, sem fyrr segir, að virða skuli meginreglur ákvæða stjórnslulaga nr. 37/1993. Hvergi eru þó bein ákvæði í stjórnslulögum, frekar en í öðrum lögum, sem mæla fyrir um hvaða aðferðum skuli beita við mat á umsækjendum til starfa eða embætta. Veitingavaldinu er því frjálst að ákveða hvaða aðferðir það viðhefur við mat á umsóknum svo fremi sem aðferðafræðin sé málefnaleg og meginreglur stjórnsluluréttar virtar. Stefndi telur að við skipun í embættið sem hér um ræðir hafi framangreindum lagaskilyrðum verið fylgt að öllu leyti.

Í bréfi stefnda til stefnanda frá 4. janúar 2008 rökstyður ráðherra hvers vegna hann skipaði þann umsækjanda sem hann taldi hæfastan. Í yfirlýsingu ráðherra frá 10. janúar 2008 kemur með öðru fram árétting á lögbundnu hlutverki ráðherra við val á umsækjendum til embættis. Þar lýsir ráðherra þeirri skoðun sinni að umsögn

dómnefndarinnar „hafi verið ógagnsæ, illa rökstudd og innra ósamræmis gætt við mat á reynslu sem hin ýmsu störf gefa“. Í bréfi stefnda til umboðsmanns Alþingis er síðan að finna ítarlegri rökstuðning ráðherra um þessa fullyrðingu hans og almennt fyrir niðurstöðu hans um hæfasta umsækjandann.

Stefndi telur gagnrýni ráðherra á umsögn dómnefndarinnar réttmæta. Miðað við framsetningu umsagnarinnar er afar erfitt að átta sig á hvers vegna sá sem fyrir valinu varð var einungis talinn „hæfur“ en þrír aðrir tilteknir umsækjendur voru taldir „mjög vel hæfir“. Framsetning dómnefndarinnar að þessu leyti er ekki rökstudd að öðru leyti en því, að eftir upptalningu staðreynda um lífshlaup og starfssögu viðkomandi eru dregnar lítt rökstuddar ályktanir um mismunandi hæfni umsækjenda. Ráðherra var eðlilega ósáttur við þessa framsetningu nefndarinnar að því leyti sem hún sneri að þeim umsækjanda sem hann taldi sjálfur að væri hæfastur umsækjenda.

Stefnandi heldur því fram að við þessar aðstæður hefði ráðherra átt að vísa málinu aftur til nefndarinnar og krefjast ítarlegri rökstuðnings. Stefnandi mótmælir því að ráðherra hafi verið skylt að vísa málinu aftur til nefndarinnar eins og málið sneri þá að honum. Í sjálfu sér lá fyrir umsögn dómnefndarinnar, en tíminn var naumur og ráðherra mat það sjálfur að fram væru komin nægileg gögn og upplýsingar um umsækjendur þannig að hann gæti lagt mat á hæfasta umsækjandann. Áréttu verður í þessu samhengi að dómnefndin er lögbundinn rannsóknar- og álitsgjafi en veitingavaldið er í höndum ráðherra. Þar af leiðandi var það hlutverk og skylda ráðherra að meta hvort nægilegar upplýsingar lægju fyrir til þess að hann gæti tekið málefnalega afstöðu til umsækjenda. Í þessu tilviki taldi ráðherra svo hafa verið þrátt fyrir ófullnægjandi rökstuðning dómnefndarinnar.

Stefndi mótmælir því algjörlega að ráðherra hafi dregið „óforsvaranlegar ályktanir af fyrirliggjandi gögnum málsins...“ við mat sitt á hæfasta umsækjandanum, eins og stefnandi heldur fram. Í málatilbúnaði stefnanda er rökstuðningur fyrir þessari fullyrðingu afar takmarkaður og virðist staðhæfingin sjálf ekki byggja á öðru en órökstuddum fullyrðingum stefnanda sjálfs um að undirbúningi og rannsókn málsins hafi verið áfátt og að ráðherra hafi átt að vísa málinu aftur til dómnefndar til nýrrar umfjöllunar. Auk þessa fullyrðir stefnandi að rökstuðningur stefnda í 1. mgr. 10. liðar svars hans til umboðsmanns Alþingis, um samanburð tiltekinna umsækjenda, haldi ekki og þar af leiðandi standist val ráðherra ekki.

Stefndi mótmælir þessum málatilbúnaði stefnanda og fær á engan hátt séð hvernig hann getur staðist. Ráðherra hefur sjálfur ítarlega og opinskátt rökstutt í gögnum málsins hvers vegna hann komst að þeirri niðurstöðu sem hann gerði. Með því gerði hann stefnanda kleift síðar fyrir dómi að rökstyðja og sýna fram á hvers vegna mat ráðherra á þeim umsækjanda sem hlaut skipunina hafi verið ómálefnalegt. Þetta hefur stefnandi ekki gert. Að þessu leyti er málatilbúnaður stefnanda ómarkviss og í raun afar óskýr. Að mati stefnda getur heldur ekki nægt í málatilbúnaði stefnanda að vísa til dómnefndarinnar sjálftrar. Álit nefndarinnar er sama merki brennt vegna þess að mat hennar um hæfnisflokkum umsækjenda er ófullnægjandi með tilliti til efnislegs rökstuðnings.

Samkvæmt framansögðu telur stefndi að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á, að ráðherra hafi „misbeitt valdi sínu og með ólögmætum hætti gengið framhjá stefnanda“, eins og stefnandi heldur fram. Því er líka mótmælt að stefnandi hafi getað búist við að fá umrætt embætti, ef sá sem fékk það hefði ekki orðið fyrir valinu. Þessi síðasta fullyrðing stefnanda er ekki studd neinum rökum enda liggur ekkert fyrir um að svo hefði orðið. Í þessu sambandi verður auðvitað að benda á að tveir aðrir umsækjendur voru metnir í sama hæfnisflokk og stefnandi sjálfur. Samkvæmt þeirri niðurstöðu gátu augljóslega allir þrír komið til greina og á engan hátt er sjálfgefið að stefnandi hefði orðið fyrir valinu.

Stefnandi heldur því fram að ráðherra hafi sýnt stefnanda „takmarkalaus lítillsvirðingu, niðurlægt hann á opinberum vettvangi og vegið að starfsheildri hans og virðingu á reynslu hans og hæfni til embættisins umfram

þann sem hann skipaði í starfið“. Jafnframt er því haldið fram að ráðherra hafi „beitt valdniðslu með ráðherravaldi sínu og valdið stefnanda miska með því að fremja ólögmetta alvarlega meingerð gegn æru hans og persónu...“ Fullyrðingar þessar eru mjög alvarlegar og þeim ber að mótmæla harðlega því fyrir þeim er enginn fótur.

Rökstuðningur fylgir ekki framangreindum fullyrðingum stefnanda. Stefnandi útskýrir því ekki hvernig ráðherra sýndi honum takmarkalaus lítilsvirðingu eða niðurlægði hann á opinberum vettvangi. Það sama má segja um aðrar fullyrðingar hans af sama tilefni svo sem meinta valdniðslu. Ef stefnandi á við málsmeðferðina sjálfa og eftirfarandi skipun í embætti, þá getur það ekki átt við hér. Stefnandi var einn af fimm umsækjendum. Það var á engan hátt sjálfgefið fyrir fram hver hlyti embættið og breytti álit dómnefndar engu þar um. Veitingavaldið var í höndum ráðherra og bar honum skylda til að taka sjálfstæða afstöðu til málsins, þar á meðal að velja á milli fimm hæfra umsækjenda. Ráðherra bar að fara eftir eigin sannfæringu og eigin mati við skipun í embættið og hann var ekki bundinn af niðurstöðum dómnefndarinnar. Eftir öllum þessum lögbundnu viðmiðunum fór ráðherra og valdi þann umsækjandann sem hann taldi hæfastan. Það að þurfa óhjákvæmilega að hafna fjórum öðrum hæfum umsækjendum á ofangreindum forsendum getur hvorki sýnt „takmarkalaus lítilsvirðingu eða niðurlægingu á opinberum vettvangi“ gagnvart stefnanda né öðrum umsækjendum sem ráðherra varð að hafna. Þaðan af síður lýsir það valdniðslu ráðherra eins og stefnandi heldur fram. Ráðherra hefur á engan hátt beitt sér persónulega gegn stefnanda. Það eina sem hann gerði eftir embættisskipunina var að rökstyðja hana, m.a. vegna kröfu stefnanda sjálfs, og vegna heiftarlegrar og ómálefnalegar gagnrýni sem fram hafði komið á opinberum vettvangi. Vörn ráðherra að þessu leyti var fullkomlega málefnaleg og eðlileg í ljósi gagnrýni sem fram kom opinberlega og beindist á engan hátt gegn persónu eða æru stefnanda, eins og áður sagði.

Með vísan til málatilbúnaðar stefnda, eins og honum er lýst hér að framan, er miskabótakröfu stefnanda mótmælt. Stefndi telur að engar lagalegar forsendur séu til að dæma stefnanda miskabætur með vísan til 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þær fullyrðingar og forsendur sem stefnandi byggir hér á eru allar beinlínis rangar og því eðlilega ósannaðar. Ber því að sýkna stefnda af miskabótakröfum stefnanda.

Tölulegri miskabótakröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt. Fjárhæð kröfunnar er í engu samræmi við fyrirliggjandi dómaframkvæmd.

Á fyrrgreindum forsendum hafnar stefndi jafnframt kröfu stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu. Stefndi telur engar lagalegar forsendur til að verða við þessari kröfu stefnanda. Stefnandi byggir viðurkenningarkröfuna á því að ráðherra hafi gengið fram hjá stefnanda við embættisveitinguna með ólögmetum hætti og að stefnandi „hafi mátt búast við því, að hann yrði skipaður í embættið miklu frekar en Þorsteinn og sé ekki unnt að útiloka, að svo hefði orðið, hefði verið farið að lögum“. Þessi málsástæða stefnanda er með öllu rökstudd.

Í fyrsta lagi getur stefnandi ekki sýnt fram á að ráðherra hafi gengið fram hjá honum með ólögmetum hætti. Það er einfaldlega rangt. Í öðru lagi getur stefnandi heldur ekki fullyrt að hann hefði orðið fyrir valinu, ef nefndur umsækjandi hefði ekki verið valinn. Báðar þessar fullyrðingar eru getgátur einar. Ráðherra hefur ítarlega rökstutt lagalega aðstöðu sína og forsendur fyrir embættisveitingunni. Að mati stefnda byggir veiting embættisins á öllum þeim lagalegu forsendum sem við áttu og eiga við um veitingu slíkra embætta bæði hvað varðar form og efni. Síðan verður enn að minna á að stefnandi var ekki eini umsækjandinn og tveir aðrir umsækjendur voru til að mynda taldir mjög vel hæfir að mati dómnefndarinnar til að gegna embættinu. Fleiri umsækjendur en stefnandi komu því til greina við val á hæfasta umsækjandanum.

Meint fjárhagstjón stefnanda er líka algjörlega órökstutt. Ekkert liggur fyrir um ætlað tjón stefnanda vegna væntinga hans sem ekki rættust. Stefnandi gerir sjálfur engar tilraunir til þess að sýna fram á ætlað tjón vegna brostinna væntinga. Sem fyrr byggir stefnandi á fullyrðingunni einni sem nær skammt til sömnunar í skaðabótamáli.

Fyrir liggur að stefnanda var boðin setning héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur fyrir tímabilið frá 1. september 2008 til 15. apríl 2010 sem auglýst hafði verið til umsóknar. Stefnandi hafnaði þessari setningu. Stefndi telur nauðsynlegt að vísa til þessarar afstöðu stefnanda vegna skaðabótakröfu hans í málinu. Samkvæmt almennum efnisreglum skaðabótaréttarins ber þeim sem skaðabóta krefst að takmarka tjón sitt. Að því gefnu að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna væntinga sinna um skipun í dómaraembætti gat hann takmarkað tjón sitt með því að samþykkja setningu í embættið sem hann hafði sóst eftir. Þar sem hann kaus að hafna setningunni getur hann að minnsta kosti ekki haldið því fram að hann hafi orðið fyrir tjóni á fyrrgreindu setningartímabili. Ítrekað er enn að ekkert liggur fyrir um meint fjárhagstjón stefnanda fyrir tímabilið frá 1. janúar til 1. september 2008 og þaðan af síður fyrir tímabilið frá 15. apríl 2010 og áfram.

Skaðabótakrafa stefnanda er væntanlega byggð á sakarreglunni. Stefndi telur að skilyrði sakarreglunnar séu að engu leyti uppfyllt hvað varðar ætlaða bótaábyrgð stefnda gagnvart stefnanda. Stefndi byggir sýknukröfu sína með öðru á því að embættisveitingin hafi verið lögmæt og að eðlilega hafi verið staðið að henni. Stefnandi hefur heldur ekki sýnt fram á, að sjálfgefið hafi verið að hann hefði átt að fá umdeilt embætti. Þar af leiðandi hefur hann heldur ekki sýnt fram á, að ætlað tjón hans vegna embættisveitingarinnar sé sennileg afleiðing ólögmætrar hegðunar stefnda.

Samkvæmt framansögðu telur stefndi að fjárhagstjón stefnanda sé ósannað og þar af leiðandi beri að sýkna stefnda af viðurkenningarkröfu stefnanda og þar með öllum dómkröfum hans.

Að lokum gerir stefndi eftirfarandi athugasemdir við málatilbúnað stefnanda:

Í máli þessu er Árna M. Mathiesen, fyrrverandi ráðherra, persónulega stefnt til varnar í málinu samhliða íslenska ríkinu. Sömu dómkröfur eru gerðar á hendur báðum aðilum. Stefndi áttar sig ekki á hvers vegna þessi háttur er hafður á við málsóknina enda er það ekki útskýrt af stefnanda í gögnum málsins. Stefndi lítur svo á að ónauðsynlegt hafi verið af hálfu stefnanda að draga ráðherra persónulega til ábyrgðar vegna embættisverka hans við skipun í umdeilt dómaraembætti. Það er enginn ágreiningur í málinu um að dómsmálaráðherra skipar í embætti héraðsdómara að viðlagðri ráðherraábyrgð. Ef út af bregður getur sá sem telur sig verða fyrir tjóni vegna starfsveitingar almennt krafist bóta úr hendi íslenska ríkisins. Persóna viðkomandi ráðherra skiptir hér engu máli. Enginn lagalegur ágreiningur er um þetta. Af einhverjum ástæðum kýs stefnandi þó að hafa annan hátt á og draga persónu ráðherrans til ábyrgðar á óútskýrðum forsendum. Að mati stefnda er þetta bæði ónauðsynlegt og óviðurkvæmilegt. Stefndi telur þar af leiðandi nauðsynlegt að átelja slíkan málatilbúnað.

Niðurstaða

Í málinu krefst stefnandi miskabóta og viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefndu gagnvart honum vegna skipunar annars einstaklings í embætti héraðsdómara hinn 20. desember 2007. Í stefnu segir að stefnandi telji að með þeirri embættisveitingu hafi stefndi, Árni, „misbeitt valdi sínu og með ólögmætum hætti gengið framhjá stefnanda“. Þá kemur fram í stefnu að stefnandi telji að stefndu hafi valdið honum tjóni sem þeim beri að bæta eftir almennu skaðabótareglunni. Af þessu er ljóst að tilgreint er í stefnu að grundvöllur málsins af hálfu stefnanda er byggður á almennu skaðabótareglunni. Þá er einnig vísað til 10., 11. og 22. gr. stjórnslulaganna, 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998, reglugerðar nr. 693/1999 um störf nefndar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. og verklagsreglna

við mat á umsóknum um embætti héraðsdómara samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998. Í ljósi þessa er hafnað þeirri málsástæðu stefnda, Árna, að ekki sé leitt í ljós á hvaða lagagrunni krafa stefnanda á hendur stefnda, Árna, sé byggð.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómssvalds og umboðssvalds í héraði, er kveðið á um að sérstök dómnefnd eigi að fjalla um umsóknir um embætti héraðsdómara. Þetta ákvæði var nýmæli og í athugasemdum með frumvarpinu kom fram að megintilgangur ákvæðisins væri að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómarar séu óháðir handhöfum framkvæmdavaldsins. Skipun nefndarinnar var ákveðin svo að Hæstiréttur tilnefndi einn nefndarmann, þ.e. formann. Dómarafélag Íslands tilnefndi annan nefndarmann úr hópi héraðsdómara og Lögmannafélag Íslands tilnefndi þriðja nefndarmanninn úr hópi starfandi lögmannna. Ákvæði þetta var tekið upp í núgildandi dómstólalög, sbr. 12. gr. þeirra laga. Með því að haga samsetningu nefndarinnar á þennan veg er verið að leitast við að þeir aðilar sem best þekkja til starfa dómstólanna komi að málinu. Á nefndinni hvílir sú skylda að setja fram skriflegt rökstutt álit um hæfni hvers umsækjanda og rökstutt álit á því hvern eða hverja nefndin telji hæfasta og eftir atvikum að láta koma fram samanburð og röðun á umsækjendum eftir hæfni, sbr. 5. gr. **reglna nr. 693/1999 um störf nefndar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998**. Þá hafa verið settar verklagsreglur við mat á umsóknum um embætti héraðsdómara og liggja þær fyrir í málinu.

Ágreiningslaust er í málinu að veitingarvaldið fyrir dómaraembættinu var hjá stefnda, Árna, sem setts dómismálaráðherra, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Þá var umsögn dómnefndar um umsækjendur ekki bindandi fyrir stefnda, Árna, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 693/1999, en reglur þessar hafa stóð í 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998. Það eru hins vegar skorður settar við ákvörðun ráðherra. Málefnaleg sjónarmið verða að ráða ákvörðuninni og honum ber að fara að lögum, þ.m.t. ákvæðum stjórnsýslulaga. Þá ber honum að hafa að leiðarljósi þann tilgang sem var með því að setja á stofn dómnefndina og vísað er til hér að framan, þ.e. að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómarar séu óháðir handhöfum framkvæmdavaldsins.

Samkvæmt verklagsreglum sem settar hafa verið við mat á umsóknum um embætti héraðsdómara skv. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 skal m.a. fylgja með umsögn ljósrít af verkefnum í lögfræði, t.d. tímaritsgreinum, stefnum, greinargerðum, álitsgerðum, úrskurðum eða dómum. Kemur þetta einnig fram í 4. mgr. 4. gr. reglna nr. 693/1999 um störf nefndar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998. Sá er fékk embættið skilaði engu slíku ritverki með umsögn sinni. Hann var af dómnefndinni metinn hæfur, en stefnandi mjög vel hæfur. Hvorki stefnandi né sá er skipaður var í embættið hreyfðu athugasemdum við álit dómnefndarinnar. Það athafnaleysi verður ekki skilið á annan veg en að báðir hafi verið sáttir við niðurstöðu dómnefndarinnar.

Í rökstuðningi stefnda, Árna, frá 4. janúar 2008, fyrir embættisveitingunni kemur fram í niðurlagi bréfsins að fjölbreytt reynsla þess sem skipaður var og þekking hans, ekki síst vegna starfa hans sem aðstoðarmaður dóm- og kirkjumálaráðherra um rúmlega fjögurra ára skeið, geri það að verkum að hann sé hæfastur umsækjenda. Er þetta sjónarmið ítrekað í svarbréfi stefnda, Árna, til umboðsmanns Alþingis frá 18. mars 2008. Því verður ekki á móti mælt að stefndi, Árni, þekkir vel til starfa aðstoðarmanna ráðherra. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það að hann þekki vel til starfa dómara, enda verður að telja að hvorki menntun né starfsferill hans gefi það til kynna. Þá hefur stefndi, Árni, ekki sýnt fram á það á annan hátt að hann hafi sérstaklega kynnt sér það hvernig starfsreynsla aðstoðarmanns dómismálaráðherra myndi nýtast í dómara starfi, en ekki er krafist lögfræðimenntunar í aðstoðarmannsstarfið. Hér er til þess að líta sem að ofan greinir, að dómnefnd samkvæmt 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla er skipuð fulltrúum er best þekkja til starfa dómstólanna, þ.e. fulltrúum héraðsdómara, starfandi

lögmannna og með fyrrverandi dómara við Hæstarétt Íslands sem formann nefndarinnar. Ekki verður annað ályktað en að dómnefndin hafi í umsögnum sínum lagt mat á það hvernig starf aðstoðarmanns dómsmálaráðherra myndi nýtast í dómarastarfi.

Stefndi hefur ekki í málflutningi sínum tilgreint hvaða sérstök atriði önnur hafi leitt til þess að sá er embættið fékk var talinn hæfastur, heldur bent á heildarmat á honum. Ætla verður að sama heildarmat hafi verið gert af hálfu dómnefndarinnar á öðrum umsækjendum.

Í ljósi þess að stefndi, Árni, taldi umsögn dómnefndarinnar „ógegnsæja, lítt rökstudda og að innra ósamræmis gætti við mat á reynslu umsækjenda af ýmsum störfum“ þá bar honum, með vísan til 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að rannsaka málið frekar. Það gerði hann ekki. Þótt stutt hafi verið til áramóta og jólahátíðin framundan þá réttlætir það ekki að stefndi, Árni, lét hjá líða að fara að stjórnsýslulögum.

Með vísan til þess sem að framan greinir var verulegur annmarki á ákvörðun stefnda, Árna, er hann skipaði í dómaraembættið og að uppfyllt eru skilyrði almennu skaðabótareglunnar um að ákvörðunin hafi verið tekin með saknæmum og ólögmætum hætti.

Þá er að líta til þess, hvort skilyrðum almennu skaðabótareglunnar um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu sé fullnægt. Sönnunarbyrðin hvílir á stefnanda. Hann þarf að sýna fram á að honum hafi borið staðan umfram aðra umsækjendur. Sú málsástæða stefnanda, er fyrst kom fram við aðalmeðferð málsins og mótmælt var af hálfu stefndu, um að hér eigi að snúa sönnunarbyrðinni við, er of seint fram komin og verður ekki tekin til greina, sbr. 5. tl. 101. gr. laga um meðferð einkamála. Álit dómnefndarinnar var að hún taldi að þrjú umsækjendur væru mjög vel hæfir. Þeim var ekki raðað innbyrðis. Ekkert liggur fyrir um að dómsmálaráðherra hefði skipað stefnanda í starfið hefði verið farið að niðurstöðu dómnefndar og einungis lítið til þeirra þriggja er taldir voru mjög vel hæfir. Því er ósannað að stefnandi hefði fengið dómaraembættið umfram hina tvo umsækjendurna sem metnir voru mjög vel hæfir. Því hefur ekki verið sýnt fram á skilyrði almennu skaðabótareglunnar um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu sé fullnægt. Með vísan til þessa verður stefndi, Árni, sýknaður af 2. tl. dómkröfu stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu vegna skipunar í embætti héraðsdómara 20. desember 2007. Sama á við um stefnda, íslenska ríkið.

Eðli máls samkvæmt fylgir því álag að sækja um embætti héraðsdómara, leggja verk sín fyrir dómnefnd og fá álit hennar á lífsstarfi sínu. Það að stefndi, Árni, skuli með saknæmum og ólögmætum hætti ganga á svig við niðurstöður lögboðinnar dómnefndar og skipa einstakling, sem flokkaður er tveimur hæfnisflokkum neðar en stefnandi, og með brot af starfsreynslu stefnanda, er ólögmæt meingerð á æru og persónu stefnanda. Stefnda, Árna, ber því með vísan til b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að greiða stefnanda miskabætur. Stefndu hafa mótmælt fjárhæð miskabótakröfu stefnanda og vísa til þess að krafan sé ekki í samræmi við dómaframkvæmd. Telja verður að mál þetta sé einstakt í sinni röð og að ekki njóti fordæmis. Eins og að framan er rakið fór stefndi, Árni, langt út fyrir heimildir sínar með embættisveitingunni. Í ljósi þessa þykja bætur hæfilega ákveðnar 3.500.000 kr. Ákvæði 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga eiga ekki við í máli þessu.

Í hnotskurn er málið það að með skipan þess er fékk embættið er gengið þvert gegn vilja löggjafans, þ.e. að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómara séu óháðir handhöfum framkvæmdavaldsins. Þetta var gert án þess að sá er fékk embættið hafi haft uppi athugasemdir við niðurstöðu dómnefndarinnar. Þá tók það stefnda, Árna, mjög stuttan tíma, að undirbúa veitingu embættisins. Ekki aflaði hann frekari upplýsinga eða gagna. Í ljósi menntunar sinnar og starfsreynslu verður að telja að hann hafi ekki faglega þekkingu á störfum dómstólanna. Við ákvörðun sína byggir hann á því að 4 ára starfsreynsla, sem aðstoðarmaður

ráðherra, en lögfræðimenntun er ekki skilyrði fyrir því starfi, upphefji 35 ára starfsreynslu stefnanda sem öll tengist dómstólunum. Þessi háttsemi stefnda, Árna, er órafjarri skyldum hans sem veitingarvaldshafa við skipun í dómaraembætti og eðlilegt að stefnandi höfði mál á hendur ráðherra persónulega. Er það mat dómsins að stefndi, Árni, eigi persónulega að standa straum af tildæmdum miskabótum. Hins vegar hefur stefndi, íslenska ríkið, byggt á því að það beri vinnuveitendaábyrgð á gerðum ráðherra. Dómurinn er bundinn af þeirri málsástæðu stefnda, íslenska ríkisins, og verður því stefndu gert að greiða stefnanda miskabætur óskipt.

Ákvæði 14. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 svo og lög nr. 4/1963 um ráðherraábyrgð standa því ekki í vegi að stefnandi geti höfðað einkamál á hendur ráðherra með skaðabótakröfum vegna tjóns eða miska er leiðir af saknæmri og ólögmati háttsemi ráðherra í starfi sínu.

Með vísan til alls þess sem að framan greinir ber stefndu óskipt að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 3.500.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., samanber 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 9. febrúar 2009 til greiðsludags. Með vísan til 131. gr. laga um meðferð einkamála ber stefndu óskipt að greiða stefnanda málskostnað svo sem greinir í dómsorði. Að öðru leyti eru stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Stefndu, íslenska ríkið og Árni Mathiesen, er sýknaðir af 2. tl. kröfugerðar um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefndu.

Stefndu, Árna Mathiesen og íslenska ríkinu, greiði stefnanda, Guðmundi Kristjánssyni, óskipt 3.500.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., samanber 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 9. febrúar 2009 til greiðsludags og 1.000.000 kr. í málskostnað.

Umsögn

Þingmál: Tillaga um skipun dómara í Landsrétt

Dagsetning: 30. maí 2017

Frá: Jóhannesi Karli Sveinssyni hrl.

Ég leyfi mér að senda stjórnskipunar – og eftirlitsnefnd eftirfarandi umsögn um þetta mikilvæga mál. Ég hef unnið sem lögmaður innan réttarkerfisins í 24 ár og veit hversu miklir hagsmunir eru fólgirnir í því að traust ríki um stöðu dómara. Tillaga ráðherra stefnir í að verða dýr fyrir ríkið vegna mögulegs bótaréttar nokkurra umsækjanda en ennþá fremur vegna þess að í uppsiglingu er hneyksli sem á eftir að valda langvarandi vandamálum í réttarkerfinu sjálfu.

Það er alþekkt að sumir ráða ekki við freistinguna að skipa vini sína, skoðanabræður og systur eða jafnvel ættingja í embætti. Þeir ganga þá framhjá þeim sem þeir telja með óheilbrigðar skoðanir á þjóðmálum eða þeir telja sig eiga eftir að jafna einhverjar sakir við.

Síðustu 10 árin hefur réttarkerfið glímt við afleiðingar af skipunum af þessum toga í embætti dómara. Vantraust og tortryggni gripu um sig eftir skipanir í lok árs 2007 með dapurlegum afleiðingum fyrir alla sem í hlut áttu.

Endurbætur á dómstólaskipaninni, meðal annars með stofnun Landsréttar, voru mikið fagnaðarefni. Það var líka sérstaklega gleðilegt hversu margir hæfir umsækjendur voru um þau 15 störf. Það er því einstaklega sorglegt að við skipun fyrstu dómara þess réttar hafi verið farið niður á plan sem endurvekur tortryggni og vantraust.

Í nýlegum lögum er reynt að tryggja að dómsmálaráðherra falli ekki í áðurnefnda freistni. Þar er sagt að fagleg dómnefnd eigi að leggja mat á hverjir teljist hæfastir. Ef ráðherra vísar frá því ber að afla samþykkis Alþingis, þó að því tilskildu að engan má skipa sem nefndin taldi ekki uppfylla öll skilyrði fyrir skipun í embætti. Ráðherra er hins vegar klárlega bundinn af því að skipa þá sem eru hæfastir og samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar þarf hann að geta rökstutt að dómnefnd hafi í einstökum tilvikum farið villur vegar.

Dómsmálaráðherra ákvað að víkja í verulegum mæli frá niðurstöðum dómnefndarinnar. Það er ekki algjörlega bannað en það hlýtur að vera lágmarkskrafa að fyrir því séu þá færð frambærileg rök sem duga til að sannfæra Alþingi og aðra um að nefndin hafi komist að rangri niðurstöðu. Með þetta í huga las ég rökstuðning ráðherra fyrir breyttri röðun. Eins og fleiri fékk ég áfall við að lesa þau skrif. Þau uppfylla engar lágmarkskröfur stjórnsýslu um að rökstuðning og standast auk þess enga efnislega skoðun.

Ráðherra virðist bara segja að hún telji að að dómarareynsla eigi að hafa meira vægi en nefndin ákvað og að því sögðu eru einhverjir 24 ónefndir umsækjendur á sama báti. Engin rök eru færð fram fyrir því að velja þá 15 sem hún leggur nú til við Alþingi.

Vandamálið við þessar röksemdir er að hrókeringar ráðherrans geta alls ekki byggt á þessum forsendum. Umsækjanda sem metinn var númer 7 í mati hæfnisnefndar er til dæmis hent út úr hópi kandidata en aðrir með minni dómarareynslu eru látnir í friði. Dómnefndin er virt að vettugi og allar almennar stjórnsýslureglur látnar lönd og leið. Svör ráðherra í fjölmiðlum hafa heldur ekki vakið traust.

Rétt er að geta þess að ráðherra minntist ekki einu orði í rökstuðningi sínu á að það þyrfti að jafna kynjahlutföll. Það þarf því ekki að velta því atriði fyrir sér.

Þegar svona forkastanleg vinnubrögð sjást þá leita menn annarra skýringa. Lét dómari stjórnmalaskoðanir (fortíðar) ráða þegar tilteknir umsækjendur voru látnir gossa út af dómnefndarlistanum? Urðu vina- og pólitísk tengsl til þess að aðrir voru teknir inn í þeirra stað o.s.frv. Svona hugsanir vill maður ekki þurfa að hlusta á í eigin höfði en það er því miður óhjákvæmilegt.

Alþingi er skylt að taka málið til gaungæfilegrar skoðunar og má ekki taka að sér hlutverk stimpilpúða fyrir framkvæmdavaldið í þetta sinn. Það er allt of mikið í húfi!

Virðingarfyllst.



Jóhannes Karl Sveinsson, hrl.

Til nefndarmanna í stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

Hafnarfirði, 29. maí 2017

Efni: Andmæli við tillögu dómsmálaráðherra um skipan dómara við Landsrétt

Undirritaður héraðsdómari var meðal umsækjenda um stöðu dómara við Landsrétt og einn af 15 umsækjendum sem dómnefnd samkvæmt 4. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla mat hæfasta umsækjenda til að gegna starfi dómara við Landsrétt í áliti því sem dómnefndin skilaði dómsmálaráðherra 19. maí síðastliðinn.

Nú er komið í ljós að dómsmálaráðherra er ekki sömu skoðunar og dómnefnd um hæfi þeirra 15 umsækjenda sem dómnefndin taldi hæfasta og hefur í dag gert tillögu til Alþingis þar sem undirritaður héraðsdómari og þrír aðrir af hæfustu umsækjendum eru ekki nefndir. Í staðin gerir ráðherra tillögu um fjóra núverandi héraðsdómara.


Í rökstuðningi ráðherra til Alþingis er vísað til þess að þrír matsþættir, sem sérstaklega sé vikið að í reglum nr. 620/2010 um störf dómnefndar, séu látnir liggja milli hluta með því að gera ekki upp á milli umsækjenda hvað þá þætti varði. Um sé að ræða matsþætti er lúta að stjórn þinghalda, samningu og ritun dóma og almenna starfshæfni. Með því að gera ekki tilraun til þess að leggja tvo fyrrnefndu þættina til grundvallar heildarmati verði ekki annað ráðið en að **reynsla dómara fái ekki það vægi sem tilefni sé til og gert sé ráð fyrir** í reglum nr. 620/2010.

Af þessu tilefni leyfir undirritaður sér að vekja athygli stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis á því að með tillögu ráðherra er undirritaður tekinn út **einn** héraðsdómara **án þess** að finna megi ástæðu þessa í skýringum ráðherrans. Undirritaður var skipaður héraðsdómari 15. maí 2010, eða fyrir sjö árum. Meðal þeirra sem ráðherra gerir tillögu um er héraðsdómari sem skipaður var sama dag og undirritaður og hefur því gengt embætti héraðsdómara **nákvæmlega jafn lengi**. Breyting ráðherra á niðurstöðu dómnefndar er því öðrum þræði á **skjön við eigin rökstuðning**. Það leiðir hugann að því að önnur og ef til vill ólöglegt sjónarmið hafi ráðið mati ráðherra á hæfi umsækjenda. Í öllu falli er ljóst að **skýringar** ráðherra **fara ekki saman við þá breytingu** sem að mér snýr að því er varðar jafnlanga reynslu af störfum dómara en auk sjö ára reynslu sem héraðsdómari hef ég starfað í 14 ár við stjórnarsýslustörf, 12 ár sem lögmaður.

Þá er að mínu mati einnig aðfinnsluvert að ráðherra gerir breytingu á þeim matsþáttum sem fjallað er um í fyrrnefndum reglum nr. 620/2010 án þess að gefa umsækjendum kost á að tjá sig um slíka **grundvallarbreytingu á hæfnismati**.

Er þess eindregið farið á leit við heiðraða stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis að nefndin víki frá tillögu ráðherra hvað undirritaðan varðar, sem metinn var **hæfari** af dómnefndinni en þeir fjórir héraðsdómarar sem ráðherra gerir nú tillögu um til Alþingis.

Virðingarfyllt,



Jón Höskuldsson héraðsdómari s. 893 7020



Lögmannafélag
Íslands

Det Islandske Advokatsamfund
The Icelandic Bar Association

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Elín Valdís Þorsteinsdóttir nefndaritari
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2017.

Efni: Beiðni um afstöðu til rökstuðnings dómsmálaráðherra vegna tillagna um skipun dómara við Landsrétt.

Um efnið vísast í tölvupóst þinn dags. 30. maí sl. þar sem óskað er eftir afstöðu tiltekinna aðila, m.a. Reimars Péturssonar hrl. og formanns Lögmannafélags Íslands til rökstuðnings dómsmálaráðherra vegna tillagna um skipun dómara við Landsrétt.

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur farið yfir rökstuðning ráðherra og leyfir sér að koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum:

I.

Samkvæmt því sem segir í minnisblaði ráðherra, dags. 30. maí 2017, er ráðherra „í mati sínu bundinn af því að velja þá sem hæfastir eru til að gegna embætti landsréttardómara“ og að ofangreindir fjórir umsækjendur eru „að auki hæfastir til að gegna embætti dómara við Landsrétt“. Samkvæmt þessu er þá ekki um það deilt að ráðherra telur sér skylt að velja *hæfustu* umsækjendurna, sbr. einnig í þessu samhengi dóm *Hæstaréttar 14. apríl 2011 í máli nr. 412/2010*.

Af tilvitnuðum dómi má jafnframt ráða hvaða kröfur gera verður til ráðherra, þ.m.t. um rannsókn, viki hann frá mati dómnefndar um hverjir séu hæfastir umsækjenda:

„Samkvæmt 10. gr. stjórnáskýslulaga nr. 37/1993 ber stjórnvaldi, sem veitir starf í þjónustu ríkisins eða embætti, að sjá til þess að atriði, sem máli skipta, séu nægjanlega upplýst áður en það tekur ákvörðun um veitinguna. Með áðurgildandi 3. mgr. og 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 var þessari rannsóknarskyldu við skipun í embætti héraðsdómara í verulegum atriðum létt af dóms- og kirkjumálaráðherra, en hún lögð þess í stað á herðar dómnefndar, sem skipað var í með tilliti til þess að tryggt yrði að sérþekking væri þar fyrir hendi um mat á hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Við rannsókn og hæfnismatið voru hendur dómnefndarinnar jafnframt að nokkru bundnar af áðurnefndum fyrirmælum í reglum nr. 693/1999, sem ráðherra setti, og verklagsreglum, sem hann staðfesti sem fyrr segir 23. mars 2001. Þótt álit dómnefndarinnar hafi ekki verið bindandi fyrir ráðherra, svo sem tekið var fram í 7. gr. reglna nr. 693/1999, verður að gæta sérstaklega að því að rannsókn hennar kom lögum samkvæmt í stað rannsóknar, sem ráðherra hefði ella borið að gera. Af því leiðir að hafi ráðherra talið efni til að víkja frá áliti dómnefndarinnar við skipun í embætti héraðsdómara var óhjákvæmilegt að ákvörðun hans yrði reist á frekari rannsókn eftir 10. gr. stjórnáskýslulaga, þar sem tekið yrði meðal annars tillit til fyrirmæla hans sjálfs í reglum nr. 693/1999 um þau atriði varðandi umsækjendur, sem ráða skyldu hæfnismati, og jafnframt tryggt að sérþekkingar nyti þar



við í sambærilegum mæli og við störf dómnefndarinnar. Í þeim efnum bar einnig sérstaklega að gæta að því að við veitingu embættis héraðsdómara tók ráðherra ekki ákvörðun um starf, sem átti undir boðvald hans, heldur stöðu, sem heyrir til annarrar greinar ríkisvaldsins og sérstakar reglur um sjálfstæði gilda um samkvæmt 1. málslíð 61. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 15/1998.“

Vakin er athygli á að í tilvitnuðu máli hafði settur ráðherra lýst því yfir með almennum hætti að hann hefði yfirfarið öll gögn máls í ráðuneytinu og myndað sér skoðun byggt á því. Hæstiréttur taldi þá yfirferð alls ófullnægjandi og sagði:

„Ekkert er fram komið í málinu um frekari rannsókn aðaláfrýjandans sjálfs eða annarra á hans vegum á atriðum, sem vörðuðu veitingu embættisins. Að virtum þeim kröfum, sem bar að gera samkvæmt áðursögðu, var þessi rannsókn aðaláfrýjandans með öllu ófullnægjandi til að upplýsa málið nægilega svo að honum gæti verið fært að taka aðra ákvörðun um hæfni umsækjenda en dómnefnd, sem skipuð var sérfróðum mönnum.“

II.

Af því sem má ráða af minnisblaði ráðherra var „reynslu af dómastörfum“ gert „hærra undir höfði“ en gert var í mati dómnefndar og „vægi þessa matsþáttar því aukið frá því sem var í heildarmati dómnefndar“, án frekari útskýringa. Ráðherra virðist því ekki gera athugasemdir við niðurstöður dómnefndar að öðru leyti.

Hvernig framangreint veldur því þá að tilteknir dómamar, sem voru samkvæmt mati dómnefndar taldir hæfari en aðrir dómamar, standa þeim skyndilega að baki, sbr. það að ráðherra sé að velja „hæfustu“ umsækjendurna samkvæmt því sem hann sjálfur segir, er á hinn bóginn algjörlega óútskýrt sem helgast væntanlega af því að slíkt er ekki hægt að útskýra svo hald sé í. Enn síður, hvernig framangreind „breyta“ verður þess valdandi að umsækjandi, sem var í 30. sæti samkvæmt mati dómnefndar, standi skyndilega umsækjanda í 7. sæti frammar, svo dæmi sé tekið.


Virðist samkvæmt framansögðu heldur vandséð, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að embættisfærsla ráðherra fullnægi þeim kröfum sem leiða má meðal annars af dómaframkvæmd Hæstaréttar og almennum reglum stjórnisýsluréttar, enda erfitt að sjá að niðurstaðan sé í samræmi við þá stjórnisýslu sem ráðherra kveðst þó sjálfur leggja til grundvallar.

III.

Stjórn Lögmannafélags Íslands telur þessa embættisfærslu síst til þess fallna að skapa nýjum dómstól það traust og veganesti sem nauðsynleg er í lýðræðisþjóðfélagi. Að sama skapi eru það vonbrigði að ráðherra, sem var starfandi lögmaður, geri jafn lítið úr lögmannsreynslu, samanborið við reynslu af dómsstörfum, og raun ber vitni.

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar Lögmannafélags Íslands.


Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.

Minnisblað

til Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

Höfundur: Trausti Fannar Valsson dósent

Efni: Um staðfestingu Alþingis á tillögu ráðherra um skipanir í Landsrétt

- (1) Í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis til undirritaðs, kvöldið 30. maí, kom fram að samkvæmt beiðni nefndarinnar hefði dómismálaráðherra lagt fram minnisblað með rökstuðningi fyrir tillögu sinni um skipun dómara í Landsrétt, sbr. ákvæði til bráðabirgða nr. IV í lögum nr. 50/2016, með síðari breytingum. Jafnframt kom fram að nefndin óskaði afstöðu minnar til þess hvort ég teldi rökstuðning dómismálaráðherra fullnægjandi.
- (2) Á fundi með nefndinni í gær, 30. maí, fór ég yfir þá afstöðu mína að lagareglur um skipan dómara í Landsrétt skuli túlka svo að ráðherra sé í tillögugerð sinni og meðferð á umsóknum dómaraefna handhafi framkvæmdarvalds. Honum beri í því sambandi að fylgja réttarreglum sem um stjórnábyrgð gilda, og hafa að markmiði að tryggja almannahagsmuni, rétta lagaframkvæmd og réttaröryggi þeirra einstaklinga sem eru aðilar mála hverju sinni. Ráðherrann er því við gerð tillögu um skipun dómara í Landsrétt t.d. ekki í sömu stöðu og þegar hann í krafti pólitísku umboðs vinnur tillögu að lagafrumvarpi og leggur fyrir Alþingi.
- (3) Ég lýsti því einnig að ekkert í réttarskipaninni eða lögum benti til þess að ráðherra væri við tillögugerðu um dómaraefni í Landsrétt undanskilinn þeirri mikilvægu meginreglu, sem fjallað hefur verið um í dómum og álitum umboðsmanns Alþingis og byggt á hér á landi um langan tíma, að þegar valið er til faglegra starfa á vegum hins opinbera þá beri að skipa eða ráða þann hæfasta sem völ er á úr hópi umsækjenda. Sú regla tryggir almannahagsmuni og þá er hún til þess fallin að tryggja jafnræði umsækjendanna. Val á þeim sem ráðinn er eða skipaður er þá byggt á þeim faglegu sjónarmiðum sem best styðja við það verk sem á að vinna. Eg tel líkur til að ef víkja ætti frá þessu við skipun dómara hér á landi þyrfti fyrst að breyta stjórnarskrá. Það hefur ekki verið gert.
- (4) Augljóst er að við val á milli margra hæfra einstaklinga, líkt og á við um umsækjendahóp þann sem til greina kemur nú við val á dómurum í Landsrétt, þá skiptir miklu mat veitingarvaldshafans á því hvaða þarfir Landsrétturinn hafi um starfskrafta. Þegar það mat hefur farið fram – sem ekki byggist í sjálfu sér á umsækjendunum, heldur á því starfi sem um ræðir – þá er næsta verk, sem ekki hefur síður þýðingu, að kanna hvernig einstakir umsækjendur falli að þeim þörfum. Þeir sem gera það best eru hæfastir. Viðurkennt er að þetta ferli er ekki alltaf svona einfalt. Erfitt kann að vera, þrátt fyrir framangreint, að gera upp á milli einstakra umsækjenda og þá þarf að velja á milli þeirra með hliðsjón af því hvernig þeir að öðru leyti eru bestir til að gegna því starfi sem til úthlutunar er.

- (5) Það er ekki á mínu valdi, með hliðsjón af þeim gögnum sem ég hef aðgang að, að leggja mat á það hvort ráðherra hafi við tillögugerð sína framkvæmt framangreint mat á fullnægjandi hátt – ekkert bendir þannig heldur til þess að svo hafi ekki verið. Mikilvægt er að taka fram að ráðherra kann að vera fullheimilt, haldi hann sig innan ramma laga og viðeigandi reglna, að leggja í sínu mati áherslu á aðrar þarfir en dómnefndin gerði í upphafi við sitt mat. Til þess að leggja á það sérfræðilega skoðun hvort ráðherrann hafi framkvæmt fullnægjandi mat á einstökum umsóknum m.v. þau sjónarmið sem hann hefur talið að best samræmist þörfum Landsréttar þarf einfaldlega miklu meiri tíma, og miklu meiri aðgang að gögnum. Kröfur til ráðherra eru að líkindum ríkar í þessu sambandi, eins og ráða má af dómi Hæstaréttar í máli nr. 412/2010, dags. 14. apríl 2011.
- (6) Þegar stjórnvöld (og er þá átt við framkvæmdarvaldið, ekki Alþingi eða dómstóla) taka einstaklingsbundnar ákvarðanir sem ekki eru að fullu ívilnandi fyrir þá einstaklinga sem eru aðilar að máli eiga þeir gjarnan rétt á að óska rökstuðnings þeirra ákvarðana. En rökstuðningur getur komið til á öðrum grundvelli. Þannig er rökstuðningur dómnefndar um mat á hæfi umsækjenda um dómara starf ekki síst ætlaður ráðherra, svo hann geti skilið það mat og þá rannsókn sem dómnefndin framkvæmdi. Rökstuðningur dómnefndarinnar getur þá um leið þjónað tilgangi gagnvart einstökum umsækjendum eða verið grundvöllur að rökstuðningi til þeirra, á síðari stigum. Og það er í þessu samhengi sem ég hef bent á að rétt sé að Alþingi, einstakir þingmenn, fái afhentan rökstuðning ráðherrans fyrir því að breyta frá þeirri rökstuddu tillögu sem dómnefnd lét honum í té um val á dómurum í Landsrétt. Það styðst við sömu eðlisrök og þörf ráðherrans fyrir rökstuðningi dómnefndarinnar.
- (7) Alþingi hefur þá aðkomu að málinu sem hér er til umfjöllunar að það skal veita ráðherra heimild til að víkja frá tillögu dómnefndar. Það ber almennt að vara við því að Alþingi sjálf tiki upp rannsókn stjórnarsýslumáls sem lýtur að skipun dómara. Koma þar bæði til sjónarmið um sjálfstæði dómara en líka sú málsmeðferð sem stjórnarsýslunni er falið að styðjast við og Alþingi hefur takmarkaða möguleika á að tryggja og hefur meðal annars að markmiði að tryggja jafnræði einstakra umsækjenda sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þingið veitir í þessu sambandi aðhald að ráðherranum. Þess hlutverk er þá fyrst og fremst að kanna hvort ráðherrann hafi í reynd undirbúið ákvörðun sína rétt með viðeigandi samanburði umsækjenda með hliðsjón af þörfum Landsréttar og verkefna hans. Það verður best gert með því að kanna þær forsendur (rökstuðning) sem liggja að baki ákvörðun hans um tilnefningar einstakra dómara, þ.m.t. um að breyta frá tillögu dómnefndar. Veitingarvaldið er enn sem áður að stærstu leyti í ráðherrans höndum, þótt eftirlit með því sé að þessu leyti hjá Alþingi sjálfu.¹
- (8) Líkt og um rannsókn málsins af hálfu ráðherra þá er það ekki á mínu valdi að leggja mat á það hvort ráðherra hafi í rökstuðningi sínum veitt þingmönnum nægar upplýsingar til að þeir geti lagt mat á stjórnarsýslu hans við undirbúning málsins. Einstakir þingmenn eru við afgreiðslu málsins bundnir af eigin sannfæringu, sbr. 48. gr. stjórnarskrárinnar.
- (9) Í þeirri almennu aðferðafræði sem lögð er til grundvallar um mat á rökstuðningi í stjórnarsýslunni þá er við það miðað að í rökstuðningi komi m.a. fram það mat sem ég

¹ Eftirlit þingsins útilokar að þessu leyti ekki rétt umsækjenda á að leita til dómstóla á grundvelli 70. gr. stjórnarskrár. Það leiðir hins vegar mögulega, og jafnvel að líkindum, til þess að umboðsmaður Alþingis hefur þá ekki eftirlit með stjórnarsýslu ráðherrans að þessu leyti.

hef lýst í mgr. (4) hér að framan, þannig að venjulegur maður geti af lestri hans skilið af hverju niðurstaða máls varð sú sem raunin er. Það verður hver þingmaður að gera það upp við sig, á grundvelli eigin sannfæringar, hvort hann telji rétt að gera sömu kröfur í þessu tilviki og hvort þeim hafi verið fullnægt í því máli sem Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur nú til meðferðar.

*Virðingarfyllt,
Trausti Fannar Valsson dósent
við lagadeild Háskóla Íslands.*